

ELÍSABET BJÖRNEY LÁRUSDÓTTIR

*Eina stelpan í rafmagnsverkfræði*

Heilsa bílar börn ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



ÓRÓI Á MARKAÐI

*Matsfyrirtæki veikir krónuna*

Markaðurinn

STÚTFULLUR AF EFNI UM VIÐSKIPTALÍF


SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. júní 2006 — 150. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## Sigur Rós gerir tónleikamynd

Hljómsveitin tekur upp tónleika sína á Íslandi í sumar.

FÓLK 38



## Tekur upp fyrstu plötu sína



Silvía Nótt vinnur með alþjóðlegum stjörnum að fyrstu plötu sinni.

FÓLK 38

## Alltaf kaus ég Framsókn

„Halldór á hrós skilið fyrir að segja af sér vegna kosningataps fyrstur íslenskra stjórnmálamanna,“ segir Hallgrímur Helgason, „en klaufagangurinn í kringum það er ansi framsóknarlegur.“

Í DAG 20

## Sigur í fyrsta leik



Ísland lagði Dani, 34-33, í fyrsta landsleiknum undir stjórn Alfreðs Gíslasonar. Íslenska liðið sýndi fín tilþrif í leiknum, sem lofar góðu um framhaldið.

ÍÞRÓTTIR 35

## VEÐRIÐ Í DAG




**RGNING OG SKÚRIR** - í dag verður yfirleitt fremur stíf suðaustanátt en suðvestlægari síðdegis. Rigning eða skúrir víða um land, síst þó allra norðaustast. Hiti 9-16 stig, hlýjast á Norðausturlandi.

VEÐUR 4




# Bannaði læknum að taka aukavaktir

**Formanni Félags ungra lækna hefur verið hótað uppsögn eftir að hann skipaði félagsmönnum að taka ekki vaktir ætlaðar læknanemum sem eru í kjaradeilu við Landspítalann. Framkvæmdastjóri lækninga segir málið grafalvarlegt.**

**KJARAMÁL** Bjarna Þór Eyvindssyni, formanni Félags ungra lækna, hefur verið hótað áminningu og uppsögn af Landspítalanum vegna afskipta af kjaradeilu læknanema. Hann studdi þá með því að skipa meðlimum FUL að taka ekki vaktir sem ætlaðar höfðu verið nemum. Jóhannes M. Gunnarsson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum, segir kjaradeiluna ekki koma Félagi ungra lækna við og segir málið grafalvarlegt.

Í tilkynningu gagnrýnir Bjarni það að læknum verði gert að vinna vaktir læknanemanna en sæti ella áminningum eða missi störf sín. Hann segir stjórnina ætla að fela sig á bak við reglur um neyðarástand. „Yfirstjórn LSH hefur þar með játað að ástandið á spítalanum jafnist á við náttúruhamfarir.“ Jóhannes vísar því á bug að reynt hafi verið að þau takmörk um vaktaálag sem vinnuverndarsjónarmið segja til um.

Bjarni sagði í samtali við Fréttablaðið að mannekla á Landspítalanum væri orðin slík að á föstudag hefði erlendur læknanemi, sem er í heimsókn á landinu og ekki á launaskrá, verið fenginn til starfa við að taka á móti sjúklingum á leið í skurðaðgerð. Jóhannes kvaðst ekki þekkja til málsins.

Bjarni bendir á að fjárhagslegur ávinningur spítalans af því að hækka ekki laun nemanna verði horfinn í lok vikunnar vegna þess hversu mikið dýrara það sé að borga fullnuma læknum sem ganga í störfin. Þetta segir Jóhannes viðunandi fórnarkostnað vegna þess að aðgerðirnar geti gefið fordæmi. Bjarni segir það ekki standast þar sem búið sé að gera sams konar samninga við hjúkrunarfræðinema og fordæmið sé því þegar fyrir hendi. Jóhannes segist ekki vita til þess að slíkir samningar hafi verið gerðir.

Bjarna segir sjúklinga setta í hættu og biðlar til heilbrigðisráðherra að grípa inn í. Jóhannes segir að spítalinn geti lifað án læknanemanna og sjúklingum sé nægilega sinnt. Hvorugur þeirra sér fram á lausn deilunnar á næstunni. **- sh**



**BUBBI MORTHENS ALDREI BETRI EN Á SVIÐINU Í GÆR** Bubbi flutti tónlist með öllum hljómsveitunum sem hann hefur verið í forsvari fyrir í Laugardalshöllinni í gær, á fimmtugsafmæli sínu. Salurinn greip í stjórntaumana og söng afmælissönginn fyrir Bubba. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bubbi Morthens fagnaði fimmtugsafmælinu í troðfullri Laugardalshöll:

# Geggjað kvöld með Bubba

**AFMÆLI** „Ég skal lofa ykkur því að þetta verður geggjað kvöld,“ sagði Bubbi Morthens tónlistarmaður á hátíðartónleikum í Laugardalshöllinni í gærkvöldi. Bubbi söng fyrir troðfullu húsi á fimmtugsafmælisdegi sínum.

Hann kom fram með öllum hljómsveitunum sem hann hefur verið í forsvari fyrir frá því að hann náði athygli landans fyrir hartnær þrjátíu árum. Voru tónleikarnir sendir beint út á Stöð 2.

Bubbi ítrekaði fyrir tónleikagestum að þeir yrðu að standa vörð um landið. Sú barátta, gegn virkjunaröflunum, snerist ekki síst um komandi kynslóðir. Það hefði verið gleðidagur þegar Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra tilkynnti um afsögn sína.

Fyrst steig Bubbi á svið með hljómsveitinni GCD og opnaði hátíðardagskrána með laginu Hamingjan er krítarkort. Strax á eftir hljómaði lagið Sumarið er tíminn. Því næst spilaði hann með hljómsveitinni Stríði og friði og tók svo stjórnina algerlega í sínar hendur og stóð einn á öðru sviðinu. Hvert tímabilið í tónlistarsögu hans rak annað og fékk að njóta sín. Inni á milli stigu síðan góðir gestir fram í sviðsljósið og sungu lög Bubba honum til heiðurs, svo sem Diddú, Hera Hjartardóttir og Snorri Snorrason.

Tónleikagestirnir voru á öllum aldri. Jafnaldrar Bubba þó flestir, en einnig sáust börn í salnum.

Mikið var lagt í tónleikana, sem voru teknir upp og verða gefnir út á DVD. Fjögur breiðtjöld og tvö svið prýddu salinn. **- gag**



**ÚR MYNDINNI THE OMEN** Endurgerð hryllingsmynd um andkrist sem frumsýnd var í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kínverjar í Malasíu:

## 666 gæfutákn við giftingu

**MALASÍA, AP** Talan 666 táknar djöfulinn í hugum flestra kristinna manna, en hjá Kínverjum búsettum í Malasíu er hún heillatákn. Hundruð para giftu sig þar í landi í gær, þriðjudaginn 6. júní, eða 6/6/06, en á þarlendri mállýsku hljómar framburðurinn á orðinu „sex“ líkt og orðið „gæfa“ og færir brúðkaupsdagurinn því hjónunum þrefalda lukku.

Endurgerð hryllingsmyndarinnar sígildu „The Omen“ frá 1976 var einnig frumsýnd í gær, en í henni birtist andkristur á jörðu sem fimm ára barn með fæðingarblett á höfði sem líktist tölunni 666. **- sgj**

Viðbrögð við mati S&P:

## Undrun yfir skattalækkun

**EFNAHAGSMÁL** Breytt mat Standard & Poor's hafði áhrif til veikingar krónunnar og lækkunar hlutabréfa í gær.

Viðbrögð erlendra greiningaraðila vegna S&P eru þegar farin að berast. Merrill Lynch gagnrýnir íslensk stjórnvöld.

„Við höfum áður lýst undrun okkar á að skattalækkanir skuli vera boðaðar í svo óstöðugu efnahagsumhverfi, en það eru kosningar fram undan árið 2007,“ segir í stuttri umsögn Merrill Lynch í mati á stöðunni. Þar er reiknað með að mat S&P muni hækka álag á skuldabréf bankanna.

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands lækkaði um 1,78 prósent og krónan veiktist um 2,28 prósent í gær. **- hh/sjá Markaðinn**





## SPURNING DAGSINS

*Kristján, eruð þið villimenn?*

„Alls ekki. Upp til hópa eru þetta öðlingar en inni á milli eru svartir sauðir sem sverta íþróttina.“

Umhverfisráðherra vill hertar reglur um utanvegaakstur og kallar þá villimenn af versta tagi sem það stunda. Kristján Geir Mathiesen er formaður Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar.

Bjarni Brynjólfsson, fráfarandi ritstjóri Séð og heyrt, mátti ekki tæma skrifstofuna:

# Ritstjóri sakaður um fjársvik

**LÖGREGLA** Ritstjóra Séð og heyrt til tíu ára, Bjarna Brynjólfssyni, var hótað í gær að verða fluttur brott af lögreglu hyrfi hann ekki án tafar á braut frá Fróða, tímaritsútgáfu Odda. Hann er sakaður um fjársvik og fékk ekki að tæma skrifstofu sína. Bjarna var ásamt ritstjóra Vikunnar og blaðamönnum sagt upp störfum hjá fyrirtækinu vegna slælegs fjárhags tímaritanna.

Bjarni telur engan fót fyrir ásökunum. Hann hafi óskað eftir starfslokum í fullu samkomulagi við Fróða. „Ég mun leita réttar míns með aðstoð Blaðamannafélags Íslands,“ segir Bjarni. „Ég fór þess á leit að brotin væru tilgreind en því var hafnað. Ég hef hins vegar ekki haft neina umsýslu fjármuna og verið venjulegur launamaður hjá fyrirtækinu. Ég hef ekki haft tök á því að stunda fjársvik eða önnur svik.“ Bjarni stofnaði blaðið ásamt Kristjáni Þorvaldssyni.

Elín G. Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri tímaritaútgáfu Fróða, vildi ekki tjá sig um brotthvarf Bjarna.

„Málið er á viðkvæmu stigi. Ég get því miður ekkert sagt.“ Hún ætlar að gefa út fréttatilkynningu um málið. **- gag**



**ELÍN RAGNARSÓTTIR** Framkvæmdastjóri tímaritaútgáfu Fróða vildi ekki tjá sig um brotthvarf ritstjóra Séð og heyrt. Málið væri á viðkvæmu stigi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Maður dæmdur í Hæstarétti:

# 30 daga skilorð fyrir kjálkabrot

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest þrjátíu daga skilorðsbundinn fangelsisdóm yfir karlmanni á fimmtugsaldri fyrir að hafa í febrúar 2004 slegið systurson sambýliskonu sinnar í andlitið með þeim afleiðingum að hann kjálkabrotnaði.

Maðurinn bar við að höggið hefði verið greitt í sjálfsvörn en það þótti dómnum ekki sannað. Maðurinn hafði verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi og til að greiða þeim kjálkabrotna um 745 þúsund krónur í miskabætur. Hæstiréttur staðfesti þann dóm. **- sh**

Vinnuslys við Borgartún:

# Féll sex metra og slasaðist illa

**SLYS** Karlmaður á þrítugsaldri var fluttur mikið slasaður á sjúkrahús í gær eftir að hann féll um sex metra ofan í húsgrunn á Bílanaustlóðinni við Borgartún.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað til og voru aðstæður til björgunar talsvert erfiðar.

Að sögn lögreglunnar í Reykjavík er maðurinn mjög mikið slasaður, meðal annars með höfuðáverka, fótbrot og aðra áverka. Nánari upplýsingar um líðan hans liggja ekki fyrir.

Ekki er vitað hvernig slysið bar að en það er í rannsókn. **- sh**



**EINBEITING** Þorgerður Katrín þurfti að lúta í lægra haldi á tennisvellinum gegn ofjarli sínum, sænska sendiherranum.

Þorgerður og Ströje-Wilkens:

# Háðu einvígi í borðtennis

**KAPPLEIKUR** Sendiherra Svía á Íslandi, Madeleine Ströje-Wilkens, háði borðtenniseinvígi við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra við Norræna húsið í gær. Borðtenniseinvígið var háð í tilefni af þjóðhátíðardegi Svía sem haldinn var hátíðlegur í gær.

Eftir einliðaleikinn, sem lyktaði með sigri þeirrar sænsku, tók við tvíliðaleikur þar sem menntamálaráðherra brá sér í sænskan landsliðsbúning og lyfti spaðannum við hlið Jóhanns Haukssonar, blaðamanns á Fréttablaðinu. Þau kepptu þá við Ströje-Wilkens og danska sendiherrann Lasse Reimann. **- sh**

# Vildi ekki standa upp fyrir Guðna

**Guðni Ágústsson segir trúnaðarmann Halldórs Ásgrímssonar hafa sagt sér að Halldór vildi ekki standa upp úr formannsstólnum fyrir Guðna. Óvissa ríkir um arftaka Halldórs. Á ekki von á öðru en að ég verði ráðherra áfram, segir Guðni.**

**STJÓRNMÁL** Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins og landbúnaðarráðherra, hefur ekki ákveðið ennþá hvort hann ætli sér að bjóða sig fram til formanns á flokksþingi flokksins í haust.

Guðni segir forsendur fyrir samkomulagi sem hann og Halldór gerðu með sér vera brostnar en það gerði ráð fyrir því að Guðni myndi víkja sem varaformaður flokksins. „Ég hafði á fundi með forsætisráðherra fallist á ákveðnar tillögur sem miðuðu að því að ný forysta tæki við flokknum strax í sumar sem alger samstaða væri um meðal miðstjórnar, landsstjórnar og þingflokks. Þá var gert ráð fyrir því að við Halldór segðum báðir af okkur. Ekkert verður af þeim fyriræltunum þar sem samstaða um breytingarnar er ekki fyrir hendi.“

Guðni segir trúnaðarmann Halldórs hafa sagt sér að hann væri ekki tilbúinn til þess að standa upp úr formannsstólnum fyrir Guðna. „Málið snerist um að það yrði kosin forysta í flokkinn. Halldór vildi ekki standa upp fyrir mér, að sögn trúnaðarmanna hans. Ég varð að taka því. Mín persóna er ekki aðalatriði þessa máls heldur Framsóknarflokkurinn,“ sagði Guðni að loknum ríkisstjórnarfundi í gærmorgun.

Finnur Ingólfsson, fyrrverandi varaformaður Framsóknarflokksins og forstjóri VÍS, hefur þrálátlega verið orðaður við endurkomu í íslensk stjórnmál að undanförnu. Guðni segist hafa miklar mætur á Finni en efist um að almenn sátt geti náðst um hugsanlega endurkomu hans. „Ég minnist Finns sem mikils dugnaðarforks og öflugur var hann sem ráðherra. Ég hins vegar bjóst við því að það gæti verið flókið fyrir hann að koma inn á vettvang stjórnmálanna og hæpið að um það næðist alger samstaða en ég ætlaði ekkert að standa gegn því,“ sagði Guðni og sagði forsendurnar fyrir samkomulagi hans og Halldórs því brostnar. „Þetta var til þess að Halldór kynnti allt aðrar niðurstöður á Þingvöllum en við höfðum rætt um og þess vegna var samkomulag okkar Halldórs, sem var ætlað til þess að ná samstöðu um nýja forystu, ekki fyrir hendi. Kjarni Framsóknarflokksins víða um land var mótfallinn í niðurstöðum sínum fór fram á það að flokksþingið myndi kjósa sér nýja forystu en ekki miðstjórnin.“



**GUÐNI ÁGÚSTSSON SVARAR SPURNINGUM FRÉTTAMANNA** Töluverð ólga er innan Framsóknarflokksins vegna brotthvarfs Halldórs Ásgrímssonar af sviði stjórnmálanna. Guðni Ágústsson, varaformaður flokksins, ætlar sér ekki að fara úr forystu flokksins, eins og Halldór og hann höfðu gert samkomulag um. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkisstjórnin ræddi ekki breytingar á ríkisstjórninni á fundi sínum í gærmorgun en Geir H. Haarde mun taka við sem forsætisráðherra þegar Halldór Ásgrímsson hættir.

Guðni segist ekki óttast um sæti sitt í ríkisstjórn en fyrirsjáanlegt er að breytingar verði gerðar á ráðherraskipan í ríkisstjórninni vegna þeirra breytinga sem boðaðar hafa verið. „Ég á ekki von á öðru en að ég haldi áfram sem þingmaður og ráðherra. Ég hef sterka stöðu í mínum flokki og mínu kjördæmi.“ **magnush@frettabladid.is**



**MORÐSTAÐUR** Lögreglan í Kaupmannahöfn rannsakar vettvang þar sem maður var stunginn til bana í gærmorgun.

Morð í Kaupmannahöfn:

# Manni banað vegna sígarettu

**DANMÖRK** Fjörutíu og átta ára gamall breskur ríkisborgari var stunginn til bana á götu í Kaupmannahöfn um klukkan hálf fimm í gærmorgun, kemur fram á fréttasíðu danska blaðsins Politiken.

Árásarmaðurinn er sagður hafa stöðvað Bretann þar sem hann var á göngu ásamt danskri vinstúlku sinni og beðið hann um sígarettu. Þegar hún fékkst ekki réðst hann gegn honum og stakk hann margsinnis í handleggi, fótleggi, maga, brjóst og háls. Mennirnir tveir þekktust ekkert.

Svo beið árásarmaðurinn rólegur eftir lögreglu, sem handtók hann á staðnum. Líklegt þykir að árásarmaðurinn eigi við geðræn vandamál að stríða. **- smk**

## BANDARÍKIN

**New Orleans sekkur** Land það er borgin New Orleans stendur á sekkur um rúmlega 20 millimetra á ári hverju samkvæmt nýjum útreikningum vísindamanna. Telja þeir það útskýra að hluta hvers vegna varnargarðar brustu þegar fellibylurinn Katrína reið yfir borgina.

## HÉRAÐSDÓMUR

**Dæmdur fyrir hnefahögg** Héraðsdómur Austurlands hefur dæmt karlmanntil að greiða félaga sínum rúmar 200 þúsund krónur vegna líkamsárásar. Ákærði gaf félaganum hnefahögg sem hafði þær afleiðingar að skyntaugar í andliti sködduðust.




Sáttatilboð stórveldanna í kjarnorkudeilunni við Írana:

# Lofa að grannskoða tilboðið

**ÍRAN, AP** Manouchehr Mottaki, utanríkisráðherra Írans, tjáði japönskum starfsbróður sínum í gær að Íransstjórn myndi „rannsaka af fullri alvöru“ tilboð sex stórvelda heims um margvíslegan efnahagslegan ávinning fyrir Írana gegn því að þeir hætti auðgun úrans.

Mottaki ítrekaði í samtalinu að Íranar hefðu rétt til að koma sér upp tækni til að nýta kjarnorku í friðsamlegum tilgangi. Hann bætti því við að það væri ráðamönnum í Washington að kenna að eins lítið traust og raun bæri vitni ríkti í samskiptum Írans og Bandaríkjanna. Hann sagðist finna fyrir því að alþjóðasamfélagið deildi þessu vantrausti á Bandaríkjastjórn.

Þó er eitt af því sem komið hefur fram um innihald sáttatilboðsins - sem Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Þýskaland, Rússland og Kína komu sér saman um fyrir helgi - og þykir einna mestum tíðindum sæta tilboð Bandaríkjamanna um að sjá Írönum fyrir nýjustu kjarnorkutækni.



**SOLANA OG MOTTAKI** Ræddu sáttatilboðið í Teheran. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Javier Solana, utanríkismálastjóri Evrópusambandsins, ræddi tilboðið við íranska ráðamenn í Teheran í gær og fyrradag. **- aa**

www.volkswagen.is




**Vertu í sólskinsskapi á glæsilegum og ríkulega búnum Golf í sumar. Frábærir aksturseiginleikar og aflmikil vélin spilla svo ekki fyrir ánægjunni.**

**Ríkulegur sumarpakki**

- 16" álfelgur
- sóllúga
- leðurstýri
- þokuljós
- armpúði milli framsæta
- samlitur
- vindskeið

**Aðeins 225.000 kr. útborgun**

Mánaðarleg afborgun er 27.780 kr. m.v. bílasamning SP til 84 mánaða og blandaða myntkörfu. Verð 2.250.000 kr.

**Golf**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 6.6.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,79 | 73,13 |
| Sterlingspund | 136,08 | 136,74 |
| Evra | 93,67 | 94,19 |
| Dönsk króna | 12,555 | 12,629 |
| Norsk króna | 12,067 | 12,139 |
| Sænsk króna | 10,168 | 10,228 |
| Japanskt jen | 0,6476 | 0,6514 |
| SDR | 108,57 | 109,21 |

*Gengisvísitala krónunnar*
129,4194

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tvítugur karlmaður dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir nauðgun á tjaldstæði:

# Dró stúlkuna inn í trjálund

**DÓMSMÁL** Tvítugur karlmaður, Birkir Árnason, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir nauðgun. Maðurinn neitaði sök.

Stúlkan var á Humarhátíð á Höfn og gisti á tjaldstæði á Hrossbitahaga. Maðurinn dró stúlkuna með sér inn í trjálund, reif í hár hennar, neyddi hana til að veita sér munnmök og stakk fingrum inn í leggöng hennar. Við yfirheyrslu hjá lögreglu síðar um kvöldið sagðist hann aðspurður ekki viss um það hvort hann hefði sett getnaðarliminn inn í leggöng hennar.

Stúlkan rispaðist á hálsi og Jón Torfi Gylfason, læknirinn sem annaðist réttarlæknifræðilega skoðun á stúlkunni, sagðist í áliti sínu ekki áður hafa séð einstakling í jafnmiklu áfalli og stúlkuna skömmu eftir árásina.

Vitni sögðu að maðurinn hefði verið „útúrdópaður“ umrætt kvöld og hefði haldið uppi gífuryrðum um að hann gæti lamið alla á tjaldstæðinu.

Maðurinn játaði því að hafa haft munnmök við stúlkuna en sagði það hafa verið með hennar samþykki. Maðurinn var dæmdur í tveggja ára fangelsi og til að greiða stúlkunni eina milljón króna í skaðabætur auk málskostnaðar. **- sh**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Réttarlæknir sagðist aldrei áður hafa séð einstakling í jafnmiklu áfalli og stúlkuna sem nauðgað var.

Bandaríska leyniþjónustan:

# Hylmdi yfir með nasistum

**BANDARÍKIN, AP** Yfirmönnum bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, var kunnugt um dvalarstað nasistans og stríðsglæpamannsins Adolf Eichmann á sjötta áratugnum, en tóku þá ákvörðun um að þegja yfir vitneskju sinni því þeir óttuðust að hann gæti sagt frá aðgerðum í Vestur-Þýskalandi sem ætlað var að grafa undan kommúnisma á dögum kalda stríðsins.

Þetta kemur fram í leynilegum gögnum CIA sem gerð voru opinber í Washington í gær.

Í þeim kemur jafnframt fram að CIA hafi blekkt innflytjendayfirvöld í Bandaríkjunum varðandi aðra nasista. **- smk**

Gistinóttum í apríl fjölgar:

# Mest fjölgun á Austurlandi

**FERÐAMÁL** Gistinóttum á hótelum fjölgaði úr 77.300 frá apríl árið 2005 í 80.300 í sama mánuði í ár. Gistinóttum fjölgaði hlutfallslega mest mest á Austurlandi en Suðurland er eina landsvæðið þar sem fækkun varð á gistinóttum á milli ára en þar fækkaði þeim um 13,5 prósent, úr 9.800 í 8.400.

Gistinóttum erlendra ferðamanna fjölgaði um 9 prósent á meðan gistinóttum Íslendinga fækkaði um 7 prósent. Á sama tíma fjölgaði herbergjum úr 3.571 í 3.674 sem er 3 prósenta aukning og fjöldi rúma fór úr 7.199 í 7.470 sem er 4 prósenta aukning. **- hs**

Flugvél nauðlenti í Fljótavík:

# Endaði í ósi

**SLYSFARIR** Eins hreyfils Cessnaflugvél nauðlenti í Fljótavík á Vestfjörðum um kvöldmatarleytið á mánudag. Flugvélin missti vélarafl og þurfti að nauðlenda henni á flugbraut í Fljótavík. Flugvélin stöðvaðist þó ekki fyrr en í ósi við enda brautarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Ísafirði var flugmaðurinn einn í vélinni og er hann ómeiddur. **-at**

## BANDARÍKIN

**Læknir sakaður um morð** Bandarískur læknir hefur verið ákærður fyrir morð á eiginkonu sinni sem lést fyrir 38 árum síðan. Upphaflega var mænusótt sögð vera banamein hennar, en grunur lék á að um morð væri að ræða. Árið 2003 var gröf hennar opnuð og ný krufning sýndi fram á að mænusótt hefði ekki dregið konuna til dauða. Læknirinn er 72 ára gamall.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bíll valt** Tveir voru í bíl sem valt á mótum Helgafellsbrautar og Fellavegar í Vestmannaeyjum í gærkvöldi. Hvorugur slasaðist alvarlega.

# Hamas veittur lokafrestur

**Forseti Palestínu veitti forystu heimastjórnarinnar þriggja daga frest í gær til að samþykkja áætlun sem óbeint viðurkennir tilverurétt Ísraels. Samþykki Hamas ekki áætlunina mun Abbas kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Hamas vann yfirburðasigur yfir flokki Abbas í þingkosningum í vetur.**

**VESTURBAKKINN, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, gaf Hamas-forystunni sem leiðir palestínsku heimastjórnina þriggja daga frest til viðbótar til að samþykkja skjal um stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis við hlið Ísraels. Áætlunin er samin af hátt settum meðlimum Hamas- og Fatah-hreyfinganna sem sitja nú í ísraelskum fangelsum.

Leiðtogar Hamas hafa ekki viljað styðja áætlunina því í henni felst óbein viðurkenning á Ísraelsríki og hafa heimtað að orðalaginu verði breytt, en Abbas hefur hótað að kalla til þjóðaratkvæðagreiðslu samþykki Hamas ekki skjalið.

Hamas-hreyfingin vann yfirburðasigur yfir Fatah, flokki Abbas, í þingkosningunum í vetur og verða leiðtogar hennar að samþykkja áætlunina svo hún komist í framkvæmd. Leiðtogar Hamas hafa hins vegar staðfastlega neitað að viðurkenna tilverurétt Ísraels.

Upphaflega hafði Abbas gefið Hamas-stjórninni frest þar til í gær, en ákvað eftir fund framkvæmdaráði Frelsissamtaka Palestínu, PLO, í gær að framlengja frestinn fram á fimmtudag. Á þeim fundi lýstu yfirmenn PLO yfir stuðningi við áætlunina og heimiluðu Abbas að kalla til þjóðaratkvæðagreiðslu, að sögn Yasser Abed Rabbo, háttsetts embættismanns í Palestínu.

Abed Rabbo sagði jafnframt að Abbas myndi ekki leyfa neinar breytingar á skjalinu.

„Abbas forseti hefur tilkynnt stjórn PLO að hann ætli að hefja undirbúning þjóðaratkvæðagreiðslunnar í lok þessarar viku og að hann muni tilkynna þetta á blaðamannafundi fyrir helgi,“ sagði Abed Rabbo. Þjóðaratkvæðagreiðslan færi fram fjörutíu dögum eftir tilkynninguna, en Abed Rabbo sagði að viðræður við Hamas um áætlunina myndu halda áfram fram að kosningu.

Ismail Haniyeh forsætisráðherra sagði frestinn vera kærkominn og kallaði eftir frekari fundum um málið.

Leiðtogar Hamas og Fatah hafa haldið nokkra fundi um skjalið síðan Abbas setti úrslitakostina fyrir tveimur vikum. Að sögn Abed Rabbo ræddu Abbas og Haniyeh saman í síma á mánudag í meira en klukkutíma, án árangurs. Í því samtali fór Abbas fram á að Haniyeh hætti að láta eins og flokksbundinn stjórnmálamaður og færi að „haga sér eins og þjóðarleiðtogi,“ sagði Abed Rabbo.

Ný skoðanakönnun sem birt var í gær sýndi að 77 prósent þjóðarinnar styðja áætlunina.

**smk@frettabladid.is**







**ERFIÐIR TÍMAR** Forsætisráðherra Palestínu, Ismail Haniyeh, sést hér á fundi í gær. Mahmoud Abbas forseti gaf Hamas-stjórninni þrjá daga til viðbótar í gær til að samþykkja skjal sem óbeint viðurkennir tilverurétt Ísraels. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


ALLTAF GOTT VEÐUR TIL AÐ ÆFA!

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. ÁGÚST

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MÉR FINNST RIGNINGIN......**

Eflaust er gróðurinn þakklátur fyrir þá vökvun sem hann fær nú. Þessi væta hraðar því að gróðurinn verði almennilega grænn en víða á landinu er ansi gult ennþá. En horft til næstu daga eru rækileg hlýindi í kortunum komandi helgi og í kjölfar þessarar úrkomu nú er þetta allt á hraðri og réttri leið. Þegar líður á daginn í dag dregur úr vætulíkum fyrir norðan og austan.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Suðaustan 5-10 en suðvestlægari síðdegis. Rigning eða skúrir. Hiti 8-11 stig.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C léttskýjað | London | 23°C léttskýjað | Alicante | 27°C léttskýjað |
| Billund | 15°C skúrir | París | 21°C léttskýjað | Mallorca | 23°C léttskýjað |
| Osló | 20°C skúrir | Frankfurt | 20°C léttskýjað | Algarve | 25°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C léttskýjað | Friedrichshafen | 15°C skýjað | Krít | 25°C heiðskírt |
| Gautaborg | 16°C léttskýjað | Berlín | 18°C skýjað | Las Palmas | 25°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.




Það er mikilvægt að allir á heimilinu séu sáttir við sitt, hvort sem það er bíll, hjólhýsi, fellihýsi eða tjaldvagn. Sjóvá fjármögnun býður fjölbreyttar og hagstæðar fjármögnunarleiðir; bílalán, bílasamning eða vagnalán sem henta þínum þörfum – hverjar sem þær eru. Að auki er Sjóvá fjármögnun fyrst til að bjóða lánavernd sem sér um eftirstöðvar láns ef til fráfalls kemur. Fleiri leiðir – valið er þitt.

**Kíktu á sjovafjarmognun.is og reiknaðu út þína fjármögnunarleið.**

SJÓVÁ FJÁRMÖGNUN



## KJÖRKASSINN

*Treystirðu Geir H. Haarde sem forsætisráðherra?*

| | |
|---|---|
| Já | 49,8 % |
| Nei | 50,2 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Finnst þér að boða eigi til þingkosninga vegna hræringa innan ríkisstjórnarinnar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Níu forsætisráðherrar sækja leiðtogafund Eystrasaltsráðsins á Íslandi:

# Ísland lætur af formennsku

**STJÓRNMÁL** Tveggja ára tímabili Íslands í formennsku Eystrasaltsráðsins lýkur 30. júní næstkomandi. Leiðtogafundur ráðsins, sem hefst á morgun, markar lok formennskunnar og mun Svíþjóð sinna henni næstu tvö ár. Ísland hefur meðal annars lagt áherslu á samvinnu á sviði orku- og umhverfismála og nánari samvinnu við önnur svæðisbundin samtök.

Ellefu aðildarríki ráðsins taka þátt í fundinum auk fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem einnig á aðild að ráðinu. Alls munu níu forsætisráðherrar sitja fundinn og tveir utanríkisráðherrar.

Eystrasaltsráðið var stofnað árið 1992 með aðild tíu ríkja og gerðist Ísland aðili árið 1995.

Meginhlutverk ráðsins er að stuðla að stjórnmálalegum og efnahagslegum stöðugleika í norðausturhluta Evrópu, meðal annars með aðstoð við þróun og uppbyggingu lýðræðis, verndun mannréttinda og bættu viðskiptaumhverfi til eflingar frjálsum viðskiptum.

Í tengslum við fundinn mun Halldór Ásgrímsson eiga tvíhliða fundi með forsætisráðherrum Rússlands og Póllands.

Á fundinum verður framtíð samstarfsins á svæðinu rædd.



**LEIÐTOGAFUNDUR EYSTRASALTSRÁÐSINS** Hér eru fulltrúar aðildarríkja Eystrasaltsráðsins við þjóðfána sína á seinasta leiðtogafundi sem fór fram sumarið 2004.

Einnig verður farið yfir málaflokka á borð við orkumál, umhverfismál og viðskipti. - sdg

Ofbeldinu linnir ekki í Írak:

# Afhöggvin höfuð á víðavangi

**ÍRAK, AP** Lögreglumenn fundu í gær níu afhöggvin höfuð sem höfðu verið sett í ávaxtakassa og skilin eftir við þjóðveg norðaustur af Bagdad. Þetta er í annað skipti á stuttum tíma sem afhöggvin höfuð finnast á þessum slóðum.

Málið er enn í rannsókn en talið er að um hefndaraðgerð geti verið að ræða. Höfuðin sem fundust síðastliðinn laugardag voru átta talsins og munu hafa verið höggvin af í hefndarskyni vegna dráps á fjórum læknum úr röðum sjámúslima. Alls hafa því fundist sautján afhöggvin höfuð. Ofbeldið í Írak þykir fara stigvaxandi þessa dagana. - kóþ

## KÍNA

**Hlupu maraþon á Kínamúrnum** Hópur Íslendinga hljóp maraþon á Kínamúrnum í lok maí. Íslendingarnir voru samtals 25 talsins. Þar af hlaupu tólf fullt maraþon, 42,2 kílómetra.

## DANMÖRK

**Eldur í göngum** Göngin milli eyjanna Sjálands og Fjóns voru opnuð að hluta í gær eftir að eldur hafði kviknað í þeim á mánudagskvöld. Allar lestasamgöngur lágu niðri meðan slökkvistarf fór fram.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Góð helgi** Allt var að mestu tíðindalaust hjá löggæslu landsins um helgina. Nokkuð var um ferðamenn, en skemmtanahöld og útilegur fóru að sögn lögreglu vel fram og ölvun var lítil.

## RÚSSLAND

**Krabbaþjófnaður** Áhöfn rússnesks skips er sökuð um að hafa sökkt skipi sínu á flótta undan landhelgisgæslu til að hylma yfir ólöglegar krabbaveiðar, sem eru algengar við Kyrrahafsströnd.











**LÖGMENN LESA DÓMSNIÐURSTÖÐUR** Á annan tug aðstandenda Matthildar og Friðriks voru í dómssal þegar dómur var kveðinn upp. Hér sjást Jóhannes Rúnar Jóhannsson, lögmaður aðstandenda, og Sigríður Friðjónsdóttir, sem flutti málið fyrir dómi, skoða dóminn ásamt aðstoðarfólki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Jónas dæmdur í þriggja ára fangelsi

**Jónas Garðarsson var í gær dæmdur í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi. Þetta er þyngsti dómur sem fallið hefur á Íslandi fyrir manndráp af gáleysi. Jónas þarf að greiða aðstandendum níu milljónir króna í bætur.**

**DÓMSMÁL** Jónas Garðarsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, var í gær dæmdur í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Þetta er þyngsti dómur sem fallið hefur á Íslandi vegna manndráps af gáleysi. Jónas var að auki dæmdur til þess að greiða aðstandendum Matthildar Harðardóttur og Friðriks Ásgeirs Hermannssonar um níu milljónir króna í miskabætur, auk tæpra fjögurra milljóna króna í sakarkostnað.

Jónas er í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sagður hafa verið við stýri skemmtibátsins Hörpu þegar hann steytti á Skarfaskeri aðfaranótt laugardagsins 10. september í fyrra, með þeim afleiðingum að farþegar á bátnum, Matthildur Harðardóttir og Friðrik Ásgeir Hermannsson, létust.

Í dómi héraðsdóms segir að rannsókn slyssins hafi leitt í ljós að Jónas hafi verið við stýri bátsins þegar hann steytti á skerinu, á allt að sautján mílna hraða. Friðrik Ásgeir lést næstum samstundis vegna áverka sem hann hlaut við áreksturinn en samkvæmt rannsókn málsins lést Matthildur ekki fyrr en Jónas stýrði bátnum af skerinu, með þeim afleiðingum að hún drukknaði. Matthildur var að mestu áverkalaus þegar hún fannst.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, lögmaður og talsmaður aðstandenda Friðriks og Matthildar, segir niðurstöðu héraðsdóms ekki hafa komið óvart. „Niðurstaðan er í samræmi við það sem ég átti von á, þó ég hafi í raun vonast eftir þyngri dómi. En dómendur bundnir af fordæmum og því tekur niðurstaða héraðsdóms mið af þeim. En þetta mál er einstakt að því leyti að Jónas er borinn óvenju þungum sökum.“ Jóhannes segir niðurstöðu dómara sýna að málatilbúnaður Jónasar hafi ekki átt við rök að styðjast. „Það er alveg ljóst að ef Jónas hefði hagað sér eins og maður og axlað ábyrgð á sínum gjörðum, þá hefði hann hlotið vægari dóm. Dómarar komast að þeirri niðurstöðu að málatilbúnaður Jónasar hafi ekki átt við nein rök að styðjast.“



**KRISTJÁN STEFÁNSSON OG JÓNAS GARÐARSSON** Samkvæmt dómi héraðsdóms þykir öruggt að Jónas, sem sést til hægri á myndinni, hafi verið við stýri bátsins þegar hann steytti á Skarfaskeri í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jónas hélt því fram við aðalmeðferð málsins að Matthildur hefði verið við stýrið þegar slysið varð, en dómarar komust að þeirri niðurstöðu að „útilokað væri að Matthildur heitin hafi verið við stjórnvölinn“, þegar slysið varð.

Í dómnum segir að það sé „samhljóða álit rannsóknarlögreglumanns og réttarmeinafræðings að útilokað sé að Matthildur hafi getað stýrt bátnum miðað við áverka á líkama hennar,“ en áverkar sem Jónas hlaut, meðal annars lærbrot og úlnliðsbrot, þóttu benda til þess að hann hefði stýrt bátnum þegar slysið varð.

Í dómi héraðsdóms segir að Jónas hafi gerst sig sekan „um það óskaplega tiltæki að bera af sér sakir og reyna að koma ábyrgð yfir á þá sem létust í sjóslysinu af völdum hans“.

Ekki náðist í Jónas Garðarsson eða Kristján Stefánsson, lögmann Jónasar, þegar Fréttablaðið reyndi að ná tali af þeim í gær. Ekki hefur því fengist staðfest hvort dómnum verður áfrýjað.

magnush@frettabladid.is


Mamma™
Af því að
heima er best
Hjá Mömmu er vöruframboðið einfalt. Hjá Mömmu bjóðast bestu kjörin og starfsfólk Mömmu kemur heim til þín, tengir, stillir og gerir það sem þarf að gera svo þú getir notið sjónvarpsins, símtalsins, internetsins og öryggisins.
Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.
Ef þú færð þér internettengingu í gegnum Mömmu kem ég heim til þín, tengi búnaðinn og set þjónustuna upp í tölvunni þinni. Þá geturðu farið á netið áhyggjulaus.
Þegar framboðið af sjónvarpi, síma, interneti og heimavörn er orðið umfangsmikið og flókið er gott að geta leitað til Mömmu. Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.
Sjónvarp S M L
Sími & internet S M L
Heimavörn S M L
KÓÐI
365
og vodafone
SECURITAS
Mamma.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS MAM 31712 06/2006



**VEISTU SVARIÐ**

1 Hver er að gera heimildarmynd um Íslendingabók?

2 Hvað heitir markvörður knattspyrnuliðs FH-inga?

3 Hvenær settist Halldór Ásgrímsson fyrst á þing?

SVÖR Á BLS. 38

Kanadamenn handtaka sautján menn grunaða um að skipuleggja hryðjuverk:

# Þinghúsið meðal skotmarka

**KANADA, AP** Tólf menn, sem handteknir voru auk fimm táninga í Kanada á föstudag og laugardag, mættu fyrir dómara í Ontario-ríki í gær. Mennirnir eru grunaðir um að hafa skipulagt hryðjuverk. Þeir eru sagðir hafa ætlað að sprengja merk mannvirki í Kanada í loft upp, svo sem þinghúsið í Ottawa og CN-turninn í miðborg Toronto, og segir lögregla al-Kaída hryðjuverkanetið hafa verið eina helstu fyrirmynd þeirra þótt engar upplýsingar liggi fyrir um bein tengsl þeirra í millum.

Haft hefur verið eftir lögreglu að búist sé við fleiri handtökum á næstu dögum í tengslum við málið.

Mennirnir og táningarnir, sem eru undir lögaldri, voru allir handteknir á föstudag og laugardag í Toronto og nágrenni eftir að lögregla fékk upplýsingar um að hópurinn hefði fengin sent þrjú tonn af ammóníumnítrati, sem nota má til sprengjugerðar.

Nú leita yfirvöld að frekari tengslum milli mannanna og öfgafullra múslimahópa innan Bandaríkjanna og fimm annarra landa. Bandaríkjamenn hafa hert til muna eftirlit með 6,500 kílómetra löngum landamærum sínum og Kanada. - smk



**TEKINN HÖNDUM** Einn hinna sautján manna sem handteknir voru um síðustu helgi í Kanada, grunaðir um að skipuleggja hryðjuverk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfirvöld á Krímskaga:

# Lýsa skagann Natólausan

**ÚKRAÍNA, AP** Svæðisþing Úkraínu á Krímskaga lýsti í gær skagann „NATO-laust svæði“ í afgerandi kosningu. Ákvörðunin kemur í kjölfar mótmæla gegn Atlantshafsbandalaginu, en bandarískir hermenn komu nýlega til landsins til að undirbúa heræfingar sem munu eiga sér stað um miðjan júlí.

Viktor Júsjenkó, forseti Úkraínu, segir yfirlýsinguna vera merkingarlausa, enda tilheyri ekkert af landinu NATO. Hins vegar hefur stjórn hans sóst eftir inngöngu í Atlantshafsbandalagið og tekið þátt í skipulagningu hernaðaræfinga af þessu tagi. - sgj







# Til greina kemur að banna torfæruhjól

**Umhverfisráðherra er staðráðinn í að uppræta utanvegaakstur. Ráðherra vill herða viðurlög við brotum strax og jafnvel banna torfæruhjól ef það skilar ekki tilætluðum árangri. Gróður getur verið áratugi að jafna sig eftir áníðsluna.**

**UMHVERFISMÁL** „Það kemur til greina að banna þessi hjól þó að ég vilji reyna aðrar aðferðir fyrst,“ segir Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra um akstur torfæruhjóla utan vegar. „Ég höfða til ábyrgðar þessara manna sem þarna eiga í hlut. Það er ekki komið að þessu ennþá og ég er ekki með neinar hótanir en ég vil undirstrika alvarleika þessa máls.“ Sigríður segist hafa átt mjög gott samstarf við vélhjólamenn en svo virðist sem margir líti ekki á akstur utan vegar af nægilega mikilli alvöru.

Ráðherra segir að fyrst um sinn verði tekið á utanvegaakstri á þann hátt að auka eftirlit og höfða til samvisku þeirra sem slík hjól nota. Sigríður telur að nauðsynlegt sé að herða viðurlög með því að hækka sektir og jafnvel komi til greina að gera ökutæki upptæk sen notuð eru á þennan hátt. „Þetta eru mjög alvarleg afbrot og sums staðar er um varanlegar skemmdir að ræða. Það er óafsakanlegt,“ segir Sigríður.

Land í næsta nágrenni við höfuðborgina virðast vera undir sérstaklega miklu álagi og Andrés Arnalds, fagstjóri hjá Landgræðslunni, hefur bent á að ástandið á Reykjanesi sé sérstaklega alvarlegt. Viðar Már Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri umhverfis- og tæknisviðs Reykjanesbæjar, tekur undir með Andrési. „Reykjanesfólkvangur er allur stórskemmdur eftir utanvegaakstur mótorhjóla og vandamálið vex ár frá ári. Það kemur ekkert annað til greina en að banna umferð þessara tækja alfarið ef árangur á að nást í að stöðva eyðilegginguna.“



**UTAN VEGAR Á REYKJANESI** Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra hitti menn sem voru á hjólum sínum utan vegar á Reykjanesi um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sigurður H. Magnússon, plöntuvistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, segir það afar misjafnt hvað gróður þoli rask vel. „Plöntur sem vaxa hægt, eins og til dæmis mosi, eru mjög lengi að jafna sig og för eftir tæki geta sést í marga áratugi. Hafa skal hugfast að snemmsumars er gróðurinn sérstaklega viðkvæmur þegar frost er að fara úr jörð.“ Sigurður minnir á að gróðurskemmdir geti orðið sérstaklega miklar ef vatn renni um förin því vatnið grafi sig niður og margfaldi tjónið. Ef ítrekað rask verði á landsvæði geti farið svo að skemmdirnar séu varanlegar og sérstakt uppgræðsluátak þurfi til að koma landinu í samt horf.

svavar@frettabladid.is

Aldís Hafsteinsdóttir er nýr bæjarstjóri í Hveragerði:

# Skólamál og fólksfjölgun í forgangi

**HVERAGERÐI** Aldís Hafsteinsdóttir, oddviti D-listans, verður nýr bæjarstjóri í Hveragerði. Hún er fyrsta konan til að gegna embætti bæjarstjóra þar. Hún er jafnframt fyrsti kjörni heimamaðurinn sem sest í þennan stól.



**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR**

„Þetta er stefnubreyting á mörgum sviðum,“ segir Aldís og telur spennandi að sjá hvernig bæjarbúum líst á þetta. „Ég kem inn með mikla þekkingu á málefnum Hveragerðisbæjar því að ég hef búið hér frá 1966 meðan hér bjuggu aðeins nokkur hundruð íbúa.“

Hveragerði er ört stækkandi bæjarfélag. Bæjarbúum hefur fjölgað mikið síðustu árin og þeim mun fjölga á komandi kjörtímabili. Aldís segir að framtíðaruppbygging grunnskólans sé eitt af fyrstu verkefnunum sem verði að huga að. Nýja verkmenntaálmu vanti við grunnskólann.

„Svo þarf að huga að þeim nemendafjölda sem er að koma í skólann og taka afstöðu til þess hvernig við ætlum að koma þeim fyrir,“ segir hún og bætir við að gatnagerð þurfi að klára og huga þurfi að mörgum brýnum umhverfisverkefnum.

Aldís tekur formlega við starfi bæjarstjóra 11. júní. - ghs



**MERAPI-ELDFJALLIÐ** Eldvirkni hefur aukist að undanförnu.

Eldgos í Indónesíu:

# Ellefu þúsund flýja eimyrjuna

**INDÓNESÍA, AP** Merapi-eldfjallið, sem er í hinum illræmda „Eldhring“ Kyrrahafsins, spýr enn hrauni og gasi yfir nærliggjandi þorp. Fjallið er frægt fyrir ófyrirsjáanleg eldgos, en svo virðist sem jarðskjálftinn stóri sem varð tæplega 6.000 manns að bana fyrir skemmstu hafi aukið virkni þess.

Yfirvöld í héraðinu Magelang sendu yfir fjörutíu jeppa og bíla til að flytja ellefu þúsund íbúa nágrannahéraða Merapi-fjalls burt úr gjóskuregninu í neyðarskýli. - sgj

Dreginn út 22. júní




Ekki missa af vinningi!

# Endurnýið fyrir 8. júní!

66 skattfrjálsar milljónir í júní

# Hummer-jeppi – og 5 milljónir í skottinu ef þú átt tvöfaldan miða!

Hringdu núna
**561 7757**

Kíktu á netið
**www.das.is**

Kauptu miða í Happdrætti DAS.
Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.
á mánuði eða 230 kr. fyrir hvern útdrátt.
Búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.

HAPPDRÆTTI das
-vinningur í hverri viku

Bílainnflytjandi
ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DAS 32857 05/2006







Hlutfall skilnaða er lægst á Íslandi miðað við Norðurlöndin:

# 40 prósent skilja á Íslandi

**HAGSTOFAN** Lægst hlutfall skilnaða er á Íslandi af Norðurlöndunum. Um fjórutíu prósent hjónabanda enda með skilnaði hér og í fyrra voru 560 lögskilnaðir skráðir. Svíar eru líklegastir til að skilja því þar enda 53 prósent hjónabanda með skilnaði. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Hagstofunni.

Skilnaðartíðni hækkaði ört hérlendis árin 1961 til 1975 og náði hámarki um miðbik níunda áratugarins. Síðan þá hefur hún farið lækkandi.

Algengast er að lögskilnaður fari fram á fyrstu árum hjónabands. Nær þriðjungur þeirra hjóna sem skildu árin 2001 til 2005 höfðu verið gift skemur en sex ár og helmingur skemur en tíu ár.

Giftingartíðnin er fremur lág hérlendis eins og á hinum Norðurlöndunum. Í dag er hún 5,4 á hverja þúsund íbúa.

Tíðni giftinga hrapaði á árunum 1971 til 1986 en fór hækkandi eftir 1991.

Langflest hjónabönd hér á landi eiga sér stað að undangenginni óvígðri sambúð og bjuggu nær níu af hverjum tíu hjónaefnum saman áður en þau festu ráð sitt.

Árin 2001 til 2005 var tíðasti aldur ókvæntra karla við stofnun óvígðrar sambúðar 25 ár samanborið við 23 ár meðal ógiftra kvenna. - sdg



**NÝGIFT BRÚÐHJÓN** Giftingaraldur hefur hækkað verulega undanfarin ár. Tíðasti giftingaraldur ókvæntra karla seinustu fimm ár er 29 ár og 27 ár hjá konum.

Þemaþing Sameinuðu þjóðanna um baráttuna gegn HIV og alnæmi:

# Ekki samið um fjárframlög

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Ekki náðist samkomulag um hversu miklu skyldi verja til baráttunnar gegn útbreiðslu HIV-smits í heiminum á þemaþingi Sameinuðu þjóðanna um alnæmisfaraldurinn sem haldið var fyrir helgi í tilefni af því að 25 ár eru liðin frá því að sjúkdómurinn var fyrst greindur.

Talsmenn baráttuhópa fyrir réttindum HIV-smitaðra gagnrýndu leiðtogana fyrir vikið og sögðu þá vilja skjóta sér undan því að axla hinar fjárhagslegu byrðar af baráttunni gegn sjúkdómnum skæða. Talsmennirnir sögðu þó eitt og annað hafa áunnist á ráðstefnunni, þar á meðal átak í því að útdeila hreinum sprautunálum til fíkniefnaneytenda, og viðurkenningu á því að baráttan gegn útbreiðslu HIV-smits kynni að krefjast útgjalda upp á allt að 23 milljarða dollara, andvirði um 1.650 milljarða króna, á ári frá árinu 2010.

Tilgangur þemaþingsins var að fara yfir það sem gert hefur verið til þessa í baráttunni gegn sjúkdómnum og leggja drög að landsáætlunum fyrir næsta áratug. Í nýrri skýrslu SÞ segir að alls séu um fjörutíu milljónir manna smitaðar af HIV í heiminum og um átta þúsund manns deyi daglega úr alnæmi. Alls var andvirði um 597 milljarða króna varið til baráttunnar gegn sjúkdómnum á árinu 2005. - aa



**HJÓLAÐ GEGN HIV** Þessir hjólreiðamenn tóku þátt í áheitahjólreiðakeppni frá San Francisco til Los Angeles á sunnudaginn, í tilefni af því að í gær voru liðin rétt 25 ár frá því alnæmi var fyrst greint. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Alnæmi í 25 ár

**Í júní árið 1981 bárust fréttir af óvenjulegum sjúkdómi sem herjaði á ónæmiskerfið og greindist fyrst hjá hommum og sprautufíklum í Bandaríkjunum. Sjúkdómurinn hlaut á ensku nafnið Acquired Immune Deficiency Syndrome, skammstafað AIDS. Á íslensku er talað um áunna ónæmisskerðingu, eða alnæmi. 25 árum síðar hefur alnæmi breiðst út til allra heimshorna og kostað 25 milljónir manna lífið. Í dag eru 40 milljónir manna smitaðar af HIV-veirunni sem veldur alnæmi.**




**1981** Fyrstu tilvikin af alnæmi greind í Bandaríkjunum eftir að ungir hommar í New York og Kaliforníu fengu sjaldgæfa tegund af lungnabólgu og skæða tegund af krabbameininu Kaposi's sarcoma.

**1982** Heilbrigðiseftirlit í Bandaríkjunum skýrir frá nokkrum tilvikum þar sem börn hafa líklega smitast af móður sinni, auk þess sem smit hafi borist með blóðgjöf. Tala látinna í Bandaríkjunum fer yfir fyrsta þúsundið.



**1983** Dr. Luc Montagnier í Frakklandi, og síðar Dr. Robert Gallo í Bandaríkjunum, einangra hvor í sínu lagi víxlveiru, sem orsakavald alnæmis. Veiran hlýtur síðar á ensku heitið Human Immunodeficiency Virus, skammstafað HIV. Í Afríku kemur í ljós alnæmisfaraldur meðal gagnkynhneigðra.



**1985** Kvikmyndaleikarinn Rock Hudson verður fyrstur til þess af fræga fólkinu að segja opinberlega frá því að hann sé með alnæmi. Tilraunir hefjast með þróun mótefnis í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan. Skimun gjafablóðs hafin.

**1986** Tala látinna í heiminum nær 16.300.




**1987** Alnæmi verður fyrsti sjúkómurinn sem kemur til umræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Fyrsta læknismeðferðin gegn alnæmi, AZT-meðferð, fær samþykki í Bandaríkjunum. Meðferðin kostar nærri hálfa milljón króna á ári. Ronald Reagan Bandaríkjaforseti kallar alnæmi „óvin almennings númer eitt“.

**1990** Ein milljón barna í heiminum talin hafa misst annað foreldrið eða bæði föður og móður úr alnæmi.



**1991** Rauði borðinn verður alþjóðlegt tákn baráttunnar gegn alnæmi. Rokksöngvarinn Freddie Mercury deyr daginn eftir að hann skýrir frá því opinberlega að hann sé smitaður af HIV-veirunni. Tala smitaðra í heiminum komin upp í 10 milljónir.




**1992** Útbreiðsla HIV-smits dregst saman í Úganda og Taílandi í kjölfar herferðar gegn faraldrinum. Samþykki veitt fyrir nýrri meðferð, núkleósíð bakritahemlun, í N-Ameríku. Fyrstu tilraunir gerðar með fjöllyfjameðferð gegn alnæmi.



**1993** Ballettdansarinn Rudolf Nureyev deyr úr alnæmi. Tennisleikarinn Arthur Ashe deyr eftir að hafa smitast með blóðgjöf.

**1994** Fyrsta meðferðin til að draga úr smiti frá móður til barns.

**1995** Samþykki veitt til að beita proteasahemlum í N-Ameríku.

**1996** Alnæmisstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNAIDS, tekur til starfa. Brasilía verður fyrst þróunarríkja til að veita ókeypis meðferð gegn víxlveirum. Fyrsta meðferðin sem byggir á bakritahemlun án þess að beita núkleósíðhliðstæðum.

**1997** Átta milljón börn í Afríku hafa misst annað foreldrið eða bæði föður og móður úr alnæmi. Tala látinna í heiminum komin í 6.400.000. Heilbrigðiseftirlit í Bandaríkjunum greinir frá hugsanlegu smiti með kossum.

**1998** 39 lyfjafyrirtæki kæra Suður-Afríku, þar sem 3,6 milljónir manna eru smitaðar, fyrir að framleiða ódýr samheitalyf gegn alnæmi. Dómsmálið vekur hörð viðbrögð um heim allan.

**1999** Fyrstu tilraunir með bóluefni gegn HIV gerðar í þróunarríki, Taílandi.

**2000** UNAIDS og WHO hefja samstarf við fimm lyfjafyrirtæki um að auðvelda aðgengi að HIV-meðferð í þróunarlöndum.

**2001** Heilbrigðiseftirlit í Bandaríkjunum segir tíðni HIV-smits meðal fólks eldra en 50 ára aukast helmingi hraðar en hjá yngra fólki.



**2003** George W. Bush Bandaríkjaforseti veitir 15 milljörðum dala til baráttunnar gegn alnæmi. UNAIDS og WHO setja sér það markmið að fjölga þeim sem hafa aðgang að meðferð gegn HIV-veirunni meðal fátækari þjóða heims úr 400 þúsund í þrjár milljónir í árslok 2005.

**2004** Heilbrigðiseftirlit í Bandaríkjunum áætlar að 415.193 Bandaríkjamenn séu HIV-smitaðir. Fjórir af hverjum tíu eru af afrískum uppruna.

**2005** Alþjóðaleiðtogar heita því að meðferðarúrræði nái til nánast allra í heiminum árið 2010. Í árslok hafa einungis 1,3 milljónir manna meðal fátækari þjóða heims aðgang að meðferð.



**2006** Benedikt sextándi páfi lætur embættismenn sína kanna hvort notkun smokka til að draga úr útbreiðslu alnæmis geti samræmst afstöðu kaþólsku kirkjunnar. Áhrifin yrðu mest í Afríku þar sem talið er að meira en 18 milljónir barna muni hafa misst foreldra sína árið 2010.



Heimild: UNAIDS Myndir/AP © GRAPHIC NEWS

Drengur í Kína fæddist með tvo vinstri handleggi:

# Læknar fjarlægðu þriðja handlegginn

**KÍNA, AP** Læknar fjarlægðu í gær þriðja handlegginn af kínverskum pilti og mun aðgerðin hafa gengið að óskum. Drengurinn, Liu Junjie, fæddist með tvo óvenju vel myndaða vinstri handleggi fyrir tveimur mánuðum.

Áhöld eru um hversu vel handleggurinn sem eftir er muni bregðast við meðferð og koma til með að þjóna drengnum, en lófi handarinnar hefur ekki myndast.

Aðgerðin tók um þrjá tíma og kom það læknunum á óvart hversu miklum þroska höndin hafði náð, en taugar og æðakerfi höfðu náð svipuðum þroska og í venjulegum handlegg. **- kóþ**



**BARNIÐ Á BATAVEGI** Aðgerðin fór fram í Sjanghæ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LJÓSIÐ Í MYRKRINU** Múslimar í Danmörku ætla sér að reisa mosku í Árósum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Múslimar í Danmörku snúa bökum saman:

# Moska rís í Árósum

**DANMÖRK, AP** Múslimar í Danmörku hafa sameinast um að reisa hina fyrstu eiginlegu mosku á Norðurlöndum. Moskan á að rísa í Árósum og er til marks um aukinn samhug múslima í Danmörku í kjölfar skopteikningafársins sem kennt er við Jótlandspóstinn.

Í Danmörku eru alls um 100 bænastaðir múslima, en engin eiginleg moska með bænaturni og tilheyrandi.

„Í mörg ár hafa múslimar reynt að hrinda þessum áformum í framkvæmd, en vegna innri flokkadrátta hefur það ekki verið unnt,“ segir í tilkynningu frá Bandalagi múslimafélaga í Danmörku, en „tyrkneskir, arabískir, sómalískir og kúrdískir söfnuðir eru nú komnir í eina sæng“.

Borgaryfirvöld í Árósum styðja áformin en leggja áherslu á að trúfélögin sjálf fjármagni verkefnið. Kostnaður er áætlaður í það minnsta fimmtíu milljónir danskra króna, andvirði um 600 milljóna íslenskra króna, og á að safna fénu með frjálsum framlögum. **- kóþ**








**GYÐJA MEÐ ÞÚSUND HENDUR** Tai Lihua heitir hún og dansar með dansflokki fatlaðra í Kína. Hér er hún að túlka gyðju náðarinnar, sem hefur þúsund hendur, en henni til stuðnings eru tuttugu daufdumbir dansarar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ljósmyndarar eru ósáttir við fyrirkomulag við útgáfu nýrra vegabréfa:

# Ljósmyndarar missa tekjur

**ATVINNUMÁL** Ljósmyndarar eru ósáttir við þá breytingu sem felst í útgáfu nýrra vegabréfa. Breytingin er sú að umsækjendur vegabréfa geta núna látið taka mynd af sér þar sem vegabréfið er sótt sér að kostnaðarlausu. Ástæða breytingarinnar er sú að íslensk yfirvöld þurfa að uppfylla alþjóðlega staðla.

Guðmundur Jóhannesson ljósmyndari segist missa um þrjátíu prósent af veltu sinni við þessa breytingu. Hann spyr hvort það geti talist eðlilegt að hið opinbera eigi í samkeppni við ljósmyndara. Hann bendir á að ljósmyndun sé lögvernduð iðngrein og þeir sem séu að taka passamyndirnar núna séu ekki lærðir. Hann spyr einnig hvernig stjórnarskrárákvæðið um réttindi til atvinnu rími við þessa breytingu.

Gunnar Jónasson, formaður Ljósmyndarafélags Íslands, segir málið mjög alvarlegt og að félagið muni leita réttar síns en það hefur þegar ráðið lögmann til þess að fara yfir málið.

Fólk getur komið með eigin ljósmynd óski það þess en það er gert til þess að koma til móts við ljósmyndara. „Ég treysti mér ekki til þess að réttlæta þá stefnu að senda fólk að óþörfu í einhvern aukatúr út í bæ til þess að ná sér í myndir og borga fyrir það talsverða fjármuni þegar þess þarf ekki,“ segir Haukur Guðmundsson, formaður verkefnisstjórnar um ný vegabréf. - gþg



**GUÐMUNDUR KR. JÓHANNESSON LJÓSMYNDARI** Spyr hvort nýtt fyrirkomulag passamynda standist samkeppnislög.

Fjöldamorðin í Haditha:

## Skýrslu vænst

**ÍRAK, AP** Næstæðsti herforingi bandaríska hersins í Írak mun á næstunni skoða bráðabirgðaskýrslu um fjöldamorðin í Haditha, segir bandarískur þingmaður sem er nýkominn frá landinu.

Heimildir benda til tilefnislausra morða bandarískra hermanna á 24 óbreyttum borgurum í nóvember og hefur forsætisráðherra Íraks, Nouri al-Maliki, kvartað yfir virðingarleysi hermanna gagnvart íröskum borgurum.

Forsætisráðherrann stendur nú í ströngu við að koma saman ríkisstjórn en enn hefur engin sátt náðst um tvö lykilembætti, innanríkis- og varnarmálaráðherra, þótt frestur sem gefinn var til þess sé liðinn. - sgj




**AUGLÝSINGAR UMFERÐARSTOFU** Fjórðungur ökumanna og farþega sem létust í umferðinni 2005 var án beltis.

Nýtt átak Umferðarstofu:

## Bílbelti bráðnauðsynleg

**UMFERÐ** Umferðarstofu hefur sett af stað auglýsingaherferð þar sem fólk er sérstaklega hvatt til að spenna bílbeltin. Auglýsingarnar eru byggðar á norskri herferð sem heitir „Heaven can wait“ og fékk Umferðarstofa leyfi til að laga þær að íslenskum aðstæðum, en Hvíta húsið og Spark ehf. önnuðust gerð þeirra.

Fjórðungur þeirra ökumanna og farþega sem létust í bílslysum árið 2005 voru án beltis, en samkvæmt rannsóknum eru átta prósent ökumanna og sextán prósent farþega beltislaus í umferðinni. Á þessu má sjá að líkurnar á banaslysi aukast verulega séu bílbelti ekki notuð. - sgj

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bensínlaus bátur** Tveir menn og tvö börn voru hætt komin þegar lítill skemmtibátur sem þau voru á varð eldsneytislaus skammt úti af Kjalarnesi. Elding dró bátinn í land að beiðni Landhelgisgæslu og enginn hlaut skaða af.

# Á sjöunda hundrað aldraðra á biðlista

**Ríflega 620 eldri borgarar eru á biðlista eftir búsetuúrræði í Reykjavík. Þar af eru 237 í mjög brýnni þörf. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir þessa stöðu vera „þjóðinni til skammar og algerlega óviðunandi“. Málið sé í forgangi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Alls er 621 eldri borgari á biðlista eftir búsetuúrræði í Reykjavík, samkvæmt upplýsingum velferðarráðs borgarinnar. Þetta var staðan 1. júní 2006, en tölurnar voru teknar saman fyrir Fréttablaðið.

Í síðustu viku greindi blaðið frá stöðu mála aldraðra á Landspítalanum, en þar bíða 97 aldraðir eftir öðrum dvalarúrræðum. Sú bið kostar samtals 2,6 milljónum meira á dag heldur en ef fólkið dveldi á hjúkrunarheimilinu Eir.



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**

„Þetta ástand er þjóðinni til skammar og algerlega óviðunandi,“ segir Vilhjámur Þ. Vilhjálmsson, verðandi borgarstjóri og stjórnarformaður hjúkrunarheimilisins Eirar, um ofangreinda stöðu. „Ég hef verið að vinna að uppbyggingu búsetuúrræða fyrir eldri borgara alla mína tíð í borgarstjórn. Ég ætla að setja aukinn kraft í þennan málaflokk, því það hefur engin þjónustuíbúð verið byggð síðustu tólf árin og þetta eru afleiðingarnar. Þessi málaflokkur verður í forgangi hjá mér.“

Vilhjálmur segist vilja sjá fleiri öryggisíbúðir, á borð við þær sem reknar eru hjá Eir, í Reykjavík. Fólkið sem sé í þeim fái þjónustu frá hjúkrunarheimilinu. Það sé að stórum hluta á biðlistum eftir hjúkrunarrými eða þjónustuíbúðum. Ríkið komi að uppbyggingu hjúkrunarheimila í samvinnu við sveitarfélögin. Uppbygging þjónustuíbúða og öryggisíbúða sé á hendi sveitarfélaganna og einhverra sjálfseignarstofnana eftir atvikum.

„Bygging öryggisíbúða er úrræði sem borgin getur gripið til án þess að þurfa að eiga samráð um það við ríkið. Til þess úrræðis ætlum við að grípa í nýjum meirihluta borgarstjórnar. Þá stendur til að hefja uppbyggingu hjúkrunarheimilis fyrir hundrað manns í Mörkinni. Það hefur dregist úr hömlu að koma því verkefni af stað. Það verður eitt af mínum fyrstu verkum að ræða við heilbrigðisráðherra um að þeirri framkvæmd verði flýtt eins og kostur er. Þá stendur til að byggja annað hjúkrunarheimili, einnig fyrir hundrað manns, á Lýsislóðinni. Bygging þessara tveggja hjúkrunarheimila kostar um þrjá milljarða.“

jss@frettabladid.is



**ALDRAÐIR Í BRÝNNI ÞÖRF** Á biðlista eftir hjúkrunarrými eru 278 einstaklingar. Þar af eru 237 aldraðir einstaklingar í mjög brýnni þörf. 343 eru á biðlista eftir þjónustuíbúð.



**SINUELDUR Á MÝRUM** Eldarnir sviðu allt sem á vegi þeirra varð.

Umhverfisráðherra:

## Lætur rannsaka sinuelda

**UMHVERFISMÁL** Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra hefur sett af stað rannsókn á áhrifum sinueldanna á Mýrum á náttúru og lífríki, sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur unnið að. Rannsóknaráætlunin er til fimm ára og mun kostnaðurinn við hana nema sextíu milljónum króna, þar af 20-25 milljónum frá ríkinu.

Ætlunin með rannsókninni er að fylgjast með hvernig náttúran hagar sér í kjölfar eldanna og mun þá fuglalíf, gróður og annað lífríki á svæðinu verða tekið til athugunar. Hins vegar hefur verið hætt við rannsókn á hagamúsum vegna sparnaðar. - sgj

Kæra aðbúnað hrossa:

## Hrossin laus úr drullunni

**DÝRAHALD** Hrossaeigandi í Svarfaðardal sem var kærður til héraðsdýralæknis fyrir aðbúnað hrossa og óþrifnað í hesthúsum hefur gert hreint fyrir sínum dyrum.

Hafði ekki verið mokað undan fjórum graðfolum og tveimur geltum hrossum í lengri tíma auk þess sem þeim hafði ekki verið hleypt út. Eftir að hafa fengið bréf frá héraðsdýralækni tók eigandinn sig svo til og fór að vinna í málinu.

Héraðsdýralæknir sagði í samtali við Fréttablaðið að hrossunum hefði í raun liðið ágætlega og fengið að hreyfa sig inni í reiðhöll í stað þess að vera hleypt út. Einnig hefði verið borið sag í skít sem safnaðist upp svo hrossin hefðu verið þurr. - at

Siðanefnd BÍ úrskurðar:

## DV brotlegt

**FJÖLMIÐLAR** DV hefur verið úrskurðað brotlegt gegn þriðju grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands. Ástæðan er fréttaflutningur DV af ræstingakonu fyrirtækis í Reykjavík sem grunuð var um þjófnað á tveim milljónum af starfsmanni sama fyrirtækis.

„Umfjöllunin jaðraði við nafnbirtingu og þó liggur ekkert fyrir um að lögregla hafi grunað kæranda um þjófnaðinn,“ segir í umfjöllun siðanefndar. - gbg

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hjóla fyrir gott málefni** Tveir lögreglumenn og tveir slökkviliðsmenn hjóla nú í kringum landið til styrktar Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum. Gengur ferðin vel að sögn og munu þeir líklega komast til Hafnar í dag.



# Svona viljum við hafa það

Þegar maður tekur ilmandi steikina út úr ofninum, dimmir aðeins ljósin fyrir rómantíska kvöldstund, kveikir á græjunum þá hugsar maður ekki um það hvernig rafmagnið verður til og hvernig því er komið inn á heimilið. Maður nýtur þess bara.

Núna geta allir landsmenn keypt rafmagnið frá Orkuveitu Reykjavíkur. Það er ekkert vesen og allt í góðu lagi.



Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN ORK ISL 32979 06.2006



**KLÆÐSKIPTINGAR Í RÚMENÍU** Eldri maður fylgist með göngu samkynhneigðra í Búkarest, þar sem samtök samkynhneigðra hafa skipulagt viku viðburða til þess að andæfa allri mismunun gegn þeim. Samkynhneigð var bönnuð í Rúmeníu þangað til kommúnistastjórnin féll árið 1989. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar í Perú enda með sigri manns sem hraktist úr embættinu:

# Garcia snýr aftur til valda

**PERÚ, AP** Forsetakosningarnar í Perú mörkuðu endurkomu hins 57 ára gamla Alan Garcia í forsetastól, sextán árum eftir að hans fyrri forsetatíð lauk með fjárhagslegu hruni ríkisins og skæruhernaði. Garcia vann seinni umferð kosninganna á sunnudag með um 53,5 prósentum atkvæða gegn 46,5 prósentum atkvæða mótframbjóðanda hans, Ollanta Humala, þegar 91 prósent atkvæðanna hafði verið talið.

Humala er 43 ára vinstrisinnaður hermaður, sem kom fyrst fram á sjónarsviðið í uppreisn árið 2000 gegn þáverandi forseta, Alberto Fujimori. Hann hefur verið dyggilega studdur af Hugo Chavez, forseta Venesúela, og hefur barist fyrir þjóðnýtingu olíulinda og jafnari dreifingu auðs, en hann sækir fylgi sitt helst til fátækari hluta íbúanna, indíána sem búa upp til sveita.



**ALAN GARCIA** Garcia var áður hrakinn úr embætti með skömm, en sigraði nú hinn vinstrisinnaða Ollanta Humala. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Garcia, sem fékk mest sitt fylgi í höfuðborginni Lima, sagði úrslit kosninganna sýna að landsmenn höfnuðu herstefnu Chavez-sinna og segist munu berjast af krafti gegn spillingu, en í hans fyrri forsetatíð fengu tugir þúsunda flokksmanna hans störf í hinum opinbera geira. Tveimur árum eftir að valdatíð hans lauk flúði hann í útlegð, en sneri aftur árið 2001, þegar ákærurnar gegn honum höfðu fyrnst. Hann tapaði naumlega gegn sitjandi forseta, Alejandro Toledo, í síðustu kosningum. -sgj

Sameining verkalýðsfélaga:

# Sameina þrjú verkalýðsfélög

**VERKALÝÐSMÁL** Nýtt verkalýðsfélag, Stéttarfélag Vesturlands, var stofnað síðastliðinn miðvikudag. Félagið varð til við sameiningu Verkalýðsfélags Borgarness, Verkalýðsfélagsins Vals í Dalabyggð og Verkalýðsfélagsins Harðar.

Formaður hins nýja félags er Sveinn G. Hálfdánarson en stofnunin var samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu félaganna um miðjan maí.

Sveinn segist vona að þetta verði gæfuspor fyrir launafólk á starfssvæði Stéttarfélags Vesturlands. Sameinað félag verði öflugra í kjarabaráttu launafólks. - sgj

Ársskýrsla Landgræðslunnar:

# Víða hraðfara jarðvegsrof

**LANDVERND** Landgræðsla ríkisins hefur gefið út ársskýrslu sína en landgræðslan verður hundrað ára á næsta ári og er sú elsta sinnar tegundar í heiminum.

Í henni kemur fram að á sautján prósentum landsins sé hraðfara jarðvegsrof, en eyðing gróðurs er hættuleg búsetu manna. Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri telur mikilvægt að Íslendingar setji á fót alþjóðlegan jarðvegsverndarskóla þar sem við getum miðlað af reynslu okkar til annarra þjóða sem glíma við jarðvegseyðingu. Íslendendingar hafi mörgu að miðla í þessum efnum.

Eyðimerkurmyndun ógnar heilsu jarðarbúa, samkvæmt skýrslunni, en hún hefur í för með sér vatnsskort og erfiðleika við fæðuframleiðslu og er því alvarlegt vandamál í heiminum. - gbg

Vextir íbúðalána eru verðtryggðir og ofan á þá leggst verðbólga á hverjum tíma sem hefur verið há á Íslandi:

# Verðbólgan hækkar afborganir lána

**HÚSNÆÐISLÁN** Vextir á húsnæðislánum eru á bilinu 4,60 og 4,90 prósent hjá bönkum, sparisjóðum og Íbúðalánasjóði. Þessir vextir eru verðtryggðir, sem þýðir það að verðbólgan leggst ofan á þá. Einnig er hægt að fá óverðtryggð íbúðalán en þá eru vextir mun hærri.

Seðlabankinn setur sér það markmið að verðbólgan verði að jafnaði 2,5 prósent á ári en hann getur breytt vöxtum til þess að ná verðbólgumarkmiði sínu. Verðbólgan í dag er 7,6 prósent en það er þó nokkuð yfir markmiði bankans. Seðlabankinn gerir verðbólguspá til tveggja ára og er gert ráð fyrir að hún verði 4,9 prósent að meðaltali árið 2006 en 6,2 prósent árið 2007.

Hærri verðbólga hækkar afborganir lánsins og eftirstöðvarnar hækka. Það er því mikilvægt að taka áhrif verðbólgunnar inn í reiknisdæmið þegar ákvörðun um húsnæðiskaup er tekin.



**NÝBYGGINGAR Í SJÁLANDSHVERFI** Afborganir af húsnæðislánum hækka um leið og verðbólgan hækkar. Verða íbúðakaupendur að taka tillit til þess.

Vextir á húsnæðislánum innan Evrópusambandsins eru um 3,5 prósent en þeir vextir eru óverðtryggðir. Bretland er nokkuð frábrugðið en þar eru vextirnir um sex prósent. Á Íslandi eru vextir almennt fastir en í Evrópu eru þeir breytilegir.

**VEXTIR ÁSAMT VERÐTRYGGINGU:**

- **Árið 2005:** Vextir ásamt verðtryggingu: 8,9 prósent
- **Árið 2006:** Vextir ásamt verðtryggingu: 9,8 prósent
- **Árið 2007:** Vextir ásamt verðtryggingu: 11,1 prósent

Meðfylgjandi tafla sýnir hvað húsnæðiseigendur mega búast við að greiða af láni sínu ef miðað er við 4,9 prósent vexti og meðalverðbólgu samkvæmt verðbólguspá Seðlabankans. Árið 2008 er gert ráð fyrir að verðbólga lækki en Greiningardeild KB banka spáir því að meðalverðbólga verði komin niður í 2,5 prósent þá. - gbg

Heilaheill
- ÞETTA ER EKKI BÚIÐ!

FAÐMUR HEILAHEILLA
- 4.hæð í Iðuhúsinu í Lækjargötu
Upphaf söfnunarátaks!



Heilaheill eru samtök fólks sem fengið hefur heilablóðfall, aðstandenda þeirra og fagfólks.

**Miðvikudaginn 7.júní klukkan 20.00** hefst formlega söfnunarátak fyrir Faðm, sem er stuðningssjóður fyrir unga foreldra sem hafa fengið heilablóðfall.

Fundarstjóri:
**Rósa Björk Brynjólfsdóttir** sjónvarpskona.

**Reikningsnúmer söfnunar er :**
**0101-05-290900**
**kennitala: 611294-2209**

GLÆSILEG DAGSKRÁ:

**Þórunn Lárusdóttir** verndari Faðms ávarpar fundinn og syngur nokkur lög

**Birgir Henningsson, Katrín Júlíusdóttir og Kristín Stefánsdóttir** kynna söfnunina og sjóðinn

**Jón Hersir Elíasson** taugalæknir flytur erindi um ungt fólk og heilablóðfall.

Umræður um erindi

**Jón Ólafsson** tónlistarmaður flytur nokkur lög

**Heiðar Örn úr Botnleðju** flytur nokkur lög

**Þórir Steingrímsson** formaður Heilaheilla ávarpar fundinn

ALLIR VELKOMNIR!

actavis
hagur í heilsu

Merrild

RAFAGN
SÚÐARVOGI 48




* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524

## Svona erum við

> Giftingar, skilnaðir og staðfest samvist árið 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** SVARTFJALLALAND

# *Smáríki á leið í Evrópusambandið*

Eftir að Svartfellingar rufu ríkjasamband sitt við Serba í síðastliðnum mánuði með einungis 55 prósenta atkvæða meirihluta hefur landið verið mikið í sviðsljósinu. Lítið er þó vitað um þetta smáríki, enda hefur það verið hluti af mun stærra ríki, Júgóslavíu, í áraraðir.

**Hvar er Svartfjallaland?**
Svartfjallaland eða *Crna Gora* liggur við Adríahaf í sunnanverðri Evrópu og á landamæri að fjórum löndum, Serbíu í austri, Bosníu og Hersegóvínu í norðri og Albaníu í suðri. Einnig liggur lítil ræma Króatíu að landinu vestanmegin. Landið er lítið eða tæpir 14.000 ferkílómetrar og eins og nafnið bendir til er það fjöllótt mjög. Höfuðborg Svartfjallalands heitir Podgorica og hét áður Titograd. Þar búa um 140.000 manns.

**Hverjir eru Svartfellingar og hver er tunga þeirra?**
Svartfellingar teljast til Suður-Slava, en þeir settust að í Suður-Evrópu á fimmtu til sjöundu öld eftir Krist. Svartfellingar eru um 680.000 talsins, en þó telur tæpur þriðjungur þeirra sig ekki vera eiginlegan Svartfelling, heldur Serba. Mikill meirihluti Svartfellinga tilheyrir serbnesku rétttrúnaðarkirkjunni, en að auki eru nokkrir þeirra múslimar. Tungan nefnist serbó-króatíska, en hún er náskyld búlgörsku, makedónsku og slóvensku.

**Hver er framtíð Svartfjallalands?**
Meirihluti þjóðarinnar hefur nú hafnað ríkjasambandinu við Serbíu, meðal annars til þess að auðvelda Svartfjallalandi inngöngu í Evrópusambandið, en aðild að því er allra brýnasta framtíðarmál Svartfellinga. Embættismenn í



Evrópu er margir efins um mögulega aðildar Svartfjallalands og telja að stjórnkerfi þess sé enn sem komið er of spillt til að standast kröfur Evrópusambandsins. Djukanovic forsætisráðherra, sem liggur nú undir grun um sígarettusmygl, hefur hins vegar heitið því fullum hálsi að landið verði fullbúið til Evrópusambandsaðildar innan fárra ára.

**SPURT & SVARAÐ**
AKTÍVISMI

## *Að fylgja hugsjónum*

Aktívistar og mótmælendur hafa talsvert látið til sín taka í umræðunni að undanförnu og jafnvel komist í klandur vegna róttækra aðgerða sinna. Garðar Stefánsson vinnur að heimildarmynd um aðgerðastarf á Íslandi.



GARÐAR STEFÁNSSON

**Hvað er aktívismi?**
Aktívismi þýðir á góðri íslensku aðgerðastarf og er skilgreint sem hvers kyns sjálfboðastarf sem einstaklingar eða hópar taka að sér með það að markmiði að láta hugsjónir sínar rætast.

**Hvernig getur maður tekið þátt?**
Það er mjög einfalt að taka þátt í aðgerðastarfi og er þetta í rauninni aðeins spurning um að velja sér málefni sem skiptir mann virkilega miklu máli., hvort sem það er umhverfi, mannréttindi, dýravernd eða kvenréttindi svo ég nefni nokkur.

**Skilar aðgerðastarf einhverju?**
Að sjálfsögðu gerir aðgerðastarf gagn. Gott dæmi um vel heppnað aðgerðastarf er Samtökin 78, þar sem hópur fólks hittist fyrir 28 árum til þess að berjast fyrir auknum rétti samkynhneigðra. Í dag eru þetta virk félagasamtök sem meðal annars skipuleggja Gay Pride gönguna.




# Biðin eftir meiri þorski

**Frændsystkin þorsksins, þau ýsa og ufsi, hafa það bærilega gott á Íslandsmiðum. Þó er að sjá sem þau hafi ekki nóg að éta frekar en þorskurinn. Það er kannski eins með fæðuna í hafinu og beitarlönd á fjalli; þegar sumrar seint og sprettur illa koma lömbin vesöl af fjalli og fallþungi þeirra minnkar.**

Verðmætastur allra fiskistofna við landið er þorskstofninn. Ástand hans er verra en ýsunnar og ufsans. Nýliðun er léleg á sama tíma og nýliðun ýsunnar er góð svo dæmi sé tekið. Horaður þorskur og léleg nýliðun er slæm blanda og Hafrannsóknastofnunin mælir í nýrri skýrslu sinni með 11 þúsund tonna niðurskurði á næsta fiskveiðiári.

Biðin langa eftir auknum þorskkvóta heldur því áfram. Hafrannsóknastofnunin vill láta veiða enn minna en gert er, helst ekki meira en 18 til 20 prósent í stað 25 prósenta af stofninum en við þá hámarksreglu hefur verið stuðst undanfarin 13 ár. Aðeins þannig megi auka afrakstursgetuna en með óbreyttu veiðiálagi hjakki menn aðeins í sama farinu.

**Vonbrigði**
„Þetta eru vonbrigði því tillagan felur í sér skerðingu þorskaflans," segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. Hann liggur undir feldi áður en hann tekur endanlega ákvörðun sína um veiðiheimildir næsta fiskveiðiárs og kveðst einnig ætla að ráðfæra sig við sérfræðinga utan Hafrannsóknastofnunarinnar, sjómenn og útvegsmenn og aðra sem að fiskveiðum koma.

„Sjómenn og útvegsmenn hafa greint frá ágætum afla og ég batt vonir við að Eyjólfur væri að hressast. Ég gerði mér grein fyrir að brugðið gæti til beggja vona varðandi þorskinn. Allar tillögur til skemmri tíma munu fela í sér skerðingu á tekjum sjávarútvegsins. Menn verða að horfast í augu við það. Ef menn vilja bæta fæðuframboð fyrir þorskinn verða menn að draga úr loðnuveiðum, hugsanlega einnig síldveiðum. Hitt væri að lækka aflaregluna niður um nokkur prósentustig, draga úr þorskafla, en það veldur einnig minnkandi tekjum. Ég er ekki tilbúinn til þess að lækka veiðihlutfallið í bili að minnsta kosti. Ég fer yfir þetta með fiskifræðingunum, útvegsmönnum og fleirum. Þetta er alvörumál og við þurfum að taka okkur þann tíma sem þarf í þetta. Enginn vill búa áfram við þetta ástand," segir sjávarútvegsráðherra.

**Önnur sjónarhorn**
Jón Kristjánsson, sjálfstætt starfandi fiskifræðingur, segir að ekkert komi lengur á óvart varðandi ráðgjöfina. „Að vísu kemur á óvart að fiskifræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar tala nú um að það skorti kannski æti fyrir fiskinn og kenna um loðnuleysinu. Nú er talað um að meðalþyngd þorsksins sé í sögulegu lágmarki. Hvernig svo sem stendur á fæðuskortinum lagar stofninn sig að honum, en viðbröð stofnunarinnar og stjórnvalda við honum eru alröng."

Jón hefur í seinni tíð verið í samskiptum við sérfræðinga sjávarútvegsmála hjá Evrópusambandinu. „Skoskur þingmaður, sem fylgist með fiskveiðum tók eftir því að fiskiskipaflotinn hafði minnkað þar um 70 prósent en samt var ofveiði talin ástæða lélegs ástands fiskistofna. Það gengur varla upp. Menn leita nýrra sjónarhorna, einnig hjá Evrópusambandinu. Það er ef til vill galið að halda því fram að léleg afkoma stofnanna sé afleiðing af fiskveiðistefnunni, en er ekki verðugt að skoða það líka? Í landbúnaði reyna menn ávallt að hámarka vöxtinn og það verður aðeins gert með nægjanlegu fæðuframboði," bendir Jón á.

**Öðruvísi veiðar**
Jóhann Ársælsson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að sjávarútvegsnefnd verði kynntar niðurstöður Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir helgina. Jóhann hallast að því að mikilvægt sé að draga úr loðnuveiðum. „Kvótakerfið stærðarvelur fisk og vel má vera að lítill stofn, kvótakerfi og miklar loðnuveiðar valdi vandanum."

Jóhann segir í fjórða lagi að frá því landhelgin var endanlega færð út í 200 sjómílur hafi Íslendingar sjálfir séð til þess að togveiðiþunginn er orðinn margfalt meiri en þá á Íslandsmiðum. „Togveiðar okkar eru stundaðar af miklu meiri þunga en þegar við rákum Breta af höndum okkar og héldum því fram fullum hálsi að þeir væru að leggja miðin okkar í rúst. Þetta væri fjórða gagnrýnisatriði mitt. Hér huga menn lítið að gerð veiðarfæra. Í hnotskurn sést þetta þegar bent er til dæmis á að hér á landi er aldrei gerður greinarmunur á því hvort menn veiða humar í botntroll eða í gildrur. Þeim sem nota vistvænni veiðarfæri eru ekki gefin nein betri tækifæri en öðrum," segir Jóhann Ársælsson.



**ÞORSKUR** Horaður þorskur og léleg nýliðun er slæm blanda og Hafrannsóknastofnunin vill láta veiða talsvert minna en fjórðung af mældum stofni.



FRÉTTASKÝRING
JÓHANN HAUKSSON
jóhannh@frettabladid.is



**EINAR K. GUÐFINNSSON SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA** „Þetta eru vonbrigði því tillagan felur í sér skerðingu þorskaflans."



**JÓHANN ÁRSÆLSSON** „Togveiðar okkar eru stundaðar af miklu meiri þunga en þegar við rákum Breta af höndum okkar."



ERAN/Landlist
HM bolir
-enn betra verð!
STÆRÐIR Á BOLUM
116 - 164 OG S-XL
ÍSLAND
BRASIL
FRANCE
ITALIA
FRANCE
BRASIL
ÍSLAND
HM BOLUR
999 KR.
EITT VERÐ
60% bómull og 40% pólýester
FÍN EFTIR PÚSTRANA!
FULLORÐINS SÓLGLERAUGU
799 KR.
MIKIÐ ÚRVAL!
3 Travel Bug ferðatöskur
3 sérstaklega léttar ferðatöskur úr hágæða 1200d einstaklega sterku pólýester (nælonfóðraðar) á Skater hjólum. Hjól sem þola þunga. Hver taska er með talnalás, innbyggðu merkispjaldi og 2 renndum hólfum að framan og einu stóru hólfi að innan.
STÆRÐIR:
70x45x25
60x40x20
50x35x17
Viðbótarstækkun í loki (LYFTILOK)
3 TRAVEL BUG
7999 KR.
bonus.is
Frábærir dagar
framundan!
FORELDUÐ SVÍNARIF
839 KR. kg
MERKT VERÐ 1198 KR.
Spareribs
BABYBACK Grísarif
30% afsláttur
við kassann
Foreldud ALI grillrif
THULE
LÉTTÖL
THULE LÉTTÖL
49 KR.
500ml
Hvers vegna að flytja að heiman meðan HM stendur yfir þegar hægt er að nota sýningartímana til að ryksuga sjónvarpið?
Panasonic ryksugan
PANASONIC RYKSUGA 1500W
4999 KR.
Komin aftur!
1500W
Mulligan fyrir sveifluna!
MULLIGAN
1599 KR.
24 BOLTAR
Mulligan
100 té
MULLIGAN
399 KR.
100 TÉ
24 BOLTAR
www.bonus.is
SERVÖRU VERSLANIR
BÓNUS

# Ný og óþekkt staða Framsóknar

**Mikil óvissa ríkir um stöðu manna og mála innan Framsóknarflokksins eftir yfirlýsingar formanns og varaformanns í fyrrakvöld. Báðir höfðu ákveðið að hætta en það eitt er vitað nú að formaðurinn hættir í haust. Framsóknarflokkurinn hefur ekki glímt við forystukreppu í áratugi.**



**AFSÖGNIN OPINBERUÐ** Halldór Ásgrímsson greinir frá pólitískum endalokum sínum fyrir utan bústað forsætisráðherra á Þingvöllum á mánudagskvöld. Þingmenn og landsstjórnarmenn hlýða íbyggnir á. Á þessari stundu bjóst Halldór við að Guðni Ágústsson myndi einnig segja af sér trúnaðarstörfum fyrir flokkinn en það fór á annan veg. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hafi Halldór Ásgrímsson óskað sér að línur innan Framsóknarflokksins yrðu skýrar eftir yfirlýsinguna á Þingvallafundinum á mánudagskvöld hafa þær óskir orðið að engu. Þvert á móti hefur óvissan aukist um allan helming. Aðeins þremur klukkustundum eftir að hann gaf til kynna að þeir Guðni Ágústsson ætluðu báðir að segja af sér embættum sínum sendi Guðni frá sér yfirlýsingu og sagði ekkert liggja fyrir um afsögn sína. Eftir stendur að Halldór hættir í ríkisstjórn á næstu dögum eða vikum og sem flokksformaður í haust. Og í fyrsta sinn síðan einhvern tíma á fyrrihluta síðustu aldar er allsendis óvíst hver verður næsti formaður Framsóknarflokksins.

Atburðir síðustu daga hafa spilast af fingrum fram - öfugt við það sem stundum gerist í stjórnmálunum þegar atburðarás er hönnuð. Áætlanir hafa breyst og ný tromp komið fram.

Hávær orðrómur komst á kreik á föstudag þess efnis að Halldór Ásgrímsson hygðist hætta í stjórnmálum. Illa gekk að fá þau orð staðfest en í Fréttablaðinu á laugardag sagðist Halldór ætla að ræða málin við sitt fólk áður en hann ræddi þau í fjölmiðlum. Þann sama laugardag hittu hann og Guðni Ágústsson Hjálmar Árnason, formann þingflokksins, að máli og greindu honum frá þeirri ákvörðun sinni að víkja úr embættum til að skapa svigrúm fyrir Finn Ingólfsson. Áður höfðu tvímenningarnir rætt við Finn og lagt að honum að snúa aftur í stjórnmálin og taka við forystu flokksins. Samkvæmt orðum Finns í Morgunblaðinu í gær fóru þær viðræður fram fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 27. maí og því ljóst að úrslit þeirra skiptu litlu og jafnvel engu um framvinduna. Þeir Halldór og Guðni höfðu þegar afráðið að hætta, áður en heldur slælegar niðurstöður kosninganna lágu fyrir.

### Dregið fyrir gluggana

Halldór Ásgrímsson ræddi ekki aðeins um vangaveltur sínar og fyrirætlanir við fjölskyldu sína og nánustu samverkamenn í flokknum. Geir H. Haarde, formanni Sjálfstæðisflokksins, var kunnugt um áform hans og höfðu þeir ræðst við um breytingar á ríkisstjórninni. Ekkert hefur verið látið uppi um hvaða breytingar verða gerðar annað en það að Halldór hverfi úr stjórninni og Geir verði forsætisráðherra. Uppi voru getgátur um að Finnur Ingólfsson yrði fjármálaráðherra en hafi einhverjar líkur verið á því hafa þær minnkað.

Halldór boðaði þingflokk og landsstjórn Framsóknarflokksins til fundar við sig í bústað forsætisráðherra á Þingvöllum á mánudagskvöld. Fundurinn hófst klukkan hálf átta en til hans var boðað með skömmum fyrirvara. Kokkarnir í eldhúsinu á Hótel Valhöll voru meðal fyrstu manna til að frétta af fundinum en þeir hófust handa þegar um morguninn við að undirbúa hlaðborð það er fundarmenn gæddu sér á. Var hlaðborðið sagt hefðbundið; á því voru bæði kjöt- og fiskréttir og í glösum var malt, appelsín og pilsner.

Þegar fundarmenn komu til Þingvallafundarins vissu þeir ekki hvers vænta mátti. Auðvitað höfðu þeir heyrt sögusagnir og rætt málin sín á milli auk þess sem í það minnsta einhverjum var kunnugt um áætlanir Halldórs og Guðna. Þeir vissu hins vegar ekki hvað Halldór ætlaði að segja.

Þegar allir voru komnir til fundarins voru gluggatjöld bústaðar forsætisráðherra dregin fyrir og var snætt og hlýtt á Halldór í skjóli fyrir kvöldbirtunni og forvitnum augum þeirra örfáu blaðamanna sem haft höfðu spurnir af fundinum.

### Klappað vel og lengi

Skömmu eftir að fundarmenn voru sestir að borðum var fjölmiðlum sagt að yfirlýsingar Halldórs Ásgrímssonar væri að vænta klukkan níu um kvöldið. Ætlaði hann að stíga út á hlað Þingvallabæjarins og greina frá áformum sínum. Uppi varð fótur og fit á sjónvarpsstöðvunum þar sem engir möguleikar eru á beinum sendingum frá Þingvöllum með svo skömmum fyrirvara. Fór svo að NFS sendi orð Halldórs beint út í gegnum GSM-síma og kom upptöku sinni af yfirlýsingunni með þyrlu til Reykjavíkur.

Fundurinn fór vel fram. Halldór greindi frá ákvörðun sinni og hlaut mjög góðar undirtektir. Var klappað vel og lengi fyrir honum. Fundarmenn hafa almennt verið sparir á lýsingar sínar á því sem gerðist og þeirri stemningu sem ríkti en þó hafa nokkrir tjáð sig opinberlega. Á vefsíðu sinni segir Siv Friðleifsdóttir að stundin hafi verið magnþrungin og stór og Guðjón Ólafur Jónsson segir hana hafa verið fallega og tilfinningaþrungna. „Auðvitað vorum við dálítið döpur þarna á Þingvöllum,“ sagði Valgerður Sverrisdóttir svo á morgunvaktinni á Rás eitt í gær.

Þegar klukkan sló níu streymdu fundarmenn út á hlaðið og mynduðu skeifu sem Halldór formaður sté inn í. Þar upplýsti hann þjóðina um ákvörðun sína þess efnis að draga sig í hlé úr stjórnmálunum, sem átt hafa hug hans allan í á fjórða áratug.

### Guðni þögull en hugsi

Halldór lét þess getið að þeir Guðni hefðu greint Hjálmari frá því að báðir væru viljugir til að hætta og stóðu flestir í þeirri trú fram eftir kvöldi að svo yrði. Hann vísaði hins vegar á Guðna sjálfan þegar eftir því var gengið hvort hann myndi líka segja af sér embættum sínum. Guðni var á hinn bóginn þögull sem gröfin þegar hann var inntur eftir áformum sínum. Sagði aðeins að kvöldið væri Halldórs. Ljóst er hins vegar að Guðni hugsaði sitt í þögninni og að fundi loknum ók hann sem leið lá á heimili sitt á Selfossi og settist við tölvuna, skrifaði yfirlýsingu og sendi frá sér. Þar vísar hann til þess að ekki hefði ríkt samstaða í flokknum um breytingar á flokksstjórninni og forsendur fyrir afsögn sinni því brostnar. Athyglisvert er að í niðurlagi yfirlýsingarinnar þakkar hann Halldóri langt samstarf. Má heita undarlegt að varaformaðurinn noti þennan vettvang til að þakka formanninum samstarfið en þeir hafa setið saman í þingflokki Framsóknarflokksins síðan Guðni var fyrst kjörinn á þing fyrir nítján árum.

Ýmsar kenningar og sögusagnir spunnust í gær um atburði hvítasunnuhelgarinnar og líklegt framhald mála. Sumir segja að með yfirlýsingu sinni hafi Guðni stungið rýtingi í bak Halldórs en aðrir vilja meina að hann hafi fyrst og fremst svikið sjálfan sig. Mögulegar afleiðingar séu að honum verði ekki ætlað sæti í nýrri ríkisstjórn Geirs Haarde. Væri þá komin upp sérkennileg staða ef hvorki formaður né varaformaður stjórnmálaflokks eiga sæti í ríkisstjórn sem flokkurinn á aðild að.

Á hinn bóginn verður erfitt að ganga framhjá Guðna við val á ráðherrum enda mest ánægja með störf hans af ráðherrum Framsóknarflokksins og raunar allra ráðherra ríkisstjórnarinnar samkvæmt nýjustu mælingu Gallup.

„Vegir stjórnmálanna eru órannsakanlegir,“ sagði einn þingmanna Framsóknarflokksins í samtali við Fréttablaðið í gær. Eru það orð að sönnu og víst að ógjörningur er að spá fyrir um framhald mála.

Það er hins vegar kaldhæðnislegt að þessi erfiða staða Framsóknarflokksins skuli vera uppi á sama tíma og Halldór Ásgrímsson ýtir úr vör átaki sem miðar að því að einfalda opinbert regluverk undir kjörorðinu Einfaldara Ísland.

Um leið og Ísland verður einfaldara verður Framsókn flóknari.



FRÉTTASKÝRING
**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON**
bjorn@frettabladid.is



**HUGSAR RÁÐ SITT** Guðni Ágústsson hélt heim til Selfoss eftir Þingvallafundinn og sendi frá sér yfirlýsingu þar sem hann sagði ekkert liggja fyrir um eigin afsögn. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


## Samfylkingin á Akureyri Félagsfundur.

**Boðað er til félagsfundar fimmtudaginn 8. júní 2006.**

**Fundurinn er í LÁRUSARHÚSI og hefst kl. 20.30.**

**Fundarefni:**
**Meirihlutasamningur og bæjararstjórnamál.**

**Seturétt á fundinum eiga skráðir félagar í Samfylkingunni á Akureyri og Hrísey.**

**Stjórnin.**




ÞÚ
HEFUR
HÆFILEIKA
GÁFUR
VILJA

EN VEIST
EKKI HVERT
SKAL
STEFNA!

**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**
er fjölbreyttur og skemmtilegur skóli.
Virkjaðu hæfileika þína hjá okkur
- skráðu þig fyrir **12. júní nk.**
**rafrænt á www.fb.is**

**www.fb.is**

Fjölbrautaskólinn
í Breiðholti

Austurberg 5 | 111 Reykjavík | Sími 570 5600 | Símbréf 567 0389 | Tölvupóstur: fb@fb.is

HÉR & NÚ / SÍA

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Breytingar á forystu Framsóknarflokksins:

## Formaður staðfestunnar kveður

Það eru mikil pólitísk tíðindi þegar Halldór Ásgrímsson tekur samtímis ákvörðun um að láta af embætti forsætisráðherra og hverfa úr hlutverki formanns Framsóknarflokksins. Engum getur dulist að sú ákvörðun tengist umbrotum í flokknum sjálfum. Stjórnarsamstarfið gaf í sjálfu sér ekki efni til slíkrar ákvörðunar.

Þetta er í fyrsta sinn sem breytingar verða á forystu í ríkisstjórn í kjölfar sveitarstjórnarkosninga. Slakur árangur Framsóknarflokksins í þeim er þó tæpast einn og sér næg skýring. Innri mein í flokknum sýnast hafa ráðið þar nokkru um. Miðnæturyfirlýsing varaformanns flokksins eftir að formaðurinn kunngerði ákvörðun sína er táknrænt dæmi um þær aðstæður allar.

Engum hefur dulist að um nokkurn tíma hefur talsvert skort á innri samstöðu í Framsóknarflokknum. Sú staðreynd er um margt þverstæðukennd. Það sést gleggst í því ljósi að Halldóri Ásgrímssyni hefur í fysta skipti í sögu Framsóknarflokksins tekist að tryggja aðild flokksins að sama stjórnarsamstarfinu í þrjú kjörtímabil. Með hliðsjón af ferli flokksins í stjórnarsamstarfi áður fyrr verður það að teljast pólitískt afrek.

Forveri Halldórs Ásgrímssonar í formennsku Framsóknarflokksins hafði forystu fyrir borgaralegri ríkisstjórn sem hratt í framkvæmd hugmyndum Geirs Hallgrímssonar um leiftursókn gegn verðbólgu. Á næsta kjörtímabili var hann í forystu fyrir vinstri stjórn og lýsti því þá yfir að almenn vestræn efnahagslögmál ættu ekki við á Íslandi.

Þannig hefur Framsóknarflokkurinn á fyrri tíð, eftir því hvernig vindar blésu, farið bæði lengra til hægri og til vinstri en undir forystu Halldórs Ásgrímssonar. Trúlega hefur hann tekið staðfestuna fram yfir eigin pólitískan hag. Vandinn sýnist á hinn bóginn einfaldlega vera sá að innan Framsóknarflokksins hefur ekki verið nægjanlegur skilningur á mikilvægi þeirra sögulegu umskipta. En þjóðin hefur notið ávaxta staðfestunnar.

Síðasta stjórnarsamstarf sem Framsóknarflokkurinn átti aðild að leiddi til stjórnmálalegs afturhvarfs og efnahagslegrar niðursveiflu. En hvað sem líður afstöðu manna til núverandi stjórnarsamstarfs hefur það skilað einhverjum mestu efnahagslegu framförum sem um getur og bættum hag alls almennings.

Halldór Ásgrímsson getur því á þessum tímamótum litið stoltur um öxl. Hann hefur með staðfestu gert Framsóknarflokkinn að nútímalegum og frjálslyndum flokki og tryggt langvarandi aðild hans að árangursríku stjórnarsamstarfi. Það er meira en forverum hans hefur tekist. Hitt hljóta að vera honum vonbrigði að ekki skuli á þessum tíma hafa tekist að skapa skilning innan flokksins sjálfs á þessum umskiptum.

Á þessu stigi veit enginn hvort brotthvarf Halldórs Ásgrímssonar úr forystu Framsóknarflokksins muni breyta eðli flokksins og koma honum í gamla farið. Óvissan um það sem við tekur er einfaldlega of mikil til þess að unnt sé að sjá það fyrir. Enn óráðnari er sú spurning hvort þessar forystubreytingar komi til með að setja mark sitt á íslensk stjórnmál til lengri tíma.

Það getur hins vegar orðið vandasamt fyrir Geir Haarde að taka við stjórnarforystu við þessar aðstæður. Óneitanlega er nokkur óvissa um þróun efnahagsmála á næstunni. Á sama tíma er óvissa um framtíðarforystu annars stjórnarflokksins.

Á þesu stigi eru engin sérstök efni til svartsýni að þessu leyti. En þróun mála er eigi að síður undir því komin hvernig á verður haldið. Það eru gömul sannindi og ný að óvissan er óvinur.

FAG INA TIMKEN optibelt SACHS
BÍLAVÖRUR



• Legur
• Höggdeyfar
• Kúplingar
• Reimar
• Hjöruliðir
• Hemlahlutir
Stofnað 1904
FÁLKINN
ÞEKKING REYNSLA ÞJÓNUSTA
Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Sími 540 7000 • www.falkinn.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ætla að leiða flokkinn

Skjótt skipast veður í stjórnmálum. Það hefur margsannast og sannaðist enn eina ferðina á mánudag þegar Halldór Ásgrímsson boðaði afsögn sína í haust. Þegar hann ákvað að hætta í stjórnmálum voru ekki liðnar nema þrjár vikur frá því að hann lýsti yfir í opnuviðtali í Fréttablaðinu að hann ætlaði að fara fyrir flokki sínum í næstu þingkosningum. „Já, það er það sem ég ætla mér,“ svaraði Halldór aðspurður hvort hann myndi leiða flokkinn í næstu alþingiskosningum. Hann bætti því raunar við að sér fyndist flokkur sinn vera í sókn í samfélaginu frekar en vörn. Vika er svo sannarlega langur tími í pólitík - hvað þá þrjár vikur.



### Óeðlileg kæti?

Helga Sigrún Harðardóttir, starfsmaður Framsóknarflokksins, skrifar jafnan skelegga pistla á síðu flokksins timinn.is. Í pistli gærdagsins furðar hún sig á viðbrögðum formanna stjórnarandstöðuflokkanna á NFS stuttu eftir að ákvörðun Halldórs um að hætta í stjórnmálum varð opinber. „Var engu líkara en að menn kættust við tíðindin,“ skrifar Helga meðal annars og lætur í veðri vaka að slíkt séu óeðlileg viðbrögð pólitískra andstæðinga Halldórs og framsóknarmanna. Spyrja má hins vegar hvort ekki sé í góðu lagi að menn kætist þegar þeir sjá sóknarfæri í pólitíkinni. Það gerðist jú ekkert alvarlegra en að Halldór Ásgrímsson ákvað að hætta í stjórnmálum.

### Taktleysi KR-inga

Það verður að teljast gáleysi af versta tagi að stefna heimaleik KR í knattspyrnu á sama tíma og Bubbi Morthens heldur hátíðartónleika sína vegna fimmtíu ára afmælis síns. Báðir atburðir fóru fram í gærkvöldi, KR spilaði í Frostaskjólinu en Bubbi spilaði í Höllinni. Ekki þarf að spyrja að á hvorum staðnum fleiri voru. Höllin var full en stúkan í Vesturbænum ekki. Bubbi er sem kunnugt er í hópi harðra stuðningsmanna KR og margir KR-ingar um leið í hópi hörðustu aðdáenda Bubba. Ótrúlegt er ef KR-ingar hafa ekki reynt að fá leiknum gegn Blikum frestað svo ekki þyrfti að koma til þessa harða árekstrar.



bjorn@frettabladid.is

# Alltaf kaus ég Framsókn

Í DAG
FRAMSÓKNARFLOKKURINN



HALLGRÍMUR HELGASON

*Guðni er minnisvarði um flokkinn sem var. Um gamla góða kleinuflokkinn sem okkur þótti svo vænt um.*

Mínar fyrstu kosningar voru árið 1971. Tólf ára gamall bar ég út áróður fyrir Allaballa og vonaði innilega að gömlu sixtís-karlarnir, sem heilsuðu með því að taka ofan hattinn og þéruðu hvorir aðra, töpuðu sem mest. Það varð úr. Vinstrimenn unnu loks góðan sigur og komust í ríkisstjórn. Hinsvegar gleymdi barnshugurinn að reikna með Framsókn. Óli Jó varð forsætisráðherra. Og hefur verið það síðan.

Allt mitt pólitíska líf hefur Framsókn setið í ríkisstjórn utan eitt kjörtímabil. Í 35 ár hefur engum tekist að mynda hér ríkisstjórn án þátttöku Framsóknar. Þrátt fyrir að maður hafi aldrei kosið Framsókn hefur maður í raun alltaf kosið Framsókn.

Halda mætti að Framsóknarflokkurinn sé flokkur þjóðarinnar en ekki sá skrýtilegi þjóðflokkur sem hann er.

Ég kynntist honum ungur. Vinur minn var af Framsóknarættum. Ég sá strax að framsóknarmenn voru gott fólk en dálítið sérstakt: Undarleg blanda af sveitamönnum og græjufíklum. Þeir áttu nýjustu sportbílana frá Ameríku en drukku mjólk með matnum. (Hummerinn góði var því í hefðbundnum framsóknaranda.) Á meðan fingur léku á frumtölvur var hugurinn í heyskap. Það var alltaf örlítil flóttamannastemmning á heimilum þessa fólks, líkt og væri það landflótta Palestínumenn búsettir í New York. Hvert símtal skilaði fréttum af heimavígstöðvum: „Þau náðu að klára allt Norðurtúnið í gærkvöldi. 560 baggar. Svo var víst farið að rigna í morgun.“ Ég sat stóreygur í miðri stofunni, með flatköku í munninum en spurningu í hausnum - um hvað voru þau eiginlega að tala?

Helsta sérkenni framsóknarfólksins var hið mikla samstöðuafl þess sem minnti helst á sértrúarsöfnuð. Framsóknarmenn voru af Íslands bestu ætt. Sérhver fundur var ættarmót. Talað var um genetískt framsóknarfólk. Flokkurinn óx því eins og fjölskylda og gat þess vegna aldrei orðið mjög stór. Eina von hans nú er viagra.

Með tímanum áttaði ég mig á því að forkólfar Framsóknar voru rammspilltir á þann séríslenska og barnslega hátt sem telur sig gera öllum vel en hleður þó mest undir eigin rass. Sonurinn fær sumarvinnu í ráðuneytinu... sem aðstoðarmaður ráðherra. Formaðurinn fær gefins nokkra símastaura... og reisir úr þeim sumarbústað. Göngin tryggja samgöngur í kjördæminu... og kallinum sæti á þingi.

Enginn hefur gott af því að sitja endalaust í stjórn.

Að undanförnu hefur manni svo beinlínis blöskrað helmingaskiptafrekja þessa litla flokks sem þykist eiga hálft Ísland og forsætisráðuneytið að auki. Flokkurinn gekk langt í Búnaðarbankasölunni og ekki var kurteisinni fyrir að fara að loknum nýliðnum sveitarstjórnarkosningum. Sá sem tapaði mest fékk næstmest völd. Framsókn sýpur nú seyði af valdafrekju sinni. Og ekki mun taktleysi flokksins í kjölfar kosningataps bæta úr. Hrunið blasir við.

Og það byrjar með upplausn. Menn sem þykjast stjórna landsmálum hafa enga stjórn á eigin málum. Halldór á hrós skilið fyrir að segja af sér vegna kosningataps fyrstur íslenskra stjórnmálamanna (Davíð gerði það reyndar líka en með tveggja ára löngum semingi) en klaufagangurinn í kringum það er ansi framsóknarlegur. „Ég mun leiða nýjar stjórnarmyndunarviðræður,“ sagði Halldór á Þingvöllum en í Reykjavík sagði Haarde það rangt. „Guðni er búinn að lofa að hætta líka,“ sagði Halldór á Þingvöllum en á Selfossi sagði Ágústsson það rangt. Á föstudegi var sagt að Halldór myndi hætta. Á sunnudegi var sagt að hann væri hættur við að hætta. Um kvöldið var hann hættur en þó ekki sem formaður...

Í millitíðinni var Mogginn búinn að ræsa út Finn Ingólfsson sem næsta formann með einu af sínum gagnsæju opnuviðtölum þar sem erfiðasta spurningin er „Ert þú ekki frábær?“ Það átti að venja þjóðina við tilhugsunina um Finn sem formann. En allt var það spólað til baka, líkt og Guðni spólaði reiður út af stæðinu á bökkum Öxarár í beinni á NFS.

Báðir eru þeir helsta von okkar sem dreymir um að þurfa ekki að halda áfram að kjósa Framsókn.

Finnur er spillingarkóngur flokksins. Hann var bankamálaráðherra þegar einkavæðing bankanna hófst en sat svo óvænt hinumegin við borðið þegar henni lauk. Hvar var hann í millitíðinni? Jú, undir borðinu. (Af því spratt frasinn: „Enginn á fund sem Finnur“.) Með því að gera Finn að formanni er flokkurinn að segja: „Spilling er okkar fag.“

Guðni er minnisvarði um flokkinn sem var. Um gamla góða kleinuflokkinn sem okkur þótti svo vænt um. Flokkur fullur af þjóðsögum og íslenskri fyndni sem maður veit ekki alltaf hvort byggist á orðheppni eða óheppni. Guðni er maðurinn sem vaknar á morgnana, fer inn á bað og segir stundarhátt við sjálfan sig: „Þar sem tveir Guðnar koma saman, þar er spegill.“ Enginn man eftir að Guðni hafi gert neitt í landbúnaðarráðuneytinu og enginn þarf að óttast flokk undir hans stjórn.

Það er ekki leiðinlegt að sjá Framsóknarflokkinn loga.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## ALLT HITT

[HEILSA BÍLAR BÖRN FERÐIR]

**Kvennahlaup** ÍSÍ fer fram í 17. sinn næstkomandi laugardag. Hlaupið verður víðsvegar um landið og fá allir þátttakendur bol og verðlaunapening.

**Tjaldvagnarnir** tínast nú á göturnar hver á fætur öðrum. Ökumenn ættu að gæta þess að yfirfara vagnana vel og fullvissa sig um að öll nauðsynleg öryggistæki, s.s. framlenging á speglum, séu til staðar.



**Myndlistaskólinn** í Reykavík býður upp á skemmtileg sumarnámskeið fyrir börn og unglinga í sumar. Listsköpunin er tengd við útiveru og leiki og krakkarnir kynnast skemmtilegum leiðum til listsköpunar.

**Beint** áætlunarflug Iceland Express frá Akureyri til Kaupmannahafnar hófst hinn 30. maí síðastliðinn. Í sumar og fram á haustið verður flogið tvisvar í viku milli Akureyrar og Kaupmannahafnar.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 7. júní, 158. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.09 | 13.27 | 23.46 |
| Akureyri | 2.11 | 13.11 | 24.15 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími **550 5000**

Auglýsingasími Allt **550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Elísabet Björney vinnur lokaverkefnið sitt hjá Orkuveitunni. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN HJÖRTUR

# Eina stelpan í rafmagnstæknifræði

***Elísabet Björney Lárusdóttir lærir rafmagnstæknifræði í Háskólanum í Reykjavík. Hún er eina stelpan sem skráð er í rafmagnstæknifræði í skólanum.***

Rafmagnstæknifræði er þriggja og hálfs árs nám í Háskólanum í Reykjavík og Elísabet er búin með þrjú ár. „Ég byrjaði haustið 2003 svo ég klára um næstu áramót,“ segir hún.Áður en Elísabet fór í Háskólann í Reykjavík lærði hún útflutningstæknifræði í Danmörku í eitt og hálft ár. „Á meðan ég var úti var farið að kenna rafmagnstæknifræði til BS-prófs hérna heima og ég ákvað að fara í hana.“

Elísabet er byrjuð á lokaverkefninu sínu og er að vinna það hjá Orkuveitunni. „Í verkefninu skoða ég tvinnbíla og hversu mikla orku þeir þurfa,“ segir hún.

Elísabet verður fyrsta stelpan sem klárar nám í rafmagnstæknifræði á Íslandi. „Hingað til hafa þeir sem hafa lært rafmagnstæknifræði bara getað tekið fyrsta árið hérna heima og síðan þurft að klára annars staðar. Í fyrra útskrifaði HR fyrsta hópinn sem kláraði rafmagnstæknifræði á Íslandi en í þeim hópi var engin stelpa. Ég er eina stelpan í hópnum sem útskrifast næst og eina stelpan í deildinni því það er engin skráð stelpa á eftir mér. Það sama á við um vélatæknifræðina en aðeins eins stelpa er skráð í þá deild. Okkur finnst þetta samt bara fínt. Við tvær erum þvílíkt góðar vinkonur og finnst gott að hafa strákana svona út af fyrir okkur,“ segir hún og hlær.

Elísabet er mjög ánægð í Háskólanum í Reykjavík. „Skólinn er frábær og námið er gott og mjög krefjandi. Félagslífið er mikið og fáir í hverjum bekk. Í mínum bekk erum við ekki nema þrettán svo það er mjög heimilislegt hjá okkur og kennararnir geta sinnt okkur vel. Allt er mjög náið og persónulegt og við erum svolítið eins og fjölskylda, sem er frábært.“

*emilia@frettabladid.is*


**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

“Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning.”
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**

“...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor.”
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**

“...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ...”
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

... næsta 6. vikna hraðnámskeið **9. ágúst**
... næsta 3. vikna hraðnámskeið **14. ágúst**
... **Akureyri** 3. vikna hraðnámskeið **26. júní** (nokkur sæti laus)
**Skráning á sumarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400

HRADLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

JÚNÍ Kafbátur mánaðarins

6 tommu bátur kr. 299

12 tommu bátur kr. 598



BMT

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

SUBWAY

Gildir í júní 2006 • Gildir ekki í Stjörnumáli • Gildir ekki með öðrum tilboðum



**Hlaupaskór** eru ekki hannaðir fyrir göngu. Þeim er ætlað að taka við höggum, ekki léttum skrefum. Þeir eru því ekki besti fótabúnaðurinn í kvöldgönguna.



Persona.is

EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Netfíkn

Internetinu hefur verið hampað sem einni merkustu uppfinningu allra tíma og skákað hlutum eins og símanum, sjónvarpinu, bílnum og flugvélinni. Internetið hefur nefnilega þann merkilega eiginleika að geta verið allt fyrir alla og það er ekki auðvelt afrek. Þetta þýðir að sjálfsögðu að þangað getur fólk sótt allt sem það vill og telur sig þarfnast og því getur það auðveldlega talið sér trú um að ekki sé þörf á neinu fleiru því netið er nánast ótæmandi.

Mikil vakning hefur verið á öllu sem tengist netnotkun að undanförnu. Mikið hefur til dæmis verið fjallað um siðferði á netinu og foreldrar verið hvattir til þess að fylgjast nánar með börnunum sínum og því sem þau gera á netinu. Þessi mikla tækninýjung, sem gjörbylt hefur samfélaginu á stuttum tíma, hefur nefnilega sínar skuggahliðar. Í hinu andlitslausa samfélagi internetsins leynast ótal gildrur og illmenni og er því afar mikilvægt að vara yngstu kynslóðina við og kenna henni rétt handtök. En það eru ekki eingöngu illmennin og gildrurnar sem ber að varast heldur er á internetinu einnig um aðra og jafnvel stærri vá að ræða. Ofnotkun á internetinu eða netfíkn hefur gert vart við sig í auknum mæli og stráfellir fólk um allan heim. Hóflegar tölur benda til þess að af þeim sem nota internetið reglulega muni um 10 prósent ánetjast notkuninni. Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar þýðir þetta að búast má við að um 26.000 Íslendingar eigi á hættu að ánetjast netinu. Þróun netfíknar er einnig ískyggilega hröð og hraðari en með aðrar viðurkenndari fíknir, en um 86 prósent ánetjast netinu á fyrsta ári.

Á síðustu árum hafa ótal rannsóknir verið framkvæmdar til þess að skilja netið betur og kanna hvort notkun þess sé jafn æskileg og talið hefur verið. Þessar rannsóknir hafa sýnt að almennt er netið ansi langt frá því að vera eins gott og það virðist. Meðal þess sem haldið hefur verið fram um netið er að það sé afbragðs námstæki og er því beinlínis farið að setja kröfu á börn að þau eignist og noti tölvur í skólum. Rannsóknir hafa aftur á móti sýnt fram á að í raun eykur netið ekki kunnáttu eða þekkingu heldur truflar kennslu og gerir börn eirðarlaus við nám. Nýleg dönsk rannsókn sýndi að tíu prósent skólabarna í 8-10 bekk eiga í vandræðum með nám vegna tölvunotkunar sinnar.

Hér á Íslandi hömpum við því oft að við séum ein tæknivæddasta þjóð veraldar. Tölvur eru til á flestum heimilum landsins, oft í hverju herbergi, og sömuleiðis háhraða internettengingar. Tölvukennsla hefst oft í leikskólum og í menntaskólum er það orðin algeng krafa að unglingar beinlínis þurfi að hafa tölvur til að sinna náminu. En samhliða þessari aukningu á tölvum hefur einnig aukist að krakkar missi stjórn á tölvunotkun sinni og foreldrar þurfi að leita aðstoðar fyrir þau.

Skóli og vinna gera miklar kröfur til fólks og geta því bæði verið erfið og leiðigjörn, en þá er auðvelt að láta glepjast af gylliboðum tölvunnar. Tölvan er mikill tímaþjófur og fyrr en varir er fólk farið að verja tugum klukkustunda á viku fyrir framan skjáinn. Þessi mikli tími krefst þess að eitthvað víki úr lífinu og þá er það yfirleitt tími með vinum og fjölskyldu sem fær fyrst að fjúka. Þegar byrjað er að fórna hlutum fyrir tölvuna vindur notkunin hratt upp á sig og með auknum tíma þarf að færa fleiri fórnir. Ekki er óalgengt að hitta eða heyra um fólk sem eyðir meira en 50 klukkustundum fyrir framan tölvuna og í ýktustu dæmunum ver fólk rúmlega 100 tímum þar. Þegar svo er komið er fólk búið að færa ótal fórnir fyrir notkunina og á því oft mjög erfitt með að hætta. Það hefur brennt svo margar brýr að baki sér og misst svo mikið af félagsfærni sinni að það hreinlega kann ekki að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið.

Afar mikilvægt er að fólk verði meðvitað um þennan vanda og passi sig og sína nánustu. Fylgist endilega með því hvað þið og börnin ykkar eruð að gera á netinu en fylgist einnig með hve miklum tíma þið verjið þar. Þegar 38 stundir eða meira hverfa fyrir framan tölvuskjá á viku án þess að það sé vinnutengt eða tölvunotkunin er á kostnað annarra hluta í lífinu eins og vina, skóla eða áhugamála er mikilvægt að líta aðeins á forgangsröðunina og breyta til. Leggið til dæmis stund á útivist og hreyfingu og hvetjið börnin ykkar til að gera slíkt hið sama. Það getur verið gott og mikilvægt í nútíma samfélagi að kunna á og nota tölvur en öllu þarf að stilla í hóf.

Precision Burner
Fitubrennsla • Orka • Einbeiting
Hámarks fitubrennsla.. í flösku!
Svalar þorsta, gremju, eykur orku..auðlind að þínum börnum!

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

allt atvinna
Alla sunnudaga

LAXA LÝSI
Fyrir stirðleika í liðamótum
Sendum í póstkröfu
Heilsuhornið
S: 462-1889 • Heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn.is
Útsölustaðir m.a: Yggdrasil, Fjarðarkaup, Maður lifandi, Lífsins lind -Hagkaup, Lyfjaval og Árnes apotek Selfossi.

Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr.
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr.
LÉTTARI GREIÐSLUR
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Vertu fallega sólbrún –innan frá
VÍSINDALEGA STAÐFEST
Imedeen Tan Optimizer hylki verka innan frá og veita gylltan húðlit, sem helst lengur en þig hefur nokkurn tíma dreymt um.
Hylkin undirbúa húðina fyrir sólina og draga úr roða og viðkvæmni fyrir sól, verja húðina gegn öldrun af völdum sólar og örva myndun á fallegri sólbrúnku.
Fyrir fallegri húð - 1 tafla á dag
www.imedeen.com
IMEDEEN

vísir VEF TV
NFS Í BEINNI Á VISIR.IS
35.000 gestir vikulega
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.
Auglýsingasími 550 5000.
NFS



Frí sólgleraugu
í þínum styrkleika (gler og umgjörð) ef þú kaupir gleraugu með styrkleika hjá okkur.
augastaður
færir þér nýja sýn!
Gjáin, Kópavogi • JL-húsið, Hringbraut, Reykjavík • Apótekarinn, Akureyri

# Gegn ofbeldi á öldruðum

***Rannsóknir sýna að 2-10 prósent aldraðra verða fyrir ofbeldi.***

Hinn 15. júní næstkomandi er alþjóðlegur forvarnardagur gegn ofbeldi á öldruðum og í því tilefni mun Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis standa fyrir málþingi í samvinnu við Félag eldri borgara, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Öldrunarfræðifélag Íslands. Markmið þess er að vekja umræðu og meðvitund um ofbeldi gegn öldruðum. Einnig verður rætt um skilgreiningu á ofbeldinu.

Erlendar rannsóknir gefa til kynna að 2-10 prósent aldraðra verði fyrir ofbeldi. Það jafngildir því að heimilislæknir sem tekur vikulega á móti 20-40 manns sem eru 65 ára og eldri er líklegur til að hitta að minnsta kosti vikulega eitt fórnarlamb ofbeldis.

Engar íslenskar rannsóknir eru til á ofbeldi á öldruðum en sérfræðingar telja því miður mjög líklegt að hlutfallið sé svipað hérlendis. Til að íslenskar rannsóknir á ofbeldi gegn öldruðum verði raunhæfar og samanburðarhæfar við erlendar rannsóknir þurfi að liggja fyrir skýr skilgreining á ofbeldinu og hvað felist í orðinu en á ensku er talað um „elder abuse“.

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (WHO) á „elder abuse“ er það þegar einstakt/endurtekin atvik eða skortur á athöfnum af hálfu þess/þeirra sem hinn aldraði ætti að geta treyst valda honum skaða eða andlegri þjáningu. Ofbeldið getur tekið á sig ýmsar myndir svo sem líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi, fjárhagslega misnotkun eða vanræksla.



Mikilvægt er að marka stefnu í forvörnum gegn ofbeldi á öldruðum.

Málþingið verður haldið hinn 8. júní í félagsmiðstöðinni að Hæðargarði 31, frá kl. 13:00-16:30, og eru allir velkomnir.



Gagnrýni foreldra á börn sín getur leitt til þess að börnin þjáist af kvíða og þunglyndi síðar meir. NORCICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Gagnrýnin gagnslaus

***Ný rannsókn sýnir að gagnrýni á börn geti haft þær afleiðingar að þau verði þunglynd og kvíðin á fullorðinsárum.***

Niðurstöður nýrrar rannsóknar sýna að einstaklingar sem voru mikið skammaðir og sátu undir mikilli gagnrýni sem börn áttu það til að verða mjög sjálfsgagnrýnin þegar fullorðinsaldri var náð. Sú sjálfsgagnrýni leiðir svo til þunglyndis og kvíða. Þeir sem bjuggu við mikla gagnrýni sem börn voru helmingi líklegri til að þjást af þunglyndi og kvíða en þeir sem bjuggu við ástúð og hlýju.

Öll misnotkun á börnum, líkamleg, andleg eða tilfinningaleg, leiðir til óhóflegrar sjálfsgagnrýni barna á sjálfum sér, er haft eftir einum rannsakendanna. Einnig segja rannsakendur að nauðsynlegt sé að foreldrar skilji þau langtímaáhrif sem neikvæð gagnrýni hefur á börnin þeirra.

Rannsóknin var framkvæmd við háskólann í Flórída og er birt í heild sinni í Journal of Affective Disorders. Frétt fengin af www.persona.is.

**- jóa**

**nýtt }**

## Rakadræg náttföt

NÁTTFATAFYRIRTÆKI HEFUR RÁÐIST GEGN SVEITTUM SVEFNI.

Margar konur kannast við að vakna um miðjar nætur í svitakófi og eiga erfitt með að festa svefn aftur vegna náttfatanna sem límast við líkamann og óbærilegs hita. Algengt er að konur upplifi þennan sveitta svefn á meðgöngu, á breytingaskeiðinu eða þegar þær eru í krabbameinsmeðferð. En þær konur þurfa ekki að örvænta mikið lengur því að nú eru komin á bandaríska markaðinn ný náttföt sem eiga að hjálpa til við góðan nætursvefn. Náttfötin koma ekki í veg fyrir svitann en efni í þeim sjúga í sig rakann þannig að konan vaknar ekki blaut og köld um miðja nótt. Það er nefnilega allt í lagi að sofa í náttfötum þrátt fyrir svitaköstin þar sem svitinn orsakast ekki af heitu umhverfi heldur hormónabreytingum í líkama konunnar. Hægt er að skoða náttfötin á vefsíðunni www.adrynightsleep.com.


ENGLAKROPPAR

*Ertu orðin leið á að vera með appelsínuhúð, slit og slappa húð?*

*Komdu þá til okkar, það virkar!*

*Pantaðu frían prufutíma í síma 587-3750*

*Englakroppar.is*

*Stórhöfði 17*
















SUMARFJÖR HJÁ SVEFN & HEILSU

BEAUTY SLEEP Queen (153x203 cm) kr. 49.900 áður kr. 64.900 meðan birgðir endast!

ROYALTY Timeless Queen (153x203 cm) kr. 89.900 áður kr. 109.900 takmarkað magn!




NÚ ER RÉTTI TÍMINN

Lúxusdýnur fyrir hótel og sumarhús, takmarkað magn á gamla genginu.

Tilboð á völdum vörum.




REYKJAVÍK



AKUREYRI



NÝTT




Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

Verið velkomin

★ GÆÐI ★ GÓÐ VERÐ ★ ÞJÓNUSTA ★ ÚRVAL ★ ÞEKKING

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - Lokað á laugardögum í Júní



**Ótryggt** ástand í Íran getur hækkað bensínverð á Íslandi upp í 150 krónur á líterinn. Merkilegt hvernig tilraunir með kjarnorku í Mið-Austurlöndum geta haft áhrif á ökumenn hér.

Full búð af flottum græjum
Biltæki, bassar, hátalarar, skjáir, DVD spilarar, magnarar, bassabox
Kíkið í heimsókn eða fylgist með á netversluninni.
ÁG Mótorsport - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : www.ag-car.is/motorsport
ÁG MOTORSPORT
LEGACY
PYRAMID
PYLE
Lanzar

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

ALLT Á EINUM STAÐ
• SUMARDEKK
• HEILSÁRSDEKK
• OLÍS SMURSTÖÐ
• BÓN OG ÞVOTTUR
• HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• BREMSUKLOSSAR
• PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

www.bifreid.is
Varahlutir
Aukahlutir
BMW - Benz - Opel
Bestu fáanlegu gæði frá Þýzkalandi
VERÐÖRYGGI
Besta verðið miðað við sambærileg gæði
Ekta xenonsett í alla bíla
Bifreið.is
Hjallahrauni 4 - s: 555 0885

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

REYNSLUAKSTUR



Nissan Note ber dæmigerð útlitseinkenni fjölnotabíla eins og utarlega staðsett hjól en er um leið nokkuð sportlegur og snotur.

# Fjörlegur fjölnotabíll

*Nissan Note er snaggaralegur fjölnotabíll í minni kantinum. Í þessum bíl fer saman mikið notagildi og afar skemmtilegir aksturseiginleikar.*

Note er nýjasta viðbótin í Nissan fjölskyldunni. Þetta er svokallaður fjölnotabíll en er í minni kantinum miðað við slíka bíla. Nissan Note er þó ekki bara fjölnotabíll og afar nýtilegur sem slíkur heldur er hér á ferðinni bíll með afar skemmtilega akstureiginleika.

Reynsluekið var sjálfskiptum bíl með 1600 vél og reyndist hann framúrkarandi lipur og skemmtilegur. Hann var léttur og leikandi í stýri en einnig rásfastur og stöðugur. Þá var vélin snörp og skemmtileg þannig að bíllinn var snöggur að svara bensínfætinum. Því má segja að hér sé á ferðinni nokkuð fjörlegur bíll.

Nissan Note er laglegur útlits, ekki síst sé miðað við fjölnotabíla þar sem notagildið er oft sett útlitinu framar. „Boomerang"lagað afturljósið setur sterkan svip á bílinn og má segja að það sé útlitslegt einkennismerki hans. Framsvipurinn sver sig hins vegar í ætt við lúxusjeppann Nissan Murano og nýju Micruna með áberandi krómuðu grilli. Að öðru leyti er útlitið í samræmi við aðra bíla þar sem áhersla er lögð á góða nýtingu plássins, með utarlega staðsett hjól.

Bíllinn er vel búinn margvíslegum geymsluhólfum og öðrum þægindum. Nefna má sérstaklega borð aftan á framsætum fyrir aftursætisfarþega og sniðugt lítið lokað hólf ofan á mælaborðinu miðju sem hentar til dæmis fyrir sólgleraugu eða lykla. Þá er hanskahólfið tvískipt þannig að auk hins venjulega lokaða hólfs er opið hólf sem smellpassar fyrir kort eða ferðahandbækur. Sömuleiðis má nefna að skottið er með fölskum botni þannig að hægt er að dýpka það með því að losa um botninn.

Nissan Note hlýtur að teljast áhugaverður kostur fyrir fjölskyldur ekki síst ef hinir fullorðnu hafa smekk fyrir bíl með skemmtilega aksturseiginleika. Hann er vissulega ekki stór en fyrir litla fjölskyldu er plássið kappnóg.

steinunn@frettabladid.is



Aftursæti eru þægileg og borð aftan á framsætum bæta aðstöðu aftursætisfarþeganna.

**NISSAN NOTE**

| | Vélarstærð | Hestöfl | Beinskiptur | Sjálfskiptur |
|---|---|---|---|---|
| Visia | 1,4 | 88 | 1.740.000 kr. | |
| Visia | 1,6 | 110 | | 1.950.000 kr. |
| Tekna | 1,6 | 110 | | 2.190.000 kr. |



Afturljósið með „boomerang"laginu setur sterkan svip á Nissn Note.



Framsvipurinn á Note er kunnuglegur þeim sem þekkja Nissan Murano og nýju Micruna.



Aðstaða bílstjóra er góð og mælaborðið hefur nútímalegt útlit.



Ef aðeins eru tveir afturí má fella niður armpúða milli sæta.



Skottið er aðgengilegt með góðri opnun.



Skottið býður upp á ýmsa notkunarmöguleika þótt ekki sé það stórt ef aftursæti eru í notkun.



Ný kynslóð Santa Fe er fáguð í útliti.

# Kynslóðaskipti hjá Santa Fe jeppanum

***Önnur kynslóð Santa Fe borgarjeppa frá B&L verður frumsýnd hér á landi um næstu helgi í húsakynnum B&L. Samkvæmt fréttatilkynningu fyrirtækisins er nýja útgáfan stærri, tæknilegri og betur búin en fyrstu kynslóðar Santa Fe jeppar.***

Heiðar J. Sveinsson, forstöðumaður sölusviðs, segir að miklar breytingar sé að finna í nýju útgáfunni. „Þetta eru fyrstu kynslóðaskipti Santa Fe og því var bílsins beðið með mikilli eftirvæntingu. Mesta breytingin er sú að bæði aksturs- og jeppaeiginleikar Santa Fe hafa verið uppfærðir frá grunni og tæknilega séð stendur bílinn því fyrri kynslóðinni mun framar. Nýja kynslóðin er búin sívirku aldrifi, öflugri stöðugleikastýringu með spólvörn og rafdrifinni læsingu sem staðalbúnað.“

Fjöðrunarkerfi bílsins hefur einnig verið yfirfarið og fyrir vikið á bílinn að vera töluvert stöðugri og rásfastari en fyrirrennari hans. Hægt er að fá bílinn í venjulegri fimm sæta útgáfu og einnig í stærri sjö sæta útgáfu.

„Vélakosturinn hefur einnig verið uppfærður og í bílnum er ný 2,2 lítra VGT túrbódíselvél sem skilar 150 hestöflum við 4000 snúninga á mínútu,“ segir Heiðar



Bíllinn kemur í mismunandi útgáfum. Sjö sæta útgáfa Santa Fe er einkar rúmgóð.

og bætir því jafnframt við að einnig verði hægt að fá bílinn með uppfærðri V6 2,7 lítra vél sem skilar 189 hestöflum við sama snúning.

Hönnun bílsins hefur tekið verulegum breytingum og leggja framleiðendur nú meiri áherslu á fágað útlit hans. Heiðar kveðst ánægður með afraksturinn. „Árangurinn er glæsilegur og hefur nýju kynslóðinni verið líkt við Volkswagen Touareg í umsögnum erlendra bílablaða.“

Santa Fe var upphaflega hannaður með það að leiðarljósi að vera fjölnota og rúmgóður fjölskyldubíll. Nýja kynslóðin tekur þá stefnu áfram því hún er enn rúmbetri en sú fyrri. „Önnur kynslóðin byggir á sama grunni, nema hvað hún er með enn meira rými, staðalbúnað og þægindi í boði. Auk þess býr bíllinn yfir kröftugum jeppaeiginleikum.“

Frumsýningin verður sem fyrr segir um næstu helgi og mun hún standa frá 12 til 16 bæði á laugardag og sunnudag.

*- vör*

## sýning }

### Bílar & Sport

Tímaritið Bílar & Sport heldur stórsýningu í nýju íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal dagana 9. ¿ 11. júní. Sýningin verður í anda stóru bílasýninganna sem haldnar eru erlendis.

Hugmyndabílar, sportbílar, breyttir jeppar, nýir bílar sem og fornbílar verður meðal þess sem fyrir augu ber. Mótorhjól, vélsleðar, bátar og flugvélar fá sinn skerf svo og önnur tæki og tól, einnig verða á sýningunni þjónustuaðilar sem tengjast bílum og mótorsporti.


Sendum frítt um allt land!

Jeppadekk



Vortilboð!
31" heilsársdekk
kr. 11.900
(31x10.50R15)

Aðrar stærðir:
27" 215/75R15, kr. 7.900
28" 235/75R15, kr. 8.900
30" 245/75R16, kr. 10.900
32" 265/75R16, kr. 12.900

ALORKA
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080


# Mitsubishi Canter hjá Heklu

***Bíllinn verður frumsýndur á opnu húsi vélasviðs Heklu 10. júní næstkomandi.***

Vélasvið Heklu hefur hafið innflutning á Mitsubishi Canter vinnubílum. Bílarnir verða fáanlegir í nokkrum mismunandi útfærslum, með vörukassa, föstum palli og einnig með sturtupalli. Bílarnir eru gerðir fyrir heildarþyngd frá 3,5 tonnum upp í 7,5 tonn og eru fáanlegir 3-7 manna með einföldu eða tvöföldu farþegahúsi.

Mitsubishi Canter hefur þótt hagkvæmur í rekstri en Hekla hefur undanfarin ár boðið upp á þessa bíla og eru þó nokkrir bílar í umferð hér á landi. Nú er hins vegar í fyrsta skipti boðið upp á tilbúna bíla með yfirbyggingu beint frá framleiðanda og er afgreiðslufrestur á bílnum aðeins sex vikur.

Fyrstu bílarnir eru komnir til



Mitsubishi Canter vörubílarnir verða fáanlegir í mismunandi útfærslum.

landsins og verða frumsýndir laugardaginn 10. júní næstkomandi hjá vélasviði Heklu í Klettagörðum 8-10 á opnu húsi sem haldið verður þann dag.


LOFTDÆLA
er nauðsynlegur búnaður

fyrir dekkin á bílnum, gúmmíbátinn, vindsængina í útilegunni, dekkin á reiðhjólinu eða mótorhjólinu


VIAIR 420C 24.053 kr.


VIAIR 450H 27.767 kr.


VIAIR 500C 36.904 kr.

Þessar dælur koma í VIAIR töskum með öllum nauðsynlegum búnaði



VIAIR-taska fylgir


VIAIR 90P 10.500 kr.


VIAIR 100P 11.537 kr.


VIAIR 300P 19.900 kr.


VIAIR 400P 27.767 kr.



VIAIR 440P 27.767 kr.

KAUPAUKI

Öllum loftdælum fylgir
DEKKJAVIÐGERÐARSETT
meðan birgðir endast!

06-011 KC

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is



Vertu klár í sumar...

Eigum til afhendingar strax, nokkra vel útbúna MAZDA TRIBUTE á hagstæðu verði!

MAZDA TRIBUTE

www.x4.is







X4 ehf.

Opið virka daga frá 10:00-18:30
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is

Umboðsaðilar: SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bílasalan Ós - Akureyri Sími 462 1430

**Þegar** þú kennir barninu þínu, kennir þú einnig barnabarninu þínu.






Full búð
af glæsilegum sumarfatnaði og útifatnaði
Fatnaður fyrir 0-16 ára
Ný lína fyrir krakka yfir kjörþyngd frá 8-16 ára
collexion DIESEL FRANSA Freeze XBOYZ ducky beau TICKET TO HEAVEN
RÓBERT BANGSI
...og unglingarnir
Hlíðarsmára 12 • Sími: 555-6688



Mikið úrval af brjóstagjafa- og meðgönguundirfatnaði í mörgum litum
Einnig erum við með hinn vinsæla Carters ungbarnafatnað
Móðurást
Hamraborg 7 • Kópavogi • Sími 564 1451
www.modurast.is

# Allir finna eitthvað við sitt hæfi í sumarbúðum

***Guðni Már Harðarson er æskulýðsfulltrúi KFUM og KFUK en starfsemi sumarbúða þeirra hófst formlega í gær.***



Guðni Már Harðarson segir að tíminn líði hratt í sumarbúðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í sumarbúðum KFUM og KFUK fer fram kristilegt starf. „Við viljum næra andlegu hliðina eins og þá líkamlegu og erum stolt af starfi okkar," segir Guðni.

Sumarbúðirnar eru á fimm stöðum á landinu. „Þær eru í Vatnaskógi, Vindáshlíð, Ölveri í Borgarfirði, Kaldárseli og Hólavatni fyrir norðan. Sumarbúðastarfið hófst formlega í gær í öllum sumarbúðunum og fyrstu flokkarnir eru byrjaðir. Í sumar verða alls fimmtíu dvalarflokkar í boði á þessum stöðum."

Skipt er eftir aldri í flokkana í sumarbúðunum og Guðni segir að enn sé laust í einhverja dvalarflokka. „Búið er að skrá 2.200 börn hjá okkur í sumar en það er ennþá hægt að bæta við 800 börnum. Í öllum búðunum er fullt í einhverja dvalarflokka en það er líka laust í einhverja í þeim öllum.

Sumarbúðirnar eru fyrir börn frá sex ára aldri og upp í sautján ára. „Langflest börnin eru á aldrinum tíu til tólf ára en það er svona vinsælasti sumarbúðaaldurinn. Þau börn eru ekki byrjuð í unglingavinnunni og eru óhrædd við að fara að heiman. Við erum svo með styttri flokka fyrir sex til sjö ára því þau eru að venjast því að fara að heiman og ef kemur upp heimþrá þá er það yfirleitt í þeim flokkum. Loks erum við með unglingaflokka fyrir fjórtán til sautján ára og það eru yfirleitt börn sem hafa komið ár eftir ár og vilja bara ekki hætta. Í þeim flokkum myndast oft mjög skemmtileg stemning og nú þegar eru 200 börn eldri en fjórtán ára búin að skrá sig hjá okkur," segir Guðni.

Guðni segir að allir eigi að geta skemmt sér vel í sumarbúðunum. „Dagskráin er mjög fjölbreytt og börnin geta valið um það hvort þau vilja fara út í skóg að leika sér, í leiki, á fótboltamót eða í gönguferð. Þau geta alltaf valið um fimm eða sex dagskrártilboð og það finna alltaf allir eitthvað við sitt hæfi og tíminn líður hratt í sumarbúðunum."

*emilia@frettabladid.is*



Rebekka Ingibjartsdóttir hefur bæði farið í Ölver og Vindáshlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Hugrún Helgadóttir fór tvisvar sinnum í Kaldársel síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Páll Steinar Sigurbjörnsson mælir með Vatnaskógi fyrir öll börn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gaman í sumarbúðum

***Páll Steinar Sigurbjörnsson 11 ára, Hugrún Helgadóttir 11 ára og Rebekka Ingibjartsdóttir 10 ára hafa öll verið í sumarbúðum KFUM og KFUK.***



Börnin eyða miklum tíma útivið og skemmta sér í hinum ýmsu leikjum.

Páll Steinar Sigurbjörnsson hefur verið mikið í sumarbúðunum í Vatnaskógi. „Ég hef einu sinni farið sjálfur í flokk en þegar ég var lítill var pabbi forstöðumaður í Vatnaskógi og ég fór oft með honum þangað," segir hann.

Páll fór sjálfur í Vatnaskóg síðasta sumar og var þar í viku. „Á hverjum degi var keppt í fótbolta og svo voru frjálsar íþróttir. Mér fannst samt skemmtilegast þegar við gengum að hyl sem er í vatninu og stukkum ofan í hann."

Í sumar ætlar Páll að fara aftur í sumarbúðirnar í Vatnaskógi. „Ég fer með tveimur vinum mínum en ég fór með öðrum þeirra síðast og núna ætlar hinn að koma með líka."

Páll mælir með því að allir krakkar prófi að fara í sumarbúðir. „Ég mæli sérstaklega með Vatnaskógi því það er mjög gaman þar."

Hugrún Helgadóttir var í Kaldárseli síðasta sumar. „Ég hef farið fjórum sinnum í Kaldársel en ég fór tvisvar sinnum síðasta sumar," segir hún.

Í tvö fyrri skiptin sem Hugrún var í Kaldárseli fór hún með vinkonu sinni en í seinni tvö skiptin fór hún með systur sinni. „Systir mín er tveimur árum yngri en ég og hún var að fara í fyrsta skipti í sumarbúðir síðasta sumar."

Hugrún segir að hægt sé að vera í fimm daga í einu í Kaldárseli. „Við gerðum margt skemmtilegt þegar við vorum þar, lékum okkur og fórum í gönguferðir. Það er alltaf brennókeppni á milli borða og svo er hægt að fara í skotbolta og fótbolta og vaða í ánni. Hugrún veit ekki ennþá hvort hún ætlar að fara í sumarbúðirnar í sumar. „Ef ég fer þá förum við systurnar örugglega saman," segir hún.

Rebekka Ingibjartsdóttir hefur bæði farið í sumarbúðir í Ölveri og Vindáshlíð. „Ég var sex ára þegar ég fór í Ölver og níu þegar ég fór í Vindáshlíð," segir hún.

Rebekka var í viku í Vindáshlíð síðasta sumar og var þar með frænku sinni. „Hún er eldri en ég en við vorum báðar að fara í Vindáshlíð í fyrsta skipti."

Nóg var að gera hjá stelpunum þessa viku sem þær voru í sumarbúðunum. „Það var mjög skemmtilegt í sumarbúðunum. Við fórum upp á Sandfell og fórum oft í brennó sem mér finnst skemmtilegast."

Rebbekka er ekki búin að ákveða hvort að hún ætlar að fara aftur í sumarbúðir í sumar. „Ef ég færi myndi ég vilja fara aftur í Vindáshlíð," segir hún.

*emilia@frettabladid.is*



**Heimsmeistarakeppni**
Næsta helgi er jafn góð ferðahelgi og hver önnur. Passaðu bara að þú sért í aðstöðu til að horfa á þá leiki á HM sem þú vilt ekki missa af.



Kúlúsúkk að næturþeli. MYND/BJARGEY

# Söng sig til Grænlands

***Bjargey Ólafsdóttir myndlistarmaður lifði í núinu eins og ekta inúíti, át ísbjarnarkjöt og spilaði fjárhættuspil er hún dvaldi í Kúlúsúkk í sautján daga í maí.***

„Ég bjó til lag um ísbirni þegar ég var stödd í steikjandi hita úti í Berlín í fyrrasumar. Síðan gerðist það í vor að allt í einu var ég komin til Kúlúsúkk. Þannig að ég söng mig til Grænlands,“ segir Bjargey og glettnin skín úr augunum. Hún segir Grænland vera eitt af þessum skrítnu löndum sem fólk annað hvort elski eða hati. Sjálf heillast hún af svoleiðis löndum. „Þetta var alveg ótrúleg ferð,“ segir hún dreymin og lýsir henni nánar. „Ég var dálítið eins og skiptinemi. Vinkona mín var farin út á undan mér og komin í fóstur hjá einni fjölskyldu sem tók mig að sér líka þó við byggjum út af fyrir okkur. Konan sem við vorum hjá er alger snillingur. Hún saumar grænlenska búninga, verkar selskinnin og býr til stígvél.“



Ísbjörninn verkaður á eldhúsgólfinu.
MYND/BJARGEY



Bjargey í kaffipásu á ísnum.

Bjargey segir Kúlúsúkk hafa verið einangrað svæði frá umheiminum þar til fyrir hundrað árum og enn vera samfélag veiðimanna. „Þar er töluð grænlenska sem er ekki til í ritmáli, aðeins talmáli,“ lýsir hún og kveðst hafa lært nokkur orð. „Til dæmis þegar manni þykir eitthvað ljúffengt þá segir maður mamarra!“ En hvað skyldi hún hafa fengið ljúffengt? „Ég smakkaði bæði ísbjarnarkjöt og selkjöt. Það kom ísbjörn inn í þorpið annan daginn sem ég var þarna og var að vappa fyrir utan skólann. Börnin voru úti í frímínútum en þeim var kippt inn. Björninn var eltur, skotinn og skorinn í ræmur og honum skipt milli allra þorpsbúa. Ég fór í húsið sem skinnið var verkað í og fékk að smakka kjötið. Það var soðið vel og sett á fat á mitt borðið, síðan fengu allir litla beitta hnífa, skáru sér bita og borðuðu með puttunum. Á eftir þvo menn sér vel um hendurnar því það er mikið passað upp á hreinlætið.“ Hún kveðst hafa gert minna af því en margir aðrir Grænlandsfarar að skoða náttúruna en kynnst lifnaðarháttum fólksins þess betur. „Þetta var hálfgerð letibelgsferð hjá okkur vinkonunum,“ segir hún og hlær. „Samt er ég það mikill ísbjörn í mér að ég fór í göngutúr út á ísinn. Svo var okkur boðið í aðra ferð á hundasleða til að ná í dauðan sel sem var fastur í neti og var gefinn hundunum.“ Skuggahliðar Grænlands segir Bjargey vera fjárhættuspil og drykkjuskap og varð hún vör við hvort tveggja. Þó er hún jákvæð í garð þessara granna okkar. „Það er núið sem gildir á Grænlandi sem er dálítið dýrmætt. Þar eru fleiri stundir í sólarhringnum en annars staðar því tíminn líður hægar. Þegar ég fór að taka þátt í lífinu þarna fór eitthvað allt annað að skipta máli heldur en þetta venjulega og mig langaði ekkert sérstaklega heim að hugsa um framtíðina og reikningana!“

*gun@frettabladid.is*

# Nesti fyrir bíltúrinn

NÚ ER KOMINN SÁ TÍMI SEM FJÖLSKYLDUNNI ER SMALAÐ Í BÍLINN OG KEYRT ÚT Á LAND. ÞETTA ER EINNIG SÁ TÍMI ÞEGAR OKKUR LANGAR AÐ GETA KOMIÐ ÞUNNA KJÓLNUM UTAN UM OKKUR OG HNEPPT SUMARSKYRTUNNI. HOLLT NESTI Í BÍLINN ER ÞVÍ SKYNSAMLEGRI KOSTUR EN SVEITTIR SJOPPUBORGARAR.

Ferðalag í sumarbústaðinn, í útilegu eða sunnudagsbíltúr á þjóðveginum þarf alls ekki að enda í næstu sjoppu með fangið fullt af hamborgurum, frönskum og kók. Megrunin þarf ekki að víkja fyrir sjoppufæði heldur er upplagt að búa til hollt og gott nesti. Nesti er líka upplagt fyrir börnin í stað þess að þau japli á sykri þennan tíma sem þau eru föst inni í bílnum – með munninn fastan við eyrun á foreldrum sínum.

Pakkaðu í eitt kælibox og annað venjulegt. Það er gott að henda eldhúsrúllu með, blautþurrkum, plastglösum og plastpokum fyrir rusl. Þetta er ekki svo mikið mál. Finna box, hlaupa í búð og henda í bílinn. Engin stopp í sjoppum með val á milli rækjusamloku og pylsu. Hér eru tillögur að hollu veganesti:

- Hreinsað og skorið grænmeti.
- Appelsínur, epli, bananar.
- Rúsínur, döðlur, hnetur.
- Drykkjarjógúrt og skyr.
- Rískökur og popp.
- Heilhveitikex og kökur.
- Beyglur með léttum rjómaosti, skornar niður í hentuga bita.
- Samlokur með kjötáleggi, osti og hummus.

Gaman er að skera út samlokur fyrir börnin með kökuformum til þess að lystin aukist og sjoppusöknuður minnki.



Það er einfalt að skella einni samloku og epli með sér í bílinn.

Svo er einnig mikilvægt að drekka nægan vökva. Gott er að hafa vantsbrúsa við höndina og fylla á hann í klósettstoppum. Hún er reyndar hárfín línan á milli þess að drekka nóg og að drekka svo mikið að ferðin fari að ganga út á næsta mögulega klósett eða skemmtilegar ferðir á bak við runna með eldhúsrúlluna góðu við hendina. Góða ferð og verði ykkur að góðu.







**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Bíll úr flokki A
Vika á Spáni
frá 13.200* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð miðað við gengi 1. maí 2006.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HER 32546 05/2006
Hertz
50 50 600 • www.hertz.is

Bestu kaupin!
veidikortid.is


23 vatnasvæði
fyrir aðeins 5000 krónur!
Handbók með ítarlegum upplýsingum, kortum o.fl. fylgir!
Fæst á ESSO, í veiðivöruverslunum og á www.veidikortid.is


HM 2006
DAGSKRÁ HM • ALLT UM DÓMARANA • HVAR VERÐA LEIKIRNIR SPILAÐIR? • DRAUMALIÐ HM


KEA
Skyr
smoothie
SKYRDRYKKUR


ALLIR VINNA
PEPSI
MAX
GOLD
TAKTU GULLIÐ
SKORAÐU MEÐ PEPSI
BT

## Hverjir vinna HM?


Jóhannes Ásbjörnsson
**BRASILÍA**


Magnús Ragnarsson
**ARGENTÍNA**


Gillzenegger
**EF ROONEY VERÐUR KLÁR RASSKELLIR ENGLAND ÞESSU**


Jón Ólafsson
**ARGENTÍNA**


Bubbi Morthens
**BRASILÍA**


Eiður Smári Guðjohnsen
**ARGENTÍNA**


Snorri Snorrason
**ENGLAND**


Guðjón Þórðarson
**BRASILÍA**


Sigmar Vilhjálmsson
**FRAKKLAND**

# DÓMARARNIR Á HM

Rétt eins og það er eftirsóknarvert fyrir leikmenn að spila á HM þá er það einnig draumur hvers dómara að fá að dæma í keppninni. FIFA velur að sjálfsögðu aðeins þá bestu til að sjá um dómgæsluna og er vandað til verka þegar þeir eru valdir.

Fyrst er valinn ákveðinn úrtakshópur en í honum verður síðan fækkað eftir því sem nær dregur keppninni. Dómarar og aðstoðardómarar þurfa að gangast undir ákveðið líkamlegt próf og samkvæmt upplýsingum frá FIFA verða þeir í betra formi í sumar en nokkru sinni fyrr.

Kostnaður í kringum dómgæslu á mótinu í ár fer yfir þrjúhundruð milljónir íslenskra króna en dómararnir fá tvöfalt hærri laun en áður, um þrjár milljónir hver fyrir framlag sitt.

Fréttablaðið birtir hér nánari upplýsingar um dómara mótsins.



### ESSAM ABD EL FATAH
**HEIMALAND:** Egyptaland
**ALDUR:** 40
**HÆÐ/ÞYNGD:** 181 cm/ 81 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 2001
**ANNAÐ STARF:** Flugmaður
**ÁHUGAMÁL:** Bækur, tennis og fótbolti

### COFFI CODJIA
**HEIMALAND:** Benín
**ALDUR:** 38
**HÆÐ/ÞYNGD:** 174 cm/ 75 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1994
**ANNAÐ STARF:** Skipaeftirlitsmaður
**ÁHUGAMÁL:** Bækur, hjólreiðar og fótbolti





### TORU KAMIKAWA
**HEIMALAND:** Japan
**ALDUR:** 42
**HÆÐ/ÞYNGD:** 174 cm/ 75 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1998
**ANNAÐ STARF:** Fullt starf sem dómari
**ÁHUGAMÁL:** Bækur og hjólreiðar



### MARK SHIELD
**HEIMALAND:** Ástralía
**ALDUR:** 32
**HÆÐ/ÞYNGD:** 187 cm/ 82 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1999
**ANNAÐ STARF:** Framkvæmdastjóri hjá fyrirtæki
**ÁHUGAMÁL:** Skvass og veiðar



### SHAMSUL MAIDIN
**HEIMALAND:** Singapúr
**ALDUR:** 40
**HÆÐ/ÞYNGD:** 179 cm/ 75 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1996
**ANNAÐ STARF:** Skrifstofustarf hjá dómarasambandi Singapúr
**ÁHUGAMÁL:** Fótbolti



### MASSIMO BUSACCA
**HEIMALAND:** Sviss
**ALDUR:** 37
**HÆÐ/ÞYNGD:** 180 cm/ 72 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1998
**ANNAÐ STARF:** Stjórnarformaður hjá fyrirtæki
**ÁHUGAMÁL:** Skíði og ferðalög



### FRANK DE BLEECKERE
**HEIMALAND:** Belgía
**ALDUR:** 39
**HÆÐ/ÞYNGD:** 182 cm/ 70 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1998
**ANNAÐ STARF:** Auglýsingastjóri
**ÁHUGAMÁL:** Tennis og ferðalög



### VALENTIN IVANOV
**HEIMALAND:** Rússland
**ALDUR:** 39
**HÆÐ/ÞYNGD:** 184 cm/ 80 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1997
**ANNAÐ STARF:** Kennari
**ÁHUGAMÁL:** Tónlist og blak



### LUIS MEDINA CANTALEJO
**HEIMALAND:** Spánn
**ALDUR:** 42
**HÆÐ/ÞYNGD:** 173 cm/ 70 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 2002
**ANNAÐ STARF:** Íþróttafulltrúi
**ÁHUGAMÁL:** Tónlist, bókmenntir, íþróttir, náttúrumál og ferðalög

### MARKUS MERK
**HEIMALAND:** Þýskaland
**ALDUR:** 44
**HÆÐ/ÞYNGD:** 181 cm/ 72 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1992
**ANNAÐ STARF:** Tannlæknir
**ÁHUGAMÁL:** Langhlaup, skíði, samfélagsþjónusta og ferðalög





### LUBOS MICHEL
**HEIMALAND:** Slóvakía
**ALDUR:** 38
**HÆÐ/ÞYNGD:** 173 cm/ 70 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1993
**ANNAÐ STARF:** Framkvæmdastjóri
**ÁHUGAMÁL:** Saga, tennis og bækur



### GRAHAM POLL
**HEIMALAND:** England
**ALDUR:** 43
**HÆÐ/ÞYNGD:** 184 cm/ 88 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1996
**ANNAÐ STARF:** Fullt starf sem dómari
**ÁHUGAMÁL:** Ferðalög, bækur og hreyfing



### ERIC POULAT
**HEIMALAND:** Frakkland
**ALDUR:** 42
**HÆÐ/ÞYNGD:** 185 cm/ 88 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1999
**ANNAÐ STARF:** Tölvusérfræðingur
**ÁHUGAMÁL:** Frímerkjasöfnun



### ROBERTO ROSETTI
**HEIMALAND:** Ítalía
**ALDUR:** 38
**HÆÐ/ÞYNGD:** 190 cm/ 84 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 2002
**ANNAÐ STARF:** Framkvæmdastjóri á sjúkrahúsi
**ÁHUGAMÁL:** Tennis, kvikmyndir og bækur



### BENITO ARCHUNDIA
**HEIMALAND:** Mexíkó
**ALDUR:** 40
**HÆÐ/ÞYNGD:** 170 cm/ 67 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1993
**ANNAÐ STARF:** Lögmaður og blaðamaður
**ÁHUGAMÁL:** Að spila fótbolta, tölvuleikir og bækur



### PETER PRENDERGAST
**HEIMALAND:** Jamaíka
**ALDUR:** 43
**HÆÐ/ÞYNGD:** 178 cm/ 78 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1994
**ANNAÐ STARF:** Kaupsýslumaður
**ÁHUGAMÁL:** Að spila og horfa á fótbolta, kvikmyndir



### MARCO RODRIGUEZ
**HEIMALAND:** Mexíkó
**ALDUR:** 32
**HÆÐ/ÞYNGD:** 179 cm/ 81 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1999
**ANNAÐ STARF:** Líffræðikennari
**ÁHUGAMÁL:** Tónlist, hjólreiðar, sund og biblíulestur



### CARLOS AMARILLA
**HEIMALAND:** Paragvæ
**ALDUR:** 35
**HÆÐ/ÞYNGD:** 183 cm/ 85 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1997
**ANNAÐ STARF:** Rafvirki
**ÁHUGAMÁL:** Fjölskyldan, tónlist, lestur, kvikmyndir og íþróttir



### HORACIO ELIZONDO
**HEIMALAND:** Argentína
**ALDUR:** 42
**HÆÐ/ÞYNGD:** 183 cm/ 81 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1994
**ANNAÐ STARF:** Kennari
**ÁHUGAMÁL:** Golf og að skrifa ljóð



### JORGE LARRIONDA
**HEIMALAND:** Úrúgvæ
**ALDUR:** 38
**HÆÐ/ÞYNGD:** 176 cm/ 74 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1998
**ANNAÐ STARF:** Skrifstofustarf
**ÁHUGAMÁL:** Dýr



### OSCAR RUIZ
**HEIMALAND:** Kólumbía
**ALDUR:** 36
**HÆÐ/ÞYNGD:** 185 cm/ 83 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1995
**ANNAÐ STARF:** Skrifstofustarf
**ÁHUGAMÁL:** Tónlist, bækur og íþróttir



### CARLOS SIMON
**HEIMALAND:** Brasilía
**ALDUR:** 40
**HÆÐ/ÞYNGD:** 179 cm/ 72 kg
**DÓMARI SÍÐAN:** 1998
**ANNAÐ STARF:** Blaðamaður
**ÁHUGAMÁL:** Bækur og íþróttir

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 32977 06/2006

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

Landsbankinn

Landsbankinn færir þér HM 2006 á SÝN

## Hverjir vinna HM?


Páll Óskar
**ÉG KANN EKKI REGLURNAR**


Rúnar Júl.
**BRASILÍA VINNUR ARGENTÍNU Í ÚRSLITUM**


Örn Árnason
**ÉG FYLGIST BARA MEÐ HANDBOLTA**


Mugison
**ÞÝSKALAND**


Búi Bendtsen
**BRASILÍA**


Björn Jörundur
**BRASILÍA**


Björgvin Franz Gíslason
**ÍTALÍA**


Jón Steinar Gunnlaugsson
**BRASILÍA**


Páll Magnússon
**BRASILÍA**

# DRAUMALIÐ ALLRA TÍMA

## PELÉ



**Brasilía**
Heimsmeistarakeppnir: 1958, 1962, 1966 og 1970 (sigurvegari 1958, 1962 og 1970)
Landsleikir: 92
Landsleikjamörk: 77
Leikir á HM: 14
Mörk á HM: 12

Eini leikmaðurinn sem hefur þrisvar sinnum verið í sigurliði á HM. Leikmaður sem sameinaði ótrúlega tækni og mikla vinnusemi. Á markamet og gat skorað jafnt með hörkuskotum og með því að skalla. Pelé verður alltaf minnst sem eins allra besta leikmanns sögunnar.

## DIEGO MARADONA



**Argentína**
Heimsmeistarakeppnir: 1982, 1986, 1990 og 1994 (sigurvegari 1986)
Landsleikir: 91
Landsleikjamörk: 34
Leikir á HM: 21
Mörk á HM: 8

Af flestum talinn sá besti í sögunni. Þrátt fyrir að hann hafi ekki sýnt sínar bestu hliðar í þremur af fjórum mótum var frammistaða hans 1986 það mögnuð að það verður ekki leikið eftir. Talað er um að hann hafi nánast unnið keppnina upp á sitt eindæmi og skoraði m.a. flottasta mark í sögu keppninnar.

## GHEORGE HAGI



**Rúmenía**
Heimsmeistarakeppnir: 1990, 1994 og 1998
Landsleikir: 125
Landsleikjamörk: 34
Leikir á HM: 12
Mörk á HM: 3

Hagi átti stóran þátt í því að koma rúmenska landsliðinu á kortið með sinn ótrúlega vinstri fót. Rúmenía komst ekki í lokakeppni HM í tuttugu ár áður en Hagi kom á sjónarsviðið og hefur ekki komist þangað aftur síðan hann hætti. Það segir sitt um hve magnaður þessi leikmaður var.

## JOHAN CRUYFF



**Holland**
Heimsmeistarakeppnir: 1974
Landsleikir: 48
Landsleikjamörk: 33
Leikir á HM: 7
Mörk á HM: 3

Leikmaður sem var tákn hollenska boltans um margra ára skeið. Tók reyndar aðeins þátt í einni lokakeppni HM en sýndi þar mátt sinn. Leikmaður sem var ótrúlega góður í að skapa færi og hafði gríðarlegan leikskilning. Á mótinu 1974 þurfti hann þó að játa sig sigraðan gegn Vestur-Þjóðverjum.

## GARRINCHA



**Brasilía**
Heimsmeistarakeppnir: 1958, 1962 og 1966 (siurvegari 1958 og 1962)
Landsleikir: 50
Landsleikjamörk: 33
Leikir á HM: 12
Mörk á HM: 5

Margir vilja meina að Garrincha hafi verið hjartað í brasilíska landsliðinu 1958 og 1962. Hann átti í erfiðleikum með að ganga venjulega í æsku og þurfti að gangast undir aðgerð af þeim sökum. Varð síðan algjör snillingur með boltann og sýndi oft á tíðum ólýsanleg tilþrif með knöttinn.

## LOTHAR MATTHAUS



**Vestur Þýskaland/Þýskaland**
Heimsmeistarakeppnir: 1982, 1986, 1990, 1994 og 1998 (sigurvegari 1990)
Landsleikir: 150
Landsleikjamörk: 23
Leikir á HM: 25
Mörk á HM: 6

Þessi baráttuglaði miðjumaður tók þátt í fimm heimsmeistaramótum á ferli sínum sem spannaði tuttugu ár og 150 landsleiki. Hann á met yfir flesta leiki á HM. Fjölhæfur leikmaður sem skilar alltaf sínu, hvort sem hann spilar sem aftasti varnarmaður, afturliggjandi eða sókndjarfur miðjumaður.

## MICHEL PLATINI



**Frakkland**
Heimsmeistarakeppnir: 1978, 1982 og 1986
Landsleikir: 72
Landsleikjamörk: 41
Leikir á HM: 14
Mörk á HM: 5

Þrátt fyrir að Platini hafi aldrei spilað úrslitaleik á HM þá á hann skilið sæti í þessu draumaliði. Hann var fyrirliði Frakklands 49 leikjum og er markahæsti leikmaður þjóðarinnar frá upphafi. Spilaði lykilhlutverk þegar Frakkland vann EM 1984 og vann fjölda titla með ítalska stórliðinu Juventus.

## PAOLO MALDINI



**Ítalía**
Heimsmeistarakeppnir: 1990, 1994, 1998 og 2002
Landsleikir: 126
Landsleikjamörk: 7
Leikir á HM: 23
Mörk á HM: 0

Hvort sem hann hefur spilað sem vinstri bakvörður eða miðvörður hefur hann vart stigið feilspor í vörninni, hvorki hjá AC Milan né ítalska landsliðinu, á sínum tuttugu ára ferli. Hann hefur spilað næstflesta leiki á HM af öllum eða 23 talsins og var fyrirliði í keppnunum 1998 og 2002.

## FRANZ BECKENBAUER



**Vestur Þýskaland**
Heimsmeistarakeppnir: 1966, 1970 og 1974 (sigurvegari 1974)
Landsleikir: 103
Landsleikjamörk: 14
Leikir á HM: 18
Mörk á HM: 5

Keisarinn sjálfur er einn teknískasti varnarmaður sem leikið hefur á HM. Þjálfarinn Helmut Schon gaf honum mikið frjálsræði í leik sínum og því náði hann að skora nokkur mörk með sínum frægu þrumuskotum. En skipulagning var lykillinn að leik hans og hann var mótorinn í þýska skriðdrekanum.

## BOBBY MOORE



**England**
Heimsmeistarakeppnir: 1962, 1966 og 1970 (sigurvegari 1966)
Landsleikir: 108
Landsleikjamörk: 2
Leikir á HM: 14
Mörk á HM: 0

Þegar hann var 22 ára var hann orðinn fyrirliði enska landsliðsins og ekki að ástæðulausu. Hefur ótvíræða leiðtogahæfileika og leikskilningur hans og staðsetningar gerðu hann að jafngóðum leikmanni og hann var. Frægur fyrir tæklingu sína á hinn brasilíska Jairzinho 1970.

## LEV YASHIN



**Sovétríkin**
Heimsmeistarakeppnir: 1958, 1062 og 1966
Landsleikir: 78
Landsleikjamörk: 0
Leikir á HM: 13
Mörk fengin á sig á HM: 18

Stórkostlegur markvörður sem var algjör einræðisherra í sínum vítateig. Mjög hugrakkur og lét sig vaða í nánast alla bolta. Sýndi ótrúlega lipur tilþrif á milli stanganna og var nánast alltaf rétt staðsettur. Kallaður svarti pardusinn þar sem hann lék alltaf í svörtum búningi.

www.icelandexpress.is




# SÓFINN OG STÚKAN!

## Við færum þér HM á SÝN og við getum líka fært þig á HM í Þýskalandi

Iceland Express er það mikil ánægja að færa HM á SÝN inn á heimili landsmanna. En við gerum gott betur því Iceland Express hefur bætt við tveimur nýjum áfangastöðum í Þýskalandi, Berlín og Friedrichshafen, til viðbótar við Frankfurt Hahn.

Við færum þér því ekki einungis HM á SÝN heldur getum við fært þig beinustu leið í fjörið á HM í Þýskalandi.

Hvort sem stúkan eða sófinn verður fyrir valinu, þá verður Iceland Express með þér á HM.

Iceland Express

Fíton/SÍA

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

**Alls tóku 194 þjóðir frá sex heimsálfum þátt í undankeppninni en aldrei hafa jafn margar þjóðir tekið þátt. Eftir 847 leiki standa 32 lið eftir sem munu berjast um heiðurinn að geta kallað sig heimsmeistara í knattspyrnu.**






# Keppnisboltinn á HM í Þýskalandi

**Keppnisboltinn sem notast verður við á HM hefur hlotið nafnið „Liðsandinn" af FIFA. Hönnun hans og lögun hefur verið í þróun í nokkur ár og eru sérfræðingar á því að boltinn sé sá fullkomnasti sem framleiddur hefur verið.**



## Lagskipt hönnun

Ytra lagið skiptist í fjórtán reiti sem festast saman og falla fullkomnlega við hvern annan, sem veldur því að rennsli boltans á grasinu er óaðfinnanlegt.

## Náttúruvænt lím

Ný tækni gerir boltann nánast vatnsheldan og finnst enginn munur þegar sparkað er í hann í blautu eða þurru veðri. Þyngdaraukning boltans í bleytu nemur aðeins 0,1%.

## Innra lag

Samansett af reitum gerðum úr latex og gerviefnum og gerir það að verkum að drefing álagsins á boltann er jafnara.

**Ummál boltans:**
69 sentímetrar

**Þyngd boltans:**
441-444 grömm

**Litir**: Svartur og hvítur (þýsku þjóðlitirnir); Gylltu línurnar standa fyrir HM-bikarinn.

## Grafík

Endingargóð og gegnsæ plastfilma hylur nafn boltans svo að það skaddist ekki við viðkomu.

## Markmið: Að hámarka nákvæmni

Fínna yfirborð boltans gerir hann auðveldari að sparka í. Sendingar og skot verða mun nákvæmari.

Allar ójöfnur í yfirborðinu gera spyrnumönnum erfiðara fyrir.

Lögun boltans er fullkomin og þannig er mögulegur skotkraftur hámarkaður.



© GRAPHIC NEWS

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 7. júní 2006 – 21. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MAXWELL HOUSE
Gott til síðasta dropa



**Barcelona**
Herlið gleðinnar og Katalóníu 10



**Cyntellect á iSEC**
Hagstæð skilyrði á Íslandi 12-13



**Stýrivextir**
Stjórna stöðugleikanum 22




## Sameining kemur til greina

Vel getur verið hagkvæmt fyrir Kauphöll Íslands að ganga til sameiningarviðræðna við erlendar kauphallir samkvæmt Þórði Friðjónssyni, forstjóra Kauphallarinnar.

Mikil sameiningarhrina kauphalla hefur gengið yfir undanfarin misseri. Kauphöllin í New York og Euronext kauphallarsamstæðan eru saman í einni sæng og nýverið hófust viðræður um að Kauphöllin í Mílanó bættist þar í hópinn. Til greina kom síðasta haust að Kauphöll Íslands sameinaðist skandinavísku kauphallasamstæðunni OMX en ekkert varð úr.

Þórður segir tíðindi sem orðið hafa í Evrópu gefa tilefni til þess að farið verði yfir málin að nýju. Hann segir þó of mikið gert úr þeim rökum að kauphallir sem ekki kjósi að sameinast eigi á hættu að einangrast. „Hinum svokölluðu litlu kauphöllum í Evrópu hefur gengið mjög vel síðustu fimm ár þrátt fyrir spádóma um annað. Þær hafa frekar sótt í sig veðrið en hitt.“

-jsk

## Forstjóraskipti hjá 66

Marinó Guðmundsson, forstjóri 66° Norður, lætur af starfinu á allra næstu dögum samkvæmt heimildum Markaðarins. Frumkvæði að starfslokum Marinós er komið frá stjórn fyrirtækisins.

Marinó kvaðst í samtali við Markaðinn alls ekki ósáttur við málalok. Tími væri kominn til að prófa eitthvað nýtt.

Ekki náðist í Sigurjón Sighvatsson stjórnarformann 66° Norður. Sigurjón Sighvatsson á tvo þriðju hlutafjár í 66° Norður en auk hans á tryggingafélagið Sjóvá stóran hlut. Marinó Guðmundsson hefur gegnt starfi forstjóra síðan Sigurjón hóf afskipti af fyrirtækinu snemma árs 2005.

-jsk

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Hallinn breytist** | Vöruskiptahallinn var óhagstæður um 9,7 milljarða króna í apríl en stjórnast nú að miklu leyti af aukinni fjárfestingu á meðan einkaneysla dregst saman.

**Tvöfaldar hagnað** | Sala danska vöruhússins Illum, sem er í eigu Baugs, óx um fjórtán prósent í fyrra miðað við árið áður og hagnaður liðlega tvöfaldaðist.

**Samstarfsaðilar sameinast** | Ákveðið hefur verið að Skýrr hf. og Teymi ehf., dótturfélög Kögunar, verði sameinuð undir nafni Skýrr hf. en fyrirtækin hafa verið í samstarfi um árabil.

**Eignast VÍS** | KB banki og aðrir hluthafar seldu áttatíu prósent hlutafjár í VÍS til Exista sem verður skráð á markað í september og verður verðmætasta fyrirtækið í Kauphöllinni.



**VÍS sexfaldast** | VÍS hefur nær sexfaldast að stærð í forstjóratíð Finns Ingólfssonar. Er virði þess nú 66 milljarðar króna en félagið var metið á 12 milljarða árið 2002.

**Tapið minnkar** | Flaga Group hf. tapaði að jafnvirði 63 milljóna íslenskra króna á fyrsta ársfjórðungi sem er 16,4 milljónum króna minna tap en á sama tímabili fyrir ári.

**Eitt nafn** | Öll flutningastarfsemi Samskipa verður sameinuð undir nafni Samskipa í haust. Þetta var tilkynnt í Rotterdam þegar Samskip tók við tveimur nýjum kaupskipum.

**Kaupir Júmbó** | Eigendur Sóma hafa fest kaup á Júmbó samlokum. Samanlagt hafa félögin 90 prósenta markaðshlutdeild í sölu á samlokum á Íslandi.

# Krónan fellur vegna umsagnar S&P

**Töluverðar aðgerðir þarf til að lenda skikkanlega að mati Eddu Rósar Karlsdóttur. Framhaldið getur ráðist af viðbrögðum erlendra fjárfesta.**

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Breyttar horfur Standard & Poor´s um lánshæfismat ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar og auknar líkur á harkalegri lendingu hagkerfisins höfðu neikvæð áhrif á innlendan fjármálamarkað í gær. Gengi krónunnar veiktist hratt við opnun markaða í gærmorgun og hafði lækkað um 2,2 prósent skömmu eftir hádegi. Stóð gengisvísitalan þá í 129,4 stigum. Hlutabréf, sem hækkuðu um meira en fimm prósent í síðustu viku, lækkuðu einnig og er það rakið til þessara tíðinda. Úrvalsvísitalan féll um eitt og hálft prósent og lækkuðu hlutabréf í KB banka og Landsbankanum mest, eða um rúm 2,5 prósent.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir að í rökstuðningi matsfyrirtækisins sé ekki að finna nýjar upplýsingar en bent er á ójafnvægi í efnahagskerfinu og veikleika í hagstjórn, staðreyndir sem hafi legið fyrir um langan tíma. Hún segir að til þess að hagkerfið nái að lenda skikkanlega þurfi töluverðar aðgerðir. „Síðasta lending árið 2001 tókst meðal annars með samstilltu átaki atvinnurekenda og launþega sem sló á verðbólguvæntingar. Það kom ekki af sjálfu sér.“

Edda Rós segir jafnframt að Standard & Poor´s rökstyðji breytingar á horfum um lánshæfismat með aukinni hættu á harðri lendingu hagkerfisins og telji að aðgerðir Seðlabankans til að sporna við ofþenslu verði harkalegar vegna kosningaloforða og mögulegra launahækkana sem valdi frekari verðbólguþrýstingi. „Þegar maður talar um snarpan og erfiðan samdrátt þá er verið að tala í raun og veru um framleiðslutap, atvinnuleysi og almenna lífskjaraskerðingu.“

Hún segir að framhaldið ráðist ekki síst af viðbrögðum erlendra fjárfesta. Þeir eru mikilvægir þátttakendur á gjaldeyrismarkaði og hafi þar með töluverð áhrif á gengisþróun krónunnar og verðbólguhorfur til skemmri tíma.

Þegar má greina viðbrögð erlendis frá en Danske bank sem hefur verið svartsýnn á horfur í íslensku efnahagslífi býst við því að umsögnin hafi áhrif á íslenskan fjármálamarkað og leiði til hærra áhættumats erlendra fjárfesta á íslenskum fjármálamarkaði.

# FL Group orðinn stærsti hluthafinn í Glitni banka

**Verðmæti 23 prósenta hlutar nemur sextíu milljörðum króna. FL Group hefur aukið hlut sinn í bankanum um þrettán prósent frá ársbyrjun.**

FL Group hefur aukið hlut sinn í Glitni banka úr tæpum tuttugu prósentum í 23 prósent og er orðinn stærsti hluthafi bankans. Kaupverðið nemur átta milljörðum króna en alls festi FL Group kaup á 437 milljónum hluta. Hluti kaupanna er gerður með framvirkum samningi sem kemur til gjalddaga í ágúst.

Með kaupunum fer FL Group upp fyrir Milestone eignarhaldsfélag sem stærsti hluthafinn í Glitni banka en Milestone fer með 22,2 prósenta hlut.

Á markaði hafði verið búist við frekari viðskiptum af hálfu eigenda FL Group í Glitni, enda lýsti Hannes Smárason, forstjóri FL Group, því yfir á afkomufundi fyrir fáeinum vikum að félagið ætlaði sér stærri hluti í Glitni. Um síðustu áramót átti FL Group um tíu prósenta hlut í bankanum en jók hann í rúm sextán prósent þegar Straumur-Burðarás seldi stærstan hluta bréfa sinna í Glitni, sem þá nefndist Íslandsbanki, í janúar.



**HANNES SMÁRASON** FL Group hefur aukið hlut sinn enn og aftur í Glitni.

Um er að ræða langstærstu eignina í hlutabréfasafni FL Group. Markaðsvirði Glitnis stóð í 260 milljörðum í gær og gera 23 prósent því um sextíu milljarða.

- eþa


Örugg ávöxtun í þeirri mynd sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans EUR, USD og GBP eru þrír nýir sjóðir sem henta fjárfestum sem vilja fjárfesta til lengri eða skemmri tíma í viðkomandi mynt. Lágmarksfjárfestingartími er einn dagur og lágmarkskaup eru € 1.000, $ 1.000 og £ 1.000. Markmið sjóðanna er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður eða gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

£ ISK $ €

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GOTT FÓLK McCANN

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 0% | 32% |
| Alfesca | 0% | -3% |
| Atorka Group | 8% | -7% |
| Bakkavör | 1% | -3% |
| Dagsbrún | 7% | 3% |
| FL Group | 4% | 5% |
| Flaga | 4% | -10% |
| Glitnir | 6% | 6% |
| KB banki | 5% | 7% |
| Landsbankinn | 1% | -11% |
| Marel | 1% | 8% |
| Mosaic Fashions | -1% | -12% |
| Straumur | 5% | 14% |
| Össur | 3% | -1% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Metverð fyrir afla á fiskmörkuðum

Metverð fékkst fyrir afla á fiskmörkuðum í síðasta mánuði, samkvæmt upplýsingum Íslandsmarkaðar. Verðmætið nam 1,6 milljörðum króna og hefur aldrei verið meira í maímánuði frá stofnun markaðanna. Þá seldust 12.438 tonn af fiski, sem er þriðja mesta magnið frá stofnun markaðanna. Meðalverð var 129,36 kr/kg en var 105,94 kr/kg í fyrra.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins seldust 53.629 tonn fyrir rúma 6,7 milljarða á fiskmörkuðum og var meðalverð aflans 126,06 kr/kg, sem er tæpum 17 krónum meira en fyrir ári. Til samanburðar seldust 52.052 tonn fyrir tæpa 5,7 milljarða króna í fyrra.



**ÞORSKUR** Metverð fékkst fyrir afla á fiskmörkuðum í síðasta mánuði.

Í síðustu viku seldust 1.645 tonn af fiski á uppboðsmörkuðum. Ýsa var söluhæsta tegundin en næstmest seldist af þorski og steinbít. Af öðrum tegundum seldist mest af ufsa, djúpkarfa, gullkarfa, skarkola, hlýra, skötusel og löngu. Minna seldist af öðrum tegundum. - jab

# Gistinóttum fjölgar

Gistinætur á hótelum í apríl voru 80.300 og fjölgaði um fjögur prósent frá fyrra ári samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Gistinóttum fjölgaði hlutfallslega mest á Austurlandi en þar varð tuttugu og fimm prósenta aukning.

Um fimm prósenta aukning varð á höfuðborgarsvæðinu. Suðurland var eina landssvæðið þar sem samdráttur varð.

Hlutfallslega mest aukning varð á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum þar sem 41 prósenta aukning varð milli ára.

# Lánshæfismat Glitnis helst óbreytt

Lánshæfismat Glitnis helst óbreytt hjá alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækinu Standard & Poor's þrátt fyrir að fyrirtækið hafi breytt horfum fyrir íslenska ríkið í neikvæðar úr stöðugum. Lánshæfismat bankans er því eftir sem áður A-/Stable/A-2. Lánshæfiseinkunn lýðveldisins er AA-/A-1+ í erlendri mynt og í íslenskum krónum AA+/A-1+.

Standard & Poor‘s segja að þeir þættir sem hafi haft áhrif á breytt mat á íslenska ríkinu hafi þegar verið teknir með í lánshæfismati Glitnis. Matið á Glitni er sagt endurspegla sterka stöðu bankans á innanlandsmarkaði og bætta dreifingu í eignasafni með vaxandi starfsemi í Noregi og í Svíþjóð frá því í maí.

Lánshæfismatið er sagt endurspegla væntingar Standard & Poor‘s um að arðsemi Glitnis verði áfram góð, þrátt fyrir að efnahagsumhverfi á Íslandi kunni að verða síður hagstætt með hugsanlegu hærra útlánatapi og lægri gengishagnaði. Um leið er tekið fram að ekki sé útilokuð ákvörðun um lægra lánshæfismat fari svo að verslandi efnahagsástand hér leiði til töluverðar rýrnunar á eignasafni bankans. - óká




**KLAPPAÐ FYRIR BANKANUM** Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, klappar á fundi í marsbyrjun þegar tekið var upp nýtt nafn og merki bankans. MARKAÐURINN/BRINK

# Aukin sala hjá Osta- og smjörsölu

Söluaukning Osta- og smjörsölunnar nam 4,3 prósentum á fyrstu fimm mánuðum þessa árs, að sögn Landssambands kúabænda. „Það lofar því góðu um greiðslumarksaukningu fyrir næsta verðlagsár,“ segir á vef samtakanna og talið líklegt að greiðslumarkið verði 115 til 116 milljónir lítra.



„Í ljósi birgðastöðu og söluaukningar undanfarinna mánaða, eru miklar líkur á því að greitt verði fyrir próteinhluta þeirrar umframmjólkur sem berst til samlaganna á næsta verðlagsári.,“ segir landssambandið jafnframt.

Á vef félagsins kemur fram að söluhæstu mjólkurvörurnar séu rjómi, smjör, nýmjólk, smjörvi, gouda-ostur 26% og léttmjólk.

Osta- og smjörsalan er sameignarfélag Mjólkursamsölunnar sem á 43,5 prósent, Norðurmjólkur sem á 41 prósent, Kaupfélags Skagfirðinga sem á 15,3 prósent og svo Mjólkursamlags Ísfirðinga sem á 0,14 prósent. - óká

# Viðbragða er þörf

## Vaxtaálag á bréf bankanna jókst eftir að S&P's breytti horfum ríkisins. Bankarnir kalla eftir styrkari efnahagsstjórn.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Vaxtaálag á skuldabréf stóru viðskiptabankanna jókst á eftirmörkuðum í Evrópu í gærmorgun eftir að Standard & Poor‘s breytti horfum í lánshæfismati ríkisins. Bankarnir telja áhrifin þó meiri til skemmri tíma þótt búast megi við einhverju bakslagi í umræðu um íslenskt efnahagslíf.

„Ég hef ekki af þessu stórar áhyggjur, en þetta hjálpar ekki til,“ segir Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans um mat Standard & Poor‘s á horfum í lánshæfi ríkisins. „Neikvæðar upplýsingar eru náttúrulega ekki að hjálpa okkur en við eigum ekki von á því að áhrifin verði neitt í líkingu við þegar Fitch breytti horfum. Það má kannski lýsa því sem svo að það séu ekki „nýjustu fréttir“ að mönnum finnist íslenskt efnahagslíf óstöðugt um þessar mundir“. Sigurjón segir hins vegar ljóst að breyttar horfur séu í raun ákall til stjórnvalda um að láta Seðlabankann ekki standa einan á vaktinni í efnahagsstjórninni. „Ég hef haft mestar áhyggjur af því að vegna þess ástands sem við höfum núna og vegna kosninganna bæði sveitarstjórnar og Alþingis að þetta séu ekki bestu aðstæður fyrir stjórnvöld að taka á málum og hægja á í efnahagslífinu,“ segir Sigurjón og leggur áherslu á að svo verði búið um hnútana að verðbólgan sem fylgir í kjölfar veikingar krónunnar verði bara skot, en ekki viðvarandi ástand. Hann segist lesa þau skilaboð úr áliti Standard & Poor‘s að stjórnvöld hægi á framkvæmdum og taki á málefnum Íbúðalánasjóðs.




**HALLDÓR KRISTJÁNSSON OG SIGURJÓN ÁRNASON BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS**



**BJARNI ÁRMANNSSON FORSTJÓRI GLITNIS**

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, tekur í sama streng og segir Standard & Poor‘s hafa uppi viðvörunarorð sem bregðast þurfi við. „Það er ljóst að við stefnum í aukið jafnvægi í efnahagsmálum sem kemur fram í formi minnkandi eftirspurnar vegna aðhaldsaðgerða Seðlabankans. En spurningin er auðvitað hversu harkalegar aðstæðurnar verða og hvort við lendum í samdráttarskeiði. Til að lendingin verði sem mýkst og við náum þessu jafnvægi án þess að það bitni harkalega á almenningi þarf ríkisvaldið að leggjast á sömu sveif og Seðlabankinn. Það hefur ekki verið að gerast að undanförnu.“

Bjarni segir ljóst að umræðan hafi einhver áhrif á lánakjör bankanna á erlendum mörkuðum en býst ekki við að þau vari lengi, svo fremi sem brugðist verði við og ekki syrti frekar í álinn. „Viðskiptamódel íslensku bankanna byggja að verulegu leyti á greiðum aðgangi að alþjóðlegum lánsfjármörkuðum. Ég held að mjög mörgum erlendum aðilum hafi komið á óvart góður gangur bankanna á fyrsta ársfjórðungi og nýlegar umsagnir bera þess merki að bankakerfið sé sterkt,“ segir hann og bendir á að samhliða tilkynningu um versnandi horfur ríkissjóðs hafi lánshæfismat Glitnis verið staðfest og horfur sagðar stöðugar. „Áhrifin eru fyrst og fremst óbein, álögur aukast á eftirmarkaði samhliða svona óróleika og sveiflur á gengi krónunnar ýta alltaf einhverjum fjárfestum frá.“





EKKI HVAÐ ÞÚ GETUR HELDUR HVAÐ ÞÚ GERIR

HÉR & NÚ / SÍA

spron

www.spron.is • Simi 550 1200

**FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA**
- Í ÖLLUM ÚTIBÚUM

# Skandia af markaði




**BRÉFIN AFSKRÁÐ** Bréf í Skandia skiptu um eigendur í síðasta sinn í sænsku Kauphöllinni á mánudaginn.

Bréf í sænska félaginu Skandia skiptu um eigendur í síðasta sinn í Kauphöllinni í Stokkhólmi á mánudaginn. Dagens Nyheter greinir frá því að veltan þennan síðasta dag hafi verið óvenjulítil og voru viðskipti með 201 þúsund hluti fyrir níu milljónir sænskra króna, sem nemur tæpum níutíu milljónum íslenskra króna. Skandia var jafnframt skráð í Kauphöllina í London en bréfin þar voru afskráð hinn 12. maí síðastliðinn.

Skandia var skylt að afskrá bréf sín eftir yfirtöku suðurafríska fjármálafyrirtækisins Old Mutual í upphafi árs. Straumur-Burðarás er næststærsti Skandia-hluthafinn í hluthafahópi Old Mutual og á um 1,26 prósenta hlut í félaginu. - hhs

# Minni kvóti í Barentshafi



**ÞORSKUR** Fiskifræðingar hafa lagt til að þorskkvóti verði skertur í Barentshafi meðal annars vegna meintrar ofveiði rússneskra togara. MARKAÐURINN/VILHELM

Fiskifræðingar á vegum Alþjóða hafrannsóknaráðsins hafa lagt til að þorskkvóti í Barentshafi verði skertur um rúm 34 prósent vegna meintrar ofveiði rússneskra togara á svæðinu. Kvótinn nú er 471 þúsund tonn en mun fara niður í 309 þúsund tonn verði farið að tillögum fiskifræðinganna.

Þorskkvótinn í Barentshafi hefur verið 485 þúsund tonn síðastliðin tvö ár og hefur ekki farið niður fyrir 390 þúsund tonn frá árinu 1995. Er því ljóst að mælt er með verulegum niðurskurði veiðiheimilda, að sögn Fiskaren.

Í Fiskifréttum segir að samkvæmt samkomulagi Íslands, Noregs og Rússlands við lausn Smugudeilunnar falli íslenski þorskkvótinn í Barentshafi niður fari heildarkvótinn niður fyrir 350 þúsund tonn. - jab

# Williams de Bröe selt

Breski fjárfestingarbankinn Evolution Group, sem er meðal 250 stærstu fyrirtæja á FTSE, hefur eignast keppinautinn Williams de Bröe, eitt elsta verðbréfafyrirtæki Bretlands, fyrir tvo milljarða króna eftir baráttu við KB banka og ástralska bankann Macquarie.

Landsbankinn var einnig orðaður við fyrirtækið á sínum tíma. Kaupverðið er ríflega helmingi lægra en sérfræðingar höfðu reiknað með en Williams de Bröe, hefur átt undir högg að sækja. - eþa



**EIGNIR LÍFEYRISSJÓÐANNA HÆKKA HRATT** Hver Íslendingur fengi 4,3 milljónir króna ef eignum lífeyrissjóðanna yrði deilt út.

# Hálf fimmta milljón á mann

## Eignir lífeyrissjóða komnar yfir 1.300 milljarða.

Hreinar eignir lífeyrissjóðanna fóru í mars í fyrsta skipti yfir 1.300 milljarða króna samkvæmt tölum frá Seðlabankanum og höfðu hækkað um 27,5 prósent milli ára. Hækkuðu þær um þrjátíu milljarða króna frá lokum febrúarmánaðar.

Ef eignum lífeyrissjóðanna yrði skipt á hvern Íslending fengi hver í sinn hlut rúmar 4,3 milljónir króna. Það er 930 þúsund króna hækkun á einu ári ef miðað er við að heildareignir sjóðanna hafi aukist um 280 milljarða á tólf mánaða tímabili, frá mars 2005 til mars 2006.

Um áramótin áttu lífeyrissjóðirnir 1.200 milljarða króna. Mikil hækkun á eignum á síðustu misserum skýrist að stærstum hluta af góðri ávöxtun á innlendum hlutabréfamarkaði, sem hefur hækkað yfir 55 prósent þrjú ár í röð. Ef litið er aftur til ársloka 2003 hafa eignir lífeyrissjóðanna hækkað um meira en sextíu prósent.

Í mars varð mikil aukning á eignum lífeyrissjóðanna erlendis en erlend verðbréfaeign hækkaði um fjörutíu milljarða króna og nam hún 370 milljörðum. Hins vegar dróst innlend verðbréfaeign saman um tólf milljarða króna, þar af hlutabréf um 23 milljarða króna. - eþa

# Samvinnutryggingar með 2,8 milljarða í hagnað

## Félagið leysir til sín ellefu milljarða við kaup Exista á VÍS og lýkur beinni þátttöku í vátryggingastarfsemi. Framkvæmdastjórinn er ánægður með viðskiptin.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Eignarhaldsfélagið Samvinnutrygginga skilaði 2.844 milljóna króna hagnaði í fyrra, sem er sextán prósenta aukning á milli ára. Eigið fé félagsins nam 7,2 milljörðum í árslok og jókst um tæp 69 prósent frá árslokum 2004. Stærstu eignarhlutir Samvinnutrygginga í árslok voru fjórðungshlutur í VÍS eignarhaldsfélagi, sem var bókfærður á 5,5 milljarða, og þriðjungshlutur í Hesteyri, bókfærður á 1,7 milljarða. Eignir Hesteyrar í árslok voru fjórðungshlutur í VÍS og hlutabréf í Skinney-Þinganesi.

Hagnaður Eignarhaldsfélagsins Andvöku, sem er að helmingi í eigu Samvinnutrygginga, var 268 milljónir króna í fyrra og jókst um 125 prósent milli ára. Eigið fé Andvöku er tæpir 1,5 milljarðar króna.



**AXEL GÍSLASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ANDVÖKU OG SAMVINNUTRYGGINGA** Félögin fá hlutabréf í Exista í skiptum fyrir bréf í VÍS eignarhaldsfélagi.

Eins og greint hefur verið frá hefur Exista keypt öll hlutabréf í VÍS eignarhaldsfélagi fyrir tæpa 66 milljarða og fá seljendur hlutabréf í Exista sem gagngjald. Er ljóst að miklu munar á bókfærðu virði hlutabréfa Samvinnutrygginga í VÍS og markaðsverðmæti þeirra, þar sem Exista greiddi 16,5 milljarða fyrir hlut sem var bókfærður á 5,5 milljarða. Einnig fellur til hagnaður í gegnum eignarhluti Samvinnutrygginga í Andvöku og Hesteyri sem einnig verða hluthafar í Exista. „Við vissum að þessar eignir voru mikils virði og það kom þarna í ljós,“ segir Axel Gíslason, framkvæmdastjóri Andvöku og Samvinnutrygginga. Eftir söluna nemur beinn og óbeinn eignarhlutur Samvinnutrygginga og Andvöku níu prósentum hlutafjár í Exista.

Axel segir að með því að fá bréf í Exista í staðinn verði áhættudreifing í eignasafni félaganna meiri og betri, en Exista er einnig meðal stærstu eigenda í Bakkavör, KB banka og Símanum. „Þar að auki fengum við ágætt skiptaverð og einnig breytum við þessum eignum í skráðar eignir.“

Með sölunni lýkur ákveðnum kafla í sögu Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga en félagið hefur verið meðal kjölfestufjárfesta í VÍS frá því félagið var stofnað árið 1989 með yfirtöku á tryggingastarfsemi Samvinnutrygginga og Brunabótafélags Íslands. Eigendur Samvinnutrygginga eru annars vegar tryggingatakar Samvinnutrygginga árin 1987-1988 og tryggingatakar í lögboðnum brunatryggingum húsa á árunum 1992-1993 og hins vegar Samvinnutryggingasjóðurinn, sem er eins konar sjálfseignarstofnun og hefur sama tilgang og eignarhaldsfélagið. Tilgangur eignarhaldsfélagsins, samkvæmt samþykktum þess, er meðal annars að ávaxta sem best eigið fé þess með þátttöku í vátryggingastarfsemi og skyldum rekstri og annars konar fjárfestingar- og lánastarfsemi.

**HELSTU EIGNIR SAMVINNUTRYGGINGA (UPPHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA)**

| Félag | Eignarhlutur | Bókfært virði |
|---|---|---|
| Exista | 5,70% | 16.400 |
| Hesteyri | 33% | 1.683 * |
| KB banki | 0,02% | 1.113 * |
| Andvaka | 50,1% | 688 * |

* Miðað við áramót

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

12,1%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli fyrir tímabilið 28/2/06-31/05/06

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI – kraftur til þín!

Bílar & Sport 2006

Nýja Laugardalshöllin

5000m²

sýningarsvæði



STÓRSÝNING

9.-11. JÚNÍ

LAUGARDALSHÖLL

Bílar & Sport 2006

Föstudagurinn 9 júní
16:00 – 21:00

Laugardagurinn 10 júní
11:00 – 21:00

Sunnudagurinn 11 júní
11:00 – 19:00

Stærsta mótorsýning aldarinnar!



www.bilarogsport.is

# P4 kærir starfshætti Polkomtel

Farsímafyrirtækið P4 hefur sent inn kæru til fjarskiptayfirvalda í Póllandi vegna pólska símafyrirtækisins Polkomtel. Lögum samkvæmt á Polkomtel, sem er ráðandi símafyrirtæki í Póllandi, að gefa P4 aðgang að kerfi sínu þegar þess eigin kerfum sleppir.



P4 er í eigu Netia og Novators, fjárfestingarfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar. Novator er sömuleiðis stærsti einstaki hluthafinn í Netia. P4 var á síðasta ári úthlutað leyfi til rekstrurs þriðju kynslóðar farsímakerfis í Póllandi og mun hefja rekstur sinna kerfa í haust.

Að sögn Chris Bannister, forstjóra P4, lauk viðræðum farsímafyrirtækisins við Pomkomtel án samkomulags 27. apríl síðastliðinn. Því hafi fyrirtækið sent inn kæru vegna starfshátta Polkomtel. - jab

# Forstjóraskipti hjá Nokia

## Jorma Ollila er hættur hjá Nokia. Samkeppni Nokia og Motorola harðnar.

Olli-Pekka Kallasvuo hefur tekið við starfi forstjóra Nokia af Jorma Ollila. Ollila hefur gegnt starfinu frá 1992 og er sagður hafa átt mestan þátt í því að breyta Nokia úr fyrirtæki sem framleiddi stígvél og salernispappír í leiðandi afl á farsímamarkaði. Kallasvuo var áður yfirmaður Bandaríkjadeildar Nokia.

Nokia er stærsti farsímaframleiðandi í heimi með um þrjátíu og fjögurra prósenta markaðshlutdeild á farsímamarkaði. Fyrirtækið hefur þó átt undir högg að sækja gagnvart bandaríska framleiðandanum Motorola.

Motorola hefur skilað meiri hagnaði en Nokia síðastliðið ár og hefur náð rúmlega tuttugu prósenta markaðshlutdeild.

Sérfræðingar segja að helsta verkefni Kallasvuo verði að hefta sókn Motorola. „Kallasvuo á að freista þess að gera Nokia aftur að óumdeildum leiðtoga á farsímamarkaði,“ sagði Jussi Hyoyeti hjá ráðgjafarfyrirtækinu FIM Securities í Helsinki. - jsk



**JORMA OLLILA, FRÁFARANDI FORSTJÓRI NOKIA** Þegar Ollila tók við forstjórastarfinu framleiddi Nokia stígvél og salernispappír.

# 97 prósenta launalækkun

## Nýr fjármálaráðherra Bandaríkjanna hafði áður 1.444 milljónir króna í árslaun.

Henry Paulson, hinn nýi fjármálaráðherra Bandaríkjanna, tekur á sig rúmlega 97 prósenta launalækkun með því að taka við starfinu.

Paulson var áður forstjóri Goldman Sacha-banka með 1444 milljónir íslenskra króna í árslaun. Laun fjármálaráðherra Bandaríkjanna nema hundrað þúsund dölum á ári, eða 7,3 milljónum króna.

Sérfræðingar voru margir hverjir forviða á þeirri ákvörðun Paulsons að taka að sér starfið. Stjórnmálaskýrandinn Stephen Hess hafði þó skýringu á reiðum höndum. „Þegar þú átt meiri peninga en þú getur hugsanlega eytt eða gefið á heilli mannsævi er kannski ekki svo vitlaust að bæta embætti fjármálaráðherra á ferilskrána.“

Paulson tekur við embættinu af John Snow, sem ekki naut mikilla vinsælda í starfi. Paulson er sagður mikill umhverfissinni og þykir líklegur til að auka vinsældir Bush-stjórnarinnar. - jsk



**FJÁRMÁLARÁÐHERRANN OG FORSETINN** Henry Paulson er ekki fyrsti forstjóri Goldman Sachs til að verða fjármálaráðherra Bandaríkjanna. Robert Rubin gegndi starfinu um sex ára skeið í stjórnartíð Clintons.

# Prenta 100.000 dala seðla

## Simbabve er ríkjandi heimsmethafi í verðbólgu. Stjórnvöld bregðast við með því að auka magn peninga í umferð.

**Jón Skaftason**
skrifar

Seðlabanki Simbabve hefur tilkynnt að brátt hefjist prentun á hundrað þúsund dala seðlum. Hundrað þúsund Simbabvedalir jafngilda tæpum tuttugu og tveimur íslenskum krónum.

Verðbólga í Simbabve mælist nú rúmlega þúsund prósent á ársgrundvelli og er hvergi meiri í veröldinni. Seðlabanki landsins hækkaði nýverið stýrivexti um fimmtíu prósent og standa þeir nú í 850 prósentum.

Stjórnvöld í Simbabve hafa brugðist við ástandinu með því að prenta mikið magn af peningum til þess að halda hjólum efnahagslífsins gangandi. Fyrir fjórum mánuðum var tilkynnt að hafin yrði prentun á fimmtíu þúsund dala seðlum en nú er svo komið að slíkir seðlar nægja ekki til að kaupa svo mikið sem einn brauðhleif.

Ferna af appelsínusafa kostar hálfa milljón Simbabvedala og kíló af nautakjöti rúma milljón. Ellefuföld verðhækkun hefur orðið í landinu síðan í apríl á síðasta ári.

Flestir kenna ríkisstjórn Roberts Mugabe forseta um ófarirnar, einkum þjóðnýtingu á jörðum hvítra bænda, sem varð til þess að landbúnaðarframleiðsla í landinu er nánast engin. Robert Mugabe sjálfur vísar slíkum ásökunum á bug og kennir erlendum óvinum um hvernig komið er.

Opinberir starfsmenn í Simbabve hafa ekki fengið greidd laun svo mánuðum skiptir og nýlega voru laun hermanna þrefölduð til að koma í veg fyrir uppreisn. Á meðan lifir fámenn valdaklíka kringum Mugabe forseta og fylgismenn hans í vellystingum praktuglega.

Hagstjórn í Simbabve er í höndum Gideons Gono seðlabankastjóra. Gono lét hafa eftir sér að Seðlabankinn myndi einskis láta ófreistað til að létta landsmönnum lífið. „Ég mun ekki hika við að fyrirskipa prentun enn verðmætari seðla.“

Gideon Gono er einmitt þekktur fyrir vafasamar yfirlýsingar og hvatti á dögunum landsmenn til að örvænta ekki þar sem ástand efnahagsmála væri hvergi nærri jafn slæmt og í Þýskalandi þriðja ríkisins. Skömmu áður sendi hann forréttindahópum í Simbabve tóninn. „Þeir sem ætla að panta sér lúxusbíla verða að borga fyrir þá sjálfir. Kistur ríkisins eru tómar.“

# Stofnandi Daewoo í fangelsi

Kim Woo-choong, stofnandi og fyrrverandi stjórnarformaður suðurkóresku fyrirtækjasamstæðunnar Daewoo Group, var dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir fjárdrátt og skjalafals í Seúl í Suður-Kóreu í gærmorgun. Þá var hann jafnframt fundinn sekur um að hafa millifært háar fjárhæðir á reikninga í öðrum löndum og var hann dæmdur til að greiða til baka jafnvirði 1600 milljarða íslenskra króna auk greiðslu sektar.



**KIM WOO-CHOONG** Stofnandi Daewoo Group var borinn út úr dómssalnum á börum eftir að dómur féll í máli hans í Seúl í Suður-Kóreu í gærmorgun. MYND/AP

Kim keypti Daewoo fyrir 5.000 bandaríkjadali árið 1967 og breytti því úr litlu vefnaðarfyrirtæki í stærstu fyrirtækjasamstæðu landsins. Þegar best lét störfuðu 320.000 manns hjá fyrirtækinu sem var með starfsemi í 110 löndum.

Samstæðan var mjög skuldsett og tók að hrikta í stoðum hennar þegar efnahagskreppan gekk yfir Asíu árið 1997. Kim Woo-choong, sem nú er 69 ára, flúði úr landi tveimur árum síðar og var á flótta undan réttvísinni í sex ár. Hann var handtekinn þegar hann sneri aftur til heimalandsins í fyrra. - jab

# Hluthafar heimta skerf úr sjóði risa

Hluthafar í bandaríska hugbúnaðarrisanum Microsoft hafa þrýst á stjórn fyrirtækisins að það greiði þeim hlut af því gríðarmikla lausafé sem fyrirtækið situr á.

Lausafé Microsoft nemur 35 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði 2.500 milljarða íslenskra króna.

Steve Ballmer, forstjóri Microsoft, varði stefnu fyrirtækisins á ráðstefnu með bandarískum fjárfestum í síðustu viku og sagði að fyrirtækið þyrfti á digrum sjóðum að halda til að verja sig gegn áhættu í rekstri.

Microsoft fór á markað árið 1986 en greiddi hluthöfum ekki arð fyrr en fyrir þremur árum. Árið 2004 námu námu arðgreiðslurnar 32 milljörðum dala, jafnvirði 2.300 milljarða íslenskra króna.

Í apríl síðastliðnum kom stjórn Microsoft hluthöfum sínum á óvart þegar hún greindi frá því að fyrirtækið hygðist eyða tveimur milljörðum dala, jafnvirði tæpra 144 milljarða íslenskra króna, umfram fyrri áætlanir til fjárfestinga í nýjum viðskiptatækifærum. Gengi hlutabréfa í Microsoft lækkuðu við fréttirnar og hefur það ekki jafnað sig síðan. Heildarlækkun bréfa í Microsoft nemur 11 prósentum það sem af er ársins og stendur gengið í 23,25 dölum á hlut. - jab



**STEVE BALLMER** Forstjóri Microsoft sagði á fundi með bandarískum fjárfestum í síðustu viku að fyrirtækið þyrfti á digrum sjóðum að halda til að verja sig gegn áhættu. MYND/AFP



XEROX | BUSINESS PARTNER

Fiton/SÍA



# Svarthvítt er svo 2005!



EJS er XEROX Business Partner, umboðs- og þjónustuaðili fyrir XEROX prentlausnir. Við eigum framúrskarandi heildarlausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og förum létt með að samþætta tölvubúnað, netlausnir, prentara og ljósritunarvélar frá fremstu framleiðendum heims.

**Ekki sætta þig við litlausa tilveru. Komdu til okkar á Grensásveg 10 og sjáðu svart á hvítu nákvæmlega af hverju XEROX hentar þér.**

Frekari upplýsingar um XEROX prentlausnir færðu á www.ejs.is eða í síma 563 3000

XEROX®

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

# Bannar farsímatækni

Hun Sen, forsætisráðherra Kambódíu, hefur farið fram á að þriðja kynslóð farsíma verði bönnuð í landinu. Tæknin var innleidd í Kambódíu fyrr á þessu ári. Farsímar sem styðja tæknina eru hins vegar dýrir og hefur meirihluti landsmanna ekki efni á að nýta sér hana. Eiginkona forsætisráðherrans, sem tilheyrir þeim hópi fólks sem hefur efni á að nýta sér tæknina, fékk á dögunum klámskilaboð send í síma sinn. Mun hún hafa brugðist ókvæða við og bar málið upp við eiginmann sinn.

Hun Sen, sem gegnt hefur embætti forsætisráðherra í 20 ár, sagði í ræðu sinni í Phnom Penh, höfuðborg Kambódíu, á dögunum að í kjölfar þessa hefði hann skrifað ráðherra fjarskiptamála bréf þar sem hann fór fram á að þriðja kynslóð farsíma yrði bönnuð í Kambódíu. „Við getum beðið með þessa tækni í tíu ár eða þar til við höfum bætt siðferði þegnanna,“ sagði hann. - jab



**FORSÆTISRÁÐHERRAHJÓNIN** Hun Sen, forsætisráðherra Kambódíu, hefur orðið við beiðni eiginkonu sinnar og bannað þriðju kynslóð farsíma í Kambódíu. MYND/AFP.

# Blade Runner í endurbættri útgáfu

Á næsta ári verður aldarfjórðungur liðinn frá frumsýningu kvikmyndarinnar Blade Runner. Von er á tveimur útgáfum af myndinni á DVD-diskum af þessu tilefni.

Fyrsta myndin er endurbætt leikstjóraútgáfa Ridleys Scott, sem kom út árið 1992. Hún kemur út í september og verður hún einungis til sölu í takmarkaðan tíma.

Á næsta ári ætlar Ridley Scott svo sjálfur að gefa út enn eina gerð af myndinni. Útgáfan kallast réttilega Blade Runner: The Final Cut og verður hún tekin til sýninga í kvikmyndahúsum. Um veglega hátíðarútgáfu er að ræða þar sem allar útgáfur myndarinnar verða saman í einum DVD pakka meðýmiss konar aukaefni.

Blade Runner er gerð eftir vísindaskáldsögu Philips K. Dicks, Do Androids Dream of Electric Sheep? Nokkrar kvikmyndir hafa verið gerðar eftir bókum hans og smásögum, s.s. Total Recall, Minority Report og A Scanner Darkly. Á næsta ári er svo væntanleg myndin Next, sem gerð er eftir smásögu hans The Golden Man. - jab




**BLADE RUNNER** Þriðja útgáfa kvikmyndarinnar er væntanleg á næsta ári.

# Taka klám fram yfir kynlíf

## Fjórðungur breskra karla skoðar klám á netinu. Það er sögð ein af ástæðunum fyrir sambúðarvanda fólks.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Niðurstöður nýlegrar könnunar benda til að vaxandi markaður sé fyrir starfsemi klámfyrirtækja á netinu í Bretlandi. Í könnuninni, sem breska rannsóknarfyrirtækið Neilsen Netratings gerði fyrir breska blaðið Independent on Sunday í síðustu viku, kom fram að 25 prósent breskra karla á aldrinum 25 til 49 ára skoðuðu klám á netinu að staðaldri. Þetta jafngildir því að 2,5 milljónir karla hafi litið inn á klámsíðu í landinu.

Athygli vekur í könnuninni að mun fleiri breskar konur skoðuðu klám á netinu á síðasta ári en fyrir tveimur árum, eða 1,4 milljónir kvenna. Þetta er 30 prósenta aukning frá árinu 2004.

Breska vefritið The Register segir niðurstöðurnar benda til að vaxtarmöguleikar klámfyrirtækja séu miklir í Bretlandi. Hjónabandsráðgjafar segja niðurstöðurnar hins vegar döpur tíðindi því tæpur helmingur þeirra para sem leita sér aðstoðar vegna vandræða í hjúskapnum nefna netklám sem eina af rótum vandans.



**KLÁM Á NETINU** Hjónabandsráðgjafar í Bretlandi segja klámefni á netinu rót sambúðarvanda margra para í landinu. MYND/AFP

Independent hefur eftir hjónabandsráðgjafa að körlum hafi í gegnum tíðina verið núið um nasir að sleppa forleik í kynlífi. Hafi hann í starfi sínu komist að raun um að klámráp karla á netinu hafi orðið til þess að svo virðist sem þeir séu farnir að sleppa kynlífinu líka.

# Nýir kostir fyrir farsímanotendur

Farsímafyrirtækið Virgin Mobile ætlar að gefa bandarískum viðskiptavinum sínum tækifæri til að hringja ókeypis frá og með næstu viku. Á móti þurfa viðskiptavinir fyrirtækisins að horfa á auglýsingar í hálfa mínútu eða taka á móti auglýsingum í formi smáskilaboða í farsíma sínum.

Virgin Mobile er tiltölulega lítið farsímafyrirtæki í Bandaríkjunum og er meirihluti viðskiptavina þess í yngri kantinum. Viðskiptavinir Virgin Mobile borga fyrirfram fyrir þjónustuna og eru ekki með fasta áskrift hjá fyrirtækinu. Frá og með næstu viku geta þeir farið á vef farsímafyrirtækisins og valið hvort þeir vilji horfa á stutta auglýsingu á netinu, fylla út spurningalista eða fá smáskilaboð í skiptum fyrir ókeypis farsímanotkun.

Virgin Mobile hefur vakið mikla athygli vestra fyrir tiltækið og munu fleiri fyrirtæki bæði í net- og farsímageiranum íhuga að bjóða viðskiptavinum sínum upp á að njóta ókeypis þjónustu gegn því að þeir horfi á auglýsingar. - jab




**MERKI VIRGIN MOBILE** Viðskiptavinir Virgin Mobile í Bandaríkjunum geta frá og með næstu viku hringt ókeypis gegn því að horfa á auglýsingar. MYND/AFP




# Agnarsmáar aðdráttarlinsur

Þess er stutt að bíða að myndavélar í farsímum verði með sæmilega öflugar aðdráttarlinsur sem gera farsímaeigendum kleift að standa í meiri fjarlægð frá myndefni sínu en nú er unnt. Þetta segja forsvarsmenn bandaríska fyrirtækisins New Scale Technologies, sem hefur þróað nýjan og agnarsmáan mótor sem er á stærð við hrísgrjón.

Að sögn Davids Hendersons, forstjóra fyrirtækisins, er framleiðsla á mótornum þegar hafin en búist er við að hægt verði að selja allt að einn milljarð mótora af þessari gerð á ári.

Að sögn Hendersons mun mótorinn gagnast fleirum en farsímaeigendum því hann verður meðal annars notaður í nýjustu gerðir af lyfjadælum, sem græddar verða í fólk. - jab



**FARSÍMAR** Stúlka með örþunnan myndavélarfarsíma frá NEC. Þess er stutt að bíða að myndavélar símanna verði með aðdráttarlinsum. MYND/AFP

# Ný dýr fundin

Ísraelskir vísindamenn greindu frá því í síðustu viku að þeir hefðu fundið dýr af krabbadýra- og hryggleysingjaætt í neðanjarðarhelli í nágrenni Tel Avív í Ísrael. Talið er að hellirinn hafi verið lokaður frá umheiminum í milljónir ára.

Ísraelska dagblaðið Jerusalem Post hefur eftir Hanan Dimantman, líffræðingi við hebreska háskólann í Jerúsalem, að hellirinn hafi líklega orðið til fyrir fimm milljón árum og hafi dýrin inni í honum þróast á eigin hátt.

„Ekkert dýranna hafði augu sem merkir að þau hafi tapað sjóninni í þróunarferlinu,“ sagði Dimantmani í samtali við blaðið. DNA sýni úr nokkrum dýranna hafa verið send til rannsóknar og benda niðurstöðurnar til þess að dýrin séu einstök. Ekki er með fullu vitað hvernig þau nærðust en vatn og næringarefni náðu ekki að brjóta sér leið í gegnum jarðveginn og niður í hellinn.

Búið er að loka hellinum svo vísindamennirnir geti framkvæmt frekari rannsóknir í honum. - jab



**ÁÐUR ÓÞEKKT DÝR** Eins og sjá má svipar einu dýranna til sporðdreka. MYND/AP

SÖGUHORNIÐ

# Faðir tölvunnar deyr

Á þessum degi árið 1954 lést breski stærð- og rökfræðingurinn Alan Mathison Turing, sem gjarnan hefur verið nefndur faðir tölvunnar. Foreldrar Turings bjuggu á Indlandi þegar ljóst var að móðir hans var barnshafandi og óskaði hún þess að barn þeirra hjóna yrði alið upp í Bretlandi. Fluttist fjölskyldan aftur til heimalandsins þar sem Turing fæddist hinn 23. júní árið 1912.

Alan Turing var ungur að árum þegar kennarar við barnaskólann sem hann gekk í tóku eftir snilligáfu drengsins. Mun hann meðal annars hafa kennt sjálfum sér að lesa á þremur vikum auk þess sem hann sýndi mikinn skilning á tölum og reikningi.

Þegar Turing var 14 ára gamall innritaðist hann í nafntogaðan og dýran einkaskóla í Sherborne í Bretlandi. Skólinn einbeitti sér að kennslu í klassískum fræðum og því benti umsjónarkennari hans foreldrum Turings á að betra væri fyrir framtíð drengsins ef hann færi í skóla sem hefði vísindi í hávegum. Mun Turing hafa kynnt sér æðri stærðfræði á þessum árum og tveimur árum síðar var hann orðinn ágætlega kunnugur kenningum Alberts Einstein.

Alan Turing gerði sér grein fyrir kynhneigð sinni í Sherborne þegar hann felldi hug til samnemanda síns í skólanum. Ást hans var hins vegar ekki endurgoldin. Drengurinn smitaðist af berklum og lést af völdum sjúkdómsins á síðasta skólaárinu í Sherborne og var Turing miður sín vegna andláts hans.

Að loknu háskólanámi í King's College í Cambridge í Bretlandi fluttist Turing til Bandaríkjanna og lauk hann doktorsgráðu í rökog stærðfræði árið 1938, 26 ára að aldri. Þegar hann sneri aftur heim að lokinni útskrift hóf hann að vinna í hlutastarfi við kennslu í dulmálsköðun fyrir bresku ríkisstjórnina. Hinn 4. september ári síðar, daginn eftir að Bretar lýstu yfir stríði á hendur Þjóðverjum, gerðist hann síðan dulmálssérfræðingur í fullu starfi í Bletchley Park í Bretlandi.

Mikil leynd hvíldi yfir starfi hans sem dulmálsfræðingur í stríðinu. Dulmálsfræðingunum tókst að lokum að ráða dulmál Þjóðverða sem kallaðist Enigma. Árangurinn hafði mikil áhrif á gang seinni heimsstyrjaldarinnar en ekki var gert opinbert fyrr en árið 1974 að það væri dulmálsfræðingunum meðal annarra að þakka að Þjóðverjar töpuðu stríðinu.

Að stríði loknu vann Turing að smíði tölva og þróun forritunarmála og þróaði hann svokallaða Turing-vél ásamt fleiru. Ekki er um eiginlega vél að ræða heldur er um kenningu að ræða. Kenning þessi hefur reynst mikilvæg fyrir framþróun tölva og tölvunarfræði í nútímanum.

Árið 1952 var Alan Turing ákærður vegna samkynhneigðar sinnar. Hann slapp við fangelsisdóm gegn því að gangast undir hormónameðferð sem breyta átti kynhneigð hans. En meðferðin afskræmdi líkama stærðfræðingsins sem leiddi til þess að hann neytti eplis með blásýru á þessum degi fyrir 52 árum og dró það hann til dauða.



**ALAN TURING** Svonefndur faðir tölvunnar var í hópi breskra sérfræðinga sem leysti dulmál Þjóðverja í seinni heimsstyrjöldinni.




HEFUR ÞÚ STYRK Í STÓRFRAMKVÆMDIR?

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla, atvinnutækja, skrifstofubúnaðar og atvinnuhúsnæðis.

- **Kaupleiga** Leigðu tækið og eignfærðu
- **Rekstrarleiga** Greiddu aðeins fyrir afnot af tækinu
- **Fjármögnunarleiga** Leigðu tækið og gjaldfærðu
- **Fjárfestingarlán** Fjármögnun með veði

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á **www.glitnirfjarmognun.is**

GLITNIR FJÁRMÖGNUN



**JUAN LAPORTA, FORSETI FC BARCELONA, SIGRI HRÓSANDI** Algjör stakkaskipti hafa orðið á rekstri þessa besta knattspyrnuliðs í heimi eftir að Laporta var kjörinn forseti árið 2003. Velta félagsins hefur tvöfaldast á þessum tíma og skríður það hratt upp lista Forbes yfir verðmætustu félög heims. AFP/IMAGE FORUM

# Herlið gleðinnar og Katalóníu

**Á sama tíma og snillingarnir Ronaldinho og Samuel Eto´o leika við hvurn sinn fingur hefur Juan Laporta snúið rekstri FC Barcelona úr miklu tapi í hagnað. Allir vegir virðast vera þessu stolti Katalóníu færir, sem er ekki einvörðungu lið ellefu fótboltamanna heldur heilt íþróttasamfélag þar sem togast á saga, samkennd og útrás. Eggert Þór Aðalsteinsson fer yfir gang mála í Barcelona.**

Hlutirnir hafa breyst hratt hjá knattspyrnuliði FC Barcelona frá því að Joan Laporta, félagsmaður númer 27.869, felldi nafna sinn Joan Gaspert í kjöri til forseta félagsins árið 2003. Núverandi Spánarmeistarar hafa náð sér heldur betur á strik eftir að hafa staðið í skugga erkióvinanna í Real Madrid um nokkurra ára skeið og er orðið besta félagslið heims eftir sigur á Arsenal í meistaradeildinni í vor.

Það er svo sem ekki nýlunda að Barca eigi lið í fremstu röð; félagið er næstsigursælasta félagslið Spánar og hefur lengi vel verið meðal þeirra sterkustu á alþjóðavettvangi. Hins vegar telst það nýlunda að glæstur árangur innan vallar tryggi jafnframt mikinn vöxt í fjárhagslegum efnum. Forsetanum eru þakkaðar þessar breytingar, en hann einsetti sér að breyta FC Barcelona úr knattspyrnufélagi í afþreyingarfyrirtæki með því að fjárfesta í nýjum tekjuþáttum og efla þá þætti sem fyrir voru. Með því að fjárfesta í leikmönnum á borð við Ronaldinho og Samuel Eto´o var ljóst að innri þættir myndu eflast verulega og auka tekjur í formi aukinnar miða- og auglýsingasölu, sjónvarpssamninga og alls kyns varnings auk aukinnar athygli fjölmiðla á félaginu.

Tölurnar tala sínu máli. Velta félagsins hefur frá keppnistímabilinu 2002-2003 farið úr 11,5 milljörðum króna í 22 milljarða fyrir nýliðið leikár. Barca tapaði 6,8 milljörðum fyrir þremur árum og skuldaði 17,3 milljarða, nú heyrir taprekstur sögunni til og skuldir fara minnkandi. FC Barcelona er nú í níunda sæti Forbes yfir verðmætustu félög heims en samkvæmt listanum er liðið metið á 31 milljarð króna og má ætla að verðmiðinn hækki jafnt og þétt með sömu þróun.

### ANDLIT KATALÓNÍU

Uppbygging FC Barcelona er allt önnur en flestallra stærstu knattspyrnuliða heims sem eru oftar en ekki í eigu fárra auðkýfinga eins og Chelsea, Manchester Utd. og A.C. Milan. Barcelona er félagsskapur meðlima (socios) sem telur 142 þúsund manns og hefur fjölgað mjög frá því Laporta tók við. Að einhverju leyti má líkja Barca við almenningshlutafélag því meðlimirnir greiða fyrir aðild sína að félaginu og kjósa svo forseta og aðra stjórnendur. Aðrar íþróttir koma einnig við sögu því keppt er undir merkjum Barcelona í handbolta, körfubolta og hokkýi. Hvorki handbolti né körfubolti standa undir sér og kemur það því í hlut knattspyrnunnar að leggja það fram sem á vantar.



**BESTA FÉLAGSLIÐ Í HEIMI** Ronaldinho og fyrirliðinn Puyol fagna sigri í meistaradeildinni á dögunum.

En í herbúðum félagsins leynist einnig merkileg saga sem sumpart er saga Katalóníu. Félagið er andlit héraðsins út á við og hefur verið sameiningartákn þess á góðum sem erfiðum stundum. „Katalónía er þjóð og FC Barcelona her þess,“ sagði Bobby Robson, fyrrum knattspyrnustjóri Barca. Simon Kuper segir svo frá í „Football against enemy“ að á valdatíma Francos hafi Nývangur (Nou Camp) verið eini staðurinn sem klær einræðisherrans náðu ekki til. Til að ögra Franco karlinum, sem gat þulið upp öll byrjunarlið Real Madrid langt aftur í tímann, blakti katalónski fáninn við hún á leikvanginum. „Það er ekki rétt að ég hati Katalóníu. Ég dái Katalóníu þrátt fyrir Katalóna,“ mælti einræðisherrann eitt sinn.

Hersveitir Francos stormuðu niður Avenida Diagonal í átt til miðborgar Barcelona snemma árs 1939 og mörkuðu þannig endalok spænsku borgarastyrjaldarinnar og fullnaðarsigurs þjóðernissinna yfir lýðveldissinnum.

„Þegar Barcelona vinnur deildina, verðum við herlið gleðinnar, göngum upp Diagonal og stöndum andspænis því áfalli [þegar hersveitir Francos gengu niður],“ skrifar bakvörðurinn knái Oleguer, sósíalisti og andstæðingur alþjóðavæðingar og Evrópusambands, í rit sitt „Leiðin til Íþöku“.

Mörgum hefur þó fundist full einfalt að stilla hlutunum upp þannig að FC Barcelona standi fyrir lýðræði gagnvart einræðinu í Madrid. Í valdatíð Josep Lluis Nuñez, á árunum 1978-2000, þóttu stjórnarhættir allt annað en lýðræðislegir en á móti var Barca sigursælt á þessu tímabili; varð sjö sinnum Spánarmeistari og fór með sigur af hólmi í gömlu meistaradeildinni árið 1992. Gavin Hamilton, ritstjóri World Soccer, er á því að þá umbyltingu sem hefur orðið eftir að Laporta tók við keflinu megi einmitt rekja til opnari stjórnarhátta og nútímalegri vinnubragða, til dæmis að líta á knattspyrnulið sem hvern annan „bisness“.

### MENGA EKKI TREYJUNA

Tækifæri til frekari tekjuaukningar og aukins hagnaðar FC Barcelona blasa við: Nægir þar að nefna að Barca hefur aldrei borið nafn styrktaraðila á treyjunum og hefur ástæðan verið sögð sú að ekki mætti „menga“ hinn röndótta búning. Nú hafa þó félagsmenn veitt stjórn heimild til að fá styrktaraðila. Á næstu leiktíð má reikna með að auglýsandi verði kominn á treyjurnar en ekki er víst að stórfyrirtæki muni eiga þar hlut að máli heldur mannúðarsamtök. Einnig hefur verið bent á að miðaverð á hinn glæsilega Nývang er mun lægra en gengur og gerist hjá öðrum stórliðum, til að mynda í Englandi. Það er sennilega gert af ráðnum hug, svona eins konar verðlaun til dyggra félagsmanna. Ódýrasti ársmiðinn á Nývangi kostar 69 pund en til samanburðar verður ódýrasti ársmiðinn á Emirates Stadium, nýjum og glæsilegum leikvangi Arsenal, 885 pund. Dýrasti miðinn á leiki Barca kostar 579 pund.



**FRANCO HERSHÖFÐINGI** „Það er ekki rétt að ég hati Katalóníu. Ég dái Katalóníu þrátt fyrir Katalóna.“

Þá horfa forráðamenn Barcelona til Austurlanda fjær, aðallega til Kína og Japans, í von um að eignast þúsundir stuðningsmanna sem myndu skapa félaginu miklar tekjur. Þetta hefur reynst Manchester Utd. og Real Madrid fengsæl tekjuleið. Esteve Calzada, markaðsstjóri FC Barcelona, segir að þótt knattspyrna sé vinsælasta íþróttagrein heims þá sé hún enn framandi í mörgum Asíulöndum. Hann tekur sérstaklega fram að þótt það væri freistandi að hafa japanskan eða kínverskan leikmann á mála hjá liðinu álíti stjórnendur félagsins að undirstaðan að velgengni félagsins sé hæfileikaríkir leikmenn sem skili vinnunni sinni - nefnilega sigrum.

**Byggt á: Football against enemy, Guardian og World Soccer.**





Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR

FYRIRTÆKJASJÓÐURINN

# 16,2%

# ávöxtun

Fíton/SÍA

**Tilboð til 1. júlí 2006 – 100% afsláttur af kaupþóknun**

Markmið Fyrirtækjasjóðsins er að skila langtímahækkun eigna með fjárfestingum í meðallöngum verðtryggðum skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum. Fyrirtækjasjóðurinn skilaði 16,2% nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. apríl–2. maí 2006. Sjóðurinn hentar vel þeim sem vilja fá jafna ávöxtun og frekar litlar sveiflur í ávöxtun.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400** eða kíktu á vefsíðuna okkar **www.vsp.is**.

Fyrirtækjasjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluaðili sjóðsins. Fyrirtækjasjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu og útdrætti útboðslýsingar sem hægt er að nálgast á vefsíðunni **www.vsp.is.**

SPARISJÓÐURINN

# Cyntellect *fæddist yfir rau*

**Bernhard Ö. Pálsson** er stjórnarformaður bandarísk-íslenska líftæknifyrirtækisins C
háskóla í San Diego. Bernhard hefur búið í Bandaríkjunum frá árinu 1977 og komið a
skilyrði til skráningar á markað mun hagstæðari á Íslandi en í Bandaríkjunum.



**BERNHARD Ö. PÁLSSON, STJÓRNARFORMAÐUR CYNTELLECT** Bernhard segir keppinauta ekki standast Cyntellect snúning

**„Það getur í raun enginn gert það sama og við erum að gera, en það eru aðrar aðferðir til við að koma efnum inn í frumur. Að mínu áliti, og margra annarra, standast þær aðferðum okkar þó hvergi snúning. Þessi tækni er algerlega byltingarkennd.“**

Bernhard Ö. Pálsson er fæddur árið 1957 og uppalinn í Garðabænum. Hann gekk í Menntaskólann í Hamrahlíð og lagði síðar stund á efnafræði við Háskóla Íslands. Árið 1977 ákvað Bernhard að flytja með allt sitt hafurtask til Bandaríkjanna og hefja nám þar. Bernhard lauk doktorsprófi í efnaverkfræði við Wisconsin-háskóla árið 1984.

Að námi loknu tók Bernhard upp kennslu og var prófessor í efnaverkfræði við háskólann í Michigan til 1995. Á meðan á dvölinni í Michigan stóð öðlaðist Bernhard sína fyrstu reynslu af fyrirtækjarekstri þegar hann kom að stofnun líftæknifyrirtækisins Astrom árið 1989.

Bernhard segir Astrom eitt af fáum líftæknifyrirtækjum sem hafi lifað af erfiða tíma við aldamótin síðustu. „Þetta fór frá því að vera tilraun á rannsóknarstofunni hjá mér árið 1989 í að vera skráð félag á NASDAQ átta árum seinna. Ég hætti öllum afskiptum af fyrirtækinu um svipað leyti og ég fór frá Michigan. Þá var Astrom komið vel á leið, þar unnu sjötíu starfsmenn og mínu hlutverki var einfaldlega lokið.“

Bernhard segir aðkomuna að Astrom hafa verið góða reynslu. „Þarna fékk maður að smakka á þessum bransa. Hvernig ætti að koma fyrirtækjum af stað og halda þeim gangandi. Ég lærði náttúrulega alveg gígantískt af þessu.“

**MEÐHÖNDLA FRUMUR MEÐ LEYSIGEISLA**

Árið 1995 flutti Bernhard til San Diego í Kaliforníu. Þar gegnir Bernhard stöðu prófessors í lífverkfræði við Kaliforníuháskóla í San Diego auk þess að sinna hlutastarfi við læknadeildina.




**HOP TÆKIÐ FRÁ CYNTELLECT** Tækni Cyntellect byggist á því að meðhöndla frumur með leysigeisla. Með því að skjóta á frumur með slíkum geislum má koma fyrir efnasamböndum inni í þeim.

Bernhard segir fyrsta vísi að Cyntellect hafa orðið til meðan hann var staddur í nokkurra mánaða Fulbright-leyfi í Danmörku. „Hugmyndin að Cyntellect fæddist í blíðskaparveðri á Strikinu í Kaupmannahöfn yfir góðu rauðvínsglasi árið 1996.“

Hann segir hugmyndina hafa hljómað fremur undarlega fyrst um sinn. Að skjóta frumur með leysigeisla væri eitthvað sem frekar ætti heima í bíómyndum. „En ég skrifaði þetta í minnisbókina mína og skoðaði síðan tæknilegu hliðina þegar ég kom aftur til Ameríku. Þá komst ég að því að þetta var vel framkvæmanlegt.“

Næstu misseri fóru að mestu í undirbúning að stofnun fyrirtækisins. Bernhard lagðist yfir tæknileg smáatriði, talaði við fjárfesta og gerði viðskiptaáætlanir. „Hjólin byrjuðu síðan að snúast fyrir alvöru 1998 þegar fyrirtækið var frumfjármagnað. Starfsemin var síðan sett formlega af stað í janúar 1999.“

Upphafleg hugmynd Bernhards var að hreinsa krabbameinsfrumur úr beinmerg sem flytja átti milli fólks með aðstoð leysigeisla. Prófanir leiddu síðar í ljós að ekki var markaður fyrir hugmyndinni svo hafist var handa við að breyta áherslum fyrirtækisins. „Þá breyttum við frá því að meðhöndla frumur sem síðan áttu að fara inn í fólk, í að meðhöndla frumur í rannsóknarskyni.“

Síðan hefur Cyntellect einkum unnið að þróun svokallaðs LEAP-tækis sem getur gert margvíslegar tilraunir á frumum. „Við höfum meðal annars komist að því að ef þú skýtur leysigeisla með lágum styrk á frumur, opnast þær í tuttugu til þrjátíu sekúndur og þannig má koma efnasamböndum fyrir inni í þeim. Þetta er náttúrulega gríðarlega merkileg uppgötvun og þýðingarmikil fyrir læknisfræðina.“

**MILLJARÐAMARKAÐUR**

Cyntellect býður nú upp á tvenns konar tæki; áðurnefnt LEAP og minni gerð sem kallast HOP. „Heildarmarkaður fyrir stærra tækið eru svona þúsund í heiminum öllum, en fyrir það smærra tíu þúsund. Stærra tækið kostar hálfa milljón dala og það minna fjörutíu þús-

## Stefnumót sprota-fyrirtækja og fjárfesta

ISEC markaður Kauphallar Íslands verður til hliðar við aðallista Kauphallarinnar og er einkum ætlaður smærri fyrirtækjum í vexti. Skráningarskilyrði eru ekki jafn ströng og á aðallistanum.

Fyrirmynd iSEC markaðar Kauphallar Íslands er sótt til AIM-markaðarins í Lundúnum sem hefur verið starfræktur frá árinu 1995.

AIM er einkum ætlaður smærri og millistórum fyrirtækjum í vexti. Um nítján hundruð félög hafa verið skráð á AIM frá upphafi og viðskipti alls numið um 2000 milljörðum íslenskra króna. Mörg félaga á markaðnum hafa vaxið hratt og um síðir verið skráð á aðalmarkað Kauphallarinnar í Lundúnum.

ISEC markaðurinn byggir á sama grunnsjónarmiði. Búinn er til vettvangur til viðskipta með bréf í fyrirtækjum sem ekki uppfylla skilyrði til skráningar á aðallista Kauphallarinnar eða hafa einfaldlega ekki til þess burði.

Markmið iSEC er að leiða saman fyrirtæki í vexti og fjárfesta. Fyrirtæki á markaðnum verða ekki háð jafn ströngum skilyrðum og á aðalmarkaði Kauphallarinnar. Sú krafa er þó gerð að þau veiti með skipulögðum hætti upplýsingar um reksturinn; afkomutölur skal gefa út á hálfs árs fresti, auk annarra upplýsinga sem geta haft áhrif á verðmyndun.



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Fyrirmynd iSEC markaðar Kauphallar Íslands er sótt til AIM-markaðarins í Lundúnum. Mörg félaga á AIM hafa vaxið hratt og um síðir verið skráð á aðalmarkað Kauphallarinnar í Lundúnum.

Ekki eru sett takmörk á stærð fyrirtækja sem skrá sig á iSEC markaðinn, lengd rekstrarsögu eða dreifingu eignarhalds. Þá gilda ekki reglur um yfirtökuskyldu.

Félög sem hyggja á skráningu verða að birta svokallað skráningarskjal sem leggur grunn að upplýsingaskyldu. Í skjalinu þurfa stjórnendur viðkomandi félags að lýsa því yfir að þeir telji fyrirtækið hafa aðgang að nægu rekstrarfé til tólf mánaða hið minnsta. Auk þess eru hömlur á sölu hlutabréfa helstu stjórnenda í eitt ár frá skráningardegi. - jsk

# ðvínsglasi á Strikinu

ntellect auk þess að gegna stöðu prófessors við Kaliforníu-
ð margvíslegum rekstri. Í samtali við *Jón Skaftason* sagði hann



und. Þannig að þetta er í raun einfalt reikningsdæmi," segir Bernhard.

Hann segir sambærileg fyrirtæki hafa náð tíu til fimmtán prósenta markaðshlutdeild á fimm árum. „Við verðum að vera hæverskir þegar við setjum fram áætlanir og setja okkur raunhæf markmið. Markaðurinn fyrir þessi tvö tæki ætti að vera um milljarður bandaríkjadala og við stefnum að góðri markaðshlutdeild eftir fimm ár."

Bernhard segir þó að ekki sé í raun um beina samkeppni að ræða. Aðrir framleiðendur beiti annarri tækni. „Það getur í raun enginn gert það sama og við erum að gera, en það eru aðrar aðferðir til við að koma efnum inn í frumur. Að mínu áliti, og margra annarra, standast þær aðferðum okkar þó hvergi snúning. Þessi tækni er algerlega byltingarkennd."

Viðskiptamódel Cyntellect gerir þó ráð fyrir fleiri tekjulindum. „Við seljum einnig efni sem þarf í tækin. Við sjáum ekki síður framtíðarvon í efnissölunni en tækjunum sjálfum. Slíkar tekjur koma jafnt og þétt meðan tekjur af tækjunum koma í stærri skömmtum."

**ISEC SPENNANDI KOSTUR**

Bernhard segir Cyntellect í dag fá fleiri pantanir en það ræður við. Skráningunni sé ætlað að útvega það fé sem til þarf svo fyrirtækið geti haldið áfram að vaxa og hægt sé að koma framleiðslu og markaðssetningu á legg.

Sú ákvörðun Cyntellect að skrá félagið á markað hér á Íslandi er þó ekki einungis til komin vegna margvíslegra tengsla við landið. Bernhard segir tvær meginástæður fyrir því að ákveðið var að skrá Cyntellect á iSEC markað Kauphallarinnar. „Í fyrsta lagi er gríðarlega flókið og dýrt að skrá félag á markað í Bandaríkjunum. Skráningin á NASDAQ kostar tvær milljónir dala til að byrja með og síðan kostar um eina milljón á ári að viðhalda henni. Í öðru lagi er fyrirtækið á því skeiði í þróunarferlinu að áhættufjárfestar líta ekki við því lengur, en við eigum þó enn nokkuð í land með að ná þeim tekjum sem þarf til að skrá fyrirtæki á markað í Bandaríkjunum."

Bernhard segir iSEC vera spennandi markað. Hæfilega strangar kröfur séu gerðar til skráðra fyrirtækja, og þeim í senn veitt aðhald og búnar aðstæður til vaxtar. „Við erum mjög spenntir fyrir því að vera fyrsta skráða félagið á iSEC. Það er gaman að taka þátt í því að koma nýju ævintýri af stað."

Hann hefur ekki áhyggjur af því að lítil velta verði á markaðnum eða verðmyndun ekki nægilega virk. „Tíminn mun vissulega leiða það í ljós. Það getur vel verið að viðskiptin verði lítil til að byrja með en þau munu aukast í samræmi við vöxt fyrirtækisins."

Bernhard telur ekki loku fyrir það skotið að skráning á iSEC sé fyrsta skrefið í átt til skráningar Cyntellect á aðallista Kauphallarinnar. „Það getur vel verið, þótt það sé ekkert endilega í spilunum núna. Við erum í það minnsta bjartsýnir og verðum í góðum málum ef við náum þeim markmiðum sem við höfum sett okkur."

### KOSINN Í VERKFRÆÐIAKADEMÍU BANDARÍKJANNA

Bernhard Ö. Pálsson var nýlega kosinn í verkfræðiakademíu Bandaríkjanna. Þar situr hann með ekki ómerkari mönnum en Bill Gates, stjórnarformanni Microsoft, og Steve Jobs, forstjóra Apple.

Í akademíunni eru tvö þúsund manns; þúsund fræðimenn og þúsund manns sem koma úr iðnaði. Árlega eru teknir inn sjötíu nýir meðlimir. Bernhard er fæddur árið 1957 og verður því fjörutíu og níu ára á þessu ári. Það þykir tíðindum sæta að svo ungur maður sé valinn til starfa í akademíunni en vaninn er að fólk öðlist þar sess á gamals aldri. „Þetta er hápunkturinn á mínum ferli. Þetta er mjög selektívur félagsskapur og mikill heiður. Maður er hálfgert unglamb samanborið við þessa kappa."

Hlutverk akademíunnar er einkum að sinna fræðistarfi. Gefnar eru út skýrslur og álit unnin um stöðu og framtíðarhorfur verkfræðinnar.



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON FORSTJÓRI KAUPHALLAR ÍSLANDS** Skráning bandarískra fyrirtækja á evrópska markaði hefur aukist undanfarin misseri. Þórður Friðjónsson telur aðstæður á Íslandi ákjósanlegar slíkum fyrirtækjum.

## Aðstæður ákjósanlegar erlendum fyrirtækjum

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segist binda vonir við að hægt verði að virkja þann gríðarlega mikla mun sem er á kostnaði við skráningu í Bandaríkjunum og á Íslandi.

Umfangsmiklar breytingar voru gerðar á bandarískum fyrirtækjalögum, í kjölfar Enron-málsins og annarra hneykslismála sem riðu yfir bandarískt viðskiptalíf, með svokallaðri Sarbanes-Oxley-löggjöf. Nú er svo komið að reglur hafa verið hertar svo mjög og kostnaður aukist að skráningum hefur fækkað hlutfallslega í Bandaríkjunum og félög leita í auknum mæli á náðir evrópskra kauphalla.

„Félög leita í ríkari mæli til Evrópu, þá sérstaklega til Lundúna. Ég á von á því að fleiri erlend og þá einkum bandarísk fyrirtæki fylgi í kjölfar Cyntellect, og þá ekki síst fyrirtæki sem hafa tengsl við landið og þekkja til hérna heima," segir Þórður.

Þórður telur þó að til að svo megi verða sé nauðsynlegt að slaka hvergi á og kappkosta að búa erlendum fyrirtækjum góð skilyrði. „Við verðum að verja það sem ég hef talið okkar aðalsmerki; að geta unnið hratt án þess að fórna því að fara með yfirveguðum og ítarlegum hætti yfir málin. Hér er sveigjanlegt kerfi og skilvirkt regluverk. Við höfum hér aðstæður sem gætu verið ákjósanlegar fyrir erlend fyrirtæki." -jsk

# Íslenskt-bandarískt hátæknifyrirtæki

## Cyntellect verður hvort tveggja í senn fyrst fyrirtækja á iSEC-markaðnum og fyrst bandarískra fyrirtækja til vera skráð á íslenskan markað.

Cyntellect var stofnað árið 1997 af Bernhard Pálssyni. Fyrirtækið hét Oncosis frá stofnun þar til árið 2004 að nafninu var breytt í Cyntellect.

Höfuðstöðvar Cyntellect eru í San Diego í Kaliforníu og vinna þar tuttugu og sjö fastir starfsmenn. Fyrirtækið framleiðir tæki og tól fyrir lyfja- og líftækniiðnaðinn og er nú þegar með fimm skráð einkaleyfi tengd tækni sem meðhöndlar frumur með leysigeisla. Cyntellect verður ekki einungis fyrsta félagið sem skráð verður á hinn nýja iSEC-markað Kauphallar Íslands, heldur einnig fyrsta bandaríska félagið sem skráð verður á íslenskan markað.

Cyntellect er réttnefnt íslensk-bandarískt fyrirtæki þótt höfuðstöðvarnar og starfsemin séu í Bandaríkjunum. Bernhard Pálsson er stjórnarformaður félagsins auk þess að eiga fjórðung hlutafjár, en auk hans sitja þeir Friðrik Jóhannsson og Tryggvi Pétursson í stjórn Cyntellect. Forstjóri fyrirtækisins er Bandaríkjamaðurinn Manfred Koller.

Cyntellect verður formlega skráð á iSEC-markaðinn þann 23. júní næstkomandi. Áður en skráning fer fram verður útboð til fagfjárfesta þar sem hlutir í félaginu verða seldir á 2,5 til þrjá dali hver, eða sem nemur 180 til 216 íslenskum krónum. Stefnt er að því að safna alls tíu til tólf milljónum bandaríkjadala í útboðinu.

- jsk



**JIM LINTON MARKAÐSSTJÓRI CYNTELLECT** Forsvarsmenn Cyntellect hafa kynnt fyrirtækið fyrir fjárfestum og öðrum undanfarna daga. Hér heldur Jim Linton markaðsstjóri tölu í höfuðstöðvum KB banka í Borgartúni.

# Tilbúnar að taka völdin

Fyrsta og annan dag júnímánaðar var ráðstefnan Tengslanet – völd til kvenna haldin í þriðja sinn í viðskiptaháskólanum á Bifröst. Ráðstefnan hófst með göngu á Grábrók í grenjandi slagveðri sem engin þeirra fjögur hundruð kvenna sem höfðu skráð sig til þátttöku lét á sig fá.

Við pallborð töluðu alls sextán konur um meginefni ráðstefnunnar sem að þessu sinni voru staðalímyndir, fyrirtækjamenning og samskipti. Ástralski rithöfundurinn, prófessorinn og femínistinn Germaine Greer var aðalfyrirlesari ráðstefnunnar. Hún fór mikinn og hlustuðu gestir ráðstefnunnar á hana af athygli milli þess sem þær ráku upp hlátur, kinkuðu kolli í samþykki eða hristu hausinn, enda hafa skoðanir hennar löngum hrist upp í þeim sem á hana hlusta.

Greer sagði meðal annars að ef konur vilja komast áfram í viðskiptalífinu eigi þær ekki að gera það með því að breytast í karlmenn sjálfar, heldur þróa til þess nýjar aðferðir og nýja hugsun. Þær ættu ekki að feta í fótspor Margaret Thatcher sem á sínum tíma hafi orðið forsætisráðherra í Bretlandi þar sem „enginn annar karl hefði fundist til að taka við starfinu“.

Í ályktun Tengslanetsins 2006 var sérstakri athygli beint að hlutfalli kvenna í stjórnum á Íslandi en konur eru nú fjórar af 140 stjórnarmönnum félaga í Kauphöll Íslands og hefur þeim fækkað milli ára. Var ítrekuð nauðsyn þess að setja lög sem miði að því að jafna hlut kynjanna.

**- hhs**



**FULLT HÚS AF KONUM** Á fjórða hundrað kvenna sóttu ráðstefnuna Tengslanet - Völd til kvenna sem haldin var á Bifröst fyrstu tvo daga júnímánaðar og er ekki annað að sjá en að þær hafi skemmt sér vel.



**KVENSKÖRUNGAR** Herdís Þorgeirsdóttir, upphafsmaður og stjórnandi ráðstefnunnar Tengslanet, og Germaine Greer, baráttukona og aðalfyrirlesari ráðstefnunnar.



**LOF Í LÓFA** Ráðstefnugestir risu úr sætum og klöppuðu dátt þegar Germaine Greer, aðalfyrirlesari ráðstefnunnar, hafði lokið máli sínu.




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

# VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma akstursseiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

### Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu hálsog bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is



GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Volvo S40 bensín.**
**Verð frá 2.595.000 kr.***

**Volvo S40 dísil.**
**Verð frá 2.965.000 kr.***



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Samskip koma sér í kjörstöðu í Evrópu

Ríki Evrópu vilja auka vægi sjóflutninga til þess að létta álagi af landflutningum. Samskip tóku í lok síðustu viku við tveimur nýjum skipum sem sigla munu á skemmri flutningaleiðum Evrópu. *Óli Kristján Ármannsson* var viðstaddur þegar fyrirtækið kynnti stefnu sína til framtíðar í Rotterdam í Hollandi, en þar rísa brátt nýjar höfuðstöðvar fyrirtækisins.

„Við keyptum þegar fáir voru á ferðinni og verðum í kjörstöðu þegar aðstæður batna á flutningamarkaði,“ segir Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður Samskipa og vísar þar meðal annars til verðþróunar á olíu. Samskip eru nú er annað stærsta flutningafélag á hafnarsvæðinu í Rotterdam í Hollandi, stærstu höfn Evrópu, á eftir Maersk og rekur umfangsmestu alhliða gámaflutningsþjónustu í Evrópu eftir kaupin á Van Dieren Martime, Seawheel og Geest North Sea Line. Tvö síðarnefndu fyrirtækin voru keypt í fyrra.

„Við fórum strax í tiltölulega erfiðar og strangar hagræðingaraðgerðir,“ segir Ólafur, en í þeim var stórum hluta, allt upp í þriðjungi starfsfólks þeirra sagt upp störfum. Í hátíðarræðu, eftir að tveimur nýjum skipum Samskipa voru gefin nöfn í Rotterdamhöfn í Hollandi síðasta fimmtudag, sagði Michael F. Hassing, annar forstjóra Samskipa, mikla ánægu með að framtíðarsýn Ólafs hafi verið hrint í framkvæmd. „Við höfum tekið fyrsta skrefið,“ sagði hann í ræðu eftir að tveimur nýjum



**Í ROTTERDAM** Samskip Pioneer sem hér sést á siglingu um höfnina í Rotterdam og Samskip Courier tóku saman yfir 300 metra af bryggjuplássi í höfninni þegar þeim var gefið nafn við hátíðlega athöfn um mánaðamótin. MYND/HREINN MAGNÚSSON

fraktskipum voru gefin nöfn og þau tekin í notkun í Rotterdamhöfn síðasta fimmtudag. Um leið var kynnt ákvörðun Samskipa um að leggja niður nöfn keyptu fyrirtækjanna og sameina alla starfsemi félagsins undir vörumerki Samskipa. Hann segir undirbúning við að sameina starfsemina á þann hátt hafa staðið síðustu sjö mánuði.

Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, segir líka sérstaka ástæðu til að fagna tímamótum í sögu félagsins sem vaxið hefur gífurlega. Nýju skipin tekur fyrirtækið á kaupleigu til fimm ára í senn, með möguleika á framlengingu, að sögn Ásbjörns. Hvort um sig kosta skipin 15 milljónir evra. „En þetta er okkar hönnun og þau byggð fyrir okkur,“ segir hann, en á haustmánuðum verða svo afhent tvö skip að auki frá Damen skipasmíðastöðinni í Rúmeníu. Ásbjörn segir horft til frekari vaxtar í Evrópu og Asíu. „Í þessari gámaflutningastarfsemi og skiparekstri liggur áherslan hér í Evrópu. En Samskip starfa á þremur meginsviðum; á sviði gámaflutninga í Evrópu, í flutningum á Íslandi eins fjölþættir og þeir eru, og svo í frystivöruflutningum á heimsvísu. Undir frystivöruflutningaeiningunni eru svo ört vaxandi viðskipti í Asíu.“ Í Bandaríkjunum hefur fyrirtækið látið til sín taka í frystivöruflutningum, en þar segir Ásbjörn ekki sömu tækifæri til vaxtar og í Evrópu.

Karla Peijs, samgönguráðherra Hollands, segir deginum ljósara að vöxtur sé í farmflutningum á skemmri leiðum, eða í svokölluðum „short-sea shipping“. Hún flutti ræðu eftir að hafa gefið skipinu Samskip Pioneer nafn síðasta fimmtudag. Hinu skipinu gaf frú Opstelten-Dutilh, borgarstjórafrú í Rotterdam, nafn og heitir það Samskip Courier. Skipin eru sérhönnuð til flutninga á 45 feta gámum sem rutt hafa sér til rúms í flutningum í Evrópu. Hvort skip getur borið 812 20 feta gámaeiningar, eða yfir níu þúsund tonn og er ríflega 140 metra langt og 22 metra breitt. „Í Hollandi búum við við gífurlegt álag á vegakerfinu og miklar umferðarteppur,“ segir hún og kveður ríkisstjórnina styðja dyggilega við þá þróun að flutningar færist í auknum mæli yfir í skip þannig að ávallt sé farin skemmsta leið á á áfangastað landleiðina. Þá upplýsti hún að ríkisstjórnin hefði eyrnamerkt 10 milljónir evra til nýsköpunar í sjóflutningum á skemmri leiðum. „Þetta er í samræmi við sérstakt átak Evrópusambandsins. Milljóna tonna álagi hefur þegar verið létt af hollenskum vegum og fyrir það erum við þakklát,“ segir hún.

45 feta gámarnir sem Samskip notar, og Geest var í fararbroddi við að þróa, gegna lykilhlutverki við þróun í „short-sea shipping“ þar sem með notkun þeirra er sama magn um borð í gámi í skipi og er í vöruflutningabílum eða í lestarflutningum. Áður þurfti tvo gáma til að taka við innihaldi flutningabíls um borð í skip.



**HORNSTEINN LAGÐUR** Michael Hassing forstjóri leggur hornstein að nýjum höfuðstöðum Samskipa í Rotterdam fyrsta þessa mánaðar. Fyrr um daginn gáfu samgönguráðherra Hollands og borgarstjórafrúin í Rotterdam nýjum skipum Samskipa nöfn. MYND/HREINN MAGNÚSSON




**FORSVARSMENN SAMSKIPA** Ásbjörn Gíslason og Michael F. Hassing, forstjórar Samskipa, og Ólafur Ólafsson, stjórnarformaður fyrirtækisins, stilltu sér upp til myndatöku þegar nýjum skipum félagsins voru gefin nöfn í Rotterdamhöfn í byrjun mánaðarins. MYND/HREINN MAGNÚSSON




VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Breytingar á horfum um lánshæfi ríkisins auka á vandann.

# *Mikilvægi skýrrar efnahagsstefnu*

**Hafliði Helgason**

Breytingar á framtíðarhorfum á lánshæfismati ríkisins úr stöðugum í neikvæðar frá matsfyrirtækinu Standard & Poors eru bakslag í umræðu um íslenskt efnahagslíf á erlendum vettvangi. Með skýrslu Frederics Mishkin og Tryggva Þórs Herbertssonar um stöðu efnahagskerfisins tókst að slá á neikvæða umræðu sem ein og sér hefði skapað hér mikinn vanda. Mat S&P hjálpar ekki til við að halda umræðu um íslenskt fjármálakerfi á sæmilega skynsamlegu plani.

Vandinn er nefnilega sá að fjármálakerfið losnar trauðla undan því að vera dregið inn í umræðu um stjórn efnahagsmála hér á landi. Þá gildir einu að S&P gerir þar skýran greinarmun á. Þannig eru horfur fyrir Glitni óbreyttar að mati fyrirtækisins, þrátt fyrir óstöðugri horfur íslenska ríkisins.

Óróinn í kjörum bankanna á fyrst og fremst rætur í efasemdum um stjórn innlendra efnahagsmála. Bankarnir gjalda einfaldlega fyrir gjaldmiðilinn og íslenskt efnahagslíf.

**Þrástagast hefur verið á nauðsyn þess að ríkið sýni fastari tök á efnahagsmálum og sendi út skýr skilaboð um að hættan á harðri lendingu sé tekin alvarlega. Þessi söngur hefur nú hljómað í nokkur misseri, án þess að mikil merki sjáist um það að á hann sé hlustað. Þannig hefur ekki verið tekið á stöðu Íbúðalánasjóðs, þrátt fyrir athugasemdir Seðlabankans og alþjóðastofnana þar að lútandi. Stjórnvöld hafa látið eins og að mjúk lending hagkerfisins sé náttúrulögmál.**

Þrástagast hefur verið á nauðsyn þess að ríkið sýni fastari tök á efnahagsmálum og sendi út skýr skilaboð um að hættan á harðri lendingu sé tekin alvarlega. Þessi söngur hefur nú hljómað í nokkur misseri, án þess að mikil merki sjáist um það að á hann sé hlustað. Þannig hefur ekki verið tekið á stöðu Íbúðalánasjóðs, þrátt fyrir athugasemdir Seðlabankans og alþjóðastofnana þar að lútandi. Stjórnvöld hafa látið eins og að mjúk lending hagkerfisins sé náttúrulögmál. Það er hún ekki og eftir því sem alþjóðaviðskipti verða stærri hluti efnahagskerfisins, því meiri hagsmunir eru af því að efnahagsmálum þjóðarinnar sé almennilega stjórnað.

Ný tíðindi um afsögn forsætisráðherra eru ekki til þess að létta þeirri óvissu sem ríkir um efnahagslífið. Verkefnið er skýrt. Markaðurinn þarf að fá skýr skilaboð um starfhæfa ríkisstjórn sem tekur af öll tvímæli um að hún sé raunveruleikatengd; að send séu út skýr skilaboð um að ráðstafanir sem miða að því að kæla hagkerfið. Til þess að mark sé svo á því tekið þurfa menn að hafa tilfinningu fyrir því að þingstyrkur sé til að fylgja slíkum skilaboðum eftir.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

Þau hafa lengt sinn sólarhring!

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

... næsta 3. vikna hraðnámskeið **13. júní**
... **Akureyri** 3. vikna hraðnámskeið **26. júní**
**Skráning á sumarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# Bylting í samskiptatækni heimsins gerir gömlum fjölmiðlum erfitt fyrir

ORÐ Í BELG



**Jón Hákon Magnússon**
Famkvæmdastjóri KOM Almannatengsla ehf.

Nú á tímum er enginn skortur á tækninýjungum sem hver á fætur annarri hefur á örskömmum tíma haft veruleg áhrif á athafnalífið og daglegt líf fólks um allan heim. Slík bylting hefur nú staðið í tvo áratugi og fátt bendir til þess að hún sé að renna sitt skeið. Bylting á sviði samskiptatækni sem hefur breytt heimsmyndinni og mun áfram leiða af sér miklar breytingar á allri útgáfustarfsemi. Hún er einnig að gjörbylta fjölmiðlatækninni, útbreiðslu fréttamiðla og áhrifamætti þeirra.

Markaðs- og þjónustufyrirtæki sem ekki fylgjast með breytingum og aðferðafræðinni við dreifingu upplýsinga verða útundan og deyja. Blöð, tímarit og ljósvakamiðlar eiga í vök að verjast. Áskriftir og lestur prentmiðla er á bullandi undanhaldi. Áhorf á sjónvarp dregst saman og hlustun á útvarp hefur færst yfir í tækniundur eins og iPod.

Gildi auglýsinga í prent- og ljósvakamiðlum minnkar stöðugt og leiðir af sér mikinn samdrátt í auglýsingasölu. Auglýsendur eru þreyttir á að eyða miklu fjármagni í birtingu í miðlum sem ekki ná athygli fólks. Þetta sést vel í bókinni The Fall of Advertising & Rise of PR, sem hefur farið eins og eldur í sinu um heiminn undanfarin ár. Margt bendir til að hefðbundnar auglýsingar séu að víkja fyrir nýjustu samskiptatækninni eins og blogginu og umræðusíðum, með sama hætti og málverkið laut í lægra haldi fyrir ljósmyndinni.

Alþjóðleg auglýsingafyrirtæki eru ráðþrota en eyða miklu afli í að finna nýjar auglýsingaleiðir. Almannatengslafyrirtæki blómstra í heiminum enda hefur þeim tekist þolanlega að nýta sér nýjustu tæknitólin í upplýsingamiðlun þó svo að þau hafi orðið að hafa sig öll við til að halda í við breytingarnar.

Fyrsta byltingin í upplýsingatækni varð á miðri 15. öld þegar þýski gullsmiðurinn Gutenberg fann upp laus stafamót sem varð upphaf þess að bókaprentun sprakk út og almenningur gat eignast prentaðar biblíur og bækur. Menntunarstig almennings hækkaði og sjóndeildarhringurinn víkkaði. Dagblöð urðu til. Löngu seinna kom útvarp og sjónvarp. Þessir þrír miðlar réðu upplýsingastreyminu og mótuðu skoðanir fjöldans. Þá kom tölvan og þar næst netið. Allt gerðist þetta á methraða. Ný bylting hófst.

Rétt eftir aldamótin voru hjón í Bandaríkjunum sem misst höfðu vinnu sína þegar „dot-com" blaðran sprakk. Þau lögðu grunninn að eigin tölvu-fréttamiðli þar sem þau rifjuðu upp gamlar minningar fyrir vini og vandamenn. Þau fundu upp það sem nú nefnist „daily log" eða „weblog" eða tölvudagbók. Orðið var stytt í blogg og upphófst bylting sem átti eftir að breyta upplýsingastreymi heimsins rétt eins og prentlausn Gutenbergs.

Bloggið hefur gjörbreytt allri útgáfustarfssemi og því hvernig fólk sækir upplýsingar eða kemur hugmyndum á framfæri. Áskrift að dagblöðum hefur hrunið. Áhorf á sjónvarp dregst stöðugt saman. Útvarp er helst notað í bílnum. Auglýsendur vita ekki lengur hvar fólkið er sem þeir þurfa að ná til. Hérlendis nægði fyrirtæki einu sinni að auglýsa í Mogganum, hádegisútvarpinu og fyrir kvöldfréttir Sjónvarps til að ná 90% þjóaðrinnar.

Fólk yngra en 35 ára gerist ekki áskrifendur að dagblöðum. Það sækir upplýsingar sínar á netið og bloggsíður. Það les bloggsíður og tekur virkan þátt í umræðum. Kannanir sýna að það til eru hátt í 30 milljónir bloggsíðna í heiminum.

Fólk kvartar undan daufum pólitískum umræðum í fjölmiðlum. Það er ekki nema von. Umræðan er fram með bloggi og á spjallsíðum. Kannanir sýna að tæp 60% unglinga setur les- og myndefni á netið. Margir búa til sín eign fréttablöð með fréttum, umræðum, myndum og gröfum máli sínu til stuðnings. Þar er líf í tuskunum.

Auglýsingafyrirtæki í Evrópu og Bandaríkjunum eyða nú miklum tíma í að finna leiðir til að geta birt auglýsingar á bloggsíðum, en það er enn grýtt leið.

Það er ekki bara bloggið sem er að breyta fjölmiðlalandslaginu. Nú er komið ný aðferð sem heitir Podcasting; orð samsett úr iPod og broadcasting. Á íslensku mætti kalla það Podvarp. Alls konar aðilar senda tónlist, útvarpsefni, fréttir, viðtöl, umræður sem hljóð- eða myndskrá á tölvuþjóna, sem notendur nálgast á netinu og hlaða inn á iPodinn sinn til hlusta á þegar þeir hafa tíma. Stjórnmálamenn og flokkar eru farnir að nota þenna nýja miðil til að senda út „pólitísk" áróðursviðtöl með góðum árangri. Ekki er langt um liðið frá því að byrjað var að senda heimatilbúið sjónvarpsefni eins og viðtöl sem hægt er að horfa á í iPod þessa sömu leið. Auglýsendur eru að reyna finna leiðir til auglýsa í Podvarpinu en það er þrautin þyngri.

Að lokum verð ég að nefna enn eina nýjungina sem veldur fjölmiðlum miklum áhyggjum. Það er „wiki-miðlunin" sem fer eins og eldur í sinu um allan heim. Wiki-miðlun er byltingarkennd fjölmiðlun sem er að breyta dreifingum upplýsinga og opna nýjan fróðleiksheim fyrir alla þá sem hafa aðgang að netinu. Þar er að finna ómetanlegt magn fróðleiks á um 200 tungumálum. Frægust er hin svonefnda Wikipedia eða Wiki-alfræðiorðabókin, sem inniheldur tólf sinnum meira efni á ensku en hin fræga Encyclopedia Britannica og er ókeypis. Hvað þýðir þessi þróun fyrir fjölmiðla og auglýsendur? Allt eykur þetta rekstrarvanda gömlu miðlanna.

Samskiptatæknin reynist okkur sem störfum við almannatengsl og fjölmiðlun erfið enda þurfum við að eyða mikilli orku í það eitt að fylgjast með henni. Ég öfunda ekki auglýsendur og stjórnendur gömlu hefðbundnu miðlanna sem eiga í vök að verjast tækninnar vegna.

**Fólk yngra en 35 ára gerist ekki áskrifendur að dagblöðum. Það sækir upplýsingar sínar á netið og bloggsíður. Það les bloggsíður og tekur virkan þátt í umræðum. Kannanir sýna að til eru hátt í 30 milljón bloggsíður í heiminum.**

## UM VÍÐA VERÖLD

### *Skilnaðartúrismi*

**Time Magazine |** Time Magazine veltir því fyrir sér hvort nýuppkveðnir dómar í skilnaðarmálum verði til þess að tíðni skilnaða í Englandi og Wales aukist. Tíðni skilnaða í Bretlandi er nú sú sjötta hæsta í Evrópu en nýleg þróun í dómsalnum gefur The Times tilefni til að velta því upp hvort þar kunni að vera breyting á. Í Bretlandi er engin helmingaskiptaregla líkt og á Íslandi og því dómurum gefnar öllu frjálsari hendur. Nýlega voru konu dæmdar tæpar sjö hundruð milljónir króna af eignum fyrrverandi maka síns eftir skammvinnan hjúskap. Þá hafi manni með um hundrað milljónir í árslaun verið gert að greiða fyrrverandi konu sinni helming launa sinna allt til æviloka. Í forsendum dómanna kom fram að konurnar hefðu báðar lagt eigin frama á hilluna í þágu maka sinna og ættu því skilinn ríflegan skerf af ávöxtunum. Blaðið virðist hafa talsverðar áhyggjur af þessari þróun og spyr hvort „skilnaðartúrismi" sé það sem koma skal; einungis þurfi að dvelja í Bretlandi í eitt ár til að öðlast rétthæfi.



### *Rétti maðurinn í starfið*

**Financial Times |** Financial Times segir Hank Paulson, hinn nýja fjármálaráðherra Bandaríkjanna, vera rétta manninn í starfið. Paulson hafi víðtæka reynslu sem forstjóri Goldman Sachs, eins virtasta fyrirtækis á Wall Street. Financial Times gengur meira að segja svo langt að setja Paulson verkefnalista. Hann skuli í fyrsta lagi láti dalinn í friði, en ekki freista þess að tala gengið upp líkt og forverar hans hafa reynt. Þá skuli Paulson treysta samband Bandaríkjanna við Kínverja, en til þess sé enginn betur fallinn. Paulson hafi sem forstjóri Goldman Sachs heimsótt Kína meira en sjötíu sinnum og myndað þar góð tengsl við valdamikla menn. Financial Times leggur enn fremur til að Paulson freisti þess að leggja Afríku lið í efnahagsmálum. Fjórða og kannski mikilvægasta verkefni Paulsons sé að predika aðhald í ríkisfjármálum. Bush forseti hafi ekki einu sinni beitt neitunarvaldi sínu gagnvart þinginu í stjórnartíð sinni. Nú sé kominn tími til að breyting verði á og Paulson sé eini maðurinn sem hafi slíka vigt að á sé hlustað.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristinn Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Öryggiskerfi stórauka öryggi í fyrirtækjum utan almenns vinnutíma

Eins og fram kom í fréttaskýringarþættinum Kompás fyrir fáum vikum hefur náðst augljós árangur í því að sporna við innbrotum í fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Viðmælandi fréttamanns, sem er kunnugur í undirheimunum, upplýsir í þættinum að þeir sem standa í innbrotum í fyrirtæki séu farnir að leita út á landsbyggðina, meðal annars vegna þess að fyrirtækin hér séu mun betur varin nú en áður og öryggisverðir og lögregla séu fljót á staðinn ef kerfin fara í gang. Það leiðir til þess að vinnufriður í innbroti er enginn og líkurnar á að innbrotsaðili náist á staðnum eru mun meiri en ella.

Öryggisfyrirtæki bjóða nú klæðskerasniðnar lausnir í öryggiskerfum fyrir fyrirtæki og stofnanir, sem skapa heildstæða vörn. Með öryggiskerfum er hægt að ná góðri stjórnun og yfirsýn yfir umgengni í viðkomandi fyritæki, brunahættu, vatnslekahættu, innbrotahættu, útslætti á rafmagni, hitasveiflum í viðkvæmum rýmum og svo framvegis. Yfirsýn sú sem öryggiskerfin skapa ýmist kemur í veg fyrir tjón eða minnkar líkur á stórtjóni, þar sem strax er brugðist við, ef kerfin fara í gang. Öryggiskerfin eru þó almennt þjál í allri umgengni fyrir starfsmenn viðkomandi fyrirtækja, enda eiga þau ekki að hafa nein heftandi áhrif á möguleika starfsmanna til umgengni utan hefðbundins vinnutíma, hafi þeir heimild og þörf fyrir það. Öryggiskerfin eru tengd við stjórnstöðvar viðkomandi öryggisfyrirtækis, sem sér um að bregðast við, berist boð frá kerfinu. Fyrirtækjum stendur bæði til boða að leigja búnaðinn sem settur er upp á staðnum samkvæmt svo kölluðum firmavarnarsamningi, vilji fyrirtæki losna við stofnkostnaðinn eða þau geta keypt hann og þar með tryggt sér lægri mánaðargjöld.

**ÖRUGG FYRIRTÆKI**
Átak Markaðarins og Sjóvá

Ábyrgir stjórnendur fyrirtækja telja að ráðstafanir til þess að tryggja öryggi fyrirtækisins utan almenns vinnutíma, séu eðlileg og nauðsynleg ráðstöfun í daglegum rekstri. Enginn vill verða fyrir óvæntum og óæskilegum uppákomum, bara vegna þess að ekki voru gerðar sjálfsagðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þær.

Víða verðlauna tryggingafélög fyrirtæki og einstaklinga sem gera markvissar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir tjón, með öryggiskerfum, góðri umgengni og frágangi. Það er að sjálfsögðu bæði hvetjandi fyrir þá sem fá slíka umbun, til dæmis í formi lægri iðgjalda, og minnkar líkur á að eitthvað beri út af í öryggislegu tilliti.

**Árni Guðmundsson, forstöðumaður öryggisgæslusviðs Securitas**

SPÁKAUPMAÐURINN

## Enginn sáir að hausti

Það er sama deyfðin yfir þessu öllu ennþá. Ég hef ekkert getað gert af viti undanfarna mánuði. Fyrsti skammtur fór inn á markaðinn þegar mér blöskraði lækkunin. Ég er svo sem ekki í miklu tapi af því, en ég hef ekki séð nýtt tækifæri til að koma inn á markaðinn á ný.

Ég hef oft orðið var við þann misskilning að við spákaupmenn liggjum yfir hagtölum og tökum ákvarðanir út frá því. Þetta er alrangt. Til að ná árangri í mínu starfi þarf, fyrir utan góðan heila og afar öflugt taugakerfi, að hafa djúpstæða þekkingu á mannlegu eðli og þjóðfélaginu.

Mér hefur stundum fundist skorta á þennan djúpa skilning úti á markaðnum. Kannski vegna þess að þar er mikið af ungu fólki sem einhvern veginn hefur ekki brennandi áhuga á neinu nema peningum og sjálfu sér. Það er ekki nóg.

Vegna þessa þá fylgist maður vel með öllu þjóðlífinu og þar eru ekki nægjanlega góðar fréttir þessa dagana. Halldór að hætta og enginn veit hver tekur við. Þetta getur leitt til ferlegra vandræða. Þess vegna er mikilvægt fyrir altæka hugsuði eins og mig að skoða málin vandlega áður en ég tek nýjar fjárhagslegar ákvarðanir. Ég met stöðuna þannig að ríkisstjórnin sé nánast að deyja úr innanmeinum Framsóknarflokksins. Efnahagsástandið er tæpt og það er engin orka eða þor í stjórninni til að taka nauðsynlegar ákvarðanir til að lenda hagkerfinu sæmilega. Ég er því ekkert sérstaklega bjartsýnn á þetta og sýnist að markaðurinn sé mér sammála um stöðumatið.

Það er fullt af fínum hlutum að gerast í fyrirtækjunum, en meðan almennur ótti er um að hagkerfið geti lent illa, þá fara menn ekkert í neinar rósir á hlutabréfamarkaði. Nema ef vera skyldi svona ískaldir gæjar eins og Hannes Smárason sem auðvitað kaupir þegar allir aðrir eru að gera á sig. Ég stóðst ekki freistinguna og keypti í Glitni og svo er ég með stöðu í Straumi og TM vegna komandi átaka. Þar með er þetta eiginlega upptalið og mikil sóun á greind og atorku að hafa ekki fleiri akra að plægja. En svona er það. Það sáir enginn að hausti. Að minnsta kosti ekki ef menn eru enn með fulla fimm.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



AURASÁLIN

## Finnur í forystu

**Þeim linnir ekki gleðifréttunum** á Íslandi um þessar mundir. Fyrst tókst Framsóknarflokknum að halda völdum í borginni og nú hefur verið ákveðið að Finnur Ingólfsson verði næsti formaður. Aurasálin gæti ekki verið ánægðari. Reyndar er svekkjandi að þurfa að bíða fram á haust – en það er búið að ákveða þetta.

**Finnur Ingólfsson er athafnastjórnmálamaður.** Þeir eru því miður ekki margir á Íslandi. Of margir pólitíkusar misskilja hlutverk sitt. Þeir halda að stjórnmálamenn eigi að „setja almennar leikreglur í samfélaginu“ og svo muni „markaðurinn“ ráða hvernig fram vindur. Þetta er þvættingur. Stjórnmálamenn eiga að redda fólki hlutum.

**Hugmyndafræði Aurasálarinnar** byggist á því að kjósendur hjálpi stjórnmálamönnum að fá vinnu og í staðinn þá reddi stjórnmálamaðurinn þeim vinnu, góðum díl eða einhverjum öðrum verðmætum. Þetta er spurning um sanngirni – kaup kaups, æ sér gjöf til gjalda, quid pro quo.

**Það er ekkert athugavert** við þetta fyrirkomulag sem tíðkast og það er heldur ekkert að því að stjórnmálamenn reddi bara sínum stuðningsmönnum. Ekki voru það kjósendur VG sem redduðu Finni Ingólfssyni formennskunni í Framsókn – ó, nei. Það verða flokksmenn sem redda honum því. Reyndar hefði verið betra ef miðstjórnin reddaði honum þessu því þá hefði hann þurft að redda miklu minna í staðinn.

**Viðskiptalífið verður** vitaskuld fyrir mikilli blóðtöku þegar Finnur færir sig um set. Rétt eins og stjórnmálin urðu fyrir blóðtöku þegar Finnur fluttist úr þeim í business. En Aurasálin örvæntir ekki. Þvert á móti er ekki ólíklegt að áhrif Finns í viðskiptalífinu muni enn aukast nú þegar hann er kominn aftur í pólitíkina. Það er mikilvægt í lýðræðislegu samfélagi að stjórnmálamenn, sem fara með lýðræðislegt umboð þjóðarinnar, láti til sín taka bæði í viðskiptum og pólitík – og jafnvel víðar, til dæmis í menningu og íþróttum.

**Aurasálin hefur fengið** endurnýjaða trú á lýðræðinu eftir að Framsókn náði völdum í Reykjavík og Finnur í Framsókn (það er auðvitað bara formsatriði að láta kjósa hann formann). Nú sjáum við öll fram á betri og bjartari tíð með fleiri og stærri álverum, eða hagvaxtarverksmiðjum eins og Aurasálin kýs að kalla þau, meiri bungaiðnaði, auknum landsbúnaði, hærra kjötfjalli og fleiri framsóknarmönnum í æðstu stöður þjóðfélagsins. Til dæmis vonar Aurasálin að Finnur Ingólfsson finni almennilegan og traustan framsóknarmann til að verða fréttastjóri Útvarps.

X-Finnur.

# Alþjóðlegt yfirbragð stjórnar Alfesca

**Yfirstjórn Alfesca tók á sig nýja og litríkari mynd í marsmánuði með tilkomu tveggja nýrra framkvæmdastjóra. Annar þeirra er af armenskum og breskum ættum, ólst upp í Íran og á sér skemmtilega sögu hvort sem snýr að vinnu og einkalífi. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* hitti Antony Hovanessian og rak úr honum garnirnar yfir hvítlauksristuðum humri.**



**ANTONY HOVANESSIAN, FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTAÞRÓUNAR ALFESCA** Antony var aðstoðarforstjóri fjárfestingabankastarfsemi KB banka í London og leiddi meðal annars kaup Alfesca á Labeyrie sumarið 2004. Þannig komst hann í kynni við stjórnendur Alfesca sem varð til þess að hann gekk til liðs þá fyrr á þessu ári.

Í marsmánuði réði Alfesca til sín Antony Hovanessian í starf framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar félagsins. Starf hans er margþætt og sér hann meðal annars um fjárfestatengsl og hefur yfirumsjón með fjárfestingum fyrirtækisins. Hann vinnur einnig náið með forstjóra og öðrum innan framkvæmdastjórnar félagsins að ýmsum málum sem varða stefunumótun og rekstur. Alfesca hefur gjörbreyst síðustu misseri og innviðir samstæðunnar hafa verið styrktir. „Við tryggjum að dótturfélögin fái stuðning og höfum eftirfylgni með að starfsfólk þess fái þá þjálfun sem þarf. Tilgangur höfuðstöðvanna er ekki einungis að fylgjast með dótturfélögunum heldur að tryggja að þau fái þann stuðning sem þau þurfa til að vel gangi.“

### ALLTAF OG ALLS STAÐAR ÚTLENDINGUR

Antony fæddist í Bretlandi árið 1969. Faðir hans er Armeni sem hafði farið til Bretlands í háskólanám og kynnst þar ungri hjúkrunarkonu. Stuttu síðar eignuðust þau svo soninn Antony og fluttist litla fjölskyldan þá til Íran. Þangað hafði stórfjölskyldan flúið vegna ofsókna tyrkneska meirihlutans á armenska minnihlutanum við upphaf fyrri heimsstyrjaldarinnar. Í höfuðborginni Teheran ólst hann svo upp til fjórtán ára aldurs. Hann hugsar hlýlega til æskuáranna og segir armenska minnihlutann í Íran vel liðinn þótt hann hafi lítið sem ekkert að segja um pólitík landsins. Þegar Antony var fjórtán ára flutti hann aftur til Bretlands þar sem hann segir marga hafa átt erfitt með að skilja bakgrunn hans. „Ég hef í raun alltaf upplifað mig sem útlending. Ég var útlendingur í Íran, ég var útlendingur í Bretlandi, svo nú er ekkert mál fyrir mig að vera útlendingur á Íslandi.“

### SKRIFSTOFA Í LONDON OPNUÐ Í SUMAR

Antony eyðir drjúgum hluta tíma síns á Íslandi og kann vel við sig hér. Hann á sitt skrifborð í höfuðstöðvum Alfesca í Hafnarfirði og þekkir orðið vel til Reykjavíkur og þess sem borgin hefur upp á að bjóða. Eitt fer þó fjarri að hann geti tengt sig við en það er Eurovision-umræða og -áhugi landans sem honum þykir stórfurðuleg.

Það mun þó ekki koma til þess að Antony flytjist alfarið hingað til lands því opnun skrifstofu Alfesca í London er fyrirhuguð nú í júlí. Þar verða Antony og Nadine Deswasiere til húsa og þar mun Jakob Sigurðsson, forstjóri félagsins, jafnframt hafa aðsetur. „Við þurfum að vera nær þeim verkefnum og þeim markaði sem við vinnum á svo fólk geti komið og hitt okkur. London er svo miðsvæðis og því mjög góður staður,“ segir Antony sem játar að vera jafnframt feginn því að vera ekki eins mikið fjarri eiginkonu sinni og tveimur börnum sem búsett eru þar.

### MEÐ ÍSLENDINGUM Í LONDON

Áður en Antony réði sig til Alfesca var hann aðstoðarforstjóri fjárfestingabankastarfsemi KB banka í London frá stofnun hennar árið 2003. Starfsferilsskrá hans fram að því er jafnframt glæsileg, en hann hóf starfsferil sinn sem lögfræðingur hjá alþjóðlegu lögfræðiskrifstofunni Clifford Chance sem jafnframt kostaði hann til náms við Plymouth-háskóla þaðan sem hann útskrifaðist árið 1993. Þaðan fór hann til lögfræðistofunnar DLA Piper Rudnick Gray Cary þar sem hann öðlaðist frekari reynslu af störfum tengdum samruna fyrirtækja og fjárfestingum fyrir matvælafyrirtæki, fyrirtæki í neytendavöru og iðnfyrirtæki. Þaðan lá leið hans til Barclays Capital þar sem hann vann þar til KB ævintýrið hófst. „Það var mikil breyting fyrir mig að taka þátt í því ævintýri enda komst ég þannig í kynni við Íslendinga.“ Hann segir ekki hægt að líkja því saman hvernig litið er á Íslendinga í bresku atvinnulífi í dag miðað við þá. Hann man vel eftir því að hafa á stundum ekki verið tekinn alvarlega. „Það tók tíma að sannfæra breska markaðinn um að okkur væri alvara en þegar Baugur tók Karen Millen yfir og þegar Mosaic var skráð á íslenska hlutabréfamarkaðinn urðu fjölmiðlar forvitnir og fóru að fylgjast með. Það átti tvímælalaust þátt í að Íslendingar komust á kortið fyrir alvöru.“

**Antony Hovanessian**
Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Alfesca
Fæðingardagur: 18. nóvember 1969
Maki: Julia Hovanessian
Börn: Elena 5 ára og Oliver 3ja ára

### ÚR BANKANUM Í MATVÆLIN

KB banki leiddi einmitt kaup Alfesca á hinu franska Labeyrie sumarið 2004. Antony var þá í nánu samstarfi við Jakob, forstjóra Alfesca, og hans samstarfsmenn sem leiddi til þess að honum bauðst að ganga til liðs við fyrirtækið fyrr á þessu ári.

Antony segir þau kaup, ásamt kaupunum á Lyons Seafood árið áður, hafa markað þáttaskil í starfsemi Alfesca, sem bar enn nafnið SÍF og hafði fyrst og fremst verið sérhæft í sölu og markaðssetningu sjávarafurða. Stjórnendur SÍF tóku þá ákvörðun um mitt ár 2004 að leggja megináherslu á framleiðslu og sölu fullunninna afurða í Evrópu og nú, tveimur árum síðar, starfar fyrirtækið undir nýja nafninu á mörkuðum fyrir helstu afurðir sínar sem seldar eru undir vörumerkjunum Labeyrie, Blini, Delpierre, Skandia, Lyons og Farne auk þess sem félagið hefur sterka stöðu í vörumerkjum verslanakeðja.

### ÁHERSLAN Á INNRI OG YTRI VÖXT

Stjórnendur Alfesca stefna ótrauðir að því markmiði að fyrirtækið verði númer eitt í Evrópu í þeim vöruflokkum og á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar þegar á. Jafnframt er verið að líta til stækkunar, bæði í gegnum samruna við fyrirtæki sem falla vel að rekstri félagsins, og ekki síður að bæta við afurðaflokkum og þróa þær vörur sem þegar eru í framleiðslu. Samstarf meðal dótturfélaganna hefur jafnframt verið aukið og stefnt er að því að auka þá þróun enn frekar, til dæmis þegar kemur að því að samnýta viðskiptavini.

Antony segist gera ráð fyrir að tvennt muni gerast í nánustu framtíð. Í fyrsta lagi muni verð á laxi fara lækkandi og ná jafnvægi enda sé það í óeðlilegum hæðum núna. Í öðru lagi muni það ekki skipta fyrirtækið eins miklu máli í framtíðinni. „Við ætlum að tryggja okkur gegn sveiflum í hráefnaverði og árstíðasveiflum með því að bæta við afurðaflokkum og þróa frekar þær vörur sem við höfum nú þegar.“ Hann segir að þrátt fyrir að fyrirtækið sé að mörgu leyti í krefjandi aðstæðum núna séu hann og aðrir stjórnendur fyrirtækisins fullir sjálfsöryggis fyrir hönd félagsins. „Fjölmörg fyrirtæki í okkar bransa eru að fara á hausinn en við svífum í gegnum þetta og erum að undirbúa okkur undir að þenja vængina. Það eru spennandi tímar fram undan.“

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Antony Hovanessian*
*framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar Alfesca*

*Hádegisverður fyrir tvo á Lauga-Ási*

Forréttur
*Súpa dagsins og brauð*

Aðalréttur
*Hvítlauksristaðir humarhalar*

Drykkir
*Kók, sódavatn og kaffi*
*Alls krónur: 7.180*



# Við bjóðum besta úrvalið ...

## og HM 2006 í knattspyrnu fylgir með!



**Pioneer**

**PDP–436SXE PLASMA SKJÁR**
Skjá stærð 109 cm (43 ").
Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1024 x 768 punktar.
HD ready / X HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD.
Skerpa: 3.000:1
Innbyggður móttakari
Hátalarar og borðstandur fylgja
**Verð: 459.900**



40" Háskerpu LCD Sjónvarp

**VIÐ BJÓÐUM MARGVERÐLAUNUÐ GÆÐATÆKI FRÁ HEIMSÞEKKTUM FRAMLEIÐENDUM – MEÐ 3ja ÁRA ÁBYRGÐ.**
HVAÐ ER Á BAK VIÐ "NO-NAME" FRAMLEIÐSLUNA?

**GÆÐI Á EINSTÖKU TILBOÐI:**

**SAMSUNG LE40R51B**
40" Háskerpu LCD Sjónvarp
· (High-Definition TV)
· Upplausn: 1366 x 768
· Skerpa: 3000:1
· Birta: 500 cd/m2
· DNIe myndleiðrétting
· 170° sjónarhorn
· SRS TruSurround XT hljóðkerfi
· 1000 síðna textavarpsminni

**SAMSUNG DVD-125**
DVD Upptökutæki og spilari
· DVD, DVD-RAM, DVD-R, DVD-RW,
· SVCD, CD, CD-R, CD-RW,
· MP3 CD, JPEG CD DivX
· Sjálvirkur kaflaskiptir
· HDMI, scart,
· Komponent
· DV-Inngangur

*Þú sparar þér 70.000.- kr.*

DVD Upptökutæki og spilari



SAMSUNG

**Aðeins kr.: 259.900,-**
FYRIR BÆÐI TÆKIN!
DVD UPPTÖKUTÆKIÐ FYLGIR **FRÍTT** MEÐ SJÓNVARPINU!



**LOEWE.**

**LOEWE INDIVIDUAL**
32 " Háskerpusjónvarp. HD Ready.
Upplausn: 1366 x 768.
Innbyggður DVB-T /S
stafrænn sjónvarpsmóttakari.
Skerpa 800:1.
Birta: 450 cd/m2
**Verð: 349.900**



**LOEWE.**

**LOEWE XELOS**
32 " Háskerpusjónvarp. HD Ready.
Upplausn: 1366 x 768.
Innbyggður DVB-T stafrænn
sjónvarpsmóttakari.
Skerpa: 800:1.
Birta: 450 cd/m2
**Verð: 299.900**



**LE-32R41B**
32" Breiðtjaldssjónvarp
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 199.900**

SAMSUNG

**sýn**

**FYLGIR FRÍTT**
með öllum 32" - og stærri sjónvörpum sem keypt eru hjá ORMSSON.*

*Undantekning er ofangreint tilboð á SAMSUNG LE40R51B

EISA BEST PRODUCT 2005-2006 LCD TV



**SAMSUNG LE40M61BX**
**Valið besta LCD sjónvarpið 2005–2006**
40" LCD sjónvarp.
Háskerpusjónvarp (HDTV). 6,4 milljarðar lita.
Upplausn 1366 x 768.
Skerpa 5000:1.
Birta 500 cd/m2.
DNIe myndleiðrétting.
178° sjónarhorn.
SrS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 399.900**

SAMSUNG

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

**GERÐU KRÖFUR OG VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR**

**ORMSSON**

| SÍÐUMÚLA 9<br>SÍMI 530 2800 | SMÁRALIND<br>SÍMI 530 2900 | RADIONAUST, AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | HAFNARGÖTU 25, KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | WWW.ORMSSON.IS |
|---|---|---|---|---|

**Umboðsmenn: Suðurland:** Árvirkinn, Selfossi, Eyjaradió og Geisli, Vestmannaeyjum, Verslunin Rás, Þorlákshöfn. **Vesturland:** Model, Akranesi. **Vestfirðir:** Þristur, Ísafirði. **Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki, SR Byggingavörur, Siglufirði, Krákur, Blönduósi, Verslunin Urð, Raufarhöfn. **Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf, Eskifirði, Beint í Mark, Vopnafirði.

## FÓLK Á FERLI

**Bjargmundur Jónsson** hóf nýlega störf hjá TM Software sem verkfræðingur og hópstjóri reksturs netkerfa og fjarskipta.



Bjargmundur hefur öðlast mikla reynslu í sínum fyrri störfum sem verkfræðingur og sérfræðingur, en hann starfaði sem kerfisfræðingur hjá Landsvirkjun sumrin 1996 og 1997 og sem sérfræðingur og hópstjóri hjá Landssíma Íslands 1998-2006. Bjargmundur, sem fæddur er 1974, lauk námi í rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands 1998. Þá hefur hann sótt fjölda námskeiða í tengslum við störf sín.

**Agnar Örn** Arason hefur hafið störf sem sérfræðingur á upplýsingaörvggissviði TM Software.



Agnar Örn er fæddur 1967 og er með BS-gráðu í tölvunarfræðum frá Háskóla Íslands. Þá hefur hann lokið fjölda námskeiða í tengslum við fag sitt. Áður en Agnar Örn hóf störf hjá TM Software var hann meðal annars kerfisstjóri hjá Medcare 2000-2006 og hjá Seðlabanka Íslands 1992-2000.

**Sigurður Fjalar** Sigurðarson hefur hafið störf sem kerfisfræðingur hjá TM Software.



Sigurður Fjalar hefur unnið í tölvugeiranum í mörg ár og aflað sér mikillar þekkingar við hugbúnaðargerð. Sigurður Fjalar, sem fæddist árið 1979, lauk BSc-gráðu í rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands 2006 og er nú í meistaranámi í iðnaðarverkfræði við sama skóla. Áður en Sigurður Fjalar hóf störf hjá TM Software vann hann við veirugreiningar hjá Friðriki Skúlasyni, FRISK Software, bæði í fullu starfi og hlutastarfi með skóla og undir það síðasta sem aðstoðarmaður framkvæmdastjóra tæknisviðs.

**Margrét Matthíasdóttir** hefur hafið störf við almenna notendaaðstoð á þjónustuborði TM Software.



Margrét, sem fæddist árið 1976, er margmiðlunarfræðingur frá Margmiðlunarskólanum. Hún vann meðal annars í upplýsingatæknideild Eimskips 1997-2004.

**Ólafur Sigurðsson** hefur hafið störf hjá TM Software sem kerfisfræðingur.



Hann hefur mikla reynslu sem kerfisfræðingur og kerfisstjóri, en hann vann sem kerfisstjóri hjá Urði Verðandi Skuld árið 2000-2006 og þar áður sem kerfisfræðingur hjá Landsvirkjun 2000-2001. Ólafur, sem er fæddur árið 1957, lauk námi í kerfisfræði frá EBD skolen í Vejle í Danmörku árið 1999. Ólafur var kennari í fjölda ára, meðal annars við Grunnskólann í Stykkishólmi og Fjölbrautaskóla Vesturlands.

**Kristín Halla** Hannesdóttir hefur hafið störf sem gagnagrunnssérfræðingur hjá TM Software.



Kristín Halla, sem er fædd 1972, hefur mikla reynslu sem kerfisfræðingur. Hún vann sem kerfisfræðingur hjá Fiskistofu 1996-1998 og sem gagnagrunnssérfræðingur hjá Teymi frá 1999 þar til hún hóf störf hjá TM Software. Hún kenndi mikið á Oracle hjá Teymi og hefur kennt á einu slíku námskeiði hjá TM Software og mun væntanlega kenna á fleiri námskeiðum. Kristín Halla, sem fæddist árið 1972, nam kerfisfræði við Háskólann í Reykjavík (þá Tölvuháskóli VÍ) og lauk prófi árið 1996. Hún hefur lokið fjölda námskeiða, meðal annars hjá Endurmenntun HÍ.

**Jón Grétar** Jónsson rekstrarfræðingur hefur tekið við sem framkvæmdastjóri fasteignasölunnar Húsakaupa í kjölfar kaupa Hanzahópsins ehf. á hluta í fyrirtækinu.



Guðrún Árnadóttir, aðaleigandi og löggiltur fasteignasali, sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra Húsakaupa farsællega í 17 ár, starfar áfram hjá fyrirtækinu og sinnir sérverkefnum. Jón Grétar Jónsson stendur á fertugu. Hann er rekstrarfræðingur með BS í vörustjórnun frá Tækniskóla Íslands árið 1997 og gat sér einnig gott orð í knattspyrnunni með Val á árum áður. Jón Grétar starfaði sem sölumaður hjá Húsakaupum í þrjú ár áður en hann tók við framkvæmdastjórastarfinu. Kona Jóns er Anna Katrín Einarsdóttir og eiga þau þrjú börn.






# Bilanir Farice kalla á forgangsröðun

## Notendur eiga síður að verða fyrir raski komi til truflana á netsambandi við útlönd.

Í kjölfar truflana sem plagað hafa gagnasendingar til útlanda um ljósleiðara Farice hefur Og Vodafone gripið til þess ráðs að forgangsraða gögnum um netið. Með þessu segir fyrirtækið verulega dregið úr líkum á því að viðskiptavinir verði fyrir truflunum.

Um er að ræða þjónustu sem meðal annars forgangsraðar vefsíðum, póstþjónustu og gögnum vegna fjarvinnutenginga. „Um sjötíu prósent allrar netumferðar er til og frá útlöndum. Við höfum aukið bandvídd okkar reglulega en álagið hefur engu síður verið nokkuð. Nú hefur okkur hins vegar tekist að draga verulega úr álagi og tryggja enn betri umferð um netið með því að forgangsraða gögnum. Við getum til dæmis tryggt forgang á ýmiss konar þjónustu sem er sérstaklega viðkvæm fyrir truflunum, svo sem VoIP. Þá er VefTV í sérstökum forgangi hjá okkur,“ segir Gísli Þorsteinsson upplýsingafulltrúi Og Vodafone og bætir við að bilanir á Farice sæstrengnum hafi lítil sem engin áhrif haft síðan tekið var að forgangsraða gögnum.



OGVODAFONE GÍSLI ÞORSTEINSSON



**FRÁ HEATHROW-FLUGVELLI** Spænska verktakasamsteypan Ferrovial er nýr eigandi BAA sem meðal annars rekur Heathrow-flugvöll.

# Baráttunni um flugvellina lokið

Stjórnendur BAA, sem meðal annars rekur Heathrow, aðra stærstu flugvelli Bretlands og alþjóðaflugvöllinn í Búdapest, hafa sent frá sér tilkynningu þar sem staðfest er að yfirtökutilboð spænsku verktakasamsteypunnar Ferrovial, sem hljóðar upp á 950,25 pens á hlut, hafi verið samþykkt. Miðað við það gengi er markaðsvirði félagsins um 10,3 milljarðar punda, eða rúmir 1.400 milljarðar íslenskra króna.

Vertakasamsteypan gerði óvænt tilboð í BAA í febrúar sem var hafnað af stjórn félagsins. Annað tilboð var lagt fram síðustu viku, sem hljóðaði upp á 900 pens á hlut, sem jafnframt var hafnað en ljóst þótti að margir hluthafar girntust tilboð spænska félagsins.

Bréf í BAA hafa hækkað um rúm 42 prósent frá því að Ferrovial sýndi félaginu fyrst áhuga í febrúar. Þau hækkuðu um rúm tvö prósent í gær í kjölfarið á fréttum af yfirtökunni.

- hhs

# Hraður vöxtur á Indlandi

## Hlutabréf á Indlandi lækka þrátt fyrir meiri hagvöxt en gert var ráð fyrir.

Indverska hagkerfið mun vaxa um 9,3 prósent á þessu ári ef tekið er mið af fyrstu þremur mánuðum ársins. Er það talsvert umfram væntingar en hagvöxtur nam 8,4 prósentum í fyrra.

Fregnirnar koma í kjölfar lækkana á indverskum hlutabréfamörkuðum, og veikingu indversku rúpíunnar gagnvart bandaríkjadal. Þá hafa Indverjar áhyggjur af því að eftirspurn eftir indverskum vörum í Bandaríkjunum kunni að minnka á næstu misserum.

Sensex-vísitala Kauphallarinnar í Delí lækkaði í kjölfar fréttanna, en fjárfestar virðast telja stýrivaxtahækkun á næsta leyti „Þegar svartsýni ríkir á mörkuðum verða jafnvel góðar fréttir að slæmum,“ sagði Ajit Surana, forstjóri Dimensional ráðgjafafyrirtækisins.

-jsk



**INDLAND** Götumynd frá Nýju-Delí á Indlandi.

# Stofna saman fjarskiptafyrirtæki

Síminn og R. Sigmundsson hafa ákveðið að hefja samstarf á sviði fjarskipta. Munu þeir koma fram undir nafninu Radíómiðun. Nýja fyrirtækið mun sérhæfa sig í fjarskiptalausnum fyrir sjávarútveginn og verður staðsett í húsakynnum R. Sigmundssonar. Fyrirtækið R. Sigmundsson er sérhæft í sölu siglinga- og fiskileitartækja og þjónustu fyrir sjávarútveginn en Síminn í fjarskipta- og hugbúnaðarlausnum, jafnt á landi sem á sjó. Fyrirtækin hafa í gegnum árin unnið mikið saman en eru að styrkja það samstarf enn frekar með stofnun Radíómiðunar.

Í fréttatilkynningu frá fyrirtækjunum kemur fram að markaður gervihnattaþjónustu sé svo dæmi séu tekin samkeppnismarkaður án landamæra og deilist hér á landi milli innlendra endursölufyrirtækja og erlendra fyrirtækja sem starfa í umboði gervihnattafyrirtækjanna. Möguleikar til útrásar aukist með stofnun Radíómiðunar og hagkvæmara verði að þróa núverandi lausnir og aðlaga þær að nýjum mörkuðum. Samkeppnisstaða gagnvart erlendum aðilum sem eru að selja sömu þjónustu muni batna og að öllum líkindum verði hægt að tryggja samkeppnishæfara verð.

Stofnun fyrirtækisins er gerð með fyrirvara um samþykki samkeppnisyfirvalda.



**FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Haraldur Úlfarsson, framkvæmdastjóri R. Sigmundssonar, Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans og Einar Óskarsson, stjórnarformaður R. Sigmundssonar.


1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
www.1928.is
SÍGILD OG FALLEG HÚSGÖGN ÚR GEGNHEILUM KIRSUBERJAVIÐ
NÝTT KORTATÍMABIL
20% afsl. af kirsuberjahúsgögnum frá auglýstu verði
LÁGT VERÐ
Veggkertastjaki kr. 2.500 Nú: 2.000
Hornsófaborð m/ hillu og skúffu 60x60x47cm verð 15.000 Nú: 12.000
Sófaborð m/ hillu og skúffu 1200x600x470 cm verð 24.000 Nú: 19.200
Funkistóll verð 29.900 Nú 19.900
Skammel 5.900
Sporöskjulaga borð m/ skúffu og hillu. 54x43x70cm verð 12.900 Nú: 10.300
Glerskápur 47x5x35,5x190cm verð 29.000 Nú: 23.200
Bókaskápur m/ skúffu 80x39x187cm verð 39.000 Nú: 31.200
Sófaborð m/blaðahillu og skúffu 81x43x55cm verð 13.900 Nú: 11.100
Kommóða 52,5x36x95cm Nú: 23.200
Náttborð m/skúffu og blaðahillu 55x39x76cm verð 19.700 Nú: 15.800
Náttborð 40x38x64cm verð 15.700 Nú: 12.600
Kommóða 89x42x90cm verð 39.000 Nú: 31.000
Náttborð 34x30x76cm verð 15.000 Nú: 12.000
Hálfmáni m/ lyklaskúffu og hillu 83,5x35x76cm verð 15.900 Nú: 12.700
Kollur/blómaborð 36x30x46,5cm verð 6.900 Nú: 5.500
Fæst einnig í: versluninni Í tilefni dagsins Selfossi, Draumalandi Keflavík, Versluninni Þórðarhöfða Sauðárkróki og Hólmar húsgagnaverslun á Reyðarfirði
43x49x88,5cm verð 12.500 Nú: 10.000
80x99x55cm verð 11.500 Nú: 9.200
94,5x61x18cm verð 16.900 Nú: 13.500
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnunartími: mán - föst 10-18 og lau 11-16

# Stýrivextir hafa áhrif á vexti lána

TÖLVUPÓSTURINN

*Til Arnórs Sighvatssonar*

*aðalhagfræðings Seðlabanka Íslands*



**Hvað eru stýrivextir?**
Stýrivextir eru þeir vextir seðlabanka sem lýsa best peningastefnu viðkomandi banka. Á Íslandi eru þetta vextir í svokölluðum endurhverfum viðskiptum Seðlabankans, sem eru lán sem veitt eru til einnar viku í senn gegn veði í ríkistryggðum verðbréfum. Vextir í endurhverfum viðskiptum liggja mitt á milli innlánsvaxta á viðskiptareikningum lánastofnana í Seðlabankanum og daglánavaxta.

**Hver er tilgangur stýrivaxta?**
Tilgangur stýrivaxta er að hafa áhrif á laust fé í lánakerfinu og hafa leiðandi áhrif á vaxtamyndun í landinu og þar með á almenna eftirspurn í þjóðarbúskapnum og svo á lokum á verðbólguþróun.

**Hverjir hagnast á stýrivöxtum?**
Til lengdar hagnast allir á því að stýrivextir séu eins háir og þarf til að tryggja lága og stöðuga verðbólgu til langs tíma litið.

**Er hægt að hækka stýrivexti endalaust?**
Já, í sjálfu sér. Hins vegar eru takmörk fyrir því hvað er skynsamlegt.

**Hvaða áhrif hafa hækkanir/lækkanir stýrivaxta á almenning?**
Breytingar á stýrivöxtum hafa fljótt áhrif á vexti skammtímalána og til lengdar á aðra vexti einnig. Að auki geta vaxtabreytingar haft töluverð áhrif á gengi gjaldmiðla. Hærri stýrivextir gera lánsfé dýrara sem að öðru óbreyttu ætti að draga úr almennri eftirspurn og þar með úr verðbólguþrýstingi. Lægri stýrivextir virka í hina áttina.

**ÞRÓUN STÝRIVAXTA SEÐLABANKA ÍSLANDS FRÁ 3. MARS 1998 TIL 23. MAÍ 2006**




# Stýrivextir stjórna stöðugleika

Stýrivextir hafa hækkað mikið á síðastliðnum tveimur árum og eru líkur á frekari hækkunum á næstunni. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* kynnti sér tilgang stýrivaxta og áhrif þeirra.

Stjórn Seðlabanka Íslands hækkaði stýrivexti bankans um 75 punkta 18. maí síðastliðinn og standa þeir nú í 12,25 prósentum og hafa aldrei verið hærri. Leita þarf aftur til áranna í kringum 1990 til að finna dæmi þess að forvextir, undanfari stýrivaxtanna, hafi verið hærri en núverandi stýrivextir.

Hækkun stýrivaxtanna í maí var sú þriðja á einu ári og sú fjórtánda á rúmum þremur árum. Í rökstuðningi bankastjórnar Seðlabankans fyrir hækkuninni segir að verðbólguhorfur bæði til lengri og skemmri tíma hafi versnað mjög að stýrivöxtum óbreyttum. Bendi hagvísar til að eftirpurn hafi vaxið ört og neysla sömuleiðis. Það sjáist engi merki þess að útlán banka og sparisjóða hafi minnkað auk þess sem engar vísbendingar séu um að íbúðamarkaðurinn sé að kólna. Vitnað er til Peningamála, sem Seðlabankinn gefur út, frá lokum mars þar sem segir að gengi krónunnar hafði lækkað umtalsvert frá fyrri spá bankans, verðbólga aukist og verðbólguhorfur versnað. Til þess að vinna á móti áhrifum þessa á verðbólgu sé nauðsynlegt að peningastefnan verði afar aðhaldssöm á næstunni og geti verið nauðsynlegt að hækka þá meira.

En hvað eru stýrivextir og hver er tilgangur þeirra?

**ÉG KEYPTI SJÓNVARP**

Rithöfundurinn Andri Snær Magnason skýrir ágætlega samspil efnahagslífs og stýrivaxta í bók sinni Draumalandið – sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð. „Hvað á ég að gera?“ spyr hann þar sem hann stendur frammi fyrir fréttum fjölmiðla um uppsveiflu í efnahagslífinu einn daginn en niðursveiflu þann næsta. „Ég reyndi að spara til að rétta viðskiptahallann en þá sögðu blöðin: „Neyslukreppa framundan?“ Þá fékk ég samviskubit og keypti mér sjónvarp. Seðlabankinn brást hart við og hækkaði stýrivexti.“

**EN HVERS VEGNA ER ÞAÐ SVO?**

Seðlabankinn prentar íslenskar krónur og tók upp stýrivexti í mars árið 1998 til að hafa áhrif á peningaflæðið í fjármálakerfinu hverju sinni. Stýrivextirnir hafa áhrif á gengi krónunnar og vaxtakjör á lausafjármagni sem bankar og fjármálastofnanir þurfa að fá að láni hjá Seðlabankanum til að lána áfram til einstaklinga og fyrirtækja, m.a. í formi yfirdráttarlána. Lækki stýrivextir þá lækka útlánsvextir banka í sama hlutfalli og greiðslubyrði lántakenda minnkar. Við hækkun vaxta hækka vextir lána til samræmis og greiðslubyrði af skammtímalánum eykst í hlutfalli við það.

Þá getur hækkun stýrivaxta leitt til verðlækkunar á hlutabréfum, m.a. vegna þess að hærri vextir kunna að auka fjármagnskostnað fyrirtækja og draga úr hagnaði þeirra, sem er forsenda þess að þau geti greitt út arð til hluthafa. Sömuleiðis getur hækkunin dregið úr verðhækkun eða jafnvel valdið lækkun á húsnæðisverði.

Þegar stýrivextir voru teknir upp árið 1998 voru þeir 7,2 prósent. Atvinnuleysi á þessum tíma mældist 3,6 prósent og voru horfur á að það færi niður í 3,0 prósent. Þá stóð verðbólga í 2,7 prósentum og hagvöxtur mældist 4,7 prósent.

Fyrsta hækkun stýrivaxta eftir innleiðingu þeirra var í september sama ár og nam hún 0,3 prósentum. Tilefnið var m.a. nokkur lækkun á gengi krónunnar sem átti rætur að rekja til hræringa á erlendum mörkuðum. Ári síðar hækkaði Seðlabankinn stýrivexti fjórum sinnum, m.a. til þess að slá á ofþenslu efnahagslífsins, minnka útlánaaukningu bankanna, koma í veg fyrir að verðbólga fari úr böndunum og viðhalda stöðugleika í efnahagslífinu.



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Bankinn notar stýrivexti til þess að halda efnahagslífi stöðugu og ná verðbólgu niður. Mynd/Heiða Helgadóttir

**ÞAÐ SEM FER UPP KEMUR AFTUR NIÐUR**

Almenningur hefur síðastliðin tvö ár nær oftast tekið eftir hækkun stýrivaxta. En vextirnir geta líka lækkað þegar öðruvísi árar í efnahagslífinu. Í apríl 2001 hafði staðið yfir samfelld hækkanahrina frá 1998 og voru stýrivextir bankans komnir í 10,4 prósent. Framundan var lægri verðbólga, minni ofþensla og spenna í hagkerfinu.

Frá þeim tíma hóf Seðlabankinn vaxtalækkun, sem var með snarpasta móti árið 2002. Stýrivextir lækkuðu samtals tíu sinnum og voru þeir komnir niður í 5,8 prósent við árslok. Rök bankans fyrir lækkuninni voru m.a. batnandi horfur í verðlagsmálum og almennt betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum, líkt og segir í ársskýrslu Seðlabankans við lok árs 2002. Þar segir ennfremur að áhrifanna hafi gætt um allt vaxtarófið og megi m.a. ætla að minni eftirspurn eftir lánsfé og aukin eftirspurn eftir innlendum skuldabréfum hafi stuðlað að lækkun á ávöxtunarkröfu innlendra skuldabréfa. Þá lækkaði ávöxtunarkrafa húsbréfa úr 6,0 prósenta vöxtum í rúm 5,0 prósent.

Ári síðar varð einungis ein breyting á stýrivöxtum. Var hún til lækkunar upp á hálft prósent og fóru stýrivextir þá í 5,3 prósent, sem var lægsta gildi vaxtanna síðan þeir voru teknir upp.

**SNARPAR HÆKKANIR**

Árið 2003 hafði bæði fasteignaverð og gengi krónunnar hækkað töluvert auk þess sem útlit var fyrir þenslu í efnahagslífinu vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, sem búist var við að myndi vara næstu tvö árin. Greindi stjórn Seðlabankans frá því að vegna þessa væru líkur á hækkun stýrivaxta.

Þeir hækkuðu strax árið eftir og hefur hækkanahrinan verið samfelld upp frá því og standa stýrivextir nú í 12,25 prósentum, sem er hæsta gildi þeirra frá því vextirnir voru teknir upp.

**HÆKKUN Á ÞENSLUSKEIÐUM**

Neysla almennings eykst í góðæri. Síðustu ár hefur verið launaskrið á Íslandi samfara hækkun á húsnæðisverði og góðu aðgengi almennings að lánsfé. Slíkt ástand eykur hættuna á að verðbólga, sem í síðasta mánuði mældist 7,6 prósent, fari úr böndunum.

Stýrivaxtahækkanir bankans stuðla að hækkun útlánsvaxta banka til að takmarka aðgengi almennings að lánsfé, minnka neyslu og koma böndum á verðbólguna.

Sjónvarpskaup Andra Snæs eru í samræmi við þetta. Þegar hann hefur efni á betra sjónvarpi má búast við frekari stýrivaxtahækkun í kjölfarið.




www.bang-olufsen.com
Síðumúla 21. Reykjavík. Sími 581 1100.

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**100%** hlutur Exista í VÍS eftir að hafa keypt 80 prósenta hlut af KB banka og öðrum hluthöfum.

**9,7** milljarða króna vöruskiptahalli í apríl.

**90%** markaðshlutdeild Sóma og Júmbó eftir kaup þess fyrrnefnda á því síðarnefnda.

## BANKAHÓLFIÐ



### Sissener stelur frá Lundúnum

Norskir fjölmiðlar veltu í gær vöngum yfir því hvort Jan Petter Sissener, forstjóri Kaupþings banka í Noregi, hefði ekki þurft að punga allrækilega út vegna nýjustu mannaráðninga við bankann. Sissener var nefnilega að stela sérfræðingum frá ekki ómerkari stöðum en Goldman Sachs International, Citibank og JP Morgan í Lundúnum.

Til bankans réði Sissener þá Håvard Vikse, áður lögmann hjá Vogt & Wiig, Anders Storbråten frá Goldman Sachs International í Lundúnum, Erling Astrup frá Lundúnaútibúi JP Morgan og Jannicke Rustad Nilssen frá Citibank.

### Tækifæri í fellibyljum

Það eru alltaf tækifæri á markaði. Vondar fréttir verða stundum til þess að markaðurinn bregst hart við og stór hluti fjárfesta flýr af vettvangi. Þetta hefur gerst í tryggingabransanum, en margir fjárfestar urðu til að flýja þann geira í kjölfar slæmra fellibylja í Bandaríkjunum í fyrra. Goðsögnin Warren Buffet óttast hins vegar ekki slík veður, því hann hefur verið að auka hlut sinn í tryggingabransanum að undanförnu. Hvort hann er að gera góð kaup þar hangir á þeirri spýtu hvort veðrabrigðin eru varanleg eða tilfallandi. Það er því ekki á vísan að róa, en véfréttin frá Omaha tekur sénsinn.

### Fjarri góðu gamni

Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu hefst hinn níunda júní næstkomandi í Þýskalandi. Keppnin er stærsti íþróttaviðburður veraldar og því alls ekkert óeðlilegt að stórfyrirtæki bítist um sneið af kökunni. Kóreski bílarisinn Hyundai er eitt þeirra fyrirtækja sem náð hafa styrktarsamningum við Alþjóðaknattspyrnusambandið. Hyundai mun auglýsa stíft á mótinu undir slagorðinu „Be There With Hyundai“. Slagorðið verður að teljast heldur óheppilegt þar sem Chung Mong Koo, forstjóri fyrirtækisins, situr nú á sakamannabekk heima í Suður-Kóreu ákærður fyrir fjár- og skattsvik. Því er ljóst að Chung Mong Koo verður alls ekki „á svæðinu með Hyundai“ heldur bak við lás og slá í heimalandinu.






# Heimsmeistarakeppnin í Þýskalandi 2006

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006

## RIÐLAKEPPNI

Allir tímar staðartímar

### A

| Júní | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 9 | Þýskaland | | Kosta Ríka | München |
| 9 | Pólland | | Ekvador | Gelsenkirchen |
| 14 | Þýskaland | | Pólland | Dortmund |
| 15 | Ekvador | | Kosta Ríka | Hamborg |
| 20 | Ekvador | | Þýskaland | Berlín |
| 20 | Kosta Ríka | | Pólland | Hannover |

| A | P | W | D | L | F | A | Pts |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þýskaland | | | | | | | |
| Kosta Ríka | | | | | | | |
| Pólland | | | | | | | |
| Ekvador | | | | | | | |

### C

| Júní | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 10 | Argentína | | Fílabeinsstr. | Hamborg |
| 11 | Serbía/Svartfj. | | Holland | Leipzig |
| 16 | Argentína | | Serbía | Gelsenkirchen |
| 16 | Holland | | Fílabeinsstr. | Stuttgart |
| 21 | Holland | | Argentína | Frankfurt |
| 21 | Fílabeinsstr. | | Serbía/Svartfj | München |

| C | P | W | D | L | F | A | Pts |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Argentína | | | | | | | |
| Fílabeinsströndin | | | | | | | |
| Serbía og Svartfjallaland | | | | | | | |
| Holland | | | | | | | |

### E

| Júní | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 12 | Ítalía | | Gana | Hannover |
| 12 | Bandaríkin | | Tékkland | Gelsenkirchen |
| 17 | Ítalía | | Bandaríkin | Kaiserslautern |
| 17 | Tékkland | | Gana | Köln |
| 22 | Tékkland | | Ítalía | Hamborg |
| 22 | Gana | | Bandaríkin | Nürnberg |

| E | P | W | D | L | F | A | Pts |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ítalía | | | | | | | |
| Gana | | | | | | | |
| Bandaríkin | | | | | | | |
| Tékkland | | | | | | | |

### G

| Júní | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 13 | Frakkland | | Sviss | Stuttgart |
| 13 | S. Kórea | | Tógó | Frankfurt |
| 18 | Frakkland | | S. Kórea | Leipzig |
| 19 | Tógó | | Sviss | Dortmund |
| 23 | Tógó | | Frakkland | Köln |
| 23 | Sviss | | S. Kórea | Hannover |

| G | P | W | D | L | F | A | Pts |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Frakkland | | | | | | | |
| Sviss | | | | | | | |
| Suður-Kórea | | | | | | | |
| Tógó | | | | | | | |

### B

| Júní | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 10 | England | | Paragvæ | Frankfurt |
| 10 | Trínidad | | Svíþjóð | Dortmund |
| 15 | England | | Trínidad | Nürnberg |
| 15 | Svíþjóð | | Paragvæ | Berlín |
| 20 | Svíþjóð | | England | Köln |
| 20 | Paragvæ | | Trínidad | Kaiserslautern |

| B | P | W | D | L | F | A | Pts |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| England | | | | | | | |
| Paragvæ | | | | | | | |
| Trínidad | | | | | | | |
| Svíþjóð | | | | | | | |

### D

| Júní | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 11 | Mexíkó | | Íran | Nürnberg |
| 11 | Angóla | | Portúgal | Köln |
| 16 | Mexíkó | | Angóla | Hannover |
| 17 | Portúgal | | Íran | Frankfurt |
| 21 | Portúgal | | Mexíkó | Gelsenkirchen |
| 21 | Íran | | Angóla | Leipzig |

| D | P | W | D | L | F | A | Pts |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mexíkó | | | | | | | |
| Íran | | | | | | | |
| Angóla | | | | | | | |
| Portúgal | | | | | | | |

### F

| Júní | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 12 | Ástralía | | Japan | Kaiserslautern |
| 13 | Brasilía | | Króatía | Berlín |
| 18 | Brasilía | | Ástralía | München |
| 18 | Japan | | Króatía | Nürnberg |
| 22 | Japan | | Brasilía | Dortmund |
| 22 | Króatía | | Ástralía | Stuttgart |

| F | P | W | D | L | F | A | Pts |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Brasilía | | | | | | | |
| Króatía | | | | | | | |
| Ástralía | | | | | | | |
| Japan | | | | | | | |

### H

| Júní | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 14 | Spánn | | Úkraína | Leipzig |
| 14 | Túnis | | Sádi-Arabía | München |
| 19 | Spánn | | Túnis | Stuttgart |
| 19 | Sádi-Arabía | | Úkraína | Hamborg |
| 23 | Sádi-Arabía | | Spánn | Kaiserslautern |
| 23 | Úkraína | | Túnis | Berlín |

| H | P | W | D | L | F | A | Pts |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Spánn | | | | | | | |
| Úkraína | | | | | | | |
| Túnis | | | | | | | |
| Sádi-Arabía | | | | | | | |

Tvö efstu lið hvers riðils halda áfram í 16-liða úrslit.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 24 | A1 | | B2 | München |
| | C1 | | D2 | Leipzig |
| 25 | B1 | | A2 | Stuttgart |
| | D1 | | C2 | Nürnberg |
| 26 | E1 | | F2 | Kaiserslautern |
| | G1 | | H2 | Köln |
| 27 | F1 | | E2 | Dortmund |
| | H1 | | G2 | Hannover |

**LEIKUR 1** – 30. júní, 17:00, Berlín

**LEIKUR 2** – 1. júlí, 17.00, Gelsenkirchen

**LEIKUR 3** – 30. júní, 21.00, Hamborg

**LEIKUR 4** – 30. júní, 21.00, Frankfurt

**UNDANÚRSLIT 1** – 4. júlí, 21.00, Dortmund
Sigurvegari LEIK 1 – Sigurvegari LEIK 3

**UNDANÚRSLIT 2** – 5. júlí, 21.00, München
Sigurvegari LEIK 2 – Sigurvegari LEIK 4

**3. - 4. SÆTI** – 8. júlí, Stuttgart, 21.00

### Gullskórinn

Markahæstu menn mótanna

| | |
|---|---|
| Fontaine FRA (1958) | 13 |
| Kocsis HUN (1954) | 11 |
| Müller ÞÝS (1970) | 10 |
| Ademir BRA (1950), Eusebio POR (1966) | 9 |
| Stabile ARG (1930), Leonidas BRA (1938), Ronaldo BRA (2002) | 8 |





### ÓLYMPÍULEIKVANGURINN Í BERLÍN

Stórbrotið mannvirki sem mun hýsa úrslitaleik Heimsmeistarakeppninnar í Þýskalandi. Hann var byggður árið 1936 en í síðari heimsstyrjöldinni varð hann fyrir miklum skemmdum í loftárásum. Breski herinn notaði hann svo sem bækistöð í fjöldamörg ár en Hertha Berlín spilar heimaleiki sína á leikvangnum. Hann var byggður fyrir ólympíuleika en er fyrst og fremst þekktur fyrir knattspyrnuiðkun. Þrír leikir fóru fram á HM 1974 og sex leikir fara fram á HM í sumar, en úrslitaleikurinn í þýsku bikarkeppninni fer fram á leikvanginum ár hvert. Hann var endurbyggður mjög mikið fyrir HM og er allur hinn glæsilegasti á að líta.

## ÚRSLITALEIKUR HM 2006

9. júlí, Olympiastadion, Berlín, 20.00



### HM BIKARINN

Annar verðlaunabikarinn sem smíðaður er í sögu heimsmeistarakeppninnar. Sá fyrri, Jules Rimet bikarinn, var gefinn Brasilíumönnum eftir þriðja sigur þeirra árið 1970. Hæð 36 cm, þyngd 6.175 kg. 18 karata gull.

### HEIMSMEISTARAR Í FÓTBOLTA

| | | | | Gestgjafar |
|---|---|---|---|---|
| 1930 | Úrúgvæ | 4-2 | Argentína | Úrúgvæ |
| 1934 | Ítalía* | 2-1 | Tékkóslóvakía | Ítalía |
| 1938 | Ítalía | 4-2 | Ungverjaland | Frakkland |
| 1950 | Úrúgvæ | 2-1 | Brasilía | Brasilía |
| 1954 | V-Þýskaland | 3-2 | Ungverjaland | Sviss |
| 1958 | Brasilía | 5-2 | Svíþjóð | Svíþjóð |
| 1962 | Brasilía | 3-1 | Tékkóslóvakía | Chile |
| 1966 | England* | 4-2 | V-Þýskaland | England |
| 1970 | Brasilía | 4-1 | Ítalía | Mexíkó |
| 1974 | V-Þýskaland | 2-1 | Holland | Þýskaland |
| 1978 | Argentína* | 3-1 | Holland | Argentína |
| 1982 | Ítalía | 3-1 | V-Þýskaland | Spánn |
| 1986 | Argentína | 3-2 | V-Þýskaland | Mexíkó |
| 1990 | V-Þýskaland | 1-0 | Argentína | Ítalía |
| 1994 | Brasilía* | 0-0 (3-2 víti) | Ítalía | Bandaríkin |
| 1998 | Frakkland | 3-0 | Brasilía | Frakkland |
| 2002 | Brasilía | 2-0 | Þýskaland | Japan/S-Kórea |

* Framlenging

## Hverjir vinna HM?


Siv Friðleifsdóttir
**BRASILÍA**


Silvía Nótt
**ALLAVEGA EKKI FOKKIN FINNLAND**


Baltasar Kormákur
**SPÁNN**


Snorri Már Skúlason
**BRASILÍA**


Bjarni Felixson
**BRASILÍA**


Ellert B. Schram
**BRASILÍA**


Dr. Gunni
**VONANDI ÁSTRALÍA**


Diddú
**ÍTALÍA**


Logi Ólafsson
**BRASILÍA**

# Sigurvegarar HM frá upphafi







**1930** Úrúgvæ vann fyrstu HM-keppnina. Lagði Argentínu í úrslitum, 4-2. 100 þúsund manns sáu leikinn.
**1934** Ítalía sigrar Tékkóslóvakíu í úrslitum, 2-1, eftir framlengingu.
**1938** Ítalía sigrar aftur. Nú var það Ungverjaland, 4-2.
**1950** Úrúgvæ vinnur fyrsta HM eftir stríð. Leggur Brasilíu, 2-1.
**1954** Vestur-Þýskaland leggur Ungverjaland í úrslitum, 3-2.
**1958** Brasilía vinnur Svíþjóð, 5-2. Pelé stígur fram á sjónarsviðið.
**1962** Brasilía vinnur Tékka, 3-1.










**1966** England vinnur HM í fyrsta og eina skiptið. Leggur Þjóðverja, 4-2, eftir framlengingu. Úrslitaleikurinn fór fram á Wembley.
**1970** Frábært lið Brasilíu leggur Ítalíu í úrslitum á Azteca, 4-1.
**1974** Beckenbauer vinnur einvígið við Cruyff, 2-1, í leik Hollands og Vestur-Þýskalands.
**1978** Argentína vinnur Holland í úrslitum, 3-1, eftir framlengingu í dramatískum og eftirminnilegum leik.
**1982** Paolo Rossi, Dino Zoff og félagar í ítalska landsliðinu fagna sigri á HM efir sigur á Vestur-Þýskalandi í úrslitum, 3-1, á Santiago Bernabeau í Madrid. Pólland tekur óvænt bronsið eftir sigur á Frökkum, 3-2, í leik um þriðja sætið.







**1986** Diego Maradona vinnur eitt mesta afrek í knattspyrnusögunni þegar hann tryggir Argentínu sigur á HM.
**1990** Vestur-Þjóðverjar fagna eftir 1-0 sigur gegn Argentínu í leiðinlegum úrslitaleik.
**1994** Brasilía sigrar Ítalíu eftir vítaspyrnukeppni. Spyrna Roberto Baggio gleymist aldrei í knattspyrnusögunni.
**1998** Frakkar vinna á heimavelli. Leggja Brasilíu í úrslitum, 3-0. Zidane skorar tvö mörk og Petit eitt.
**2002** Brasilía leggur Þjóðverja í úrslitum þar sem Oliver Kahn gerir afdrifarík mistök í markinu. Tyrkir fá brons.

































MasterCard

*Ákafur stuðningsaðili við HM 2006*

MasterCard FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
Official Card

www.kreditkort.is

Hverjir vinna HM?


Eggert Magnússon **ÍTALÍA**


Eggert Skúlason **FRAKKLAND**


Jóhannes í Bónus **BRASILÍA**


Auðunn Blöndal **EKKI ÍRAN**


Steinunn Valdís Óskarsdóttir **HOLLAND**


Geiri á Maxím **ÍSLAND**


Guðmundur Steingrímsson **ENGLAND**


Helgi Björnsson **SPÁNN**


Laddi **BRASILÍA**

Leikur Argentínu og Englands á HM 1986 er einn sá eftirminnilegasti í sögunni:

# Frægasta mark HM frá upphafi?

**HM 2006** HM 1986 var keppni Diego Maradona. Frammistaða hans í keppninni var einstök og eru margir sparkspekingar á því að hann hafi svo gott sem unnið keppnina upp á eigin spýtur. Það var ekki eingöngu leikur Maradona í keppninni sem var eftirminnilegur því hann skoraði mjög fræg mörk í keppninni og þá sérstaklega í leiknum gegn Englandi.

Síðara mark Maradona er með þeim glæsilegri í sögu HM ef ekki það glæsilegasta. Þá fær hann boltann á eigin vallarhelmingi, sólar hvern Englendinginn á fætur öðrum upp úr skónum og síðan markvörðinn Peter Shilton áður en hann leggur knöttinn í tómt netið. Ótrúlegt einstaklingsframtak sem er lýsandi fyrir frammistöðu Maradona í keppninni.

Fyrra markið er enn frægara og hugsanlega frægasta mark í sögu HM. Það er í það minnsta umdeildasta mark HM. Þá stekkur Maradona upp í loftið með Peter Shilton og kýlir boltann í netið. Allir áhorfendur á Azteca-vellinum sáu að Maradona tók boltann með hendinni en það fór framhjá dómaranum, Túnisbúanum Bennaceur, á einhvern ótrúlegan hátt. Englendingar trúðu ekki sínum eigin augum. Þeir duttu út á ólöglegu marki og mörg tár féllu í leikslok.

Maradona neitaði að hafa slegið boltann með hendinni en bauð þess í stað upp á frægustu útskýringu í sögu HM: „Þetta var hönd Guðs sem fór í boltann, ekki mín."


**HÖND GUÐS?** Maradona fer hér með hendina upp í boltann ásamt Shilton markverði. Hann hélt því fram að það hefði verið hönd Guðs en ekki sín sem sló boltann í netið. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Prestur í Tógó spáir fyrir um örlög þjóðar sinnar á HM:

# Kraftaverk verða framkvæmd

**HM 2006** Ef spádómar yfirvúdúprestsins í Tógó munu rætast er þjóðin á barmi sögulegrar heimsmeistarakeppni. Andarnir hafa þegar greint frá því samkvæmt prestinum að Tógó muni leggja Suður-Kóreu og Frakkland að velli í riðlakeppninni og komast þannig áfram í næstu umferð, en um leikinn gegn Sviss er ekkert talað.

„Við munum framkvæma kraftaverk úti um allan völl í leikjunum. Hinir fornu andar segja okkur að Tógó muni fara langt á HM í sumar," segir Togbui Assiogbo Gnagblondjro III yfirvúdúprestur, en Tógó eru að keppa í sinni fyrstu heimsmeistarakeppni.

Í þorpinu Vogan, 45 kílómetra frá höfuðborginni Lomé, hefur presturinn þegar séð fyrir hvað gerist í riðlakeppninni en hann mun ekki sjá fyrir nákvæm úrslit leiksins fyrr en tveimur dögum fyrir leikina. Togbui Assiogbo Gnagblondjro III ætlar að mæta til Þýskalands þar sem hann mun veita liðinu andlegan stuðning. „Ég get ekki bara verið áfram í Tógó og sagt að við munum vinna þessa leiki. En Tógó mætir á HM til að vinna!" sagði presturinn.

Gnagblondjro er ekki sá eini sem kemur til Þýskalands með það fyrir augum að spá fyrir um úrslit í keppninni. Þýskt fyrirtæki hefur framleitt vúdúdúkkur en á hana geta stuðningsmenn sett fána þeirra þjóða sem þeir vilja setja álög á í keppninni. Dúkkurnar eru uppseldar á sumum stöðum, en hvort þessir galdrar og spádómar muni rætast verður að koma í ljós.


**DANSINN DUNAR** Við athöfn vúdúprestsins Togbui Assiogbo Gnagblondrjo III stigu íbúar Vogan sérstakan dans. NORDICPHOTOS/AFP

# METIÐ SEM ALDREI VERÐUR SLEGIÐ

## Just Fontaine skoraði þrettán mörk í sex leikjum fyrir Frakkland á HM 1958 sem fram fór í Svíþjóð en fyrir mótið var hann lítt þekktur.

**HM 1958** Heimsmeistarakeppnin 1958 var fyrsta stórmótið á ferli Just Fontaine. Þegar mótið fór af stað hinn 8. júní hafði þessi leikmaður Stade de Reims aðeins leikið fimm landsleiki fyrir Frakkland og var kallaður inn í hópinn eftir að Rene Bliard þurfti að draga sig út úr hópnum vegna ökklameiðsla.

Fontaine var svo sannarlega á skotskónum á mótinu og skoraði fjögur mörk gegn Vestur-Þýskalandi, þrennu gegn Paragvæ og tvö mörk í sitthvorum leiknum gegn Júgóslavíu og svo Norður-Írlandi. Þá skoraði hann eitt gegn Brasilíu og eitt gegn Skotlandi. Þessi óvænta innkoma hans gerði svo sannarlega gæfumuninn fyrir Frakkland en aðeins tvöhundruð stuðningsmenn og örfáir blaðamenn fylgdu liðinu til Svíþjóðar.

Áhugaleysið í Frakklandi fyrir mótinu var vegna þess að landsliðið hafði ekki unnið leik frá því í september fyrir mótið og féll út í fyrstu umferð í síðustu heimsmeistarakeppni. Franski hópurinn mætti fyrstur allra til Svíþjóðar og töluðu fjölmiðlamenn um að Frakkar yrðu fyrstir til að mæta og einnig fyrstir til að fara.

Á lokaæfingu franska liðsins rifnaði annar skór Fontaine. „Ég var bara með eitt par með mér en sem betur fer hafði félagi minn Stephane Bruey tvö pör og notaði sömu stærð og ég. Hann lét mig því fá skóna sína," sagði Fontaine en þetta var fyrir tíma stórra styrktarsamninga. Eftir sex leiki og þrettán mörk skilaði hann síðan skónum til baka.

Engin pressa var á Frökkum í riðlakeppninni og liðið byrjaði á að bursta Paragvæ 7-3 en tapaði síðan naumlega 2-3 fyrir Júgóslavíu. Með sigri á Skotlandi í lokaleik riðilsins komust þeir í átta liða úrslitin þar sem öruggur 4-0 sigur vannst á Norður-Írland. Í undanúrslitum mættu þeir Brasilíu og var staðan 1-1 þegar franska liðið missti mann af velli og lék einum færri síðasta klukkutímann. Fontaine var nýbúinn að skora jöfnunarmarkið en var færður á vinstri kantinn þar sem hann fann sig ekki og Brasilía vann 5-2.

Frakkland hirti bronsið með 6-3 sigri á Vestur-Þýskalandi í leik um þriðja sætið á þessu mikla markamóti. „Í framtíðinni hugsar enginn út í það hver skoraði flest mörk. Ég náði að skora svona mikið vegna þess að ég og Raymond Kopa náðum svona vel saman. Með tímanum mun fólk minnast þess að Frakkland hafnaði í þriðja sæti frekar en að muna eftir mörkunum mínum," sagði Fontaine eftir mótið en þar skjátlaðist honum.

Just Fontaine meiddist illa tveimur árum eftir mótið og þurfti að leggja skóna á hilluna í kjölfarið aðeins 27 ára gamall, þegar flestir knattspyrnumenn eru á hátindi ferilsins. Hann skoraði 165 mörk í 200 leikjum í frönsku deildinni og varð tvívegis markakóngur. Í 21 landsleik fyrir Frakkland skoraði hann þrjátíu mörk, sem er hreint ótrúlegur árangur. Eftir að skórnir voru komnir á hilluna stýrði hann franska landsliðinu í skamman tíma 1967 og varð yngsti landsliðsþjálfari heims.

Fimmtíu árum eftir að hafa slegið í gegn í Svíþjóð fær Fontaine um tuttugu bréf í viku hverri frá aðdáendum um allan heim.


**FONTAINE FAGNAÐ** Just Fontaine var hetja Frakklands á heimsmeistaramótinu 1958. NORDICPHOTOS/AFP



## Kostnaðurinn við byggingu leikvanganna

Ath. Sumir leikvanganna eru byggðir frá grunni, aðrir eru endurbættir verulega.

**Upphæðir í milljörðum króna**

| Leikvangur | Upphæð |
|---|---|
| Allianz Arena, München | 31,6 |
| Olympiastadion, Berlín | 22,3 |
| Arena Auf Schalke, Gelsenkirchen | 17,9 |
| Waldstadium, Frankfurt | 11,7 |
| RheinEnergie Stadion, Köln | 11,1 |
| AOL Arena, Hamborg | 9,0 |
| Zentralstadion, Leipzig | 8,4 |
| AWD Arena, Hannover | 6,0 |
| Franken-Stadion, Nürnberg | 5,2 |
| Gottlieb-Daimler-Stadion, Stuttgart | 4,8 |
| F.-Walter-Stadion, Kaiserslautern | 4,4 |
| Westfalen-Stadion, Dortmund | 3,3 |
| **SAMTALS** | 135,7 milljarðar kr. |

Heimild:KRT

olís FÆRIR ÞÉR HM2006 Á SÝN

# Sjáðu HM leikina
# í beinni
# á Olís-stöðvunum



olís HM 2006

Við höldum með þér!

Hverjir vinna HM?


Dagur B. Eggertsson
**BRASILÍA**


Gísli Marteinn
**HJARTAÐ SEGIR ENGLAND EN HEILINN BRASILÍA**


Bogi Ágústsson
**ENGLAND**


Hilmar Björnsson
**BRASILÍA**


Freyr Bjarnason
**BRASILÍA**


Heiðar í Botnleðju
**BRASILÍA**


Magnús Ver Magnússon
**BRASILÍA**


Frosti í Mínus
**BRASILÍA**


Gísli Einarsson
**ENGLAND**

# Saga verðlaunagripsins

**Saga verðlaunagripsins á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu er ótrúleg í meira lagi. Allt frá því Jules Rimet setti heimsmeistarakeppnina á fót og þar til verðlaunagripnum var stolið í tvígang hefur saga hans verið merkileg en tveir verðlaunagripir hafa verið notaðir frá upphafi-**

Jules Rimet bikarinnn var upprunalegi verðlaunagripurinn á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Úrugvæar unnu hann fyrstir allra árið 1930 en þá kallaðist hann reyndar „Sigur“ eða Victory. Nafni hans var breytt formlega árið 1946 til heiðurs Jules Rimet, forseta FIFA, sem hafði árið 1929 átt upphafið að HM í knattspyrnu. Bikarinn hefur þó nánast ávallt verið nefndur HM-bikarinn.

Abel Lafleur hannaði bikarinn en hann vóg 3,8 kíló og var 35 cm hár. Hönnun hans var vísun í vængjótta fígúru sem kallaðist kunnuglegu nafni, Nike. Hún var grísk gyðja sem var tákn sigurs. Í heimsstyrjöldinni síðari voru Ítalir handhafar bikarsins. Ottorino Barassi, þáverandi varaformaður FIFA, faldi bikarinn frá Þjóðverjum í skókassa undir rúminu sínu.

Rétt fyrir úrslitaleikinn í Englandi árið 1966 var verðlaunagripnum stolið þar sem hann var til sýnis í Westminster Central Hall, en leitarhundur fann hann viku síðar, umvafinn dagblöðum í ruslagámi í hinum enda Lundúna. Eftirgerð var samstundis framleidd og var hún notuð í fagnaðarlátunum eftir úrslitaleikinn sem Englendingar unnu á heimavelli. Eftirgerðin var einnig notuð við einstaka tilefni þar til árið 1970 en hún var svo seld á uppboði fyrir 254.000 pund árið 1997 og er hún nú til sýnis á knattspyrnuminjasafni Englands í Preston.

Brasilíska liðið sem vann HM árið 1970 fékk þann heiðurs aðnjótandi að fá bikarinn til eignar. Árið 1983 var bikarnum svo stolið enn á ný, þá í Rio de Janeiro, og hefur hann aldrei fundist aftur. Brasilíska knattspyrnusambandið lét búa til sína eigin eftirlíkingu.

Bikarinn sem kom í staðinn er núverandi bikar sem Brasilíumenn hafa í sinni vörslu. Það var Silvio Gazzaniga sem hannaði þennan stórbrotna verðlaunagrip en hann er 36,5 cm hár og er gerður úr 18 karata gulli (75 prósent), sem vegur um 5 kíló. Botninn er svo 13 cm í þvermál og samtals vegur bikarinn 6.175 kíló, en hann sýnir tvær mannlegar fígúrur halda á jörðinni.

FIFA World Cup er greftrað neðst á bikarinn og undir honum eru svo nöfn allra sigurvegara á HM frá upphafi. Það sést því ekki þegar hann stendur, en öll nöfnin þar eru á ensku. Sjö þjóðir hafa fengið nafnið sitt greftrað á bikarinn en ekki er vitað hvað gerist þegar plássið fyrir nöfnin verður uppurið. Það gerist eftir HM 2038.

Reglur FIFA kveða á um að verðlaunagripurinn megi ekki vera til sýnis, ólíkt forvera hans. Sigurvegararnir á HM fá hann að láni í fjögur ár, og fá einnig endurgerð til eignar.


**SÁ UPPRUNALEGI** Jules Rimet bikarinn, sem stolið var rétt fyrir HM 1966, og aftur árið 1983. NORDICPHOTOS/AFP



**BIKARINN GLÆSILEGI** Verðlaunagripurinn eftirsótti er stórglæsilegur, en hann vegur yfir sex kíló og er gerður úr átján karata gulli. NORDICPHOTOS/AFP


Ívar Guðmunds
**BRASILÍA**


Baldur Beck
**TÓGÓ**


Helgi Seljan
**ÍRAN**


Páll Rósinkranz
**BRASILÍA**


Óli Palli
**ÞÝSKALAND EÐA BRASILÍA**


Einar Þorvarðarson
**BRASILÍA**


Jón Kaldal
**ARGENTÍNA**


Atli Eðvaldsson
**ÞÝSKALAND**


Geir Sveinsson
**BRASILÍA**


Gaupi
**ÍTALÍA**


Patrekur Jóhannesson
**ÞÝSKALAND**


Þorsteinn J.
**FRAKKLAND, BRASILÍA EÐA SPÁNN**


Árni Johnsen
**ENGLAND**


Jón Arnar Magnússon
**ÞÝSKALAND**

Hverjir vinna HM?

## VISSIR ÞÚ...

...að Hakan Sükur skoraði sneggsta mark allra tíma á HM árið 2002? Það gerði hann gegn gestgjöfunum í Suður-Kóreu í leiknum um þriðja sætið eftir aðeins ellefu sekúndur. Hann bætti þar með 40 ára gamalt met Václav Masek frá Tékkóslóvakíu um fjórar sekúndur.

...að Ungverjar hafa skorað flest mörk í leik á HM? Það gerðu þeir árið 1982 þegar þeir burstuðu El Salvador 10-1. Ungverjar eiga líka næstflestu mörkin, níu talsins gegn Suður-Kóreru árið 1954.

...að Just Fontaine er sá sem hefur skorað flest mörk allra á HM. Það gerði hann fyrir Frakkland árið 1958 þegar hann skoraði þrettán mörk í aðeins sex leikjum. Að meðaltali þurfti hann aðeins rúmar 40 mínútur til að skora.

...að Hollendingar hafa ekki tapað vináttuleik fyrir HM síðan árið 1990? Það var Austurríki sem vann Hollendinga 3-2 árið 1990 en síðan þá hafa þeir ekki tapað leik.

...að Gerd Müller er markahæsti leikmaður HM frá upphafi? Þjóðverjinn skoraði fjórtán mörk í tveimur heimsmeistarakeppnum, árin 1970 og 1974. Brasilíumaðurinn Ronaldo er sá eini sem getur skákað honum á HM í Þýskalandi en hann hefur þegar skorað tólf mörk á tveimur mótum, 1998 og 2002.

...að Flest spjöld í einum leik á HM komu árið 2002? Í leik Þýskalands og Kamerún, sem Þjóðverjar unnu 2-0, gaf Antonio Lopez Nieto dómari hvoru liði átta gul spjöld og eitt rautt, og því samtals sextán gul spjöld og tvö rauð.

...að Mohamed Al Deayyea, markmaður Sádi-Arabíu, er leikreyndasti leikmaður sem spilar á HM í sumar? Hann hefur spilað 181 leik fyrir þjóð sína en leikreyndasti útileikmaðurinn er Claudio Suárez frá Mexíkó, sem leikið hefur 176 leiki.

...að markahæsti leikmaður HM fyrir sína þjóð er Íraninn Ali Daei? Þessi magnaði markaskorari hefur skorað 109 mörk fyrir Íran en hann er markahæsti leikmaður allra tíma fyrir landslið.

...að flestir leikmenn sem spila á HM leika á Englandi? Alls 105 leikmenn spila þar í landi, 73 í Þýskaland og 61 á Ítalíu. Leikmennirnir í liðunum 32 spila alls í 49 löndum en átta deildir hafa einn leikmann á HM.

...að Arsenal á flesta leikmenn sem spila á HM? Alls koma fimmtán leikmenn frá Skyttunum, en Chelsea skartar fjórtán mönnum. AC Milan kemur næst með þrettán.

...að Brasilía hefur oftast tekið þátt í HM? Brasilía hefur tekið þátt í öllum heimsmeistarakeppnum fram að þessu, alls átján talsins. Þýskaland, að Vestur-Þýskalandi meðtöldu, hefur tekið þátt sextán sinnum, líkt og Ítalía.

...að Marco van Basten, landsliðsþjálfari Hollendinga, er yngsti þjálfarinn á HM? Hann er fæddur 31. október árið 1964 og verður því 41 árs og 221 ára gamall. Otto Pfister verður sá elsti, 68 ára og 197 daga gamall.

...að Ali Boumnijel er elsti leikmaðurinn á HM? Þessi markmaður Túnis verður 40 ára og 57 daga gamall á opnunardegi HM. Englendingurinn Theo Walcott er sá yngsti, 17 ára og 85 daga gamall.

GOTT FÓLK McCANN

HM ÁSKRIFTARTILBOÐ

2.966 kr. á mánuði*
Sýn í þrjá mánuði með Stöð 2
Sýn Extra fylgir frítt með

4.966 kr. á mánuði*
Sýn í þrjá mánuði
Sýn Extra fylgir frítt með

*gegn eingreiðslu

SÝN
er stoltur styrktaraðili Fótboltaskóla Péturs

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT
515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

MasterCard olis Iceland Express



# HM TILBOÐ




**THOMSON**

**42PB120S5** 42" ED PLASMA BREIÐJALDSSJÓNVARP með 852x480 punkta upplausn og 3000:1 skerpu,1000 cd/m2 birtu, HDTV Ready, mynd í mynd (1 móttakari), 28w Nicam Stereó hljóðkerfi, textavarp með 2100 síða minni, 2 Scart, Component, SVHS og CVBS tengjum, PC tengi (DVI), borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




**THOMSON 20LB125B4**

20" LCD SJÓNVARP 800x600 punkta upplausn, Progressive Scan, 24w stereó hljóðkerfi með tónjafnara, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 99.990




**THOMSON 27LB130S5**

27" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Hi-Pix2 myndtækni, 2x20w Nicam Stereo hljóðkerfi með BBE Viva Surround, 3 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, kortalesara og USB tengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990




**THOMSON 32LB125B5**

32" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Hi-Pix myndtækni, Progressive Scan, 2x16w Nicam stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS, VGA, heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 159.990




**THOMSON 32LB220B4**

LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Hi-Pix myndtækni, Progressive Scan, mynd í mynd (2 móttakarar), 2x12w Nicam stereó hljóðkerfi með 16w bassa, 3 Scart (með RGB), Component, CVBS, kortalesara og USB tengi, VGA og DVI tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 229.990

DVD VIDEO · DivX VIDEO

Spilar DVD, DVD+R/RW, CD-R/RW, DivX, VCD/SVCD, MP3 og JPEG



**THOMSON DPL912VD**

HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara, 160w (5x25 og 1x35) Dolby Digital/DTS magnara, 5 litlum umhverfishátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, útvarpi með FM og 40 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýringu.

**TILBOÐ 19.990**
FULLT VERÐ kr. 29.990

DVD VIDEO **HEIMABÍÓ MEÐ UPPTÖKU**



Spilar DVD, DVD+R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG

**THOMSON DPL953REC**

HEIMABÍÓKERFI með DVD upptökuspilara og 160w (5x20 og 1x50) Dolby Digital/DTS magnara, 5 litlum umhverfishátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, útvarpi með FM og 40 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýringu.

**TILBOÐ 29.990**
FULLT VERÐ kr. 49.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

## Pallbílar




Útvegum Toyota Tacoma, Ford F150, Dodge RAM, Toyota HiLux, Mitsubishi L200 og aðra pallbíla á frábærum verði. Láttu okkur gera þér gott tilboð. Margir litir og val um búnað. Útvegum einnig flestar aðrar gerðir jeppa og fólksbíla frá Evrópu eða Bandaríkjunum. Allt að 5 ára ábyrgð og bílalán. Nýjir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. Þjónustuver sími 552 2000 www.islandus.com

## Húsbílar



Til sölu er húsbíll árg. 1994, ekinn 70 þús. míl. Sími. 894 1412 & 867 1282.



Chevy Van innréttaður, gasmiðstöð, vaskur, eldavél, árg. '77. Bensínbíll. 12 þús. á ári að eiga sem aukabíl. Verð 250 þús. S. 695 2695.

Til sölu Benz 309D árg.'83 m. Arnold húsbílayfirbyggingu, bíll í góðu ásigkomulagi. Uppl í s. 898 4044.

## Mótorhjól



Mótorhjól til sölu. Yamaha PW 80 árg. 2003. Lítið notað. Verð 180 þ. Uppl. í síma 896 6551.



Til sölu nýtt og ónotað THUMPER mótorhjól árg. 2006. Verð 155 þ. Uppl. í s. 896 6551.



EÐALEINTAK. Suzuki GSX 1400, 2003 árg., ekið 1000 km,verð 890 þús. stg. S. 898 8829.

Til sölu Viking 1706 Epic fellihýsi árg. 1999 með festingu fyrir mótorhjól. Verð 380 þ. Uppl. í s. 896 6551.

## Hjólhýsi



Til sölu nýtt Hobby Exellent Easy 500 KMFe '06 hjólhýsi. Ýmsir aukahlutir. s. 699 6698.

## Fellihýsi



Til sölu er vel með farið Palomino Colt fellihýsi árg. '99. Uppl. í s. 692 4124 & 892 4124.

**Fellihýsi til leigu**
Splunkuný 9 feta fellihýsi Palomino Colt með fortjaldi. Til leigu. Vikuleiga. Uppl. í s. 899 4161 eða á opet@opet.is

Vantar fellihýsi til leigu um mánaðarmót jún-júl eða til sölu fyrir u.þ.b. 400 þús. 868 3157.

Palimino Yearling 4120 árg. 2004 12 fet. Heitt vatn, Sólarsella, fortjald og fleira. S. 820 6030

Colt árg. '05 til sölu með aukahlutum notaður einusinni. Sími 892 5861.

Til sölu Coleman Sípen, 10", árg. '99 vel með farið með skyggni og fortjald. Verð 900 þ. Uppl í s. 483 1327 & 893 0327.

## Tjaldvagnar







Álbox fyrir ferðabíla KE Málmsmíði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.www.ke.is

Vel farinn Holicamp árg. 97 til sölu. Geymslubox og fortjald. Sími 824 1464

Trigano Ocean árg.99 Rúmgóður með góðu fortjaldi. Uppl í s.553-9570 og 891-9570

Frábær tjaldvagn til sölu Inesca Monaco árg 94. 4 manna m/áföstu fortjaldi með ýmsum aukahl. v. 200 þ. S:8617158

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Erum með til leigu Beltahjólbörur sem bera 600 kg. Breidd 75 cm. Með breikkanlegum beltagangi upp í 105 cm.Getur mokað upp í sig og hægt að lyfta upp í 165 cm. til að sturta í jarðvegsgáma. Höfum kerrur til að flytja tækin. VINNULYFTUR EHF. S: 544 8444



Þarftu að setja upp grindverk eða sólpall ! Þú getur leigt hjá okkur alvöru staurabora í mörgum stærðum sem eru tengdir við Smágröfur einnig Beltahjólbörur sem hægt er að lyfta uppí 165 cm. til að sturta í jarðvegsgáma. Höfum kerrur til að flytja tækin. Vinnulyftur ehf. S. 544 8444.



Erum með til leigu Smátraktorsgröfur sem eru 1.5 tonn. 150 cm. breiðar, hægt er að leigja staurabora í mörgum breiddum og brotfleyga einnig á þessar gröfur. Höfum kerrur til að flytja tækin. Vinnulyftur ehf. S. 544 8444.



Erum með til leigu Smágröfur sem eru 1.1 tonn. 70 cm breiðar með breikkanlegum beltagangi uppí 100 cm. Einnig erum við með stærri Smágröfur upp í 7.6 tonn. Höfum kerrur til að flytja tækin. Vinnulyftur ehf. S. 544 8444.









Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Englaljós til þín 908 5050**
Hvað viltu vita um ástina, heilsuna og hvað getur gerst skemmtilegt í sumar, bein miðlun, rágjöf. Opið frá 12-02 eftir miðnætti. Lára

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Erla s. 587 4517.

## Trésmíði

**HB verktakar**
Getum bætt við okkur fl. verkefnumm sérhæfum okkur í alhliða húsviðgerðum utan húss sem innan og nýbyggingum. Uppl. í s. 844 6288

Innréttingauppsetningar og parketlagnir. Upplýsingar í síma 824 1956.

## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í apríl. Halldóra Bjarna hjúkrunfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876.

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

**Taktu þér tak!**
Með HERBALIFE nærðu árangri. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Elsa 8982 617.

Með ShapeWorks getur þú komið þér og þínum í flott form í sumar. Þú færð meiri orku og missir þessi aukakíló sem þú ert búin að reyna losna við lengi. Fáðu fría heilsu-og lífstílsskýrslu á www.heilsufrettir.is/harpas

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting




# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Sófalist - Nýtt**
Áklæði yfir garðstóla. - púðar og skemmtilegir fylgihlutir. Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ Sími 553 0444 - www.sofalist.is



**Sófalist - Nýtt**
Ítalskar skinn yfirbreiðslur - ýmis munstur Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ Sími 553 0444 - www.sofalist.is

Vel með farinn 3 sæta svartur leðursófi með 2 Lazy-Boy sætum. Verð aðeins 40 þ. Uppl. í síma 863 0583.

## Gefins

Óska eftir að fá gefins U-laga eldhúsinnréttingu, get sótt. S: 5579580

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald

**Hundaræktin Dalsmynni**
Hundaræktun Dalsmynni auglýsir. Pekings hvolpur til sölu, og einnig Pug hvolpar til sölu
**Upplýsingar í s. 566 8417.**






Yndislegir Chihuahua strákar til sölu 8 vikna, bólus., örm., ættb., ísh. Uppl. í s. 897 6419.

**Íshundar**
Alþjóðleg hundasýning Íshunda fer fram helgina 24.-25. júní nk. Skráning stendur til 7. júní.
**Tekið er við skráningum í s. 577 2474 & 863 0474**

**Íshundar**
Íshundar minna á sýningarþjálfun í kvöld. Kl. 20-21. Reiðhöllinni gust í Kópavogi.
**Uppl. í s. 577 2474 & 863 0474**

TILBOÐ! Lækkað verð. Gullfallegur Rottweiler strákur til sölu á gott heimili. Ættbókafærður og örmerktur. Uppl í s:8562714

Eins árs tík af tegundinni Stóri Dan fæst gefins á gott heimili. Ástæðan er ofnæmi á núverandi heimili. Tíkin er bæði gæf og skynsöm. Uppl. í s. 861 2570 & 567 3296.

**Heimili óskast**
12 vikna kassavanri og krúttlegri kisustelpu, sem nú býr í vesturbænum vantar nýtt og gott heimili. Uppl. í síma 820 0772.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




Ef svo er gefst þér kostur á að taka einkatíma í tölvukennslu. Mjög góð aðstaða og mikil reynsla. Upplýsingar fúslega veittar í síma 862-4510

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting



Við bjóðum fallega nýja 2 herb 55 m2 íbúð á Akureyri verð pr. nótt 11.900 kr, fjórða og 6 nótt frí. Bókanir í síma 822 - 9952, sjá myndir á www.hoepfner.is

**Gisting á Spáni**
Íbúð til leigu í Costa Brava og Menorca í sumar. Og í Barcelona í haust. Uppl.í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn







Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Hestamennska




Leðurskálmar, Leðurskálmar. Þær lang flottustu. Ný snið og frábært leður. Ístölt Bæjarlind 2. S.555 1100

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu falleg 3. herb. íbúð í 2 býli í Kóp. 85.000.- á mán. einn mán. í tryg. Laus núna. s. 896 0297.

Björt og rúmgóð 3 herb. íbúð til leigu í Ártúnsholti. Langtímaleiga, laus strax, verð 100 þús., 3 mán fyrirfram. Áhugasamir sendið mail á artun@visir.is

**Takið vel eftir**
Til leigu 5 herb. íbúð leigist eitt ár í senn. Leigist á 90 þ. á mán. Uppl. í s. 483 3836.

Herbergi til leigu til 1.September. Sameiginl aðg að baði,eldh,þvottah,inet. s.6919423 eða lindasmara@yahoo.com

## Húsnæði óskast

**Reykjavík**
Óskum eftir húsnæði til langtímaleigu, 2ja eða 3ja herbergja. Erum reyklaus, snyrtileg í umgengni og reglusöm. Sími 659 8641.

Múrari óskar eftir 2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 846 0108.

**112 Grafarvogur.**
Fjölskylda óskar eftir 3-4 herb snyrtilegri íbúð til leigu, helst í Grafarvogi. Skilvísar greiðslur og reglusemi. Uppl í s. 616 9736.

óskum eftir að taka á leigu 3-4 herb.íbúð frá og með 1.júl með langtímaleigu í huga erum róleg og reglusöm uppl í síma 8653655

Hjón á besta aldri og reglufólk óskar eftir 2-3ja herb. íbúð í langtímaleigu. Eingöngu í rvk. Uppl í s. 845 4654.

## TIL SÖLU










ÍSHLUTIR

## Notuð tæki



**Man 26-403 silent árg 1999 ekinn 689.100 40þkm á vél.**



**Bomag 177 DH4 árg 2004 vst170 verð 5.500.000**



**Nýr Palfinger krani 36002.**



**Nýr Man 35.430 á grind.**



**Nýr Mercedes Benz 41.44 8x4**

Hafið samband við sölumenn í síma 5752400 6943800 6943900
**ÍSHLUTIR ehf**
www.ishlutir.com

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

**Laugavegur 95-99 og Snorrabraut 24**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.174.1, vegna lóða nr. 95-99 við Laugaveg og 24 við Snorrabraut.
Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að byggingar verði hækkaðar um eina hæð á öllum lóðum, fjórða hæðin verði inndregin um 1.5 m við Laugaveg og Snorrabraut og að hluta til bakhlið og að bakbyggingar verða hækkaðar um tvær hæðir á lóðunum nr. 95-99 við Laugaveg.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 7. júní til og með 19. júlí 2006. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 19. júlí 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 7. júní 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

## Opið hús miðvikud. 7. júní milli 17 og 19 að Fífulind 9, 2.h.h., 201 Kóp.






Mjög vönduð 3ja herbergja, 83,4 fm, íbúð á þessum vinsæla stað í Lindunum. Allur frágangur að utan sem innan er til fyrirmyndar. Parket flæðir milli herbergja og eru innihurðir og innréttingar í stíl þannig að íbúðin er bæði afskaplega hlýleg og falleg. Stutt er í alla þjónustu, skóla og verslanir sem og á stofnbrautir. Íbúð sem er miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.


Guðrún Árnadóttir
lögg. fasteignasali


Albert Björn Lúðvígsson
sölumaður, s. 840 4048

HÚSAKAUP

**– sími 530 1500 – heimasíða www.husakaup.is –**







RE/MAX KÓPAVOGUR

# Kambsvegur 22

Reykjavík
Opið hús Miðvikudag frá 18 - 18.30

**Verð: 17.9 millj**
Stærð: 75,6 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1960
Brunabótamat: 10,7 millj
Bílskúr: nei

Björt og skemmtileg 3ja herbergja íbúð í grónu og vinsælu hverfi. Inngangur sameiginlegur með annarri hæð, parketlagt rúmgott hol. Hjónaherbergið er bjart og stórt. Barnaherbergið er undir súð. Stofa og borðstofa parketlögð. Eldhúsið er flísalagt og með nýrri innréttingu, nýlegri eldavél og vaski. Baðherbergið er undir súð, með baðkari. Gengið er úr stofu út á stórar flísalgðar svalir ( 6,2 m2) sem snúa í suðvestur. Frábær staðsetning, stutt í útivistarsvæði í Laugardalnum.


Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali


Stella
Sölufulltrúi
**892 3392**
stella@remax.is


Halldóra
Sölufulltrúi
**869 2024**
halldora@remax.is





RE/MAX KÓPAVOGUR

# Dælisárvegur

Kjósahreppur
Rúmgott sumarhús

**Verð: 11,5 millj**
Stærð: 83.3 fm
Byggingarár: 1970
Brunabótamat: 7,8 millj

Sumarhús við Meðalfellsvatn. Húsið býður upp á mikla möguleika þar sem óinnréttað er nýsteypt kjallararými undir húsinu. Stórir gluggar eru á rýminu. Gengið er inn í rúmgóða parketlagða stofu en þaðan er gert ráð fyrir að hægt sé að ganga niður í kjallara. Eldhús er rúmgott og bjart. Ísskápur, eldavél, leirtau, borð og stólar fylgja. Svefnherbergi og wc eru ágætlega rúmgóð. Einnig er svefnloft. Allt innbú fylgir. Geymsluskúr og leikvöllur á lóðinni. Frábær staðsetning í hæfilegri fjarlægð frá borginni.


Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali


Stella
Sölufulltrúi
**892 3392**
stella@remax.is


Halldóra
Sölufulltrúi
**869 2024**
halldora@remax.is

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS

Björgvin Ó. Óskarsson, *Lögg. leigumiðlari*
Óskar Mikaelsson, *Ráðgjafi atv.húsnæði*
Gunnar Jón Yngvason, *Lögg. fasteignasali*



**Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500**

## BARNAFATAVERSLUN TIL SÖLU!




Vorum að fá í sölu barnafataverslunina „***Spékoppar***" í Grafarvogi. Verslunin er rekin í leiguhúsnæði í góðri hverfa verslunarmiðstöð. Vöruúrvalið er miðað við að ná til barna og unglinga, ekki er verið með dýrar vörur heldur lögð áhersla á vörur sem allir geta og vilja kaupa. Reksturinn selst vegna veikinda , að sögn seljanda hefur þarna ávallt verið rekin góð verlsun. Upplagt tækifæri fyrir td tvær konur að taka þetta að sér. Verðið er ótrúlaga hagstætt því ekkert á að greiða fyrir innréttingar, viðskiptavild og tæki heldur aðeins fyrir lagerinn og er seljandi tilbúinn að sætta sig við að fá 30 % af útsöluverðmæti hanns sem er þá ca 1, 5 millj sem þarf að greiða til að taka við þessum rekstri. ***Að hika er sama og tapa.***

**– Verðmetum atvinnuhúsnæði samdægurs –**







# Breiðahvarf 17

## 203 Kópavogur

### EIGN FYRIR VANDLÁTA

**Verð: Tilboð**

Stærð: 350,7
Byggingarár: 2005
Brunabótamat: 56,840.000
Bílskúr: já

Glæsilegt einbýlishús á einstakri hornlóð með miklu útsýni innbyggðum bílskúr og auka húsi innréttað sem 3ja herbergja íbúð. Teiknað af Sigurði Pálma Ásbergsson arkitekt. Innanhúshönnun var unnin í samráði við Rut Káradóttur og er samræmd í öllu húsinu. Húsið er viðhaldsfrítt, steinað og álgluggar eru með granítáferð. Allar innréttingar og hurðir eru í yfirstærð eru sérsmíðaðar frá Fagus og eru með liggjandi hnotu og öll borð með granít. Mikið er lagt í alla raf- og tölvulagnir og gert er ráð fyrir Instabus-kerfi í aðalrými og rafstýrðum gardínum. Ljós og lýsingahönnun er frá Rafkaup og er leikið skemmtilega með lýsinguna. Hiti er í öllum gólfum, lofthæð er mjög góð lægst 2,80m og í aðalrými hússins er hún 4m. Gólfefni er náttúrusteinn og innflutt "hallarparket" gegnheilir eikarplankar olíubornir, barðir og lakkaðir. Útgengt er úr öllum herbergjum hússins út í garð. Þetta er einstök eign á útsýnis hornlóð sem á þessum vinsæla stað. Óskað er eftir tilboðum í eignina.

**RE/MAX MJÓDD**


Jónas Örn
Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550


Hafdís
Sölufulltrúi
**895 6107**
hafdis@remax.is


Ásdís Ósk
Sölufulltrúi
**863 0402**
asdis@remax.is







# Smiðshöfði

## Reykjavík

### Atvinnuhúsnæði - tækifæri !

**Verð: 69.000.000**

Stærð: 557 fm
Byggingarár: 1979
Brunabótamat: 53.900.000

RE/MAX Lind kynnir Atvinnu-/iðnaðarhúsnæði að Smiðshöfða, skráð 557 fm. Húsnæðið er á þremur hæðum. 1. hæð er 173,3 fm með innkeyrsludyrum og 3ja metra lofthæð. 2. hæð er 195,6 fm. 3ja hæð er 188,3 fm. Þetta er húsnæði sem býður upp á mikla möguleika. Laust til afhendingar. Nánari upplýsingar gefur Stella í síma 892 3392

**RE/MAX KÓPAVOGUR**


Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali


Stella
Sölufulltrúi
**892 3392**
stella@remax.is

allt
auglýsingasími
550 5880

allt heimili
Alla fimmtudaga

# TOPP 5: BRAD PITT



Hjartaknúsarinn Brad Pitt hefur leikið í allmörgum kvikmyndum á ferli sínum. Margar þeirra hafa verið sýndar við miklar vinsældir en sumar standa upp úr fyrir gæði og góðan leik.

**1. Thelma and Louise (1991).** Þar vakti Brad fyrst heimsathygli. Kannski ekki fyrir leikhæfileika en allavega fyrir fallegan kropp sem heillaði kvenþjóðina upp úr skónum.

**2. A River Runs through It (1992).** Pitt sýnir góðan leik í dramatískri mynd um samband tveggja bræðra. Maður hefði aldrei trúað að fluguveiði gæti bæði verið spennandi og áhugavert að horfa á.

**3. Legends of the Fall (1994).** Margar konur bráðnuðu við að horfa á hádramatískan ástarþríhyrning. Mynd með Brad Pitt og Anthony Hopkins getur varla klikkað. Þar fara saman falleg umgjörð og frábærir leikhæfileikar.

**4. Seven (1995).** Myndin vakti mikla athygli fyrir magnaða spennu, skuggalega leikmynd og góðan leik. Ekki sakar að hafa Morgan Freeman í öðru aðalhlutverkanna.

**5. Twelve Monkeys (1995).** Kannski ekki stærsta hlutverk Pitts en þar sannaði hann rækilega að hann væri ekki aðeins fallegt andlit heldur gæti einnig leikið.

## VISSIR ÞÚ...

... að lengsta staðarnafnið í heiminum er opinbert nafn höfuðborgar Taílands, Bangkok. Borgin heitir í raun Krungthephphramahanakhon bowonratanakosin mahintharayuthaya mahadilokphiphobnovphharad radchataniburirom udomsantisug.

... að Wesley og Stella McGowen (frá Bandaríkjunum) hafa verið gift síðan 6. febrúar 1920, í 84 ár? Það er lengsa hjónaband sem vitað er um.

... að Frakkland er vinsælasti ferðamannastaðurinn? Samkvæmt tölum WTO heimsóttu 77 milljónir erlendra ferðamanna Frakkland árið 2002 eða 11% allra ferðamanna það árið.

... að Argentínumenn sólunda mestu nautgripakjöti allra þjóða? Árið 1998 var 332.000 tonnum hent.

... að á ári hverju sækja 130.000 manns hvítlaukshátíðina í Gilroy í Kaliforníu?

... að á ári hverju er 2.000 öpum boðið að gæða sér á ávaxtahlaðborði við hof eitt í norðurhluta Taílands? Aparnir éta um 3.000 kíló af hitabeltisávöxtum.

... að fyrsta tölvuveiran kom til sögunnar árið 1983? Það var Fred Cohen, stúdent við Massachusetts Institute of Technology, sem kynnti fyrsta tölvuforritið sem endurritaði sig í óleyfi.

... að IKEA-verðlistinn er mest lesni verðlisti í heiminum? Hann er prentaður í 130 milljónum eintaka á ári, þýddur á 28 tungumál og dreift í 36 löndum.

... að Bandaríkjamaðurinn Gregg M. Cox getur lesið og skrifað 64 tungumál og er þar með mesti tungumálamaður heims?





100% náttúrulegt

- 100% náttúrulegir jurtalitir
- Engin skaðleg aukaefni
- Ekkert ammóníak
- Laust við festiefni (Resorcinol)
- Þægilegt og fljótlegt í notkun
- 30 litir (Hægt að blanda fleiri)

Einnig sjampó, hárnæring o.fl.

Fæst í heilsubúðum, apótekum, og heilsuhornum verslana

DREIFING: JÓN KARLSSON • SÍMI: 5610570

Sumartilboð

10-50% afsláttur af öllum vörum

Miðvikud, fimmtudag og föstudag

VERIÐ

Glæsibæ, s. 552 0978

www.damask.is

2 fyrir 1 TILBOÐ



13. júní

Tyrkland-Marmaris 29.950 kr.

Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman.

Brottför 6. og 13. júní.

Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **OZAY** eða **Club lilayta**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Krít 12. júní 29.950 kr.

Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. Brottför 5. og 12.júní.

Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Helios**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Portúgal-Albufeira 13.júní 33.055 kr.

Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman.

Brottför 13. júní.

Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Mirachoro**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Mallorca 13. júní 29.980 kr.

Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman.

Brottför 6. og 13. júní.

Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Pil Lari Playa**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

VISA MasterCard EFLING

Bókaðu strax besta Plúsferðaverðið

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Plúsferðir · Lágmúla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100

ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM

::OUTLET FISKISLÓÐ 75

Ótrúlegt úrval af dömu, herra og barnaskóm á góðu verði



STÆRÐIR 41-47 4.900,-

STÆRÐIR 36-41 3.500,-

STÆRÐIR 41-45 2.900,-

STÆRÐIR 41-47,7 4.000,-

OPNUNARTÍMI: Mán.-Fös. 13:00-18:00 & Lau. 12:00-16:00

Fiskislóð 75 (út á Granda), 101 Reykjavík, s:514-4407

X18 SKECHERS every1

allt

ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is

vísir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.739 **-1,78%**

**Fjöldi viðskipta:** 386
**Velta:** 7.060 milljónir

MESTA HÆKKUN

**Tryggingamiðstöðin** +2,50%

MESTA LÆKKUN

**Atlantic Petroleum** -5,73%
**Kaupþing banki** -2,88%
**Landsbankinn** -2,22%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,20 -0,61% ... Alfesca 3,95 +0,00%... Atorka 5,90 -0,84% ... Bakkavör 48,80 -1,41% ... Dagsbrún 6,08 -1,62% ... FL Group 19,90 -0,50% ... Flaga 4,06 -2,17% ... Glitnir 18,20 -1,09% ... KB banki 777,00 -2,88% ... Landsbankinn 22,00 -2,22% ... Marel 69,90 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,30 -1,21% ... Straumur-Burðarás 17,90 -1,11% ... Össur 112,00 -0,89

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Einkaaðila í ríkisframkvæmdir

**Viðskiptaráð vill að einkaaðilum verði í auknum mæli falinn rekstur og framkvæmdir við samgöngumannvirki.**

Viðskiptaráð Íslands hvetur til aukinnar aðkomu einkaaðila að framkvæmdum ríkisins. Í væntanlegu fréttabréfi veltir ráðið sérstaklega upp þeim möguleika að einkaaðilum verði í auknum mæli falinn rekstur og framkvæmdir við samgöngumannvirki.

Fram kemur að Hvalfjarðargöngin séu ef til vill nærtækasta dæmið um framkvæmd sem falin hafi verið einkaaðilum og heppnast framar vonum. Í upphafi hafi verið talið að göngin yrðu um tuttugu ár að borga sig upp en nú sé ljóst að það taki mun skemmri tíma og skatttekjur ríkissjóðs af framkvæmdinni séu meiri. Á verðlagi árs 1996 nam stofnkostnaður ganganna 4,6 milljörðum króna.

Þá fagnar Viðskiptaráð yfirlýsingu samgönguráðherra um að kanna skuli hvort fela eigi einkaaðilum framkvæmdir við Suðurlandsveg og Sundabraut.

„Einkaaðilar hafa meiri hvata en ríkið til að ná fram hagræðingu. Það á jafnt við vegaframkvæmdir sem önnur svið. Við áréttum mikilvægi þess að ríkisvaldið velji hagkvæmasta kostinn," segir Halldór Benjamín Þorbergsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs. - jsk



**HVALFJARÐARGÖNGIN** Viðskiptaráð telur Hvalfjarðargöngin gott dæmi um framkvæmd sem falin hefur verið einkaaðilum og heppnast framar vonum.



**EIN VÉLA RYANAIR** Hagnaður lággjaldaflugfélagsins Ryanair jókst um tólf prósent á milli ára. MYND/AFP

# Góður hagnaður hjá Ryanair

Hagnaður írska lággjaldaflugfélagsins Ryanair nam 302 milljónum evra á síðasta rekstrarári, sem lauk í mars, og er það tólf prósentum meira en árið á undan. Það er hagnaðurinn sjö milljónum evrum meiri en stjórn flugfélagsins hafði búist við.

Búist er við fimm til tíu prósenta auknum hagnaði á yfirstandandi rekstrarári ef olíuverð helst í kringum sjötíu Bandaríkjadali á tunnu út árið, að sögn stjórnarinnar.

Gengi hlutabréfa í Ryanair hefur lækkað um sautján prósent á árinu, meðal annars vegna ótta um verri afkomu flugfélagsins sökum hækkana á olíuverði. - jab



**ÍSLENSKU BLÖÐIN** Í nýrri könnun Alþjóðasamtaka dagblaða kemur fram að útbreiðsla dagblaða í heiminum hefur aukist um rúmlega hálft prósent.

# Aukin sala á dagblöðum

Útbreiðsla dagblaða í heiminum jókst um tæplega 0,6 prósent á síðasta ári og hefur aukist um sex prósent síðustu fimm ár. Kom þetta fram í ársskýrslu Alþjóðasamtaka dagblaða (WAN) en samtökin halda nú árlegan aðalfund sinn í Moskvu.

Ef fríblöðum er bætt við seld dagblöð jókst útbreiðsla um rúmlega 1,2 prósent. Sex prósent allra dagblaða sem lesin eru í heiminum eru fríblöð en hlutfallið er öllu hærra í Evrópu, sautján prósent.

Fram kemur í skýrslunni að 439 milljónir manna kaupa dagblöð daglega og að sjö af tíu útbreiddustu dagblöðum veraldar eru gefin út í Asíu. Kína er stærsti dagblaðamarkaður í heimi en þar eru seld tæplega 97 milljón blöð á degi hverjum. Tæplega 79 milljónir dagblaða seljast í Indlandi.

Hlutfallslega eru seld flest dagblöð í Japan en þar eru seld 634 dagblöð á hverja þúsund íbúa. Í Noregi seljast 626 dagblöð fyrir hverja þúsund íbúa. - jsk



JUDY HOLLIDAY (1921-1965), LÉST ÞENNAN DAG.

*„Ég þoldi ekki tilhugsunina um að vera leikkona. Venjulega kastaði ég upp fyrir hverja sýningu og grét að henni lokinni.“*



*Hin bandaríska Judy Holliday varð fræg fyrir leik sinn og hlaut meðal annars Óskarsverðlaunin fyrir leik sinn í kvikmyndinni Born Yesterday.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 7. JÚNÍ 1954

# Dómínókenningin sett fram



DWIGHT EISENHOWER

Þennan dag árið 1954 kynnti Dwight Eisenhower Bandaríkjaforseti til sögunnar dómínókenninguna svokölluðu, sem gekk út á að ef kommúnistar kæmust til valda í Indókína (síðar Víetnam) myndu önnur ríki í Suðaustur-Asíu einnig falla þeim í skaut. Kenningin átti eftir að verða pólstjarnan í bandarískri utanríkisstefnu næsta áratug.

Árið 1954 var ljóst að Frakkar gætu ekki endurheimt nýlendustjórn sína í Indókína, sem þeir höfðu tapað í hendur Japana í seinni heimsstyrjöld. Víetnömskum þjóðernissinnum hafði vaxið ásmegin undir handleiðslu Ho Chi Minh og voru á barmi þess að vinna sigur á Frökkum. Bandaríkjamenn óttuðust afleiðingar þess ef kommúnistar kæmust til valda og til að ná hylli almennings hélt Eisenhower frægan blaðamannfund hinn 7. júní árið 1954. Þar talaði hann um dómínókenninguna í fyrsta sinn og sagði að hvert ríkið á fætur öðru í Suðaustur-Asíu myndi falla eins og dómínókubbar kommúnistum í skaut.

Kenningin hafði ekki mikil bein áhrif í fyrstu. Í maímánuði náðu víetnamskir kommúnistar tökum á Norður-Víetnam. Eisenhower og eftirmenn hans, Kennedy og Johnson, höfðu kenninguna hins vegar að leiðarljósi, sem leiddi til stigmagnandi íhlutunar Bandaríkjanna í Víetnam næsta áratuginn sem lyktaði með einni blóðugustu styrjöld sem háð var á tuttugustu öldinni.

## MERKISATBURÐIR

1099 Krossfarar í fyrstu krossferðinni hefja umsátur um Jerúsalem.

1904 Íslandsbanki, hinn eldri, tekur til starfa. Honum var lokað 3. febrúar 1930.

1936 Hnefaleikameistaramót Íslands fer fram í fyrsta sinn. Íþróttin er bönnuð tveimur áratugum síðar.

1939 Georg sjötti Bretakonungur heimsækir Bandaríkin.

1951 Minnismerki um 212 breska hermenn sem féllu í síðari heimsstyrjöldinni er afhjúpað í Fossvogskirkjugarði.

1977 Elísabet Bretadrottning heldur upp á 25 ára stjórnunarafmæli sitt.

1990 Banni á útflutningi á bresku nautakjöti er aflétt.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ívar Andersen**
vélstjóri,

lést föstudaginn 2. júní.

**Ingibjörg Ívarsdóttir**
**Guðmundur Ívarsson**
**Erla Ívarsdóttir** — **Haraldur Sigursteinsson**
**Gretar Ívarsson** — **Anna Dís Sveinbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Unnur Agnarsdóttir**
Sóltúni 5, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 3. júní. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, Reykjavík, föstudaginn 9. júní kl. 15.00.

**Óskar H. Gunnarsson**
**Gunnhildur Óskarsdóttir** — **Arnór Þ. Sigfússon**
**Agnar Óskarsson** — **Margrét Ásgeirsdóttir**
**og barnabörn.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Hjalti Þorvarðsson**
fyrrverandi rafveitustjóri á Selfossi,

lést að Ljósheimum á Selfossi föstudaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 15. júní kl. 14.00.

**Sigurveig Sigurðardóttir**
**Sverrir Hjaltason** — **Guðrún Eyja Erlingsdóttir**
**Sigurður Hjaltason** — **Aagot F. Snorradóttir**
**Anna Hjaltadóttir** — **Guðmundur Þorsteinsson**
**Þorvarður Hjaltason** — **Ólafía Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jóhannes R. Snorrason**
fyrrverandi yfirflugstjóri, Espigerði 4, Reykjavík,

er látinn. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 9. júní kl. 13.00.

**Arna Hjörleifsdóttir**
**Hjördís Jóhannesdóttir** — **Gunnar Bergsveinsson**
**Hjörleifur Jóhannesson** — **Árdís Kjartansdóttir**
**Jóhannes Örn Jóhannesson** — **Ragna D. Davíðsdóttir**
**Snorri H. Jóhannesson** — **Jóhanna Björnsdóttir**
**Margrét B. Jóhannesdóttir** — **Baldvin Thor Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**HANDVERKS- OG HÚSSTJÓRNARSKÓLINN Á HALLORMSSTAÐ** Skólinn fékk nýtt nafn á dögunum og er það önnur nafnbreytingin sem tekin er á síðustu árum í takt við jafnréttisumræðuna í samfélaginu og í því skyni að koma betur til móts við drengi sem hafa hug á því að sækja skólann.

## HANDVERKS- OG HÚSSTJÓRNARSKÓLINN: NÝIR TÍMAR Í HALLORMSSTAÐ

# Vill fleiri stráka í skólann

Á dögunum var nafni Hússtjórnarskólans á Hallormsstað breytt í Handverks- og Hússtjórnarskólann. Samhliða nýju nafni er von á nokkrum breytingum í námsframboði við skólann þar sem nemendum verður boðið upp á fjölbreyttara val á handverki.

„Gamla nafnið er búið að vera í notkun frá því á níunda áratugnum og var þá breytt úr húsmæðraskóla í hússtjórnarskóla. Húsmæðraskólinn var þá búinn að vera starfandi síðan 1930,“ segir Þráinn Lárusson, skólameistari í Handverks- og húsmæðraskólanum. „Nafninu var breytt í kjölfar umræðu sem var þá í samfélaginu um jafnréttismál til að bjóða stráka líka velkomna í skólann.“ Þráinn segir að ástæðan fyrir nýja nafninu núna sé mikið til sú sama og að horft sé til þess að koma betur til móts við drengi sem sækja skólann. „Við höfum verið með tvo til fjóra drengi á hverri önn og hefur það í rauninni lítið breyst undanfarin tuttugu ár. Með þessu móti reiknum við með því að fá fleiri stráka,“ segir Þráinn, sem ítrekar að námið eigi jafn vel við alla, óháð kyni.

Nú þegar hefur mikið verið gert til að auka fjölbreytni í námi og má þar meðal annars nefna kennslu í tágavinnu og ullarþæfingu. „Við erum að opna skólann mikið meira með því að veita nemendum aukið val á fjölda námsgreina. Á síðasta ári byrjuðum við að kenna myndlist og nú í haust ætlum við meðal annars að kenna fínsmíði, steinaslípun og slíkt. Einnig erum við með í bígerð að auka námsframboð enn frekar og erum með ýmislegt í farvatninu,“ segir Þráinn.

Um 22 nemar eru við skólann á hverri önn og er næg aðsókn. „Yfirleitt fáum við fleiri umsóknir að skólanum en plássin leyfa og erum búin að sækja um til ráðuneytisins að fá aukinn kennslukvóta. Þá ættum við að geta aukið nemendafjöldann allt upp í þrjátíu eða jafnvel meira.“ Aðspurður segir Þráinn að alls konar fólk stundi nám við skólann en algengasti aldurinn sé á milli 18 og 25 ára. „Námstíminn er ein önn þótt menn geti tekið námið á tveimur önnum og þá er farið hægar. Sumir velja það.“

Þessa dagana tekur skólinn á móti umsóknum á komandi haustönn og rennur umsóknarfresturinn út 15. júní.



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför hjartkærrar eiginkonu, móður, dóttur og fósturdóttur,*

**Þórdísar Pétursdóttur**
Seli, Grímsnesi.

Sérstakar þakkir til læknanna Eiríks Jónssonar og Óskars Jóhannssonar og alls starfsfólks deildanna 11-E og 13-D, Landspítala við Hringbraut, fyrir kærleiksríka umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Skúli Kristinsson**
**Aðalbjörg Skúladóttir**
**Halldóra Þórdís Skúladóttir**
**Árni Kristinn Skúlason**
**Þórunn Árnadóttir**
**Pétur Jónsson**
**Sigrún Guðmundsdóttir og Kristján Sigtryggson.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Freddy Laustsen**
húsasmiður, Hjúkrunarheimilinu Eir, áður til heimilis að Furugerði 1,

lést sunnudaginn 28. maí. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 9. maí kl. 13.00.

**Sveinbjörg Laustsen** — **Guðjón Guðmundsson**
**Fanný Laustsen** — **Þórhallur Stefánsson**
**Matthildur Laustsen** — **Ólafur Ólafsson**
**Þórir Laustsen**
**Helgi Laustsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

# Rætt um öruggt drykkjarvatn

Á morgun hefst tveggja daga ráðstefna á Grand Hótel í Reykjavík þar sem fjallað verður um hvernig tryggja á öruggt drykkjarvatn. Samorka, samtök vatnsveitna á Íslandi stendur fyrir ráðstefnunni í samvinnu við systursamtök sín á Norðurlöndum.

Fjallað verður um hættur sem steðja að drykkjarvatni, hvernig koma á í veg fyrir mengun og fræðst um viðbragðsáætlanir ef drykkjarvatn mengast. Sveitarfélög eiga að tryggja öruggt drykkjarvatn fyrir íbúa sína og er það eitt af mikilvægustu verkefnum þeirra. Alls verða 28 fyrirlestrar haldnir á ráðstefnunni. Gestafyrirlesari á ráðstefnunni er Hiroko Takasawa frá Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Róm og mun hún fjalla um hvernig Sameinuðu þjóðirnar eru að vinna að því að uppfylla þúsaldarmarkmiðin í vatnsmálum.



**RÁÐSTEFNA UM DRYKKJARVATN** Á morgun hefst ráðstefna þar sem fjallað verður um öruggt drykkjarvatn.



**HVEITIBREIÐUR Á FLJÚGANDI FERÐ** Vindhviður slá hér hveitiblómin sem standa í fullum blóma nú um stundir í Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## FÆDDIST ÞENNAN DAG



1917 **Dean Martin**, bandarískur söngvari og dansari.

## AFMÆLI



**Gestur Steinþórsson** skattstjóri í Reykjavík er 65 ára.



**Njáll Eiðsson** íþróttakennari er 48 ára.



**Páll Stefánsson** ljósmyndari er 48 ára.



**Guðlaugur Júníusson** er þrítugur.

## ANDLÁT

**Guðmundur Finnbogason,** Blöndubakka 5, lést á líknardeild Landspítalans sunnudaginn 4. júní.

**Hjalti Þorvarðarson,** fyrrverandi rafveitustjóri á Selfossi, lést að Ljósheimum á Selfossi föstudaginn 2. júní.

**Hrefna Elíasdóttir,** áður Byggðarholti 14, Mosfellsbæ, lést á Hjúkrunarheimilinu Skógabæ laugardaginn 3. júní.

**Ívar Andersen** vélstjóri lést föstudaginn 2. júní.

## JARÐARFARIR

14.00 **Kristín Jónsdóttir,** Freyjugötu 21, Sauðárkróki, verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju.

15.00 **Einar Nikulásson** forstjóri, Breiðagerði 25, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

15.00 **Soffía Arinbjarnar** frá Hafnarfirði, Hlíðarhúsum 7, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

15.00 **Vigdís Hannesdóttir** frá Hvoli, Vestmannaeyjum, áður Hólmgarði 5, Melbæ 23, Reykjavík, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.





Átta ástæður
til að skipta yfir í
IP símaþjónustu Nýherja

1 **Alltaf til taks**
Aðeins eitt símanúmer fyrir borðsíma og GSM sem tryggir að hægt er að ná í starfsmenn hvar og hvenær sem er.

2 **Enginn stofnkostnaður**
Engin fjárbinding í vélbúnaði - Fastar mánaðarlegar greiðslur.

3 **Lægri símakostnaður**
Símtöl flutt yfir gagnanetið í stað símalína sem lækkar símakostnað verulega.

4 **Ókeypis símtöl**
Öll símtöl innan fyrirtækis geta verið ókeypis þótt starfsemin sé dreifð.

5 **Símtöl erlendis á innanlandstaxta**
Starfsstöðvar erlendis og starfsmenn á ferðalagi geta átt samskipti við Ísland á innanlandstaxta.

6 **Fundir á ferðinni**
Auðvelt að setja upp símafundi, bæði í borðsímum og GSM.

7 **Tölvusími**
Hægt að hringja beint úr tölvunni.

8 **Færanleiki**
Auðvelt að flytja símtöl úr borðsíma í farsímann þegar þú þarft að vera á ferðinni.

Hafðu samband við UT ráðgjafa Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf á því hvernig þú getur aukið þjónustu þíns fyrirtækis og um leið lækkað kostnað.

Síminn er 569 7700 og netfangið er ut@nyherji.is

AVAYA
COMMUNICATIONS AT THE HEART OF BUSINESS
avaya.com

NÝHERJI
Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is







## STUÐ MILLI STRÍÐA: Markmið sumarsins

**RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR** ÆTLAR AÐ IÐKA AFSLÖPPUN.



Nú er júní að rúlla af stað og nú er um að gera að plana svolítið hlutina til að mjólka sumarið. Ég hef þess vegna ákveðið að setja mér sérstakt sumarmarkmið: að tsjilla. Ég ætla að slaka á, hætta að pirra mig yfir hlutum sem ég ræð ekki við, og vera bara almennt drullusama um allt þetta ómerkilega í lífinu sem tekur stundum of mikinn toll af sálartetrinu. Efst á baugi er náttúrlega veðrið, og á því sviði hef ég náð talsverðum árangri. Fólk spyr sí og æ hvort það sé ekki leiðinlegt að lenda í svona leiðindaveðri eftir sól og sumar í Bandaríkjunum en hretið pirrar mig ekkert því ég hef nóg af hlutum til að gleðjast yfir. Gremja mín einskorðast við að geta ekki notað sumarsandalana og nýju sólgleraugun, en það er auðvitað ekki ástæða til að sökkva sér í þunglyndi. Svo getur regnið og vindurinn líka bara verið kósí.

Hins vegar er erfiðara að ná markmiðinu í flóknari málum, sérstaklega fyrir fullkomnunarsinna sem eru aldrei sáttir. En „tsjill“ vil ek: það þýðir víst ekkert að nöldra yfir því sem er búið og gert. Ennþá tilgangslausara er að hafa áhyggjur af því hvernig lífið verður eftir eitt ár, fimm, eða tuttugu. Maður á að lifa í núinu, sagði einhver, og það er mikið til í því. Nú er ég reyndar farin að minna skuggalega mikið á Dale Carnegie-bók sem mér var eitt sinn gefin af gömlum vini. Lífsgleði njóttu, hét hún, og vakti litla lukku hjá mér enda hundgömul og algjörlega úr takt við tímann (til dæmis voru flestar konurnar sem Carnegie-kallinn minntist á gamaldags ritarar og því ekki mikið jafnrétti þar á bæ). Þar að auki var fólkið í árangurssögunum svo hrikalega jákvætt og bjartsýnt að það hefði allt eins getað verið Barbie og Ken - heilaþvegin og ómennsk. Svoleiðis fólk er bara leiðinlegt. Niðurstaðan er sem sagt sú að allt er gott í hófi. Ég mun eflaust njóta þess að nöldra eitthvað af og til í sumar (því fylgir nefnilega dularfull vellíðan), en að öðru leyti ætla ég mér að tsjilla í hófi.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



2 Tvöfaldur pottur

# 440 MILLJÓNIR

120+320
1. vinningur

Bónus-vinningur 10 milljónir

## MILLJÓNIR Á LAUSU!

Potturinn stefnir í 120 milljónir, Ofurpotturinn stefnir í 320 milljónir og Bónusvinningurinn í 10 milljónir.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

Vertu með fyrir kl.16.

ENNEMM / SIA / NM22175

**Kl. 20.00**
*Finnski stúlknakórinn Tähdet Kertovat Tyttökuoro (Skrifað í stjörnurnar) frá Turku heldur tónleika í Langholtskirkju. Sérstakur gestur er Graduale-kór Langholtskirkju.*

# menning
menning@frettabladid.is

## *Útgáfutónleikar Nýs dags*

Andrés Þór Gunnlaugsson heldur útgáfutónleika í Hafnarborg í kvöld þar sem hann kynnir geisladiskinn Nýjan dag. Á diskinum leikur jazzkvartett hans frumsamda jazztónlist en auk Andrésar sem leikur á gítar skipa kvartettinn Sigurður Flosason á altó saxófón, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur.


ANDRÉS ÞÓR GUNNLAUGSSON DJASSGÍTARLEIKARI

Andrés Þór lauk burtfararprófi af jazzbraut FÍH vorið 199 og stundaði framhaldsnám við Konunglega tónlistarháskólann í Haag í Hollandi. Á námsárunum í Hollandi lék Andrés á tónleikum víðsvegar í Hollandi og einnig í Belgíu, Lúxemborg og Þýskalandi með ýmsum sveitum en einna mest með djasstríóinu Wijnen, Winter & Thor sem lék m.a. á Jazzhátíð Reykjavíkur 2003 og gaf út plötuna It Was a Very Good Year 2004, en lag Andrésar, Þórdísardans, af þeirri plötu var tilnefnt til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2004. Andrés fluttist heim frá Hollandi vorið 2004 og hefur verið virkur í tónlistarlífinu hér heima sem hljóðfæraleikari og tónlistarkennari síðan.

Nýr dagur er fyrsti geisladiskur Andrésar í eigin nafni og eingöngu með frumsömdum verkum hans.

### > Ekki missa af...

útgáfutónleikum Tilraunaeldhússins annað kvöld í Iðnó. Fram koma hljómsveitirnar amiina, Benni Hemm Hemm, Paul Lydon og Illi Vill.

leikritinu Ritskoðaranum eftir Anthony Neilson sem Sokkabandið setur upp í sal Sjóminjasafns Íslands við Grandagarð.

ljósmynda- og málverkasýningum norska listamannsins Patrick Huse í Hafnarborg í Hafnarfirði. Sýningin heitir „Innileg fjarvera“ og er hluti af dagskrá Bjartra daga í bænum.

# Fáninn flækist ekki fyrir


EGGERT PÉTURSSON LISTMÁLARI Hlaut önnur verðlaun Carnegie Art Award 2006 fyrir einstök blómamálverk sín. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**Carnegie Art Award eru ein stærstu myndlistarverðlaun heims en á morgun verður opnuð sýning í Hafnarhúsinu á verkum eftir liðlega tuttugu norræna listamenn sem tilnefndir voru til þessara merku verðlauna.**

Verðlaunin voru afhent í Osló í september og um leið hófst átján mánaða sýningarferðalag til allra höfuðborgar Norðurlandanna, Nice og Lundúna. Að þessu sinni eru fjórir íslenskir listamenn þátttakendur í sýningunni en auk Eggerts Péturssonar, sem hlaut önnur verðlaun í sjálfri keppninni, eru verk eftir Steingrím Eyfjörð, Jón Óskar og Finnboga Pétursson á sýningunni.

### Vaxandi upphefð

„Þessi verðlaun skipta mjög miklu máli, bæði vegna þess að sýningin er farin að fara víðar og fólk er farið að veita þessu meiri eftirtekt. Þetta er hæsta verðlaunaféð sem veitt er á Norðurlöndunum og með því hæsta í heiminum,“ segir Halldór Björn Runólfsson, listfræðingur og einn af dómnefndarfulltrúum í keppninni. Hann segir að verðlaunin verði æ meiri stökkpallur fyrir listamenn. „Margir tóku þetta ekki alvarlega fyrstu árin en á síðustu þremur árum eða svo hefur komið allt annað hljóð í strokkinn, sérstaklega eftir að sumir verðlaunahafanna urðu heimsfrægir.“

Fyrstu verðlaun að þessu sinni, að upphæð tíu milljónir króna, hlaut sænska listakonan Karin Mamma Anderson en önnur verðlaun, að upphæð sex milljónir króna, hlaut Eggert Pétursson. Þriðju verðlaun hlaut finnska listakonan Petra Lindholm og myndlistarstyrk ungra listamanna fékk Sirous Namazi frá Svíþjóð.

### Afstæð málaralist

Stofnað var til verðlaunanna árið 1998 en sögu þeirra má rekja til frumkvöðulsins Carnegie. „Annar bróðirinn fór til Bandaríkjanna, sá frægi Carnegie sem Carnegie Hall heitir eftir. Hinn bróðirinn fór til Svíþjóðar og stofnaði samnefndan sjóð og banka þar. Í erfðaskránni kom fram að það ætti að nota hluta ágóðans til að styrkja málaralist.“ Úr varð að hluti fjárins var notaður til að koma á fót safni fyrir vatnslitamyndir en hinn hlutinn til þess að koma verðlaunasjóðnum á koppinn. „Verðlaunin eru hins vegar enn bundin við málverkið og þá eru góð ráð dýr því það er vissum erfiðleikum bundið að ákveða hvað er málverk og hvað ekki.“


ÍSLENSKIR ÞÁTTTAKENDUR Á CARNEGIE ART AWARD SÝNINGUNNI Jón Óskar, Finnbogi Pétursson og Steingrímur Eyfjörð FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL, GVA

### Eftirtektarverður árangur

Að sögn Halldórs Björns hafa aldrei fleiri íslenskir listamenn verið valdir á sýninguna. „Það er ótrúlegt að hugsa til þess að það eru fjórir Íslendingar í þessum liðlega tuttugu manna hópi. Miðað við höfðatölu þá erum við að baka hina í Skandinavíu,“ segir hann kíminn. Hann tekur undir að þessi árangur sé til marks um þann skilning og velvilja sem íslensk myndlist mæti á erlendri grund. „Skandinavía er nokkurs konar millistökkpallur út í hinn stóra heim sem íslenskir listamenn átta sig ekki nándar nærri nógu vel á. Hérlendir listamenn hafa oft verið að hlaupa beint á meginlandið og reyna að komast til Ameríku. Skandinavar eru mjög opnir fyrir því sem verið er að gera, það sannast kannski best á Ólafi okkar Elíassyni.“

### Fáninn flækist ekki fyrir

Tilnefnt er til verðlaunanna í hverju landi fyrir sig en dómnefndarfulltrúarnir sjálfir hafa enga aðkomu að tilnefningunum. „Það er líka hægt að tilnefna listamenn frá öðrum löndum en það er síðan dómnefndarinnar að velja úr þeim bunka.“ Halldór Björn útskýrir að ekki sé hlaupið að því að gera upp á milli listamannanna, dómnefndarfulltrúar frá hverju þátttökulandanna hittist auk eins utanaðkomandi fulltrúa sem yfirleitt er þekktur safnstjóri eða listfræðingur og fundirnir eru oft mjög krefjandi og stífir. „Þetta er rosalega strembnar og miklar sessjónir, kannski eins og búskapurinn í ríkisstjórnunum þar sem menn eru ekki alltaf sammála,“ Það þarf vissan sannfæringarkraft til þess að koma sínum skilningi á framfæri í þessu samkeppnisumhverfi en Halldór Björn áréttar að dómnefndin megi ekki verða þjóðrækin. „Við látum ekki fánann ráða heldur fagið en það getur verið erfitt að hemja það. Það geta komið upp sárindi ef eitt landið fær kannski bara einn listamann á sýninguna en annað landið fimm, það er dálítill bömmer fyrir þá sem fá fæsta tilnefnda.“

### Fyrirtaks þverskurður

Verkin á sýningunni nú eru fjölbreyttari hvað tækni og efnismeðferð snertir en nokkru sinni fyrr í sögu verðlaunanna. „Fjölbreytnin er líka mikil hjá íslensku listamönnunum, sem eru ótrúlega ólíkir innbyrðis,“ segir Halldór Björn og nefnir að verk Finnboga Péturssonar séu gott dæmi um hversu afstæð flokkunin innan myndlistarinnar sé. „Þessi sýning gefur ofboðslega góða mynd af því hvað hægt er að teygja hugtakið málaralist í margar áttir.“

Sýningin er í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur og stendur til 20. ágúst.

kristrun@frettabladid.is






# Mýktin og harkan

Hafnarborg stendur öllum opin í hádeginu í dag en þar munu Sigurður Skagfjörð Steingrímsson barítónsöngvari og Antonía Hevesi píanóleikari flytja söngdagskrána „Harðjaxlar og mjúkir menn“. Á efnisskránni eru verk eftir Donizetti, Mozart, Tsjaikovsky og Bizet og öll snúast þau um ástina.


SIGURÐUR SKAGFJÖRÐ

Sigurður Skagfjörð hefur haldið tónleika víða hérlendis og erlendis og sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og á vegum Íslensku óperunnar. Antonía er listrænn stjórnandi og píanóleikari hádegistónleikaraðar Hafnarborgar.

Ókeypis er á tónleikana. - khh

# AUGLÝSTU ÞAR SEM KONURNAR HORFA

## 10 VINSÆLUSTU ÞÆTTIR KVENKYNS ÁSKRIFENDA STÖÐVAR 2





| | | Konur yngri en 50 ára |
|---|---|---|
| 1. | Grey's Anatomy | 45,0% |
| 2. | Stelpurnar | 44,1% |
| 3. | Cold Case | 39,6% |
| 4. | Fréttir NFS | 35,6% |
| 5. | Prison Break | 35,5% |
| 6. | Það var lagið | 35,2% |
| 7. | Twenty Four | 34,1% |
| 8. | Aþrengdar eiginkonur | 33,9% |
| 9. | Neighbours | 33,0% |
| 10. | Strong Medicine | 32,4 |

## DÝRMÆTASTI MARKHÓPURINN

Skipting á áhorfi kvenna yngri en 50 ára á þrjár sjónvarpsstöðvar, óháð áskrift að Stöð 2

**Hvar er auglýsingin þín?**




Gallup könnun 24. til 30.mars 2006

**515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE**

# Gægst í grasrótina



Út er komið fræðsluritið Úr jurtaríkinu eftir Bjarna E. Guðleifsson. Ritið er annað bindi í ritröðinni Náttúruskoðarinn en áður hefur Bjarni ritað um dýraríkið. Í bókunum má finna kynningar og auðlesnar vangaveltur um fyrirbrigði í náttúrunni. Í þessari bók er meðal annars fjallað um plöntuheiti, arfa, grös, kartöflur og epli.

Bjarni er náttúrufræðingur að mennt og hefur löngum fengist við rannsóknir, til að mynda á áhrifum mannlegra athafna á líf smádýra. Hann er prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands. **- khh**

**FRÆÐSLURIT UM JURTIR** Aðgengilegur fróðleikur og vangaveltur.

Gítarnámskeið hefst 12. júní
4 vikur, 8 einkatímar
GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS
Sími 581 1281 • gitarskoli@gitarskoli.is
www.gitarskoli.is


Alveg brilljant skilnaður
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.
Húsavík
föstud. 9. júní.
Miðasala í síma 464-1220
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

allt heimili
Alla fimmtudaga

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS
SUN. 11. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 15. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SUN. 18. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
„Besta söngleikjauppfærsla ársins"
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ
FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Fö 9/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 23
Má 12/6 kl. 20 Þri 13/6 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN
Fi 8/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20 UPPS.
Lau 10/6 kl. 20 UPPS. Su 11/6 kl. 20
Fi 15/6 kl. 20 Su 18/6 kl. 20
GRÍMAN 2006
Íslensku leiklistarverðlaunin 16/6 kl. 19
Grímuballið 16/6 kl. 22 Allir velkomnir
25 TÍMAR
Dansleikhússamkeppnin 2006
Fi 8/6 kl. 20 MIÐAVERÐ 2.500
Aðeins þetta eina kvöld!
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
GALDRASKYTTAN - DER FREISCHÜTZ
Í kvöld mið. 7/6 nokkur sæti laus, fös. 9/6, lau. 10/6. Aðeins þessar 3 sýningar.
Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.
KASSINN KL. 20:00
GENJI
Í kvöld mið. 7/6 örfá sæti laus. Aðeins þessi eina sýning. Japönsk gestadanssýning.
PÉTUR GAUTUR
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.
LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



GUÐMUNDUR ODDUR
> SKRIFAR UM SJÓNMENNTIR

# Elskum Valgerði!

Ég hef ekki þorað að segja þessa sögu fyrr en nýlega. Fyrir rúmlega þrjátíu árum var ég virkur í Víetnam-hreyfingunni, sellu sex, norður á Akureyri. Á þeim tíma var einn mest hataði stjórnmálamaður heimsins Richard Milhouse Nixon, þáverandi forseti Bandaríkjanna. Hann var táknmynd fjöldamorða í Víetnam og honum líkt við mestu morðhunda sögunnar. Afskræmdar myndir af honum í líki Hitlers voru algengar. Í raun og veru var hann réttdræpur í huga ungs fólks og fór enginn í felur með þær hugsanir. „Drepum Nixon" var algeng setning á spjöldum og pósterum. Það fréttist norður í land að þessi óði morðhundur væri á leiðinni til landsins til að funda með Pompidou Frakklandsforseta á Kjarvalsstöðum, en Frakkar báru líka þunga sök í Víetnamstríðinu. Á sellufundi fyrir norðan var ákveðið að fara suður til að taka þátt í aðgerðum. Ég var samferða félaga mínum og skoðanabróður í Norðurleiðarrútunni suður. Á Umferðarmiðstöðinni ákváðum við að ganga í bæinn fullir af eldmóði og tilhlökkun fyrir mótmælunum sem fram áttu að fara. Þegar við komum að Hringbrautinni við gatnamótin við Laufásveg kemur heilmikil bílalest með fjöldann allan af mótorhjólalöggum í fararbroddi. Þeir staðnæmast augnablik áður en þeir beygja inn á Laufásveginn. Akkúrat þar sem við stöndum við Hringbrautina stöðvast svört forsetalímósína Bandaríkjaforseta. Í tveggja til þriggja metra fjarlægð brosir þessi óði morðhundur framan í okkur og veifar til okkar. Við stóðum frosnir augliti til auglitis við einn mest hataða mann mannkynssögunnar. Vitiði hvað við gerðum félagarnir úr sellu sex? Við veifuðum á móti eins og kurteisir fermingadrengir! Við horfðum svo hvor framan í annan þegar lestin hélt áfram og bundumst fastmælum um að segja aldrei frá þessu augnabliki, svo skammarlegt þótti okkur þetta.

**Týndir sauðir**

Ég skil mætavel tilfinningar náttúruverndarunglinganna sem skrifa á spjöld sín „Drekkjum Valgerði". Á þá hefur aldrei verið hlustað. Mér finnst það hins vegar ekki gáfulegt og málstaðnum alls ekki til framdráttar. Ég er samt sannfærður um það að framkvæmdaviljinn á bak við þessi slagorð sé álíka og hjá okkur sem ætluðum að „drepa Nixon" en þegar á hólminn var komið og tækifærið nánast gafst - heilsuðum bara að íslenskum sveitasið. Svona slagorð eru tilfinningalegt líkingamál og sem betur fer er til ungt fólk þar sem hjartað slær hraðar en hjá okkur hinum eldri og reyndari. Þetta unga fólk er vaknað og fleiri og fleiri eru að vakna til meðvitundar um hvílíkir skammtímahagsmunir ráða ferðinni í virkjunarmálum þjóðarinnar og hve miklum framtíðarhagsmunum er verið að fórna fyrir nærsýni ráðamanna sem ráða sér ekki sjálfir. Eru leiksoppar erlendra skítafyrirtækja sem vilja ekki horfa upp á drulluna í eigin garði. Fyrirgefum Valgerði og elskum hana. Það er eina von okkar til þess að ná henni og hennar líkum til okkar aftur.

**Ættjarðarrómantíkin**

Þegar Íslandsvinir söfnuðust saman við Hlemm á kosningadag voru fremstir í flokki bestu og frægustu tónlistarmenn landsins. Það var gæsahúðarmóment að heyra þá spila Öxar við ána og fleiri ættjarðarlög við upphaf göngunnar. Ég er ekki rómantískur þjóðernissinni en í fyrsta skipti fyrir mig hljómaðu þessi lög ekki fölsk eða eins og yfirborðslegt, innihaldslaust ættjarðarvæl sem tengist 17. júní - degi sem fyrir löngu er búinn að missa merkingu sína í hugum fólks yngra en sextugt. Þessi lög í þessu samhengi dagsins í dag hljómuðu sönn, djúp og innihaldsrík. Það er ævintýralegt að ganga niður Laugaveginn á 17. júní og kíkja í búðarglugga og skoða hvernig allt samband við myndmál þjóðarinnar er að týnast og blandast saman við Disneyland. Hvernig ættjarðarlögin hljóma falskt í kringum ráðamenn þjóðarinnar á Austurvelli. Enginn virðist hafa hugmynd um til hvers þetta allt saman er lengur. Nema yngsta kynslóðin sem er að vakna og enduruppgötva fyrir hvað við höfum þraukað í þúsund ár.

# Námskeið fyrir unga leikara

Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar hefur bætt við námskeiðum í leiklist í sumar vegna mikillar aðsóknar. Vikulöng leiklistarnámskeið verða haldin í menningarhúsinu Austurbæ þar sem áhugasamir krakkar geta kynnst eigin sköpunarkrafti.

Leikhúsið stendur fyrir viðamikilli leiksýningu í húsinu á Menningarnótt þar sem börn og unglingar munu leika öll hlutverkin en ungir leikarar verða valdir úr hópi þátttakenda á sumarnámskeiðinu. Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar verður svo starfrækt allt árið, bæði með leiksýningum og námskeiðum.

Námskeiðin eru ætluð börnum á aldrinum 9-15 ára. Kennarar eru leikstjórinn Agnar Jón Egilsson og leikararnir Dóra Jóhannsdóttir og Ólafur Þorvaldz.

Áhugasamir geta aflað sér upplýsinga og skráð sig á námskeið í miðasölu Austurbæjar milli kl. 13 og 17. **- khh**



**UNGIR LEIKARAR SPREYTA SIG Í AUSTURBÆ** Hæfileikafólk mun setja svip á bæinn í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

The Standard Life Assurance Company
30 Lothian Road
Edinburgh, EH1 2DH

Það tilkynnist hér með að þann 12. apríl 2006 var beiðni lögð fyrir skoska dómstóla (nánar tiltekið "the Court of Session" – hér eftir "dómstóllinn") af Standard Life vátryggingafélaginu, sem stofnað var með lögum um Standard Life tryggingafélagið (e. "the Standard Life Assurance Company Act") árið 1991 og er með skráð lögheimili í Standard Life House, 30 Lothian Road, Edinburgh EH1 2DH (hér eftir "fyrirtækið") þar sem meðal annars var sótt um skipun frá dóminum í samræmi við VII hluta laga um fjármálaþjónustu og markaði frá árinu 2000 (e. Financial Services and Markets Act 2000) (hér eftir "lögin") þar sem fallist væri á áætlun (hér eftir "áætlunin") sem fæli í sér að viðskipti fyrirtækisins (að meðtöldum viðskiptum sem ætlað er að gildi yfir lengri tíma) skuli vera flutt til SLLC Limited (sem skráð er í Skotlandi með númerinu SC2868333). Áætlað er að nafni þess félags verði breytt í Standard Life Assurance Limited um það leyti sem flutingur viðskiptana á sér stað. Nýja fyrirtækið er stofnað í samræmi við bresk hlutafélagalög (e. the Company's Act) og hefur lögheimili sitt að Standard Life House, 30 Lothian Road, Edinburgh EH1 2DH.

Ef leyfi til tilfærslu verður á einhvern hátt skilyrt af dóminum mun tilkynning um það vera birt. Þessi tilkynning er gerð í samræmi við 2. mgr. 86. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994.

Tilkynning um millifærsluna hefur áður birst í lögbirtingablaðinu 2. mars 2006.

# Djarft framtak Sumaróperunnar!

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Galdraskyttan**

Þjóðleikhúsið / Listahátíð í Reykjavík

**Höfundur:** Carl Maria von Weber / **Hljómsveitarstjóri:** Gunnsteinn Ólafsson / **Leikstjóri:** Jón Gunnar Þórðarson / **Leikmynd:** Agnes Treplin / **Búningar:** Eva Signý Berger / **Lýsing:** Jón Þorgeir Kristjánsson / **Helstu sönghlutverk:** Herbjörn Þórðarson, Guðmundur Helgi Hegner Jónsson, Elísa Vilbergsdóttir, Hlín Pétursdóttir, Hrólfur Sæmundsson, Kolbeinn Ketilsson, Stefán Arngrímsson, Hafsteinn Þórólfsson og m.fl.

Ég ætla að byrja á því að taka hatt minn ofan fyrir framtaki Hrólfs Sæmundssonar og Sumaróperunnar fyrir að ráðast í þetta viðamikla verkefni. Hér er ungt fólk í miklum meirihluta jafnt á sviðinu sem baksviðs þótt ýmsir með meiri reynslu leggi hönd á plóg, en fyrst og síðast er aðdáunarvert hvernig hópurinn leggur krafta sína og metnað í að gera vel. Söngvararnir eru allir vel menntaðir og margir hverjir með heilmikla reynslu og þjálfun í sínu fagi, enda gera þeir allir mjög vel og mætti segja að það væri helsti styrkur þessarar sýningar hversu vel allur söngur hljómar. Gunnsteinn Ólafsson stjórnar hér Sinfóníuhljómsveit unga fólksins sem hljómaði ágætlega en var ekki alltaf samstíga og stundum eins og ekki alveg samstillt á köflum. Í svona verki þar sem tónlistin spilar stærstu rulluna og öll heildaráferð hlýtur að taka mið af henni, þá var hljómsveitin helst til veikburða til að bera uppi þessa tónlist eða verkið of stórt í sniðum fyrir hljómsveitina þannig að áhrifamáttur tónlistarinnar verður minni en ella. Það gætti frumsýningarskrekks framan af og mikið um mistök í tæknilegri útfærslu hlutanna. Ljósastjórnin var eitthvað óörugg og trúlega hefði sýningin haft gott af fáeinum rennslum til viðbótar fyrir frumsýningu til að allt gengi upp eins og til var ætlast. Í svona sýningu verða allir hlutir að ganga vel og snurðulaust fyrir sig og leikstjóri verður að gefa sér tíma til að fínpússa hana eins og kostur er. Reynsluleysi leikstjórans er auðséð á heildaryfirbragði sýningarinnar og hástemmd lýsingarorð um þýskan ævintýraheim þar sem umlykjandi skógurinn með öllum sínum hættum og ógnum voru í litlu samræmi við það sem sást á sviðinu. Nær enga tilfinningu var hægt að fá fyrir skógi og talsverður viðvaningsbragur var á of mörgu í þessari sýningu. Voru til dæmis hvítu frauðplastskassarnir undir þurrísinn hluti af leikmyndinni?

Dansatriði lífguðu oft upp á mörg atriðin og einfaldleikinn í búningum og leikmynd skiljanlegur í ljósi þeirra forsendna sem menn gefa sér í svona uppfærslu en það verður að þjálfa upp betri leiktúlkun hjá söngvurum til að þeir komi tilfinningum og blæbrigðum betur til skila - ekki síst fyrir þá sök að hljóðmótun texta hjá söngvurum miðar að því að rúnna af sérhljóða til að tónninn verði fallegri og fyrir vikið þá skiljast illa orðin sem sungin eru. Þá hjálpa einmitt líkamstjáning, geðbrigði og rétt stillt tilfinningaflæði sem áhorfendur/áheyrendur geta þá lesið í. Unga fólkið lærir heilmikið af þessari reynslu og þeir agnúar sem ég hef talið upp hér að framan munu án efa slípast af sýningunni en ég endurtek að söngurinn var óaðfinnanlegur og vel mátti njóta þess að hlusta á hann. Gott framtak og ég er þess fullviss að samvinna þessa góða fólks á eftir að skila því áfram á þessari braut þegar til lengri tíma er litið. En þess verður að vænta í framtíðinni að gerðar eru kröfur til þeirra sem vilja teljast atvinnumenn í faginu og því dugar ekkert hálfkák. En á sínum eigin forsendum er þessi sýning allrar athygli verð.



**GALDRASKYTTAN Á LISTAHÁTÍÐ**
Sýning sem er allrar athygli verð.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JÚNÍ**

4 5 6 **7** 8 9 10

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

- 20.00 Finnski stúlknakórinn **Tähdet Kertovat Tyttökuoro (Skrifað í stjörnurnar)** frá **Turku** heldur tónleika í **Langholtskirkju**. Sérstakir gestir er **Gradualekór Langholtskirkju**.
- 22.00 Dúettinn **Sessý og Sjonni** heldur tónleika á **Café Rosenberg** í **Lækjargötu**. Aðgangur er ókeypis.

### LEIKLIST

- 10.00 **Brúðubíllinn** sýnir **Duddurnar hans Lilla** við **Arnarbakka** í Breiðholti. Sögur, gamalar og nýjar, leiklist, dans og söngur og börnin taka undir. Sýningin tekur um 30 mínútur.

### DANSLIST

- 20.00 Japanska nútímadansverkið **Genji** í **Kassanum** í **Þjóðleikhúsinu**. Verkið byggir á kafla úr **Genji Monogatari**, þekktri sígildri japanskri skáldsögu frá 11. öld.

### SÝNINGAR

- 13.00 **Bergljót S. Sveinsdóttir** sýnir vatnslitamyndir í **Byggðasafni Garðskaga**. Sýningin er opin til 14. júní.
- 13.00 **Huginn Þór Arason** og **Unnar Örn Jónasson** sýna **ASÍ FRAKTAL GRILL** í **Listasafni ASÍ**. Sýningin stendur til 25. júní.
- **Sunna Sigfríðardóttir** sýnir í **Café Karólínu** á **Akureyri**. Sýningin stendur til 30. júní.
- **Marinó Thorlacius** sýnir myndverk sín á **Thorvaldsen Bar** í **Austurstræti**.

### ÓPERA

- 20.00 Óperan **Galdraskyttan** er sýnd á **Stóra sviði Þjóðleikhússins**. Óperan er samvinnuverkefni **Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Sumaróperu Reykjavíkur** og **Dansleikhússins**, auk félaga úr karlakórnum **Fóstbræðum**.

### BJARTIR DAGAR

- 11.00 **Patrick Huse** sýnir ljósmyndir og málverk í **Hafnarborg** í **Hafnarfirði**. Sýningin ber heitið **Inniileg fjarvera**. Sýningunni lýkur mánudaginn 3. júlí.
- 12.00 **Harðjaxlar og mjúkir menn** - tónleikadagskrá í **Hafnarborg**. Aðgangur ókeypis.
- 20.00 Tónleikar í **Gamla bókasafninu**, fram koma **Shima, Lokbrá, Kimono, Coral** og **Changer**. Húsið opnar kl. 19.30.
- 21.00 **Andrés Þór Gunnlaugsson** heldur útgáfutónleika í **Hafnarborg**. Jazzkvartett hans leikur tónlist af diskinum **Nýr dagur**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is



**KIRA KIRA** Tónlistarkonan Kira Kira mun troða upp á tónlistarhátíðinni Bright Nights í Árnesi.

# 47 tónleikar á 37 tímum

Kira Kira, Original Melody og Siggi úr Hjálmum eru á meðal þeirra sem hafa bæst við dans- og raftónlistarhátíðina Bright Nights sem verður haldin í Árnesi um næstu helgi.

Einnig hafa bæst við Yagya, Tonik, Lay Low, Biggi veira og Maggi lego úr Gusgus. Áður höfðu meðal annarra skráð sig til leiks Judith Juillerat, Sebastian Tellier, Biogen, Hermigervill og Worm is Green.

Alls verða í boði 47 tónleikar á 37 klukkutímum auk þess sem um tugur listasýninga verður haldinn.

Forsala aðgöngumiða fer fram í 12 Tónum, Smekkleysubúðinni, Hljóðhúsinu á Selfossi og á bright-nights.com. Miðaverð er 7.500 krónur og er tjaldstæði innifalið. Nánari upplýsingar má finna á www.bright-nights.com.

# Shiloh seld

Angelina Jolie og Brad Pitt hafa ákveðið að selja myndir af nýfæddri dóttur sinni Shiloh Nouvel og láta ágóðann renna til góðgerðarmála. en það er Getty Images myndabankinn sem fær einkaréttinn á að dreifa myndunum en kaupverðið er trúnaðarmál.



ANGELINA JOLIE

# Mugison rokkaði á pramma

Það má segja að Íslendingar búsettir í Kaupmannahöfn hafi tekið forskot á sjómannadagshátíðarhöldin seinnipart fimmtudags þegar Mugison tróð upp við íslenska sendiráðið í borginni. Flaut Mugison og hljómsveit á sérútbúnum pramma við kajann þar sem hundruðir tónleikagesta stóðu með regnhlíf í annarri og bjór í hinni. Aðstæður minntu því um margt á hátíðarhöld úti á landi á degi sjómanna og þær virtust slá Mugison og félaga svolítið út af laginu. Alla vega tók það bandið nokkra stund að finna taktinn á prammanum og gerðu áhorfendur þeim verkefnið ekki auðveldara enda erfitt að klappa með fangið fullt.

Mugison og félagar voru komnir til að rokka og hljómuðu sum lögin næstum óþekkjanleg í þessum nýja búningi. Þannig var opnunarlagið, Sad as a truck flutt næstum án söngs en best fór rokkið í Poke a pal sem hljómaði þrusu vel í nýrri útfærslu. Mugison er greinilega í leit að nýjum hljómi og það var áhugavert fyrir tónlistargesti að fá fylgjast með tónlistarmanninum í leit að rokktaktinum sem sennilega verður áberandi á næstu plötu.

En það voru ekki bara Íslendingar sem sóttu tónleikana því Mugison á sér hóp áhangenda í Danmörku enda verið duglegur við tónleikahald í landinu síðasta árið. Fréttablaðið náði tali af tveimur þeirra. „Ég sá hann í fyrra á Hróarskeldu og fannst hann betri þá. Tónlistin hans er ótrúlega fjölbreytt og hann er mikill húmoristi“, sagði Anne og í sama streng tók Johan sem sagði að aðstæður væru ekki nógu góðar á svæðinu. „Ég hefði frekar vilja sjá hann spila í litlum sal eins og hann gerði hér í haust. Það voru frábærir tónleikar.“ Það er því vonandi að Mugison fáist um borð í prammann á nýjan leik við ögn breyttar aðstæður og þá yrði stemmingin vafalaust eins og besta sjómannaballi. -ks



**ROKKIÐ LIFIR** Mugison og Guðni Finnsson voru þéttir en nokkur af vel þekktum lögum kappans voru nánast óþekkjanleg í nýjum búningi.

# *Velheppnuð Reykjavík Trópík*

**Reykvískir rokkarar og aðrir áhugamenn um tónlist létu veðurguðina ekki aftra sér í að hlýða á íslenska og erlenda tónlistamenn.**

Tónlistarhátíðin Reykjavík Trópík var haldin á lóð Háskóla Íslands og á Nasa um helgina. Fjölmargar frambærilegar hljómsveitir, bæði innlendar og erlendar, mættu til leiks og ber þar hæst að nefna bresku rokkarana í Supergrass. Einnig komu þar fram vinsælar sveitir á borð við Trabant, Apparat Organ Quartet og Benna Hemm Hemm. Góður rómur var gerður að hátíðinni og þótti skipulagningin vel af hendi leyst.

Forsvarsmenn Reykjavík Trópík vonast til að halda hana aftur að ári og vonandi verður sú raunin, enda ekki á hverjum degi sem tónlistarhátíð er haldin hér á landi í stóru og litríku sirkustjaldi.



**TRABANT** Sviðsframkoma Ragnars Kjartanssonar og félaga í Trabant var í hæsta gæðaflokki.



**SUPERGRASS** Hljómsveitin Supergrass, með söngvarann og gítarleikarann Gaz Coombes í fararbroddi, stóð sig að vonum með mikilli prýði og tók hún flest af sínum vinsælustu lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**STEMNING** Hörkustemning myndaðist á tónlistarhátíðinni og skemmti fólk sér hið besta.



**APPARAT** Hljómsveitin sérstæða Apparat Organ Quartet tróð upp á Reykjavík Trópík eftir nokkurt hlé.



**Í GÓÐUM GÍR** Þessir krakkar voru í góðum gír inni í tjaldinu stóra.

Fyrir alla þá sem láta sig dreyma um Manolo Blahnik



**ZAPPA PLAYS ZAPPA** Fjölmörg þekkt nöfn koma fram á tónleikunum, þar á meðal Stevie Vai, sem er lengst til hægri.

# Tónleikarnir fluttir

Tónleikarnir Zappa Plays Zappa sem verða haldnir á föstudaginn hafa verið fluttir úr Laugardalshöll yfir í Listasafnið, Hafnarhúsinu.

Húsið verður opnað kl. 20.00 og tónleikarnir hefjast 20.30. Sæti og stæði standa óbreytt.

Úrvalslið tónlistarmanna kemur til landsins með sveitinni, þar á meðal Steve Vai, Terry Bozzio, Napoleon Murphy Brock og synir Zappa. Flutt verða öll vinsælustu lög hins látna tónlistarmanns Frank Zappa.

Tónleikarnir standa yfir í tæpa þrjá klukkutíma en tónleikaferðin hefur fengið frábæra dóma í Evrópu að undanförnu.

Miðasala á tónleikana í Hafnarhúsinu fer fram í Máli og menningu Laugavegi, Pennanum á Akureyri, Hljóðhúsinu á Selfossi, Hljómvali í Keflavík, Tónspili í Neskaupstað og á citycentre.is.



**FIFA 2006** Ronaldinho og félagar í Brasilíu þurfa að sætta sig við tap gegn Tékklandi í úrslitaleiknum ef spá tölvuleiksins reynist rétt.

# Tékkland vinnur HM

Framleiðendur tölvuleikjarins FIFA-World Cup 2006 hafa komist að því að Tékkland verði næsti heimsmeistari í fótbolta. Munu Tékkarnir vinna Brasilíumenn í úrslitaleiknum með tveimur mörkum gegn einu. Ekvador verður aftur á móti fyrsta liðið sem verður slegið út.

Framleiðendurnir létu tölvuna etja saman liðunum 32 sem keppa í lokakeppni HM og fengu þessa útkomu.

Markahæsti maður mótsins verður Milan Baros en sá besti verður samlandi hans frá Tékklandi, Pavel Nedved.

SUMARHÚSAEIGENDUR - FELLIHÝSAEIGENDUR ATH!
NÚ STANDA YFIR
DÝNUDAGAR!!!

HEILSURÚM
með tvöföldu fjaðrakerfi
Verð frá: kr. 29.520
20% Afsláttur
Stærðir: 70 x 200 cm. 80 x 200 cm. 90 x 200 cm. 100 x 200 cm. 120 x 200 cm. 140 x 200 cm. 160 x 200 cm. 180 x 200 cm.

YFIRDÝNUR gera rúmið þitt notalegra 20% Afsláttur

EGGJABAKKADÝNUR
Verma og mýkja
Allar stærðir
30% Afsláttur

SPRINGDÝNUR
Verð frá: kr. 9.520
20% Afsláttur
Stærðir: 70 x 200 cm. 80 x 200 cm. 90 x 200 cm. 100 x 200 cm. 120 x 200 cm. 140 x 200 cm. 160 x 200 cm. 180 x 200 cm.

SÉRSKORINN SVAMPUR 20% Afsláttur

SVAMPDÝNUR EFTIR MÁLI 20% Afsláttur

KODDAR OG SÆNGUR 20% Afsláttur

SVEFNSÓFAR 20-40% Afsláttur

LYSTADÚN Marco
ÞAR SEM FAGMENNSKA OG FJÖLBREYTNI FARA SAMAN
Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-15
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s: 471 2954











**NYLON** Stúlknasveitin Nylon er að gera það gott í Bretlandi um þessar mundir.

# Nylon í viðtali í OK

OK Magazine, annað af tveimur stærstu glanstímaritum Bretlands, ætlar að koma til Íslands og taka fjögurra síðna viðtal við stúlknasveitina Nylon. Birtist það í tímaritinu í lok þessa mánaðar.

Stúlkurnar í Nylon eru nú komnar heim í vikufrí eftir að hafa verið á nánast stanslausri tónleikaferð um Bretland síðan í febrúar.

Þar hituðu þær meðal annars upp fyrir strákabandið Westlife og stúlknasveitina Girls Aloud. Seinni tónleikaferðinni lauk síðastliðinn laugardag á Wembley. Fjöldi Íslendinga var í hópi fimmtán þúsund gesta á Wembley og stóðu stúlkurnar sig með mikilli prýði.

Lagið Losing a Friend með Nylon er komið í fulla spilun í bresku sjónvarpi og komið í 54. sæti yfir þau mest spiluðu.

# Mason áritar bók um Pink Floyd

Nick Mason, fyrrverandi trommuleikari Pink Floyd, mun árita bók sína Inside Out - A Personal History of Pink Floyd, hinn 13. júní, daginn eftir tónleika sína með Roger Waters hér á landi.

Þeir sem kaupa bókina í Pennanum geta skilið hana eftir með ósk um að Mason áriti hana eftir tónleikana. Eftir það geta þeir sótt bókina.

Á tónleikunum í Egilshöll mun Waters taka öll helstu lög Pink Floyd auk þess sem hann mun flytja meistaraverk sveitarinnar, Dark Side of the Moon, í heild sinni og í raun í lengri útgáfu en á plötunni sjálfri. Waters mun jafnframt spila um það bil helminginn af plötunni The Wall.

Uppselt er á svæði A á tónleikana en enn eru eftir miðar á svæði B. Miðaverð á svæði B er 7.900 krónur auk miðagjalds. Miðasala fer fram á midi.is, í verslunum Skífunnar í Reykjavík og í BT á Akureyri og Selfossi.



**ROGER WATERS** Tónleikar Rogers Waters verða haldnir í Egilshöll 12. júní. MYND/AFP




# Miðasala að hefjast

Miðasala á tvenna tónleika skosku hljómsveitarinnar Belle and Sebastian og Emilíönu Torrini hér á landi í lok júlí hefst á fimmtudag.

Fyrri tónleikarnir verða haldnir á Nasa hinn 27. júlí en hinir síðari á Borgarfirði eystri hinn 29.

Belle and Sebastian er að fylgja eftir sinni nýjustu plötu, The Life Pursuit, sem kom út í vor. Miðasalan hefst klukkan 10.00 á midi.is og í verslunum Skífunnar og BT á Egilsstöðum, Akureyri og Selfossi. Miðaverð er 4.500 kr.



**BELLE AND SEBASTIAN** Skoska hljómsveitin heldur tvenna tónleika hér á landi í júlí.

# Shakira mest spiluð

Lagið Hips Don't Lie með söngkonunni Shakiru og Wyclef Jean náði þeim merka áfanga að vera mest spilaða lagið í sögu bandaríska útvarpsins á einni viku. Alls var það spilað 9.657 sinnum og sló þar með út lagið Hollaback Girl með Gwen Stefani.

Shakira er á leiðinni í tónleikaferð hinn 9. ágúst sem nefnist Oral Fixation. Miðasala hefur gengið vonum framar en Wyclef mun einmitt hita upp fyrir hana á tónleikunum, sem verða 27 talsins.



**SHAKIRA** Söngkonan Shakira er að gera góða hluti með lagið sitt Hips Don't Lie.





# Gott Willis-stuð

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Bruce Willis er hasarmyndahetja af guðs náð. Kvikmyndaþríleikurinn um lögreglumanninn John McClane í Die Hard er besta sönnunin um það. En líkt og hjá öðru fólki færist aldurinn yfir kvikmyndastjörnur og Willis er vissulega farinn að reskjast. Leikarinn hefur því farið þá leið að taka að sér hlutverk sem kvikmyndahúsagestir eru ekki vanir í bland við „hefðbundnari“ Willis-myndir.

16 Blocks er hálfgerður kokkteill af þessum tveimur flokkum. Annars vegar er aðalsögupersónan, New York-lögreglumaðurinn Jack Mosley, nokkuð dæmigerð Willis-týpa, kaldhæðinn einstaklingur, óvinveittur en ákaflega snjall og úrræðagóður. Hins vegar er Mosley lífsþreyttur náungi sem brennt hefur allar brýr að baki sér með drykkju og skeytingarleysi gagnvart umhverfi sínu. Honum er í raun slétt sama hvort lífinu lýkur í dag eða á morgun.

16 Blocks hefst á því að Mosley er falið að flytja smáglæpamanninn Edward Bunker úr fangaklefa sínum yfir í réttarsal þar sem hann á að bera vitni í stóru máli. Mosley er meinilla við verkefnið enda hafði hann verið að alla nóttina og þráir ekkert meira en náin kynni við Bakkus. Verkefnið á að vera létt og löðurmannlegt en í ljós kemur að félagar Mosley hafa í hyggju að koma kauða fyrir kattarnef enda er hann lykilvitni í stóru spillingarmáli. Ástæðan fyrir því að Mosley var settur í málið var sú að efstu menn töldu næsta víst að hann myndi líta undan, eins og svo oft áður. Öllum að óvörum ákveður lögreglumaðurinn hins vegar að stíga niður fæti og láta réttlætið ná fram að ganga þrátt fyrir að það gæti orðið banabiti hans. Upphefst í kjölfarið eltingaleikur um götur New York-borgar þar sem félagarnir tveir reyna að komast í réttarsalinn á réttum tíma.

Leikstjórinn Richard Donner kann að halda uppi hasarnum enda skemmt kvikmyndahúsagestum konunglega með kvikmyndunum Lethal Weapon. Donner er heldur ekkert að tvínóna við hlutina heldur hefst hasarinn nánast strax. Handritsgerðin hefur ekki verið flókin, nokkrar kaldhæðnar athugasemdir frá Willis en sem betur fer er pólítískri rétthugsun haldið sem lengst frá ef undanskilið er stutt atriði í strætisvagninum. Kvikmyndatakan nær að fanga vel þá miklu mannþröng sem ríkir á götum New York-borgar en tónlistin magnar upp einhverja væmni sem á engan veginn við.



**16 BLOCKS**

LEIKSTJÓRI: RICHARD DONNER

**Aðalhlutverk:** Bruce Willis, Mos Def og David Morse

**Niðurstaða:** 16 Blocks nær að halda dampi lengst framan af en fellur síðan niður í alkunnan forarpytt væmninnar og klisjunnar í lokin og verður fyrir vikið ekkert annað en meðalgóð hasarmynd sem á vafalítið eftir að gera góða hluti á myndbandaleigunum þegar fram líða stundir.

Willis stendur sig vel í aðalhlutverkinu enda kann leikarinn þetta hlutverk upp á tíu. Mos Def er pínulítið pirrandi til að byrja með sem Edward Bunker en senuþjófurinn er hins vegar David Morse í hlutverki Frank Nugent, gjörspillts lögreglumanns og fyrrum félaga Mosley í lögreglunni, sem hyggst vernda hagsmuni sína með öllum tiltækum ráðum.

16 Blocks byrjar mjög vel og Donner heldur uppi góðri keyrslu. Plottið er fínt, leikurinn góður og spennan til hreinnar fyrirmyndar en af hverju eru þá engin upphrópunarmerki? Vegna þess að endirinn tekur þessa fínu hasarmynd og keyrir hana beint niður í svaðið. Væmnin verður yfirdrifin og gestirnir í salnum gleymdu því eitt augnablik að þeir voru á hasarmynd. Fyrir vikið verður 16 Blocks ekkert meira en gott Willis-stuð sem á eftir að sóma sér vel í myndbandstækjum landsmanna.

Freyr Gígja Gunnarsson

# Smalarnir sigursælir

Kvikmyndin Brokeback Mountain var sigursæl á MTV-kvikmyndaverðlaununum í Kaliforníu á dögunum. Jake Gyllenhaal fékk verðlaun fyrir besta leikinn - og fyrir besta kossinn, ásamt meðleikara sínum Heath Ledger. Grínmyndin Wedding Crashers mokaði inn verðlaunum á hátíðinni og var meðal annars valin besta myndin.



JAKE GYLLENHAAL

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nú er það staðfest að **Penelope Cruz** og **Matthew McConaughey** eru hætt saman eftir árssamband en svo virðist vera að parið hafi fallið í sömu gryfju og önnur skammlíf Hollywood-pör. „Þau hafa ákveðið að hætta saman sem par. Vegna anna og of mikils tíma í burtu hvort frá öðru ákváðu þau fyrir fjórum vikum að þetta væri best í stöðunni,“ sagði í yfirlýsingu frá parinu. Þetta þýðir að Matthew, sem var nefndur kynþokkafyllsti maðurinn af People-tímaritinu, er á lausu, og munu eflaust margar konur kætast við það. Penelope, sem var með Tom Cruise áður en hún byrjaði með Matthew, er við tökur á Spáni vegna myndarinnar Manolete.



Sögur hafa verið uppi um að samband hjartaknúsarans **Hugh Grant** og kærustu hans **Jemima Khan** gangi illa, en nú hefur komið í ljós að parið trúlofaði sig leynilega fyrir hálfu ári síðan. Grant ku hafa farið á hné og beðið kærustunnar á Barbados um jólin og gefið hennar safírdemantshring. Vinir parsins eru greinilega þagmælskir og ótrúlegt að Grant hafi tekist að halda þessu leyndu svona lengi.








## Halldór náð samkomulagi

Halldór Ingólfsson, handboltamaður úr Haukum, hefur náð munnlegu samkomulagi við lið Stavanger í Noregi. Halldór er 37 ára og mun því að öllum líkindum taka að sér þjálfun liðsins en ólíklegt er að hann spili með því.

**sport**
sport@frettabladid.is

BJARKI GUNNLAUGSSON: SÝNDI GÓÐA TAKTA OG SPILAÐI ALLAN LEIKINN FYRIR ÍA Í FYRRADAG

# *Aumur en ánægður með framlagið*



Bjarki Gunnlaugsson spilaði sinn fyrsta leik fyrir ÍA í ellefu ár í fyrradag þegar hann kom beint inn í byrjunarliðið í 1-0 tapleik gegn Fylki. Bjarki ákvað að hætta knattspyrnuiðkun í vetur, en dró fram skóna að nýju til að enda ferilinn í heimabæ sínum og við hlið tvíburabróður síns, Arnars.

„Ég er ánægður með mitt framlag en ég er frekar aumur í dag, þetta tekur á. Ég á ekki von á því að geta spilað með gegn Keflavík á fimmtudaginn, á þessu stigi á ég erfitt með að taka tvo leiki á fjórum dögum. Það kom mér á óvart að ég héldi út heilan leik og væri sterkari ef eitthvað er þegar leið á leikinn, það sýnir að þolið er í góðu lagi enda æfði maður átta sinnum í viku með KR í vetur og það er greinilega að skila sér," sagði Bjarki, léttur í lundu.

„Ég hef breyst sem leikmaður, ég er ekki í þessum snöggu snúningum eða að taka menn á. Ég geri ekkert sem ég ræð ekki við og geri bara það sem skrokkurinn leyfir. Ég varð að breyta stílnum og spila einfaldara í dag sem að mörgu leyti er betra en maður saknar þess aðeins að geta ekki gert sömu hluti og þegar maður var 23 ára," sagði Bjarki, sem hlífir sér eins og hann getur á æfingum, með það fyrir augum að spila sem flesta leiki.

„Ég fæ að hafa þetta eins og ég get og þarf. Ef við spilum einu sinni í viku reyni ég að ná tveimur til þremur æfingum auk þess sem maður hleypur og lyftir á milli," sagði Bjarki, sem líkt og margir aðrir botnar ekkert í gengi Skagaliðsins, sem situr á botni deildarinnar án stiga eftir fimm umferðir.

„Við þurfum að fara að hala inn stig. Við höfum verið óheppnir í leikjunum og hópurinn er ekki stór og hann má illa við skakkaföllum, en þegar á móti blæs þá þjöppum við okkur bara betur saman og höldum áfram," sagði Bjarki Gunnlaugsson, sem vonandi heldur áfram að gleðja knattspyrnuáhugamenn í sumar.

### > Logi tæpur



Logi Geirsson spilaði ekki með íslenska landsliðinu gegn Dönum í gær og mun ekki spila heldur á morgun. Ástæðan er sú að hann er með sýkingu í lungum og er alls óljóst um þátttöku hans í leikjunum gegn Svíum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem toppmaðurinn Logi meiðist þegar verkefni landsliðsins eru handan við hornið en Logi hefur verið einstaklega óheppinn með meiðsli undanfarin ár.


Margar gerðir af ljósum!



RAFSÓL
Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is

HARRINGTON RAFSTÖÐVAR með HONDA mótor



EINNIG ÚRVAL
VEBA
RAFSTÖÐVA
Með benzín eða dieselmótorum
MJÖG HAGSTÆTT VERÐ
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# Slæm mistök kostuðu Blika stig í Vesturbænum

**KR halaði inn þrjú mikilvæg stig gegn Breiðabliki í fjörugum leik í Frostaskjóli. Blikar voru klaufar undir lokin og það reyndist þeim dýrt.**

**FÓTBOLTI** Það var stórskemmtilegur leikur í Frostaskjólinu í gær þegar KR-ingar unnu Breiðablik 3-2. Eftir að hafa varla verið með lífsmarki í fyrri hálfleiknum komu Blikar ákveðnir í til leiks í seinni hálfleik en með góðum lokakafla tryggðu KR-ingar sér stigin þrjú.

Alþjóðleg varnarlína Blika opnaðist hvað eftir annað í gær og KR-ingar sköpuðu sér fjöldamörg færi í fyrri hálfleiknum. Færeyingurinn Rógvi Jacobsen fékk góða sendingu frá Grétari Hjartarsyni en náði ekki að fóta sig og skot hans var framhjá, þegar rúmar tuttugu mínútur voru liðnar urðu honum hins vegar ekki á nein mistök og kláraði vel eftir að hafa fengið fyrirgjöf frá Guðmundi Reyni Gunnarssyni.

Kantmenn heimamanna voru mjög hættulegir í hálfleiknum og gestirnir áttu í stökustu vandræðum með þá. Grétar skallaði rétt yfir eftir frábæra fyrirgöf frá Sigmundi, sem komst einnig nálægt því að skora sjálfur. Blikar gátu andað léttar þegar Magnús Þórisson flautaði til hálfleiks og prísað sig sæla yfir því að hafa aðeins fengið eitt mark á sig í fyrri hlutanum.



**FÖGNUÐUR** Færeyingurinn Rógvi Jacobsen fagnar hér marki sínu gegn Blikum sem liggja svekktir í valnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Allt annað lið mætti til leiks í seinni hálfleikinn. Blikar gáfu KR-ingum strax viðvörunarmerki með hættulegri sókn áður en þeir náðu að skora beint úr aukaspyrnu en þar var Kristján Óli Sigurðsson að verki. Aukaspyrnan var dæmd á Kristján Finnbogason fyrir að handleika knöttinn utan teigs.

Heimamenn voru allt í einu ótrúlega andlausir eftir líflegan fyrri helminginn og vöknuðu upp við vondan draum þegar Marel Baldvinsson hafði allt í einu komið Breiðablik yfir úr umdeildri vítaspyrnu sem dæmd var eftir að Steinþór Þorsteinsson féll innan teigs. KR-ingar, sem virtust hafa leikinn í hendi sér voru skyndilega lentir undir.

Það var þó enn líf í Sigmundi Kristjánssyni, sem náði að jafna með góðum skalla eftir fyrirgjöf Grétars Hjartarsonar.

Þegar tæpar tíu mínútur voru eftir kom síðan sigurmarkið en Grétar Hjartarson skoraði eftir hræðileg mistök hjá Hjörvari Hafliðasyni, markverði Breiðabliks og fyrrum leikmanni KR. Hann átti ekki í erfiðleikum með að koma boltanum í autt markið eftir óskiljanlegt úthlaup Hjörvars.

„Það er skelfilegt að tapa þessum leik. Við komum frábærlega stemmdir í seinni hálfleikinn og það er mjög sárt að fá á sig annað og þriðja markið, sérstaklega það síðasta eftir einstaklingsmistök. Það er leiðinlegt að Hjörvar skyldi gera þetta eftir að hafa átt fínan leik. Þetta var sárt," sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Blika, eftir leikinn.

**elvar@frettabladid.is**

**KR 3-2 Breiðablik**

KR-völlur. Áhorf: 1085 — Magnús Þórisson (4)

*1-0 Rógvi Jacobsen (21.)*
*1-1 Kristján Óli Sigurðsson (53.)*
*1-2 Marel Jóhann Baldvinsson, víti (62.)*
*2-2 Sigmundur Kristjánsson (78.)*
*3-2 Grétar Ólafur Hjartarson (81.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–8 (6–4) |
| Varin skot | Kristján 2 – Hjörvar 3 |
| Horn | 2–0 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–15 |
| Rangstöður | 2–4 |

| **KR** 4–4–2 | | **BREIÐA.** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Kristján Finnboga. | 5 | Hjörvar Hafliða. | 3 |
| Kristinn Magnús. | 6 | Stig Haaland | 6 |
| Gunnlaugur Jóns. | 5 | Risser | 4 |
| Dalibor Pauletic | 6 | Magnús Páll | 5 |
| Gunnar Einars. | 4 | (74. Nenad | -) |
| (77. Björgólfur | -) | Árni Kristinn | 4 |
| Guðmu. Reynir | 6 | Kristján Óli | 6 |
| (67. Sölvi Dav. | 6) | Olgeir Sigurg. | 6 |
| Bjarnólfur Lár. | 5 | Srdjan Gasic | 5 |
| Mario Cizmek | 6 | Podzemsky | 5 |
| ***Sigmundur Krist.** | **8** | Steinþór Þorsteins. | 7 |
| Rógvi Jacobsen | 7 | Marel Jóhann | 6 |
| Grétar Ólafur | 7 | **Maður leiksins* | |

**STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. FH | 5 | 5 | 0 | 0 | 11-3 | 15 |
| **2. FYLKIR** | **5** | **3** | **0** | **2** | **6-4** | **9** |
| 3. VÍKINGUR | 5 | 3 | 0 | 2 | 9-9 | 9 |
| **4. KR** | **5** | **3** | **0** | **2** | **6-9** | **9** |
| 5. GRINDAVÍK | 5 | 2 | 2 | 1 | 8-7 | 8 |
| **6. KEFLAVÍK** | **5** | **2** | **1** | **2** | **7-5** | **7** |
| 7. BREIÐABLIK | 5 | 2 | 0 | 3 | 11-12 | 6 |
| **8. VALUR** | **5** | **2** | **0** | **3** | **7-8** | **6** |
| 9. ÍBV | 5 | 1 | 1 | 3 | 3-9 | 4 |
| **10. ÍA** | **5** | **0** | **0** | **5** | **5-10** | **0** |

**ÚRSLIT GÆRDAGSINS**

*Vináttulandsleikur:*

ÍSLAND-DANMÖRK 34-33 (18-16)

**Mörk Íslands** (skot): Snorri Steinn Guðjónsson 6/3 (9/3), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (7), Ólafur Stefánsson 5 (6), Sigfús Sigurðsson 5 (5), Arn´´or Atlason 5 (8), Alexander Petersson 3 (5), Róbert Gunnarsson 3 (4), Ragnar Óskarsson 2 (4), Markús Máni Michaelsson 1 (1).

STABÆK-VÅLERENGA 2-2

**Veigar Páll Gunnarsson** skoraði fyrir Stabæk.

Sögunni endalausu um framtíð Eiðs Smára ekki lokið:

# Arnór kominn til Barcelona?

**FÓTBOLTI** Það er áhugavert að lesa fréttir spænskra og enskra fjölmiðla um málefni Eiðs Smára Guðjohnsen. Ensk blöð héldu því fram í gær að Manchester United væri á undan Barcelona í kapphlaupinu um íslenska landsliðsfyrirliðann en spænsk blöð virðast vera á því að Eiður sé á leið til Evrópumeistaranna.

NFS greindi enn fremur frá því að Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs, væri kominn til Spánar. Eiður Smári ku vera í fríi á Mallorca og því stutt fyrir hann að fara ef á þarf að halda.



**EIÐUR TIL BARCA?** Það gæti farið að draga til tíðinda hjá Eiði Smára í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Eiður er talinn vilja ganga frá sínum málum fyrir HM og ef hann er harður á því má búast við tíðindum jafnvel á morgun. Ekki náðist í Arnór Guðjohnsen í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

**- hbg**

Áfall fyrir Valsmenn:

# Valur Fannar frá í sex vikur

**FÓTBOLTI** Valsmenn urðu fyrir áfalli annan leikinn í röð þegar Valur Fannar Gíslason meiddist gegn Víkingi en fyrirliðinn Sigurbjörn Hreiðarsson kinnbeinsbrotnaði gegn ÍA á dögunum.

Liðbönd í hnéi Vals Fannars tognuðu og hann getur því ekki leikið næstu sex vikurnar.




**Helsinki bjálkahús**
alls 54 fm. og verönd 13 fm. Þetta er það síðasta af þessum fallegu húsum á gamla verðinu
**kr. 1.293.000,-**



**Meri garð-/grillhús**
7 fm. gullfallegt áttkantað garð-/grillhús
**kr. 456.000,-**



**Eskola 2**
11,5 fm. m/tvöfaldri hurð, 6 gluggum og hliðarborðum. Hentugt t.d. sem grillhús svo sem í sameign fyrir fjölbýlishús.
**kr. 369.000,-**



**Eskola 1**
11,5 fm. grillhús, opið á þrjá vegu með hliðarborðum
**kr. 180.000,-**

**Goddi.is**
S. 5445550.



**LOFTFIMLEIKAR** Guðjón Valur Sigurðsson fann sig vel á sínum gamla heimavelli og yljaði áhorfendum með glæsilegum tilþrifum.

# Fín frumraun hjá Alfreð Gíslasyni

**Íslenska landsliðið vann Dani, 34-33, í fyrsta leik sínum undir stjórn Alfreðs Gíslasonar. Leikur liðsins lofar góðu fyrir framhaldið.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handknattleik lék sinn fyrsta leik undir stjórn Alfreðs Gíslasonar í gær og var vel við hæfi að leikið væri í KA-heimilinu þar sem Alfreð gerði garðinn frægan. Það var fullt hús og flott stemning sem var vel við hæfi í endurkoma Alfreðs til Akureyrar.

Fyrri hálfleikur var mjög góður hjá íslenska liðinu og minnti um margt á leik liðsins á EM þegar hann var hvað bestur. Lykilmennirnir þrír - Ólafur, Guðjón og Snorri - voru allir að leika skínandi vel, varnarleikurinn var ágætur en markvarslan slök. Allt frekar þekktar staðreyndir. Reyndar var dapurt að sjá hversu liðið var slakt í að hlaupa til baka en það var veisla hjá Lars Christiansen í hraðaupphlaupunum og án hans hefði Ísland stungið af.

Alfreð var að reyna nýja hluti í vörninni þar sem Guðjón Valur klippti á vinstri skyttuna og miðjuna og um leið var umferðinni beint inn að miðjunni þar sem stóðu Ólafur, Sigfús og svo Sverrir Björnsson. Þetta gaf ágæta raun og íslenska liðið keyrði hraðaupphlaupin vel þar sem Ólafur og Guðjón voru í essinu sínu.

Ísland leiddi með tveim mörkum í leikhléi, 18-16, og hélt þeirri forystu lengi vel í síðari hálfleik. Nokkuð fjaraði undan leik íslenska liðsins þegar varamenn fengu tækifæri en ánægjulegt var samt að fylgjast með endurkomu Ragnars Óskarssonar sem sýndi skemmtileg tilþrif en hann hefur verið í frystinum allt of lengi.

Ísland náði forystu á ný þegar byrjunarliðið kom aftur inn á völlinn. Strákarnir sýndu að þeir leika vel undir pressu og vel útfærð hraðaupphlaup skilaði liðinu aftur forystu og síðan sigur í leiknum.

Þessi frumraun Alfreðs Gíslasonar lofar nokkuð góðu og liðið stefnir áfram í rétta átt eftir EM. Alfreð virðist eiga eftir að fínpússa varnarleikinn nokkuð og verður gaman að sjá hvernig liðið spilar í seinni leiknum á fimmtudag.

- hbg

Handboltakappinn Guðjón Valur Sigurðsson:

# Ég gæti þetta ekki án liðsfélaganna

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson var útnefndur besti leikmaður þýsku úrvalsdeildarinnar af þjálfurum og fyrirliðum úr liðunum átján í þýsku úrvalsdeildinni. Guðjón er annar Íslendingurinn sem nær þessum frábæra árangri, en Ólafur Stefánsson var valinn sá besti bæði árið 2001 og 2002.

„Ég veit ekki hvort þetta sé mitt besta tímabil frá upphafi, það er mjög erfitt að fullyrða eitthvað um slíkt. Þetta gekk ágætlega hjá mér í vetur, ég átti marga ágætis leiki en ég átti líka marga slaka leiki. Tímabilið var kannski stöðugt en það er alltaf tími til að bæta sig og þroskast sem leikmaður. Það er samt ekki spurning um það að það er gaman að hljóta þessa viðurkenningu," sagði heiðursmaðurinn Guðjón, með hógværðina í öndvegi eins og venjulega.



**GUÐJÓN VALUR** Varð markakóngur í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta, skoraði 7,76 mörk að meðaltali í leik.

„Það er ekki ónýtt að vera kominn á sama stall og Óli og gerir þetta kannski enn skemmtilegra fyrir vikið. Þetta er gott fyrir sjálfstraustið enda einstaklingsverðlaun, en vissulega vill maður vinna til verðlauna með liðinu, það er vonandi að það fari að fylgja í kjölfarið," sagði Guðjón, en Gummersbach hafnaði í þriðja sæti deildarinnar og nældi sér þar með í sæti í Meistaradeildinni á næstu leiktíð.

Guðjón var markahæsti leikmaður deildarinnar, en hann lék þar eftir afrek Sigurðar Sveinssonar, sem varð markakóngur í deildinni árið 1986 á dögum sínum með Lemgo. Guðjón skoraði 264 mörk í vetur.

- hþh



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Go back to Jersey, Sonny. This is the City of the Angels and you haven't got any wings."**

**Svar: Dudley Smith úr L.A. Confidential frá 1997**

# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR HEFUR ÚR ALLTOF MÖRGUM STÖÐVUM AÐ VELJA

## *90 stöðvar og sjóðandi heit fjarstýring*

Jæja, þá er ég loksins orðin gildur sjónvarpsáhorfandi. Ég ákvað fyrir tilstuðlun kærasta míns að fá mér Digital Ísland og held ég að það hafi verið heimsmeistarakeppninni í fótbolta að þakka að ég lét til leiðast enda er ég að verða mikil boltabulla. Ég er ekki mikið fyrir sjónvarpasgláp en nú er öldin önnur. Þessum skemmtilega afruglara fylgja kringum 90 stöðvar sem er þó nokkuð úrval. Rosalega margir valmöguleikar og þar af nokkrar endursýningastöðvar þannig að áhorfandinn getur ekki misst af neinu.

Að mín mati er þetta algjört offramboð af stöðvum því að ég uppgötvaði að ég horfi ekki á neinn þátt til enda. Ég er ein af þeim sem skiptir alltaf um stöð í auglýsingahléi og þá dett ég inn í einhvern annan þátt. Svona gengur þetta á allt kvöldið og það endar með því að fjarstýringin er orðin sjóðheit undan öllu álaginu og klukkan orðin alltof margt.



**DIGITAL ÍSLAND** Skemmtilegur fjölskyldumeðlimur sem hefur upp á mikið á bjóða, stundum einum of.

Val mitt á sjónvarpsefni er einnig orðið þó nokkuð breytt. Ég horfi á dýralífsstöðina Animal planet spennt og sit sem fastast yfir heimsfréttunum á Sky News. Stóð mig einmitt að því að horfa á beina útsendingu frá brottför enska landsliðisins í fótbolta til Þýskalands á mánudaginn. Halló.... mjög spes að sýna þetta en ennþá verra að ég hafi setið og horft á þessa vitleysu. Núna verð ég að fara að taka mig taki. Verð að velja og hafna svo ég fari ekki að sofa með hausverk og valkvíða á hverju kvöldi. Ég verð að venja mig við hið endalausa val og hemja forvitnina um hvað sé að gerast á hinum stöðvunum á meðan ég er að horfa á sjónvarpið.



▶ 20.25 *Tíska*

TÍSKUÞRAUTIR



▶ 20.50 *Umræða*

OPRAH



▶ 22.20 *Drama*

BOYS DON'T CRY



▶ 21.30 *Tíska*

AMERICA'S NEXT TOP MODEL



▶ 19.40 *Umræða*

HRAFNAÞING

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (49:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (35:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (58:65)** (Ducktails)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.25 Tískuþrautir (3:11)** (Project Runway II) Ný þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti. Kynnir í þáttunum er fyrirsætan Heidi Klum
**21.15 Svona er lífið (13:13)** (Life As We Know It) Bandarísk þáttaröð um þrjá vini á unglingsaldri sem eiga erfitt með að hugsa um annað en stelpur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
**22.35 Formúlukvöld** Hitað upp fyrir kappaksturinn um helgina.

**23.00** Vesturálman (6:22) **23.45** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Whose Line Is it Anyway? **13.55** Las Vegas **14.40** The Apprentice – Martha Stewart **15.25** Tónlist **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir** Meðal efnis hjá þeim eru hin gamla góða falda myndavé.
**20.05 Veggfóður (19:20)** Veggfóður er íslenskur hönnunar- og lífsstílsþáttur.
▶ **20.50 Oprah (66:145)** Spánýir þættir með hinni einu sönnu Opruh. Oprah Gail Winfrey er valdamesta konan í bandarísku sjónvarpi.
**21.35 Medium (12:22)** (Miðillinn) Dáleiðandi bandarískur spennuþáttur með yfirnáttúrulegu ívafi.
**22.20 Strong Medicine (11:22)** (Samkvæmt læknisráði)

**23.05** Stelpurnar **23.30** Grey's Anatomy **0.10** Cold Case **0.55** The Unsaid (Str. b. börnum) **2.45** Five Seconds to Spare (Str. b. börnum) **4.25** Medium **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Sirkus RVK (e)**
**20.00 Friends (17:23)** (Vinir)
**20.30 Sirkus RVK**
**21.00 Stacked (6:6)** (Stacked) Skyler Dayton hefur fengið nóg af eilífum partíum og lélegu vali á karlmönnum. Hún er staðráðin í því að breyta lífsstíl sínum og fær óvænt atvinnutilboð þegar hún álpast inn í litla bókabúð sem rekin er af fjölskyldu einni.
**21.30 Clubhouse (6:11)** (Clubhouse)
▶ **22.20 Boys Don't Cry** Sannsöguleg kvikmynd sem sópaði til sín verðlaunum og færði m.a. Hilary Swank Óskarinn. 1999. Str. bönnuð börnum.

**0.15** Supernatural (17:22) (e) (Bönnuð börnum) **1.05** Jake in Progress (3:13) **1.30** Friends (17:23) (e) **1.55** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.40** Everybody loves Raymond (e) **16.10** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills .**
**19.45 Melrose Place** Hver man ekki eftir Jane og Michael Mancini, töffaranum Jake, hommanum Matt, hinni lánlausu Allison og góða gæjanum Billy? Þetta er sjónvarpssápa eins og þær gerast bestar.
**20.30 Beautiful People**
▶ **21.30 America's Next Top Model** Sigurvegurum þáttanna hefur jafnan vegnað vel í fyrirsætuheiminum, og hefur stór hluti íslensku þjóðarinnar setið límd við skjáinn þegar nær dregur úrslitum. Nú er komið að fimmtu þáttaröðinni og er óhætt að búast við jafn mikilli spennu og áður, ef ekki meiri.
**22.30 The L Word**

**23.20** Jay Leno **0.05** Close to Home (e) **0.55** Beverly Hills (e) **1.40** Melrose Place (e) **2.25** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

▶ **19.40 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson fer yfir fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.10 Skaftahlíð** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**20.45 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes** Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimfréttirnar.
**21.00 Fréttir**
**21.10 This World 2006** (Ransom City)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson fer yfir fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **2.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.10** Blue Crush **8.00** Good Advice **10.00** Legally Blonde 2: Red, White & Blonde **12.00** Dodgeball: A True Underdog Story **14.00** Blue Crush **16.00** Good Advice **18.00** Legally Blonde 2: Red, White & Blonde **20.00 Dodgeball: A True Underdog Story** (Skotbolti: Sönn daga um lítilmagna) Óborganleg gamanmynd með Ben Stiller og Vince Vaughn sem varð ein sú vinsælasta sem sýnd var í kvikmyndahúsum á síðasta ári. **22.00 Eurotrip** (Evrópurispa) Um hríð hefur Scott nýtt sér nýjustu tækni til að bæta einkunn sína í þýsku. Nú fær hann boð um að hitta sérlegan aðstoðarmann sinn en sá býr í Þýskalandi. **0.00** 30, Still Single: Contemplating Suicide (Bönnuð börnum) **2.00** Slackers (Bönnuð börnum) **4.00** Eurotrip (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** THS Elizabeth Hurley **14.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **15.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **16.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **17.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Lindsay Lohan **20.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Dr. 90210 **23.00** Sexiest **0.00** THS Lindsay Lohan **1.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **2.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

Íslendingar þurfa líka að fylgjast með!

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Íslendingar og útlendingar fá allar upplýsingar á ensku um allt það sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma.; menningarviðburðir, tónleikar, skemmtistaðir, veitingastaðir, söfn, gallerí, tíska, verslanir og næturlíf.

# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Vesturálman **Sjónvarpið** kl. 23.00

## *Drama á forsetaskrifstofunni*



Þessir margverðlaunuðu þættir hafa frá upphafi verið vinsælir meðal íslenskra sjónvarpsáhorfenda enda hefur embætti forseta Bandaríkjanna jafnvel aldrei verið eins umdeilt og nú. Á skrifstofunni er alltaf mikið um að vera á og í mörg horn að líta fyrir ráðgjafa, ræðuskrifara og fjölmiðlafulltrúa forsetans en fjölskyldulíf hans kemur líka talsvert við sögu. Vesturálman hefur margoft fengið Emmy-verðlaunin sem besta dramaserían, auk fjölda annarra verðlauna og viðurkenninga. Þykir Martin Sheen þar sérstaklega skara fram úr enda afar trúverðugur í hlutverki sínu sem hinn virðulegi forseti.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 6 | | 2 | 5 |
| | | 7 | | | | 9 | | |
| 3 | 1 | | | 5 | | | | |
| | 2 | | | | 9 | | 8 | |
| 4 | | | | | | | | 1 |
| | 5 | | 1 | | | | 6 | |
| | | | | 3 | | | 4 | 8 |
| | | 6 | | | | 7 | | |
| 2 | 8 | | 7 | | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 |
| 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 | 5 | 2 | 9 |
| 9 | 6 | 2 | 8 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 |
| 7 | 1 | 3 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 6 | 8 | 4 | 9 | 5 | 3 | 7 | 1 | 2 |
| 2 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 4 | 3 | 8 |
| 3 | 2 | 6 | 5 | 1 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 7 | 5 |
| 8 | 7 | 5 | 4 | 9 | 2 | 3 | 6 | 1 |



18.30 *Golf*

HÁPUNKTAR PGA

SÝN besta sætið

18.00 Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Hápunktar í PGA mótaröðinni** (PGA Tour highlights) Helst svipmyndir frá síðasta móti á PGA mótaröðinni í golfi.

**19.30 Aflraunir Arnolds** (Arnold Schwarzenegger mótið 2005)

**20.00 2002 FIFA World Cup** (Saga HM 2002) Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu í Japan og Kóreu 2002 er rakin í máli og myndum. Keppnin var sérstök að því leyti til að geysilega mikið var um óvænt úrslit.

**22.00 Sænsku nördarnir** (FC Z)

**22.50 HM 2002** (Brasilía – Þýskaland) Útsending frá úrslitaleiknum á HM 2002 á milli Brasilíumanna og Þjóðverja.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Á Borginni **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Speg-

illinn **19.00** Litla flugan **19.40** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar **23.05** Mozart og fjölskylda

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Frumkvöðlar eða fígúrur **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja tónlist í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





**KIA Picanto** er lipur, fallegur, nútímalegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. KIA Picanto fimm dyra kostar aðeins 1.195.000 kr. Picanto er einnig fáanlegur sjálfskiptur, einn fárra smábíla. **Fæst einnig með aflmikilli 75 hestafla og sérlega sparneytinni dísilvél.**

***m.v. 100% bílasamning Sjóvá til 84 mánaða**

**Taktu þátt í HM leik KIA** og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.



KIA MOTORS

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



## HRÓSIÐ FÁ...

*Benedikt Bjarnason og Mattthias Müller fyrir að ætla gera heimildarmynd um Íslendingabók og kynnast þannig íslenskum fjölskyldutengslum nánar.*

## ÞRÍR SPURÐIR HALLDÓR ÁSGRÍMSSON TILKYNNTI AFSÖGN SÍNA SEM FORSÆTISRÁÐHERRA

# *Ertu sátt(ur) við þessa ákvörðun Halldórs?*

**Björn Stefánsson, tónlistarmaður:**
„Mér finnst þetta bara vera fínt. Hann er örugglega mjög fínn karl sem stóð sig ágætlega en ég held að breytingar séu alltaf af hinu góða.“





**Sigurjón Kjartansson, fjölmiðlamaður:**
„Já, ég er mjög sáttur við þessa ákvörðun Halldórs og það er gott að menn séu farnir að sjá að sér hjá Framsóknarflokknum. Flokkurinn er bara grín og mér finnst að hann ætti bara að segja af sér allur sem slíkur og binda enda á þessa vitleysu.“

**Gerður Kristný Guðjónsdóttir, rithöfundur:**
„Já, ég er sátt við það. Nú sendum við Halldór til Íraks, þangað vantar örugglega hrausta menn ennþá.“





**LÁRÉTT**
**2** selur **6** stefna **8** dæling **9** forskeyti **11** í röð **12** krapi **14** sykurlögur **16** borðaði **17** spíra **18** höld **20** bardagi **21** tigna.

**LÓÐRÉTT**
**1** teikniblek 3 í röð 4 hlutavelta 5 beita 7 fjarskiptatæki 10 mánuður 13 augnhár 15 fálma 16 svif 19 klukkan.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT: 2** urta, **6** út, **8** sog, **9** sam, **11** mn, **12** slabb, **14** síróp, **16** át, **17** ála, **18** tök, **20** at, **21** aðla.
**LÓÐRÉTT: 1** túss, **3** rs, **4** tombóla, **5** agn, **7** talstöð, **10** maí, **13** brá, **15** pata, **16** áta, **19** kl.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Benedikt Bjarnason
2 Daði Lárusson
3 1974






**SIGUR RÓS** Leikur á fjölda tónleika á Íslandi í sumar og verða þeir teknir upp fyrir tónleikamynd. Frá vinstri eru þeir Georg Holm, Kjartan Sveinsson, Jón Þór Birgisson og Orri Páll Dýrason. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HLJÓMSVEITIN SIGUR RÓS: LEIKUR Á TÓNLEIKUM Á ÍSLANDI Í SUMAR

# Taka upp tónleikamynd á Íslandi í júlí og ágúst

„Við verðum með kvikmyndatökulið með okkur alla ferðina og ætlum að gera tónleikamynd upp úr þessu,“ segir Orri Páll Dýrason, trommuleikari Sigur Rósar. Hljómsveitin ætlar að halda átta eða níu tónleika á Íslandi í júlí og ágúst. Tónleikarnir verða víða um land en ekki hefur enn verið gengið nákvæmlega frá öllum tímasetningum eða því hvar tónleikarnir verða haldnir. Ljóst er þó að stærstu tónleikarnir verða á Miklatúni í Reykjavík 29. eða 30. júlí og verða þeir opnir öllum. Búast má við að þúsundir Íslendinga sæki þá tónleika.

Orri segir að ástæðan fyrir því að myndin sé tekin upp hér á landi sé sú að meðlimir Sigur Rósar hafi ekki viljað gera hefðbundna rokk og ról mynd. Þvert á móti vilji þeir leyfa tónlistinni að njóta sín og að heimamenn verði áberandi meðal gesta.

Orri og aðrir meðlimir Sigur Rósar, þeir Jón Þór Birgisson, Kjartan Sveinsson og Georg Holm, sjá um gerð myndarinnar ásamt Kára Sturlusyni og kvikmyndatökumanninum Steingrími Karlssyni. „Jú, þetta kostar helling af peningum,“ viðurkennir Orri. Hann segir að þeir séu ákveðnir í að gera skemmtilega mynd. „Við erum búnir að spila þetta tónleikaprógramm svo lengi og viljum „dokúmentera“ það. Það er alveg óvíst hvenær við förum aftur í tónleikaferðalag. Þetta gæti verið í síðasta sinn sem við förum á túr með þessu sniði, með amiinu og þessari ljósa- og myndasýningu sem við höfum verið með. Við vitum nefnilega ekkert hvað við ætlum að gera næst.“

Búist er við að harðir aðdáendur sveitarinnar utan úr heimi flykkist hingað til lands af þessu tilefni. Þeir sem ekki vilja leggja ferð til Íslands á sig geta huggað sig við að fyrirhugað er að stórtónleikarnir verði sendir beint út í tuttugu bíóhúsum í Evrópu og Bandaríkjunum. Sigur Rós mun tilkynna nánar um tónleika sína og myndina þegar gengið hefur verið frá öllum lausum endum í sambandi við þessa stóru framkvæmd.

hdm@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Undirbúningur fyrir hátíðahöld á þjóðhátíðardaginn 17. júní standa nú yfir og starfsmenn Reykjavíkurborgar leggja mikið upp úr því að gera borgina sem glæsilegasta. Athafnamaðurinn **Björgólfur Guðmundsson** lætur ekki sitt eftir liggja og hyggst hann bæta ásýnd Lækjartorgsins fyrir hátíðarhöldin. Björgólfur á bygginguna sem hýsir strætóbiðstöðina á Lækjartorgi, kaffihúsið Segafredo og fleira. Byggingin hefur til þessa verið steingrá og fremur dauf á að líta. Björgólfur hefur nú fyrirskipað að húsið skuli málað hvítt og á því verki að sjálfsögðu að vera lokið áður en þjóðhátíðardagurinn rennur upp.



Fréttir af því að hin unga leikkona **Aníta Briem** muni leika í nýrri kvikmynd um Leyndardóma Snæfellsjökuls hafa vakið mikla athygli þó eftir því hafi verið tekið hvað vantaði í fréttir af málinu. Þessi fræga saga Jules Verne hefur áður verið kvikmynduð, en það var árið 1959 og þá kom Íslendingur líka við sögu. Þá fór **Pétur Rögnvaldsson**, eða Peter Ronson eins og hann kallaði sig erlendis, með hlutverk Hans Belker. Pétur vakti mikla athygli og var í kjölfarið boðið fleiri hlutverk í Hollywood sem hann hafnaði. Kunnugum þykir ljóst að framleiðendur nýju myndarinnar hafa ekki talið sér stætt á öðru en að Íslendingur kæmi við sögu nú og þótti Aníta smellpassa í hlutverkið.



Félagarnir **Sigurjón Kjartansson** og **Óskar Jónasson** eru nú að ydda saman blýanta en þeir eru að skrifa saman handrit að sjónvarpsþáttum. Byggja þeir meðal annars lífinu eins og það gengur fyrir sig á ritstjórn dagblaðs. Verkefnið er skammt á veg komið en vitað er að þeir Sigurjón og Óskar voru að sniglast á ritstjórnarskrifstofum DV fyrir um mánuði í sérstakri vettvangsskoðun. - hdm






# Silvía Nótt tekur upp plötu

„Já, ég get staðfest það að Silvía Nótt er að taka upp plötu en ég get ekki sagt mikið meira en það,“ segir Gaukur Úlfarsson, umboðsmaður Silvíu Nætur. Lítið hefur heyrst frá Silvíu eftir að hún fór fyrir Íslands hönd í Eurovision á dögunum en eftir það skellti hún sér í frí á eyjunni Mýkonos. Í viðtali við Fréttablaðið fyrir skemmstu lofaði Gaukur tíðindum af Silvíu og nú liggur næsta verkefni fyrir.

Gaukur segir að væntanleg plata Silvíu Nætur sé gerð fyrir erlendan markað. Það þýðir auðvitað að dívan heldur áfram að mæla og syngja á enskri tungu eins og henni tókst svo ágætlega í Grikklandi. „Þetta verkefni er komið af stað og upptökur eru að hefjast. Það má vel búast við því að einhverjar alþjóðlegar stjörnur komi fram á plötunni,“ segir Gaukur Úlfarsson, sem þvertekur fyrir að ljóstra frekar upp um væntanlega plötu Silvíu Nætur. - hdm



**SILVÍA NÓTT** Dívan á sviðinu í Aþenu með Romario og Pepe. Ekki er vitað hvort þeir koma fram á fyrstu plötu stjörnunnar sem nú er í vinnslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**sóltilboð**

**Frábær sumarauki**
**Verðmæti 265.000 kr.**
**-þér að kostnaðarlausu**

Aðeins **22** sportjeppar eru til á þessu sérstaka sóltilboði

Sóltilboð með aukahlutapakka 2.990.000 kr.*

**Engin bið**
Ford Escape GPS Active tilbúinn til afhendingar núna

**Tilboðið gildir til 10. júní**

Ford

*Nýtt tákn um gæði*



**Ford Escape 4x4 GPS Active**
**2,3i, 5 dyra, sjálfskiptur, 153 hestöfl.**

# Rataðu á Escape
# og þú nýtur þess að vera til



## Ford Escape 4x4 GPSActive

Sóltilboð með aukahlutapakka*

**2.990.000 kr.**

Rekstrarleiga 54.169 kr. Bílasamningur 36.768 kr.

## Sumarauki. Verðmæti 265.000 kr.

**Þú færð aukalega í Ford Escape 4x4 GPS Active:**

- Nüvi 350: eitt fullkomnasta leiðsögutækið frá Garmin -með korti af Íslandi, Evrópu og Norður Ameríku
- Kælibox með rafmagnstengi, 14 lítra frá Tropicool
- Öflugt dráttarbeisli frá Ford
- Aurhlífar, framan og aftan, frá Ford
- Ford Escape-hlífðarmotta í skottið
- Rafmagnstengi í skott fyrir ferðasjónvarpið og kæliboxið

*Og sportjeppinn tilbúinn með fullan tank af bensíni*

## Hvar er húfan mín? Hvar er hettan mín?

Rataðu á Escape. Njóttu þess að vera til. Kauptu Ford Escape GPS Active. Garmin Nüvi 350 er meðfærilegt leiðsögutæki með snertiskjá sem fylgir með Escape GPS Active. Taktu tækið úr bílnum og gerðu það að leikfélaga eins og Escape. Leiktu þér með fjölskyldu og vinum í skemmtilegum ratleik út í náttúrunni. Feldu litlar gjafir og láttu hina finna. Eða langar þig kannski frekar að vita hvað klukkan er á Islantilla golfvellinum á Spáni akkúrat núna eða gengið á dollarnum? Í leik eða alvöru? Finndu öruggan stað að vera á. Finndu rétta hótelið, besta pylsubarinn og bensínstöðina á Norðurlandi eða Disneylandi, Flórída. Bara hvar sem er. Farðu bestu leiðina til næsta áfangastaðar. Hvar eru söfnin, tjaldstæðin? Hvar eru veitingahúsin? Hvar eru skemmtistaðirnir? Þú ratar rétta leið á Escape GPS Active og Nüvi 350 sem talar við þig í leiðinni. Segir þér að beygja. Og svo passar Nüvi líka beint í vasann. Nüvi getur líka spilað fyrir þig og sýnt þér myndir! Rataðu á Ford Escape GPS Active. Getur allt, veit allt. Hvað með vitann á Dalatanga? Ertu með?




## Aukalega 265 þús. - þér að kostnaðarlausu.
## Komdu í dag. Vertu á Ford Escape 4x4 GPS Active.

**Engin bið**
Ford Escape GPS Active er til afhendingar strax
**Tilboðið gildir til 10. júní**



*Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is*

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir aðeins til 10. júní n.k. eða meðan birgðir endast.**

**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á sóltilboði.




**brimborg**
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd er sóllúga.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

Roger Waters
www.midi.is



**BAKÞANKAR**

GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

# *Uppistöðulón og kæfubelgir*

„Afi þinn er rugludallur," sagði Mikki refur við Hérastubb bakarasvein. Mér leið alveg eins og Hérastubb í síðustu heimsókn minni til Sillu frænku. Ekki það að hún var glöð yfir heimsókninni. Við sátum þar á heklaða rúmteppinu hennar, sötruðum kaffi og ég sagði henni frá samúð minni með prófessor N. sem hafði skrifað bók um Halldór Laxness og ættingjar skáldsins hefðu verið eitthvað óhressir með bókina og farið í mál við veslings prófessorinn og þessi lærði maður hefði tapað málinu, og væri nú farinn að selja eignir sínar uppí sektir.

**„HEFUR** þú lesið bókina?" spurði Silla. Nei það hafði ég ekki, en það þyrfti enginn að segja mér að maður með slíka menntun gæti ekki skrifað bók um hvern og hvað sem væri. „Þú hefur nú alltaf snobbað fyrir langskólagengnu fólki," sagði Silla og deif mola í kaffið sitt og saug svo af þeirri kúnst sem henni einni er lagið.

**ÉG** sagði að hún væri ósanngjörn. Það vildi bara svo til að hjarta mitt brynni af samúð með fólki sem hefði orðið fyrir órétti og þess vegna hefði ég skellt í nokkra kæfubelgi og fáeinar sultukrukkur til að færa þessum hrjáða prófessor... Lengra komst ég ekki því nú gerðist Silla óþægileg: „En maðurinn er rugludallur," sagði hún og bruddi mola og dýfði öðrum í.

**OG** hún bætti því við að hún hefði verið að lesa blaðagreinar eftir þessa mannvitsbrekku, á einum stað er hann að ræða launamál þjóðarinnar og segir: „Að láglaunafólk sé best komið með því að hætta að vera láglaunafólk. Það er speki þetta!" sagði Silla. „Þetta er rétt eins og að segja: Það er betra að vera ríkur og hraustur, en lasinn og fátækur. Á öðrum stað segir þessi prófessor þinn að innan nokkurra ára getum við unað svo glöð innan um undurfögur uppistöðulón." Það lá við að Sillu svelgdist á sykurmolanum, svo áköf var hún í að tæta í sig þennan lærða mann og öll hans skrifuðu afrek. En þú skalt endilega gefa honum kæfu," hvæsti hún í áttina til mín.

**SYND** að Jóhannes úr Kötlum er ekki meðal okkar í dag, Þá hefði hann ort: „Lón míns föður Lónið mitt, laugað bláum straumi..." Ég kvaddi og ákvað að éta mína kæfu sjálf.

MARKAÐURINN




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.toyota.is

VIÐ SELJUM ÞÉR EKKI NOTAÐAN BÍL EF HANN STENST EKKI KRÖFUR OKKAR!

**BNB** sölugreining

**Flest treystum við á leiðsögn annarra þegar kemur að kaupum á notuðum bíl. Við hjá Betri notuðum bílum boðum því nýja siði til að gera bílakaupin öruggari og einfaldari: BNB sölugreiningu.**
Fagmenn okkar framkvæma ítarlega greiningu á öllum bílum sem koma til greina í sölu. Þeir þurfa að ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur m.a. mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Úrvalsbíll**

**Er í verksmiðjuábyrgð. 12 mánaða viðbótarábyrgð*:**
- Ef bíllinn bilar þá sjáum við um að láta gera við hann
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Við tökum umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- 14 daga skiptiréttur
- Neyðarsími

**Gæðabíll**

**Er ekki í verksmiðjuábyrgð. 3 mánaða viðbótarábyrgð*:**
- Vélbúnaðar
- Rafbúnaðar
- Drifbúnaðar
- Hemlakerfis
- Fjöðrunarbúnaðar
- Stýrisbúnaðar

**Veldu aðeins Úrvalsbíl eða Gæðabíl og við ábyrgjumst betri notaðan bíl, hvorn kostinn sem þú velur.**
**Þú mátt treysta því.**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30815 06/2006

*Ábyrgðarskilmála má nálgast hjá BNB Nýbýlavegi og umboðsmönnum Toyota

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 421-4888 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstöðum<br>Sími: 470-5070 |

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL